
FORNLEIFAR Í ÞÓRKÖTLUSTAÐAHVERFI:

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR,
RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFAÐÓTTIR OG ÞÓRA PÉTURSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2018
FS701-17172



Ljósmynd á forsíðu er af kjarna Þórkötlustaðabverfis. Á þessum slóðum standa nú fimm íbúðarhús og 11 önnur hús með mismunandi blutverk en mikil ummerki sjást einnig um kálgarða, götur, útibús og fleiri minjar
Ljósmynd: Tekin með flygildi (Ragnheiður Gló Gylfadóttir)

©2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	13
5. UPPHAF OG ÞRÓUN BYGGÐAR Í ÞÓRKÖTLUSTAÐAHVERFI	175
6. SAMANTEKT UM FORNLEIFASKRÁNINGU.....	181
HEIMILDASKRÁ.....	197

Viðauki:

Yfirlitskort yfir minjakort

Minjakort 1-11

Samantekt

Í skýrslunni er að finna skráningu Fornleifastofnunar Íslands á um 50 ha svæði í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík. Skráningin var unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Ragnheiði Gló Gylfadóttur og Birnu Lárusdóttur (en áður hafði Þóra Pétursdóttir/Fornleifastofnun Íslands skráð á svæðinu). Skráningin er unnin fyrir Grindavíkurbæ vegna fyrirætlana um verndarsvæði í byggð í hverfinu. Úttektarsvæðið náði yfir tún Þórkötlustaða eins og það var umfangsmest. Við úttektina voru margvíslegar heimildir kannaðar, loftmyndir skoðaðar og sömuleiðis gamlar ljósmyndir. Einnig var rætt við heimildamenn um svæðið. Við vettvangsúttekt var gengið kerfisbundið um allt svæðið í leit að minjum. Minjarnar voru mjög fjölbreytilegar, og tengjast bæði hefðbundnum landbúnað og sjávarútvegi, en einnig var skráð töluvert af yngri minjum sem draga dóm af því þéttbýli sem myndaðist á jörðinni á 20. öld. Áður hafði Fornleifastofnun í samvinnu við Hjörleif Stefánsson arkitekt, skráð öll standandi hús og kofa í hverfinu. Í fornleifaskráningu voru skráðar allar fornleifar (100 ára og eldri) en einnig öll önnur mannvirki en standandi hús, samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands og er því hluti þeirra minja sem skráðar voru ekki fornleifar í laganna skilningi.


Svæðið var skráð á tímabilinu júní 2017 til júní 2018. Skráðar voru 197 fornleifar og er það gríðarlegur fjöldi á ekki stærra svæði og endurspeglar það að hluta hversu þéttbýlt hverfið hefur verið um langt skeið og góða varðveislu minja innan verndarsvæðis.

1. Inngangur

Á vormánuðum 2017 fól Grindavíkurkaupstaður Fornleifastofnun Íslands ses að vinna deiliskráningu í Þórkötlustaðahverfi og, í samvinnu við Hjörleif Stefánsson arkitekt, að vinna húsakönnun fyrir sama svæði. Frá upphafi var ákveðið að unnið yrði samhliða að skráningu húsa og minja enda talið að þannig fengist heildstæðust mynd af upphafi, þróun og einkennum byggðar í hverfinu. Greiningarkaflar um sögu, svipmót og einkenni byggðar verða unnir sameiginlega fyrir hús og fornleifar í skýrslu um Verndarsvæði í Þórkötlustaðahverfi sem kemur út á haustmánuðum 2018. Í þessari skýrslu er hins vegar að finna sjálfa fornleifaskráninguna og samantekt um minjaflokka og einkenni svæðis ásamt byggðarsögu þess.

Verndarsvæðið í Þórkötlustaðahverfi er 50 ha að stærð og nær yfir túnstæði Þórkötlustaða eins og áætlað er að það hafi verið stærst. Mörk verndarsvæðis liggja að sjó að sunnan, að þjóðvegi að norðan, að túnmörkum við Slokahraun að austan og að hraunmörkum, við Hópsnes að vestan.

Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var gerð úttekt á heimildum og bætt við hana á meðan vettvangsskráningu stóð og eftir að henni lauk. Rætt var við heimildamenn á



Íslandskort sem sýnir staðsetningu verndarsvæðis. Grunnkort: Gísli Pálsson

meðan skráningunni stóð og á úrvinnslustigi og fá þeir kærar þakkir fyrir ómetanlega hjálp sem og afnot af ljósmyndum. Minjafélag Grindavíkur sýndi verkinu mikinn áhuga og aðstoðaði við leit að ljósmyndum. Félagið og Hallur J. Gunnarson formaður þess fá því kærar þakkir fyrir hjálpina. Loftur Jónsson aðstoðaði við úttektina á margvíslegan hátt. Hann miðlaði af þekkingu sinni í samtölum en lagði einnig til talsvert af myndum af hverfinu sem hann hefur safnað á undanförunum árum. Að auki var mikinn fróðleik um minjar og hús í hverfinu að finna í óútgefni samantekt hans um hús Þórkötlustaðahverfi. Loftur las einnig yfir fornleifaskrána í drögum og kom með margar gagnlegar ábendingar. Umrædd gögn juku miklu við upplýsingar um húsin og eru Lofti færðar kærar þakkir fyrir alla hans aðstoð. Skráning húsa og fornleifa er unnin í góðri samvinnu við Grindavíkurbæ og verkfræðistofuna Eflu ehf. sem sér um verkstjórn verndarsvæðisúttektar.

Áður en farið var á vettvang var farið yfir eldri úttekt á svæðinu sem Þóra Pétursdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands vann fyrir sveitarfélagið 2002.¹ Um þá yfirferð sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir sem hafði einnig umsjón með bæði húsa- og fornleifaskráningu fyrir hönd Fornleifastofnunar. Auk hennar komu Birna Lárusdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir að vettvangsvinnu. Vettvangsvinnan hófst snemmsumars 2017, var unnin með hléum veturinn 2017-2018 og lauk snemma sumars 2018. Um úrvinnslu, skýrslu- og kortagerð sá Elín.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Í fjórða kafla er sjálf fornleifaskráin, þ.e. lýsing á þeim minjum sem skráðar voru ásamt staðsetningarhnitum, ljósmyndum og uppmælingum. Í fimmta kafla er svo samantekt um sögu byggðar á svæðinu og í þeim sjötta eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær minjar sem fundust innan þess.

¹ Þóra Pétursdóttir. 2002.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Mínjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri mínjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Mínjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Áður en svæðið var rannsakað á vettvangi var farið yfir eldri aðalskráningu sem Fornleifastofnun hafði unnið fyrir sveitarfélagið 2002, yfir ítarheimildir, talað við staðkunnuga og loftmyndir og kort könnuð. Frekari upplýsingar bættust hins vegar við á vettvangs- og úrvinnslustigi, t.d. gamlar ljósmyndir. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka verndarsvæðis „í hættu vegna ábúðar“ eins og venja er með minjar innan heimatúna enda þéttbýlt á svæðinu. Það er hins vegar ljóst að hættan sem steðjar að minjunum sé misbráð eftir því hvar þær eru innan svæðis. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, NM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Úttektarsvæðið sem fjallað er um í skýrslu telst allt til Þórkötlustaðahverfis en innan þess voru fimm býli samkvæmt Jarðatali Johnsens, þ.e. Þórkötlustaðir (GK-011), Buðlunga (GK-012), Klöpp (GK-013), England (GK-014) og Lambhúskot (GK-015). Bæjarstæði hjáleignanna fjögurra voru skráð undir númerum þeirra og nánasta nágrenni en allar aðrar minjar einfaldlega skráðar undir númeri höfuðjarðarinnar, Þórkötlustaða (GK-011).

Við skráningu er hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-011:150). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðisins. Við úttektina var stuðst mikið við túnakort af svæðinu sem gert var 1918 af Vigfúsi Guðmundssyni en inn á það eru merkt öll býli á svæðinu, útihús, garðar, kálgarðar og túngarðar og er það geysimikilvæg heimild um Þórkötlustaðahverfi snemma á 20. öld.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina vers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn SF-175:009 Sveinshlaða tóft hlaða E: 528751 N: 352323

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur lýsing á aðstaðum eins og við á og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem staðinn varða.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Ýmsar minjar voru þekktar utan svæðis en ekki skráðar enda miðaðist skráningin við uppgefin mörk skipulags frá sveitarfélaginu.

Rétt er að geta þess að Þórkötlustaðajörðin nær yfir miklu stærra svæði en verndarsvæðið og því eru margar fornleifar utan þess sem ekki er fjallað um í skýrslu þessari. Þetta er orsök þess að númeraröð fornleifa er ekki samfelld heldur vantar hér og þar í röðina en í slíkum tilfellum er skýringin alltaf að umræddar fornleifar eru utan verndarsvæðismarka og því ekki til umfjöllunar í skýrslu þessari.

4. Fornleifaskrá

GK-011 Þorkötlustaðir



Túnakort af Þorkötlustaðahverfi frá 1918 (ofar) og loftmynd sem sýnir afmarkað verndarsvæðið (með rauðri línu), og uppmældar minjar og hús innan þess (neðar). Loftmynd: Loftmyndir ehf

Um 1270 er Þorkötlustaða getið í rekaskrá Skálholtsstaðar þar sem Þorkötlustaðir eiga fjórðung af hvalreka milli Valagnúpa og Rangagiögurs á móti Staðastöðum, Járngerðarstöðum og Hraun/Hofi og er þar einnig getið um landamerki. DI II, 76.

Um 1275 kemur fram í máldaga Mariúkkirkju í Krýsuvík að kirkjan á „ix. mæla land aa Þorkotlustodum“ DI III, 3.

1307 kemur fram í máldaga Mariúkkirkju í Krýsuvík að kirkjan á „ix. mæla land aa Þorkotlustodum“ DI II, 361.

1367 sama eignarhald (ix mæla land) kemur fram í máldaga Þorlákskirkju á Skeggjastöðum. DI III, 222

1477 sama eignarhald (ix mæla land) kemur fram í máldaga Mariúkkirkju í Krýsuvík. DI VI, 124

Um 1500 er jarðarinnar geti í lýsingu á landamerkjum milli Voga og Grindavíkur en þar segir að Vogar eigi ekki land lengra neðan frá en að Kálfsfelli og upp að vatnskötum fyrir innan Fagradal upp að klettum þeim sem standa við Skógafell hið neðra við götuna „enn Þorkötlustader og Jarngerðarstader ættu ofan að þessum takmorkum“ og er þessi lýsing í samræmi við elstu lýsingu marka á þessum slóðum frá 1270. DI VII, 457-458.

1534: fram kemur á „bleðli“ sem varðveist hefur í fornbréfasafni að Eiríkur Pálsson skuldi Jochim Grelle fjögur hundruð fiska, sem eigi að greiðast í hlutum í Grindavík, bæði á Þorkötlustöðum, hjá Hauki (eða Hákon) og hjá Þorgrími í Hópi. DI IX, 721.

24. júní 1552 kemur fram í afgjaldareikningi Eggerts fógeta Hannessonar af Íslandi frá alþingi 1551 til Jónsmessu 1552 um Þorkötlustaði: „Jtem aff Kettell aff Tórkottelestedom ij skatt viij alne vadmall.“ DI XII, 420.

1553 [1554] kemur fram í máldögum og reikningum kirkna í Skálholtsbiskupsumdæmi (við yfirreið Marteins biskups Einarssonar) að Krýsuvíkurkirkja á enn sömu eignarítök á Þorkötlustöðum (9 mæla lands). DI XII, 662.

1562 kemur fram að atvistarmenn að vígi Guðmundar Sigurðssonar séu skyldaðir til að koma fyrir dóm vegna vígis Guðmundar en hann hafði látist eftir slagsmál við fjóra menn á Þorkötlustöðum. DI XIII, 744

1563 kemur fram í bréfi Gísla biskups Jónssonar um byggingar stólsjarða í Grindavík að ábúendur lúti eftirfarandi skilmálum: „Ad i fyrstu wil eg ad stadurinn i Skalholltti eigi halftt skip vid þann sem byr a Jarngerðarstodum. Þorkotlustodumm og Hraune. Skal stadurinn þessumm skipumm uppkoma ad halfu leyte af þeim stadar Rekum sem liggia fyrir Griyndavijk. Jtem þau Bænhuskugildi se ad eru a Hraune. Þorkotlustaudumm og Höpe þa skipa eg ad þau snueast i leigukugilli. Jtem byd eg mijnumm fyrrgrendumm Radsmanne ad hann tilskile i sinne jardabyggingu ad huer leigulide vaktti þann Reka sem fyrir sierhuers lande liggur epter þui sem laug seigia og hafe ecke mejra af enn so sem leigulida ber eptter logmale. Jtem byd eg Radzmannernum ad fyrirbioda Leigulidunumm ad skamptta sier nockur trie sialfer af af Rekunumm til stadarjardanna utann það sem til verdur lagtt af sialfum Radzmannenum og naudsyn krefur“ DI XIV, 200-202

1570 og síðar: kemur fram í Gíslamáldaga að Krýsuvíkurkirkja á enn sömu eignarítök á Þorkötlustöðum (9 mæla lands). DI XV, 641.

1703: dýrleiki óviss. Eign Skálholtsstaðar. Hefur selstöðu í landi Krýsuvíkur, á Vigdísarvöllum. "Heimræði árið um kríng...Engjar öngvar. Sjór gengur á túnið og brýtur land að framan." JÁM III, 11-12, 14.

Hjáleigur 1703: Eyvindarhús, Ormshús, Eíngland, Klöpp, Bugðunga. JÁM III, 12-13.

8. August 1787 og 26. Janúar 1791 eru Þorkötlustaðir seldir í þrennu lagi (austurparturinn, vesturparturinn og miðparturinn). JJ, 84.

1840: Ætíð hefir þar verið tvíbýli, en nú eru þar þrír bændur, hjáleigur: Einland, Klöpp og Bullunga og tómtúsið Borgarkot. SSGK, 139.

1840: 60 hdr. "Þar eru slétt og stór tún og hartnær þriðjungur þeirra kominn í móa fyrir órækt og hirðuleysi. ... Þar er og sémilegt beitiland fyrir fáan fénað, en þar amar vatnsleysi sem víðar. Syðst í nesinu var fyrrum selalátur frá Þorkötlustöðum, en nú hefir selurinn vegna brims og uppbrots

yfirgefið látrin." SSGG, 139.

1847: Jarðardýrleiki 66 2/3 hdr. Hjáleigan Lambhúskot hefur bæst þá við 1847..."Eptir þremur afsals bréfum

19. öld: Þríbýli var þar lengst af 19. öldinni. Stundum er jörðin kölluð Þórkötlustaðir.

"Mikið af landi hennar er eldbrunnið, og bæirnir standa austast í landareigninni við sjóinn...Land jarðarinnar er frekar mjótt, en nokkuð langt."Ö-Þórkötlustaðir AG, 1, 3. "...tiltölulega mikið sléttlendi, lending dágóð í Þórkötlustaðasundi og margvísleg hlunnindi í Nesinu. "Saga Grindavíkur I, 129.

GK-011:001 Þórkötlustaðir bæjarhóll bústaður 333213 375172

Þórkötlustaðir eru elsti bærinn í Þórkötlustaðahverfi. Rétt eftir aldamótin 1900 var byggð hlaða við Miðbæinn og var þá komið niður á langhús með jarðeldi (sjá nánar fornleif 203) sem bendir til að bærinn hafi alltaf verið á svipuðum slóðum. Allt bendir til þess að snemma hafi orðið þéttbýlt á þessum slóðum en elsta heimildin um margbýli á Þórkötlustöðum sjálfum er frá seinni hluta 18. aldar (1785) en var orðið þríbýlt á heimajörðinni. Þríbýli hélst á Þórkötlustöðum lengst af eftir 19. öldinni og voru býlin samkvæmt Jóni Þ.Þór ýmis nefnd 1.,2. og 3. býli eða austur-vestur- og miðpartur (Saga Grindavíkur II, 74, 272). Undir lok 19. aldar bætast svo tveir bæir við og snemma á 20. öld voru því fimm bæjarstæði á Þórkötlustaðatorfunni (Austari eða Eystri-Austurbær 138, Vestari Austurbær 140, Austar eða Eystri Vesturbær 145 og Vestari Vesturbær 146). Ekki er ljóst hvor austur og vesturbæjanna var eldri en líklega virðist þó að af



Fornleifar á bæjarstæði Þórkötlustaða – yfirlit. Loftmynd: Loftmyndir ehf

austurbæjunum sé Austari/Eystri Austurbærinn 138 og Austari/Eystri Vesturbær 145. Undir númerinu 001 er skráður Miðbær Þórkötlustaða og bæjarhóllinn sjálfur. Þórkötlustaðatorfan er á svolitilli hæð um 70 m norðan við sjó. Þórkötlustaðavegur liggur norðan við torfuna, vegarslóði í átt að sjó og fram hjá Sólbakka vestan við og annar vegarslóði að Buðlungu að austan.

Að sunnanverðu er greinilegt að húsinn standa á smá bingu en að norðanverðu er sléttáð malarplan sem Þórkötlustaðavegurinn liggur í suðaustur-norðvestur. Sunnan við þar sem bæirnir

fimm hafa staðið í röð er aflíðandi halli að sjó og á því svæði voru samfelldir garðar og kofar.

Sem fyrr segir var komið niður á skálabyggingu þegar hlaða var reist á bæjartorfunni á Þórkötlustöðum (sjá 203). Til er lýsing af bænum frá seinni hluta 17. aldar, nánar tiltekið frá 1670: "Áður en Sigmundur [Jónasson] tók við búi á Þórkötlustöðum, voru hús öll á jörðinni skoðuð og metin...nú vistarverur innanbæjar og skiptust í stóra skála, litlu og stóru baðstofu, vesturskála, "hornshús", "hús innar af skála", eldhús, klefa og anddyri. Útihús voru fjós, hlaða, smiðja og skemma og loks tveir hjallar, annar heima við bæ, en hinn frammi á nesinu. Öll voru húsin orðin gömul og hrörleg, og um sum var þess getið, að þau væru að hruni komin vegna elli og fúa. Útveggir voru flestir sagðir "trosnaðir" og illa farnir, en innveggir virðast sumir hafa verið öllu skár komnir. Mörg útihúsanna voru hurðarlaus og viðrast hvorki hafa haldið vatni né vindi." Saga Grindavíkur I.



Eystri Vesturbær, Miðbær og Eystri bæirnir tveir á Þórkötlustöðum. Myndin er líklega tekin rétt fyrir miðja 20. öld. Myndina tók Ingey Arnkelsdóttir. Eigandi Sigurður Kristjánsson

Í Fasteignamati 1916-1918 segir:

Eigandi og ábúandi Hjálmar Guðmundsson. Dyrleiki eftir síðasta mati 6,46. Landamerki sjá byli 12. Matjurtagarðar og tún eru úrskipt, en beiðaland og hagbeit óskipt í félagi við hinar jarðirnar. Mannvirki: eru Túngarðar úr grjóti og vírgirðingum. Matjurtagarðar 400 □ faðmar, gefa 16 tn í meðalári, 1 safnþró, alt í góðu standi. Tún talið 7 dagsláttur, gefur af sér 90 besta í meðalári, helmingur þýft. Útengi ekkert, matti græða meira tún. Útengi ekkert. Útbeit er fjallendi og fjörubeit, smalamennska erfð. Rekapláss í félagi við vesturbæi. Uppsátur í sambandi við hinar jarðirnar. Agangur enginn. Hús á jörðinni, sem öll eru eign landeiganda eru þessi:

Íveruhús 19 × 8 áln. veggþæð á 12 álna lengd 4 ál. veggþæð á ?álna lengd 5 áln, ris á ?álna lengd. 3 ál. á hinum hluta ekkert ris.

Inngönguskúr 2 × 3 ál hæð 3 ½ alín. Helmingur bússins er 14 ára þitt 3 ára, allt byggt af timbri. Klætt með þappa og járnvaríð alt, innréttað að mestu.

Heyhús 12 × 7 ál, veggþæð 4 ½ al, ris 3 ½ al, tekur 200 besta úr timbri og járn

Eldhús 6 × 4 ál, raftbygt

Fjós fyrir 2 kýr

Kindakofi 3 × 2 ½ ál

Fjárhús 14 × 4 ál

Hesthús fyrir 3 besta

*Fiskiskúr 9 x 4 ál úr timbri og járni
Hjallbús 8 x 5 ál, hæð 5 ál
Kandahús áfast 8 x 4 ál*



Á ljósmyndinni má sjá íbúðarhúsi á Sólbakka (langst til hægri), Vestari Vesturbær Þórkötlustaða, Miðbæinn (fyrir miðri mynd) og ýmis útihús og kálgarðar á svæðinu.

Bæjarhóll Þórkötlustaða er lágur og ávalur og aðeins er hægt að greina litla uppsöfnun. Gróflega áætlað er hann um 90-100 x 70 m stór og snýr austur-vestur. Gríðarlegur fjöldi húsa og kofa ásamt kálgorðum er sýndur á bæjartorfunni á túnakorti frá 1918 og er gerð grein fyrir þeim undir sérstökum númerum í fornleifaskránni (en þó skráðar saman sambyggðar fornleifar). Árni Guðmundsson (1891-1991) mundi vel eftir torfbæ á sömu slóðum og Miðbærinn frá því hann var ungur. Af ljósmynd sem tekin var af Þórkötlustaðaþyrpingunni á tímabilinu 1902-1927 má sjá að þá hafa staðið tvö hús þar sem Miðbær er nú og telur Loftur Jónsson heimildamaður að þau hafi bæði verið hluti af Miðbænum. Húsið sem nú stendur var byggt á sama stað og vestara húsið (sem var minna) en austara húsið hefur staðið einhver ár eftir að núverandi íbúðarhús var byggt (stendur þegar ljósmynd er tekin af svæðinu eftir 1932). Engin ummerki sjást nú um eldri hús á þessum slóðum. Undir þetta númer er skráður bæjarhóll Þórkötlustaða, hús Miðbæjarins (bæði húsin sem stóðu í upphafi 20. aldar og svæðið norðan við þar sem stóðu 3-4 kofar 1918 sem allir

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, JJ 1847, 84; Saga Grindavíkur I, 74, 129-130, 272; BJ 1902."Árb. 1903, 47, Fasteignamat 1916-1918, 12, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:002 heimild um bænhús

333183 375198

Bænhús var áður á Þórkötlustöðum skv. máldaga frá 16. öld.

1563: "Jtem þau Bænhuskugilldi sem ad eru a Hraune. Þorkotlustaudumm og Höpe þa skipa eg ad þau snuest i leigukugilldi," DI XIV, 201

Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð en án efa var það á bæjarstaði Þórkötlustaða, nærri Miðbænum. Ekki eru þekktar frásagnir um að menn hafi komið niður á bein eða annað sem gæti gefið

vísbendingu um staðsetningu bænhússins. Staðsetningarhnit var tekið á bæjarhólnum miðjum.

Að sunnanverðu er greinilegt að húsin standa á smá bingu en að norðanverðu er sléttað malarplan sem Þórkötlustadavegurinn liggur í suðaustur-norðvestur. Sunnan við þar sem bæirnir fimm hafa staðið í röð er aflíðandi halli að sjó og á því svæði voru samfelldir garðar og kofar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI XIV, 201

GK-011:003 heimild um fjárhús

333154 375155

Samkvæmt túnakorti 1918 voru útihús skammt austan við útihús 186 og hafa verið innan við 20 m á milli. Þar voru fjárhús um 15 m suðvestur af Sólbakka. Á svipuðum stað stendur nú "veðurathugunarstöð" úr timbri. Á þessum stað stóðu útihús langt fram eftir 20. öld, a.m.k. má enn sjá það á loftmynd af svæðinu frá 1978. Nú er sléttuð grasflöt við Sólbakka á þessum slóðum.



Á kortinu má sjá áætlaða staðsetningu síðasta útihúss 003 (merkt með ljósgrænu).

Á ljósmyndinni má sjá íbúðarhúsi á Sólbakka (til vinstri – merkt með grænu á uppmælingu) og útihúspúst 186 hægra megin við miðja mynd en ummerki um 003 eru nú horfin.

Ekki sést til fornleifa. Samkvæmt Lofti Jónssyni voru fjárhúsin frá Vesturbænum en Bjarni Kristinn Gardarsson taldi þau (fjárhús og hlöðu) frá Austurbæjunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Loftmynd frá LMÍ 1978

GK-011:004 garðlag kálgarður + útihús

333199 375141

Samkvæmt túnakorti 1918 mikill kálgarður neðan við Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða 146 og talsverður fjöldi af útihúsum sambyggður honum. Umtalsverðar leifar af kálgarðinum sjást enn og eru hann og útihúsin sem honum voru sambyggð hér skráð saman undir einu númeri. Tvö standandi hús eru á þessum slóðum og voru þau skráð í húsaskráningu í Þórkötlustadahverfi (hús 11 fast vestan við kálgarð og hús 027 í suðausturhorni). Bærinn Laufás var byggður skammt vestan við kálgarðinn líka en hann er skráður undir sérstöku númeri (sjá 153) og sömuleiðis Heródesarsteinn (134 sem er norðaustast á svæðinu). Kálgarðurinn tók við beint sunnan við bæjarhúsin á Vesturbænum og náði langleiðina að sjó. Talsverðar leifar hans sjást ennþá og myndar hann nú baklóð Vesturbæjarins þar sem enn er búið.

Kálgarðurinn er í aflíðandi halla til suðurs og nær frá íbúðarhúsi og langleiðina að sjávarkampinum.


Svæðið sem skráð er undir þessu númeri var um 45 x 26 m stórt og samanstóð af kálgorðum og talsverðum fjölda kofa sem byggðir voru við garðinn. Þar hafa verið sex litlir sambyggðir kofar neðst (syðst) við kálgarðinn sem umlukinn var garðlagi og þrír til viðbótar hafa

verið byggðir við sama kálgarð að vestan og að auki hefur lítill kofi verið við austurhlíð miðja. Öll eiga húsið það sameiginlegt að vera horfin þótt ummerki eftir kofann við austurhlíðina megi enn greina. Talsverður hluti kálgarðshleðslunnar sést einnig enn. Þar voru fjárhús og fiskverkunarhús frá Vesturbæjunum. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni voru þarna fjárhús frá Einari í Vestari Vesturbæ en austan við það var hús í eigu Guðmundar Ben. sem bjó í Eystri Vesturbænum. Samkvæmt Lofti var umrætt hús notað sem geymsla fyrir hey- og veiðarfæri og var byggt af Lafollie-verslun á Eyrarbakka til að salta fisk á þeim árum sem hún keypti fisk af útgerðarmönnum á Þórkötlustöðum. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) tilheyrðu kálgarðar 004 Austari Vesturbænum 145. Hér eru húsin sem voru neðst í túninu skráð undir undirnúmerinu 004_01, Húsin sem voru sambyggð túngarði að vestan undir númerinu 004_02, lítið hús byggt upp við kálgarð að austan 004_03 og sjálfir kálgarðarnir 004_04. Nú sjást talsverðar leifar kálgarða 004_04 á baklóðinni.

Garðlögin eru grjóthlaðin og gróin og mis stæðileg en víða eru þau 1,2-1,4 á breidd og allt að 1,2 á hæð. Í garðinum eru rabarbarar hér og þar og á einum stað í honum er hænsnakofi.

Hleðslur eru nokkuð mosavaxnar. Útihús 004_01 eru horfin en þau stóðu neðst í lóð við Vesturbæ Þórkötlustaða innan kálgarðs í röð, austur-vestur. Engin ummerki sjást um húskofa á þessum stað, neðst eða syðst innan lóðamarka Vesturbæjarins. Þar eru nú rabbbarabeð að hluta en greinilegt að ýmislegt rask hefur verið á svæðinu. Engin ummerki sjást heldur um þau hús þrjú sem voru byggð við vesturhlíð

kálgarðsins, utan garðs. Þar sem þau voru er nú malarvegur og fjárhús úr timbri og bárujárnri (hús 11 í húsakönnun Þórkötlustaða). Á þeim slóðum, mögulega þar sem nyrstu húsið að vestan voru reis á 20. öld býlið Laufás (sjá 153). Lítið kofi hefur verið byggður inn í kálgarðshleðsluna að austan, 004_03 og sjást leifar hans enn að hluta, rétt ofan við hænsnakofa (hús 27 í húsakönnun



Kálgarður og útihús sem saman eru skráð undir númerinu 004_01 til 04



Yfirlitsmyndir yfir minjasvæði GK-011:004. Á báðum myndum er horft til SSV. Á mynd til hægri er Heródesarsteinn (GK-011:134) í forgrunni.

Þórkötlustaða) í garðinum. Tveir veggir kofans sjást mjög vel, þ.e. norðurveggur og vesturveggur. Þeir eru hlaðnir úr grjóti en á milli þess er steypulím. Kálgarðsveggurinn markar að hluta suðurvegg en tóftin er opin til austurs, út í traðir 034 en þó er tóftarbotninn um 0,8 m neðar en traðirnar og því greinileg brún þar á milli. Innanmál hennar er 2,6 x 1,7 m og snýr kofinn austur-vestur.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:005 garðlag kálgarður + útihús

333207 375132

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihúsasamstæða um 40 m sunnan við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Þegar túnakortið var gert (1918) voru þarna þrjú hús sambyggð við kálgarð og tengdust húsin horn í horn. Eru allar þessar minjar hér skráðar undir einu númeri. Vestasti hluti húsanna hefur aðeins verið 5-10 m austan við hús 004. Nú eru fjárhús á þessum stað (skráð undir heitinu Hús 07 í húsakönnun Þórkötlustaða).




Yfirlitsmyndir úr lofti yfir minjasvæði GK-011:005-006 (til vinstri) en á hægri mynd er horft yfir svæði 005 til SSA

Svæðið sem skráð var undir þessu númeri tekur við beint suður af Miðbæ Þórkötlustað og nær langleiðina að sjó. Það er grasi gróið og hallar aflíðandi til suðurs. Fjánhús úr timbri og bárujárni eru nú syðst á svæðinu. Þar sem útihúsin 005_02 hafa staðið er sendinn jarðvegur og nokkuð af drasli er geymt á þessum slóðum, fiskikör, heyrúllur og fleira og væntanlega ná útihúsin á þessum slóðum einnig inn á eldra útihússtaði. Innan kálgarðs er grasvöxtur að norðan en neðar yngri útihús og margvíslegt rask.

Undir þessu númeri eru skráð sameiginlega kálgarður sunnan við Miðhús 001 og útihús sambyggð honum. Á túnakorti frá 1918 má sjá að svæðið hefur samtals verið tæplega 40 x 20 m stórt og snýr norður-suður.

Talsverðar leifar kálgarðsins eru sýnilegar og fá þær undirnúmerið 005_01 en allar leifar útihúsanna þriggja eru horfnar (en þær fá hér númerið 005_02) eru horfnar. Útihúsin sem voru sambyggð kálgarðinum 1918 voru þrjú talsins og lágu horn þeirra saman. samkvæmt Sigurði Gíslasyni sem rætt var við þegar svæðið var fyrst skráð 2002 voru þarna fjánhús, fiskverkunar- og salthús frá Miðbænum. Syðst var afgangur kofi austur-vestur en lítill kofi við norðausturhorn hans og sá þriðju til norðurs frá norðausturhorni hans. Húsaskipan breyttist þegar leið á öldina og lengi vel stóðu fjögur hús á þessum slóðum (þar sem 005 og 006 voru áður) og sjást þau t.d. á loftmynd frá 1978. Umrædd hús hafa vikið en tvö fjánhús standa nú þar sem nyrðri húsin stóðu (sjá einnig 006). Þótt eldri útihús hafi vikið sjást talsverðar leifar kálgarðsins. Samtals ná leifarnar yfir svæði sem er um 36 x 16 m stórt norður-suður. Stakstað L-laga hleðsla er við vestara útihúsið sem nú stendur. Hleðslan er fast vestan þess en beygir svo syðst til vesturs en verður fljótt ógreinilegt. Garðlagið er 1,8 m á hæð þar sem það er hæst hjá húsinu. Af kálgarðshleðslum er annars greinilegust er vesturhlið kálgarðsins sem sést nærri því öll en óverulegri leifar sjást fyrir austurvegg kálgarðsins norðarlega en framhald hans til suðurs (sem m.a. má greina á loftmynd frá 1978) er nú orðið ógreinilegt. Hleðslan er nokkuð stæðileg og víða 1,5 m á breidd og 1,5 m á hæð þar sem mest er og er gróin að hluta. Kálgarðurinn sést vel að vestan og innri brún hans sést



Á kortinu má sjá uppmældar minjar skráðar undir númerinu GK-011:005 og 006

einnig vel að norðan en norðurbrúnnin (ytri brún) er byggð inn í brekkuna við Miðbæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Loftmynd frá LMÍ 1978, Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:006 garðlag kálgarður + útihús 333225 375127

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihússamstæða og tvö stakstæð hús um 40 m sunnan við Miðbæ 001 en austan við sjávargötur 205. Húsin voru fast austan við fjárhús 005. Samkvæmt Sigurði Gíslasyni sem rétt var við þegar upphaflega var skráð á svæðinu voru fiskverkunar- og salthús frá Vestari-Austurbæ á þessum slóðum.

Svæðið sem skráð var undir þessu númeri nær frá grasflöt austan við Miðbæ Þórkötlustaða 001 og nær langleiðina að sjó. Það er grasi gróið og hallar afliðandi til suðurs. Fjárhús úr timbri og bárujárni eru nú syðst á svæðinu. Innan kálgarðs er grasvöxtur að norðan en neðar yngri útihús og margvíslegt rask. Þarna eru nú fjárhús, um 50 m sunnan við Miðbæinn, og sléttað plan vestan við þau.

Inn á túnakort frá 1918 er merktur langur kálgarður norður-suður og við hann sunnarlega voru byggð 5-6 kofar eða útihús, annars vegar meðfram suðurhluta vesturhliðar kálgarðs og hins vegar með suðurhliðinni. Hér eru hús og kálgarður skráð saman undir einu númeri en fá húsin saman undirnúmerið 006_01 en kálgarðurinn 006_02. Þá hefur svæðið samtals verið ríflega 50 x 20 m stórt. Útihúsin sem stóðu á þessum slóðum 1918 voru annars vegar fjögur sambyggð hús meðfram vesturhlið kálgarðsins sunnanverðs og hins vegar tvö stakstæð hús. Annað húsið var um 2-3 m norðan við fyrrnefnda samstæði og upp við vesturvegg kálgarðs en hitt húsið var aflangt (austur-vestur) og var 2-3 m suðaustan við suðausturhorn samstæðunnar. Engar leifar útihúsanna sjást lengur en yngri hús (skráð í Húsakönnun Þórkötlustaða sem Hús 07) eru að hluta á svæðinu (sjá einnig 005). Samkvæmt Lofti Jónssyni, heimildamanni voru þrjú fjárhús og stór heyhlaða á þessum slóðum þegar hann var ungur en áður voru þarna fiskgeymsluhús sem nefnd voru Eyrarbyggahús og voru fiskgeymsluhús frá Lefolí verslun á Eyrarbakka samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) en upplýsingar frá honum hafa varðveist á myndbandsupptöku hjá Ísmus. Samkvæmt honum var annað hús í þyrpingunni nefnt Keflavíkurhús. Á þeim slóðum sem útihús 005 og 006 stóðu voru langt fram eftir 20. öld 4-5 hús og sjást fjögur hús á loftmynd frá 1978. Á svipuðum slóðum voru samkvæmt Ólafi Sigurðssyni heimildamanni (f. 1941) fjárhús afa hans sem bjó í Vestari Austurbæ Þórkötlustaða fram undir miðja 20. öld. Nú standa sem fyrr segir tvö sambyggð fjárhús á þessum slóðum. Nokkrar leifar þess kálgarðs sem markaði af svæðið sjást enn. Af túnakorti má sjá að kálgarðurinn á þessum slóðum var langur og mjór og snéri norður-suður en leifar hans eru nú á köflum brotakenndar. Kálgarðsleifar eru víða nokkuð greinilegar þótt þær séu orðnar brotakenndar á kafla. Norðurhlið kálgarðsins sést t.a.m. að mestu og hefur verið stungin inn í brekkuna og er hún um 10 m á lengd. Efri brún þessa garðs er ógreinileg þar sem hann er byggður inn í brekkuna að ofan. Austurhlið kálgarðsins er einnig nokkuð stæðileg alveg niður að



Yfirlitsmyndir yfir minjasvæði GK-011:006 (og 005). Horft til SSV.

sjávarkambi, samtals um 60 m löng ef allt er talið. Ekki er ljóst suðurendi kálgarðsins var markaður af garði eða einungis úthúsum, engin ummerki sjást a.m.k. um hann nú Syðsti hluti austurhliðar gæti einnig hafa verið markaður af húsum en norðar var garðhleðsla sem sást lengi fram eftir (sést t.d. á loftmynd frá 1978 en er nú orðin ógreinileg). Garðlögin á þessu svæði eru vel hlaðin og víða allt að 1 m á hæð, en eru þó að hverfa töluvert í sinu og gras.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Loftmynd frá LMÍ 1978, Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:007 gerði kálgarður + útihús 333237 375128


Inn á túnakort frá 1918 er merktur stór kálgarður og nokkur sambyggð útihús við hann sunnarlega (suðvestarlega) sunnan við Austurbæi Þórkötlustaða 138/140. Umrædd mannvirki eru skráð saman undir númerinu 007. Svæðið og er austasta kálgarðsþyrpingin á bæjartorfunni. Samkvæmt Sigurði Gíslasyni heimildamanni sem rætt var við þegar svæðið var upphaflega skráð 2002 var m.a. fiskverkunar- og salthús frá Eystri-Austurbæ 138 á þessum slóðum. Undir númerinu 007 eru því skráður kálgarðurinn (007_02) sem sést að hluta og nokkrir útihús kofar sem merktir eru sambyggðir á túnakorti frá 1918 en eru horfnir (007_01). Svæðið afmarkast af gerði sem er langt og mjótt og hefur samtals verið um 60-70 m langt en 20 m breitt og snúið h.u.b. norður-suður. Traðir/sjávargata 157 voru milli garðlags 007 og 006, austan við garð 007.

Samkvæmt túnakortinu náði kálgarður 007 enn lengra til suðurs en garðarnir vestan við (004-006).

Svæðið sem skráð var undir þessu númeri nær frá grasflöt austan við Austurbæi Þórkötlustaða 138 og 140 og nær langleiðina að sjó. Það er grasi gróið og hallar aflíðandi til suðurs. Innan kálgarðs er grasvöxtur og er svæðið í órækt og kafi í sinu.

Samkvæmt túnakortinu hafa verið 2-3 kofar sambyggðir gerðinu að vestan fremur sunnarlega en engar leifar sjást nú um þá. Þeir hafa verið til móts við það svæði sem greina má vegg traðanna 157. Hér fá kofarnir sem voru sambyggðir og eru horfnir númerið 007_01 en kálgarðurinn 007_02.

Í aðalskráningu 007 voru hleðslur sem líklegast tengjast



Yfirlitsmyndir yfir minjasvæði GK-011:007 (og 015, 193 og 204)



Yfirlitsmyndir yfir minjasvæði GK-011:007. Á mynd til hægri er horft til NNV.

tröðum/sjávargötu (sjá 157) talin tengjast útihúsunum en líklegra virðist að það séu einungis austurhlið traðanna þótt húsin hafi verið þar fast austan við. Talsverðar garðhleðslur eru greinilegar þar sem kálgarður 007_02. Þær ná samtals yfir svæði sem er 50 x 24 m að stærð og snýr norður-suður. Nú markar vesturhlið svæðisins austurhlið kálgarðs 006 en aðeins sést vesturhlið 007 á um 12 n löngum kafla um miðbik þess en á milli hafa traðir 157 legið. Austurhlið kálgarðsins er hins vegar alveg heilleg og samtals um 50 m löng. Op er á henni nedarlega en mögulegt að það hafi verið gert í seinni tíð, a.m.k. er það ekki greinilegt á loftmynd frá 1978. Norðausturhorn kálgarðsins er líka greinilegt en norðurhliðin er aðeins greinileg í 6-7 m til vesturs áður en hún hverfur. Frá NA-horni gengur garðlag 193 til austurs fast sunnan við núverandi fjárhús frá Bjarmalandi (Hús 13 í húsakönnun Þórkötlustaða). Suðurhlið gerðisins er ekki greinileg og virðist líklegast að hún hafi brotnað í sjó. Neðst/syðst í kálgarðinum var lítill kálgarður og sést hluti garðlag sem hefur markað það af til suðurs enn (2017) frá austurvegg. Kálgarðurinn er markaður af með grjóthleðslu sem nú er algróinn en þó víða allt að 1 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918, Loftmynd frá LMÍ 1978,

GK-011:008 heimild um brunn 333223 375217

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var brunnur skammt (40 m) norðan við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Að honum lá gata 159 frá Einlandi 014:001. Á heimasíðu Ferlis segir eftirfarandi um brunninn: "Brunnurinn var notaður af öllum bæjunum. Nú sést móta fyrir brunninum í malbikuðum veginum framan við hliðið að Valhöll (áður en malbikið var endurnýjað)" og á öðrum stað á sömu síðu segir: "Hann var fallega hlaðinn, en var fylltur mól til að forðast slysum líkt og títt var um slíka brunna." Brunnurinn var þar sem Þórkötlustaðavegur er nú.


Samkvæmt Lofti Jónssyni var brunnurinn fyrir almenning, rétt vestan við þar sem brunahaninn stendur nú. Engin ummerki hans sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Túnakort 1918; <http://www.ferlis.is/?id=4273>

GK-011:009 tóft fjós 333228 375202

Samkvæmt túnakorti frá 1918 er útihúsasamstaða sambyggð kálgarði norðan við bæjarhlað Vestari Austurbæjar Þórkötlustaða 140. Kálgarðurinn hefur verið beint vestan við kálgarð 035 sem merktur er inn á sama kort en sést enn. Kálgarðurinn og húsin hafa verið fast sunnan við Þórkötlustaðaveg en vegur að Buðlungu liggur þvert yfir svæðið. Á svæðinu standa nú fjórir kofar (Hús 09, 10, 15 og 16) sem fjallað er um í húsakönnun Þórkötlustaða. Stök tóft stendur enn á svæðinu en öll önnur eldri ummerki eru horfin. Samkvæmt Ólafi Sigurðssyni, heimildamanni var fjós frá Vestari Austurbæ Þórkötlustaða 140 á þessum stað en mögulega var hún einhvern tíma



Uppmæling og ljósmyndir af tóft 009. Á mynd til hægri er horft til NNV.

notuð fyrir hesta skv. Lofti Jónssyni heimildamanni. Getið er um fjós frá bænum í Fasteignamatí 1916-1918 og það sagt fyrir þrjár kýr.

Fast sunnan við tóftina liggur Þorkötlustaðavegur í austur-vestur en sunnan hans er sléttað malarplan. Norðan við Miðbæinn er var fram til 2010 annað íbúðarhús, Valhöll 159, og á milli þeirra voru tvær bárujárnsklæddar skemmur sem enn standa (Hús 15 og 16). Sunnan í syðri skemmunni er hesthústóftin.

Öll ummerki um kálgarðinn eru horfin ef frá er talinn austurveggur sem var sameiginlegur kálgarði 035 og er skráður með öðrum leifum þess kálgarðs. Ekki sjást merki um eldri hús á þessum slóðum er frá er talin stök tóft sem byggð er sunnan við Hús 15 sem var áður bílskúr frá Valhöll. Suðurveggir beggja skemmanna (Hús 15 og 16) eru að hluta til grjóthlaðnir og gætu verið leifar eldri húsa á þessum slóðum. Tóftin gengur úr hlöðnum vesturenda Hús 15. Tóftin er 6 X 5,5 m að utanmáli og 3,5 x 4,5 m að innanmáli. Tóftin snýr austur-vestur. Hún er opin til suðurs. Veggir eru hlaðnir úr grjóti um 1,2 m á hæð og yfirgrónir að utan. Í þeim sést 7-8 umför af hleðslu. Talsverðu hefur verið hrúgað inn í tóftina (mold og drasl). Veggir víða um 1,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918 og Fasteignamat 1916-1918

GK-011:010 heimild um kálgarð

333078 375305

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður um 50 m vestan við Lambhúskot 015:001. Garðurinn var frá Eystri-Vesturbæ og er um 200 m norðvestur af bæjarhól 001, vestast í sléttuðu túni, beint sunnan við Búðir. Kálgarðurinn var enn greinilegur árið 2002 hvarf þegar íbúðarhús var byggt á þessum stað 2008.

Yfir kálgarðinum er malarborðið bílaplan og slétt tún umhverfis. Kálgarðurinn greinilega á loftmynd frá árinu 1978. Kálgarðurinn var um 24x8 m að stærð og samkvæmt Lofti Jónssyni var op á honum aðeins norðanvert við miðja austurvegg hans. Veggir hafa líklega verið grjóthlaðnir en voru bæði grónir og fallnir að hluta árið 2002. Vestur- og norðurveggur stóðu þá grónir en austur- og suðurveggur voru fallnir, þó enn hafi mátt sjást móta fyrir þeim. Hleðslur voru mest um 1,5 m á hæð og umfór allt að fimm. Sem fyrr segir eru öll ummerki um garðinn nú horfin.



Ljósmynd af hinum horfna kálgarði úr skráningu árið 2002.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Loftmynd frá LMÍ 1978, teikning af áætlaðri legu kálgarðsins er að finna við Lambhúskot, minjastað GK-015:001

GK-011:011 þúst fjárhús

333310 375330

Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru stakstað útihús skammt suðaustan við býlið Móa 193 er stóð um 170 m norðnordáustur af Þórkötlustöðum 001. Við Móa voru miklir kálgarðar (sjá 036-037) en útihúsin voru um 10 m sunnan við eystri kálgarðapýrpinguna 037, um 177 m norður af bæjarhól 001, er hóll í sléttuðu túni. Allt umhverfis er sléttað tún.



Þúst af fjárhúsi. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs.

Samkvæmt Sigurði Gíslasyni heimildamanni sem rætt var við þegar svæðið var aðalskráð 2002 var húsið fjárhús. Þústin er algróin, um 6,5 X 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er um 0,6 m hærra en umhverfið og brúnir hennar eru mjög skarpar en toppurinn flatur og er hún því e.k. stallur í landslaginu. Ekkert grjót er sýnilegt í henni en nokkuð óslétt er í túninu fast umhverfis hana. Svo virðist sem útihúsið hafi verið byggt ofan á eldra byggingarstig gerðis (037_06) sem stinga sér undan yngri gerðisleifum 037 á þessum slóðum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:012 tóft fjárhús

333502 375071

Samkvæmt túnakorti frá 1918 eru tvískipt útihús í suðausturhorni túns, austan við Klöpp 013:001. Tóftin var fjárhús og er enn greinileg þótt sjór gangi yfir hana og sé langt kominn með að hylja hana grjótdreif. Fjárhústóftir eru í túninu austan við Buðlungu GK-012:001, um 180 m ASA við núverandi íbúðarhús og um 300 m ASA af Miðbæ Þórkötlustaða 001.



Uppmæling á fjárhústóft 012 til vinstri en ljósmynd af sömu tóft til hægri (horft til suðurs)

Tóftin er í gömlu og smáþýfðu túni sem var markað af túngörðum 011:164 að norðan og austan og túngarði Klappar 013:005 að vestan. Svæðið er nú (2017) nýtt sem beitihólf fyrir hross. Þar eru nokkrar tjarnir. Fast sunnan við tóftina er fjörukamburinn sem er stórgryttur. Sjórinn gengur á landið að sunnan og étur af því. Sjórinn feykir grjóti að og yfir tóftina og er hún í mikilli hættu af þeim sökum.

Tóftin er á rústahæð og er ekki ólíklegt að frekari mannvistarlög séu undir sverði. Sjálfur hóllinn er um 24 x 18 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er um 9 x 9 m stór og skiptist í tvö hólf. Hún er suðvestast á hólnum og framan eða norðan við hana er talsverð grænka í hólnum og má vera að þar séu ummerki um það sem mokað var út úr húsunum. Tóftin skiptist í tvö hólf. Minna hólfid er vestar. Það er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Engin vesturveggur er fyrir hólfinu og virðist líklegt að grjótdreif sem sjórinn hefur kastað yfir svæðinu hafi skemmt vesturenda hennar. Austara hólfid í tóftinni er stærra og snýr þvert á það vestara eða norður-suður. Það er opið til norðurs og er 7 x 2,5 m að innanmáli. Við suðurenda sjást leifar af steypuvegg þótt einnig sé þar grjóthledsla. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir en yfirgrónir. Þeir eru mest 1,2 m á hæð og allt að 10 umför. Veggir eru þó farnir að hrynja talsvert þannig að þeir eru 1,5 m á breidd. Talsvert af rekavið og rusli er inni í tóftinni, sérstakleg í austara hólfinu. Austan við tóftina er hryggur samsíða tóftinni og ber hann svolítið hærra en sjálf tóftin. Tilgangur hans er ekki augljós. Sjávarkampurinn er kominn alveg upp að tóftunum sunnanverðum. Á myndbandi sem varðveitt er hjá Ísmus segir Árni Guðmundsson (1891-1991) frá fjárhúsi í túninu austan við Klöpp sem varð illa úti í flóðinu 1925. Samkvæmt myndbandinu mætti ætla að umrædd frásögn sem hér fylgir á eftir ætti við um það hús sem hér er skráð en Loftur Jónson, heimildamaður segir að Árni hafi sagt sér að húsið sem fór í flóðinu hafi verið í suðausturhorni heimatúnsins í Klöpp (sjá 013:009). Hér verður ekki tekin afstaða til þessa en frásögnin var eftirfarandi: Guðmundur faðir Árna átti upphaflega húsið en eftir að hann átti búskap tók Árni við og hafið kindur þarna. Árni hafði þar hrút í kofa við sem var járnlæddur. Þegar Stórflóðið 1925 lék svæðið grátt þá fór kofinn fór alveg á kaf. Þegar Árni kom daginn eftir var allt á kafi í sjó. Það varð bið á því að Árni kæmist en um kaffileytið daginn eftir þá sér er byrjað að fjara af túninu og þá fer hann að sjá ofan á kofann. Árni var viss um að hrúturinn væri dauður. Þegar hann loksins kemst að húsunum heyrir hann jarm og þá hafði hrútinum orðið til lífs að smá


loftrými virðist hafa verið efst í húsinu. Þótti þetta talsvert merkilegt. Í sama flóði bjargaðist hestur Guðmundar bróður hans sem var í kofa á sömu slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918 og Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:013 *Buðlungavör* heimild um lendingu 375031 333343

"Í klapparskoru (bás) við sjóinn framan við eystri Þórkötlustaðabæina er Buðlungavör. Þessi lending var notuð þegar hægt var," segir í Húsakönnun Loftis Jónssonar. "Austast á merkjum mótí Hrauni, niður við sjóinn, er bás inn í klettana, og heitir hann Markabás...Vestur frá Markabás eru smáhvilftir og kvosir með sjó, sem heita einu nafni Básar. Ná þeir vestur að svonefndri Stóruklöpp. Vestan hennar er aðallendingin, sem nefnd er Buðlungavör. Fram undan vörinni eru tveir boðar, sem heita Fjósi og sá ytri Lambhúsi," segir í örnefnaskrá AG. "Austan við Bótina, í klettunum niður af Þórkötlustaðabæjunum, er Buðlungavör. Meðan árabátarnir voru, var sú vör notuð, alltaf þegar fært þótti, en í öllu misjöfnu var lent í Nesinu, sem kallað var, og áttu þeir Þórkötlustaðamenn því aflann eftir hverja vertíð á tveim stöðum. Þetta breyttist þegar vélar komu í bátana (trillur). Eftir það var eingöngu lent í Nesinu." segir Guðsteinn Einarsson. Ef gengið er suður traðirnar 034 milli Miðbæjar og Vestari-Vesturbæjar, sem enn standa á Þórkötlustaðatorfunni, fram á kampinn og þá lítið eitt austur, gengur klöpp í suðsudaustur fram í sjó. Austanvið klöppina er lygnara en þar er lendingin í Buðlungavör. Buðlungavör er um 175 m suðaustan við Miðbæ Þórkötlustaða 001 en um 70 m beint suður af Buðlungu. Ryðgaðir festarboltar eru á þessum slóðum við sjóinn.



Buðlungavör GK-011:013. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs.

Stórgrýttur sjávarkampur og svartar hraunklappir í sjó fram. Vörin er stórt skarð í klettana um 15-20 m langt og 10 m breitt. Samkvæmt Lofti Jónssyni var lent upp við klöpp við vörina vestanverða og síðan var aflinn borinn upp á klöppina fyrir ofan sem nefnd var Skiptivöllur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Húsakönnun í Þórkötlustaðahverfi (LJ), 3, Ö-Þórkötlustaðir AG, 1; GE Frá Valahnúk, 39-42.

GK-011:014 *Ormsbús/Lundun* bæjarstæði býli

Árið 1703 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er rituð voru fimm hjáleigur skráðar með Þórkötlustöðum. Ein þeirra var: "...kölluð Ormsbús, en áður kölluð Lundun," samkvæmt bókinni. Ekki er vitað hvar hún stóð og engin ummerki um hana sjást á yfirborði. Líklega hefur aftur verið byggt á sömu slóðum, annað hvort íbúðarhús eða útihús.

Heimildir: JAM III, 12

GK-011:015 varða mið

333264 375095

"Túnið á Buðlunga liggur að (Buðlungu)vörinni [013] og sundvarðan var þar neðst í túni," segir í örnefnaskrá AG. Buðlunga er austasti bærinn við Þórkötlustaðaveg, en þar er nú lágreist steyppt hús. Sunnan við húsið fram á kampinn er sléttað tún og stóð varðan suðvestast í því og um 80 m suðaustan við Miðbæ Þórkötlustaða 001.

Kampurinn er kominn talsvert inn í túnið og því mikið af grjóti í því og virðist sem garðlag hafi áður markað af suðurhlíð túna 168 á þessum slóðum en það er nú alveg að hverfa.

Sjórinn lagði vörðuna reglulega útaf en hún var alltaf endurhlaðin á meðan lent var í Buðlunguvör (sem samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Ferlis var um 1929). Nú hefur sjórinn hins vegar tekið hana. Samkvæmt upplýsingum af vef Ferlis var Buðlunguvör einkum notuð af Þórkötlustaðabæjunum að sumarlagi. Upplýsingar eru þar hafðar eftir Péttri Guðjónssyni fyrrverandi skipstjóra sem var uppalinn í Þórkötlustaðahverfi en þar segir: "Pétur sagði að áður hafi verið stór varða neðst í Buðlungutúninu og hefði hún borið í vörðu uppi á heiði. Það hafi verið stefnan inn á Bótina, en síðan hafi vörðurnar ofan við bryggjuna á Nesinu tekið við." Loftur Jónsson heimildamaður segir að varðan neðst á Buðlungudal hafi átti að bera í tvær vörður langt uppi heiði. Þegar farið var inn djúpsundið. Í mikilli þoku sáust ekki vörðurnar uppi heiði utan frá sjó og þá kom merkið á Brunnskák í staðinn.

Hættumat: Stórhætta vegna landbrots

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 1, <http://www.ferlis.is/?id=3827>

GK-011:016 tóft fjárhús

333345 375175

Tóft, líklega fjárhús, er fast norðan við bárujárnsskúr, við Buðlungu. Skúrinn sést á loftmynd frá 1978 sem og tóftin. Það er hægt að greina tvö byggingarstig í tóftinni og er þeim gefið númer til aðgreiningar í lýsingu þessari.

Umhverfis tóftina er sléttað tún en malarplan til suðvesturs. Tóft 01 er norðar. Hún er 10,5 x 9 m að stærð og snýr norður - suður. Tóftin er lítillaga niðurgrafin og grasivaxin að innan. Hún er um 0,3 m dýpri en túnið umhverfis hana. Veggirnir eru algrónir og útflattir, 0,1-0,2 m á hæð að utan en 0,5 m að innan. Þeir voru líklega grjóthlaðnir eins og flestar aðrar minjar á



Uppmæling á fjárhústóft 016 og gerði 185. Á mynd til hægri er horft til suðurs


svæðinu. Það glittir hvergi í grjóthleðslu í þeim og gróið yfir þá. Ekki er hægt að greina op á yfirborði eða annað sem gefur nánari upplýsingar um gerð tóftarinnar til kynna.

Vesturveggurinn er nær útflattur. Hleðsla 02 er fast sunnan við tóft 01, uppi á suðurvegg hennar. Þetta er norðurendi tóftar sem sést á loftmynd frá 1978, aðrar hliðar hennar eru horfnar. Veggjarbrotið er U-laga, þetta er norður-skammhlið og hluti af báðum langhliðum. Það sjást tvö umför af grjóthleðslu efst í veggnum en hann er 0,3 - 0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Fyrir sunnan vegginn er búið að slétta tóftina út, þar er flatt svæði allt að bárujárnsskúrnum.

Svæðið er 8x4 m að stærð og gróið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978



Kortalykill

- Uppmældar fornleifar
- Uppmæld lína (fornleifar)
- Hnitapunktur
- Uppteiknað af loftmynd 1978
- Standandi hus
- Horfin hús
- Mörk verndarsvæðis

0 2.5 5 7.5 10 m

Uppmæling á fjárhústóft 06 og gerði 185


GK-011:019 *Randeyðarstígur* gata leið

"Randeyðarstígur er gata á milli Hrauns og Þórkötlustaða og var hann farinn áður fyrr, er aðalumferðargatan lá fyrir neðan Þórkötlustaði og var þar komið á Eyrargötuna 027," segir í örnefnaskrá Lofts Jónssonar. Ekki er nákvæmlega vitað hvar Randeyðarstígur var en hann lá niður á Eyrargötu 027 sem lá syðst í Þórkötlustaðahverfi. Á minjakorti Ómars Smára virðist sem Randeyðarstígur hafi verið sami stígur og Eyrargata en Randeyðarstígsnafnið notað í landi Hrauns. Í öllu falli virðist ljóst að ummerki um Randeyðarstíg er ekki að finna innan verndarsvæðis í Þórkötlustaðahverfi. Frá Hraunkoti vestur að Þórkötlustöðum eru sléttuð tún en austan við Hraunkot er hraunlendi að túninu í Hrauni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

Í örnefnaskrá NN segir: "Í túninu austur af bæ er sagt að sé leiði Þórkötlu." Fjallað er um staðinn á heimasíðu Ferlis en þar segir: "Fram að þessu hefur jafnan verið horft á dys Þórkötlu í óslegnum hól í túninu austan við Hof. Þar hafa hinir elstu menn, sem vel þekkja til, talið hana hafa legið fram að þessu. Staðsetningin passar og við lýsinguna í sögunni þar sem segir að sú gamla hafi viljað láta grafa sig þar sem hún sæi yfir Þórkötlustaðabótina. Frá þeim stað sést vel yfir Bótina. (...) Sigurður, sem nú er nær blindur, var ekki í neinum vafa, sagðist alltaf hafa heyrt af Þórkötlu undir stórrí þúfu í túninu neðan við gamla Lambhúskotið. Hann lýsti staðsetningu Þórkötludysjar þannig: "Hún er upp af Sólbakka, vestan við girðingu sem liggur í norður frá húsinu, austan og ofan við Hof. Þetta er stór þúfa í túninu, neðan við gamla Lambhúskotið í



Tvær af meintum dysjum. Dys 01 til vinstri en Dys 02 til hægri. Horft til NNV og N

suðaustur í neðra túninu." [...] Þúfurnar eru tvær í túninu. Sigurður gekk að þeirri eystri. Áður hafði Ferli verið bent á hina þúfuna (Ól. Gamaliásson) sem hina meintu dys. Skýringin á henni er sögð vera sú að undir austari þúfunni hafi hundur Þórkötlu verið grafinn. Stutt er á milli þúfnanna." Í Húsakönnun Lofts Jónssonar segir: "Í túninu sunnan Lambhúskots eru þrjár hólar. Sagan segir að í þeim lengsta sé leiði Þórkötlu, sem Þórkötlustaðahverfi er kennt við, aðeins

sunnar er leiði smala hennar og þar vestur af er leiði hundsins hennar." Líkt og kemur fram hér ofar er á reiki hver af þúfunum er Þórkötludys. Hún er í túninu, rúmum 20 m sunnan við Lambhús 015:001 og rúmum 150 m norðvestan við bæ 001. Þar eru fjórar þúfur sem allar voru mældar upp. Ómar Smári Ármannsson merkir Þórkötludys inn á uppdrátt af Þórkötlustaðahverfi en að auki dys hunds og dys smala.

Slétt, ræktað tún er allt umhverfis þúfurnar. Þær eru allar sléttar og grasivaxnar og ekki ólíklegt að mannvist sér hér undir sverði.

Dysjarnar eru fjórar á svæði sem er 45x30 m að stærð og snýr austur-vesturs. 1) Dys 1 er hin meinta dys Þórkötlu samkvæmt heimildamönnum sem Ferlir ræddi við. Ómar Smári Ármannsson merkir þetta dys smala á uppdrátt sinn og því er Loftur Jónssonar sammála. Dysin er 4,7 x 3 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Hún er hæst til norðurs og lækkar til SSA og er aflíðandi til allra átta. Þúfan er 0,1 - 0,3 m á hæð.

2) Dys 2 er 11 m suðvestan við dys 1. Samkvæmt Ómari Smára er þetta dys hundsins. Þetta er minnsta þúfan en er um leið er hún einna greinilegust. Hún er strýtulaga, um 3 x 3 m að stærð og algróin. Hún er 0,2 - 0,5 m á hæð, hæst til suðurs. Þúfan skagar fram úr aflíðandi brekku í grónu túni.

3) Dys 3 er 35 m vestan við dys 1. Þetta er stærsta þúfan og Ómar Smári merkir hana sem dys Þórkötlu á uppdrátt sinn. Þessi þúfa er ekki nefnd þegar hann hittir heimildarmenn sína. Loftur Jónsson telur þetta vera dys hundsins. Hún er 5,4 x 5,2 m á stærð, 0,2- 0,5 m á hæð og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er slétt, grasivaxin og með aflíðandi hlíðar.

4) Dys 4 er 18 m norðvestan við dys 1, fast norðan við lítinn kofa sem var reistur á síðustu árum. Samkvæmt Lofti Jónssyni taldi hann þetta dys Þórkötlu. Ekki ólíklegt að þetta sé uppmokstur sem kom upp við byggingu þess. Þúfan er höfð hér með enda sambærileg við hinar dysjarnar. Hún er 6,4 x 3,8 m að stærð, 0,2-0,3 m á hæð og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna sléttunar

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir NN, 1; Loftur Jónsson, 3; <http://www.ferlir.is/?id=4230>

GK-011:026 *Brunnflatir* heimild um brunn 332903 375111

"Áður var brunnur ofan við sjávarkambinn í Heimri-Bót og neðan svokallaðra Brunnflata en hann mun hafa fyllst af foksandi úr Bótinni," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi eftir Loft Jónsson. Í örnefnaskrá er sama svæði lýst: "Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og skiptist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót...Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnflatir. [...] Neðst á Brunnflötum við kampinn var grafinn brunnur, þar sem skepnum var vatnað áður en brunnur var grafinn hjá Þórkötlustöðum. Eftir Brunnflötum lá gata 027 og sunnan við sandorpnar hæðir vestur af Brunnflötum, við norður enda Gjáhólsgjáar í átt að Rifinu (Eyri)," segir í örnefnaskrá LJ. Brunnflatir eru sunnan við hraðfrystihúsið og 200-300 m vestur frá bæjarhól 001. Niður af þeim eru Þórkötlustaðabót. Ekki sjást lengur skýr merki um brunninn og ekki fundust þau við skráningu 2002. Á minjakorti Ferlis er brunnurinn gróflega staðsettur og var hann staðsettur gróflega með hliðsjón af því og eftir ábendingum frá Lofti Jónssyni heimildamanni, þótt ekki sæjust greinileg ummerki á vettvangi. Brunnflatir voru áður söndugar en eru nú uppgrónar allt vestur í hraunið. Ekki fundust skýr ummerki um brunninn.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4.

GK-011:027 *Eyrargata* heimild um leið 332928 375143

"Neðst á Brunnflötum við kampinn var grafinn brunnur 026, þar sem skepnum var vatnað áður en brunnur var grafinn hjá Þórkötlustöðum. Eftir Brunnflötum lá gata og sunnan við sandorpnar hæðir vestur af Brunnflötum, við norður enda Gjáhólsgjáar í átt að Rifinu (Eyri). Hét hún Eyrargata en lítið markar fyrir henni nú," segir í örnefnaskrá Lofts Jónssonar. Eyrargata var á milli

Þórkötlustaða (og mögulega líka Hrauns) og Járngerðarstaðahverfis. Innan verndarsvæðis í Þórkötlustaðahverfi var hún alveg við sjávarkampinn og er nú horfin í ágang sjávar og sand. Hún sést hins vegar vestar, utan verndarsvæðis. Brunnflatir 026 eru grónar sandflatir nyrst og austan í Nesinu. Vestan við þær, í hrauninu er Gjáhöll gróinn í toppinn með tveimur hundapúfum. Hún kom upp úr fjörunni við Skarð en lág þar til austurs neðan við Þórkötlustaðabæina.

Götur hafa að hluta lagið yfir úfið mosagróið hraun en í Þórkötlustaðahverfi lágu þær nærri sjávarkambinum og yfir Brunnflatir þar sem mikið af sandi hefur safnast. Svæðið er vaxið melgresi og sjór hefur einnig borið á land talsvert af stórgrýti og varpað því yfir svæðið.

Gatan hefur líklega lagið í austur-vestur yfir Nesið að Rifinu sem nú hefur verið opnað og gert að höfn Grindavíkur. Hún er gróflega staðsett innan verndarsvæðis.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

GK-011:028 gata leið

332875 375502

"Önnur gata en Eyrargata 027 er norðar og liggur um Kirkjuhóla og fram hjá Hópi," segir í örnefnaskrá Lofts Jónssonar. "Þarna þvert yfir og framhjá Hópi var gangan á milli Þórkötlustaðahverfis og Járngerðarstaðahverfis áður fyrr og áfram framhjá Miðaftanshól. Austan við Moldarlág í hraunbrúninni eru hraunhólar sem heita Kirkjuhólar. Þar var áður mikil huldufólksbyggð og huldufólkskirkja. Álfar á svæðinu áttu sína kirkju rétt sunnan við núverandi smábátahöfn og heitir þar Álfakirkja," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar í Þórkötlustaðahverfi. Kirkjuhólar eru um 600 m vestnorðvestan við Þórkötlustaði 001 fast sunnan við Austurveg (þ.e. núverandi þjóðveg) en umræddur vegur var á svipuðum slóðum innan Þórkötlustaðahverfis þjóðvegurinn var áður, neðan við Efstaland/Heimaland/Þórsmörk. Á þeim slóðum er enn malarvegur. Uppgrónir hraunhólar eru að hluta þar sem vegurinn lá en yngri malarvegur er á sömu slóðum hluta leiðar. Gatan lá austur-vestur á milli Hóps og Þórkötlustaða og áfram austur. Í Kirkjuhólum er gatan horfin en sést austar, sunnan undir Austurvegi um 400 m norðvestur af bæjarhól 001, beint norður af íbúðarhúsinu Klöpp/Teigi. Þar hefur grjót verið fjarlægð úr henni og raðað meðfram henni, í framhaldi liggur gamli malarvegurinn. Í hrauninu milli Þórkötlustaða og Hrauns sést að auki fyrir götunni. Hún markast víða af mannvirkjum sem hér eru skráð undir sérnúmerum, bæði túngörðum (t.d. 133, 125) og kálgörðum (t.d. 097, 107, 131).



Hluti af þjóðleið 028

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir LJ, 3

GK-011:029 *Vötnin* heimild um þvottastað

333117 375101

"Austur af Heimri-bót taka við Vötnin. Þar rennur ósalt vatn um fjöru og þar var þveginn og skolaður þvottur áður fyrr....", segir í örnefnaskrá Lofts Jónssonar. Samkvæmt Lofti voru Vötnin niður af íbúðarhúsinu Skarði og seytladi vatn þar gjarnan fram í fjörunni. Þar var stundum þveginn þvottur og jafnvel sótt vatn til neyslu þegar ekkert betra var í boði. Ofan við klappirnar er stórgrýttur kampur en sandfjara næst heim. Engar fornleifar eru á þessu svæði og ekki seytladi vatn um svæðið þegar það var skráð í júní 2018.



Vötnin GK-011:029, horft til VSV

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Þorkötlustaðir LJ, 3; Saga Grindavíkur I, 47.

GK-011:030 *Eyvindarstaðir/Eyvindarhús* bæjarstæði býli/fjós 332948 375371

Í Jarðabók Árna og Páls 1703 er getið hjáleigu: "Eivindar hús." Eyvindarstaðir hét kot í norðvesturhorni Þorkötlustaðatúns 1918 og er líklega sami staður. Í Fasteignamati 1916-1918 segir:

Þriðja þurrabúð frá býli 15 [miðbar Þorkötlustaða]

Ábúandi Guðmann J. Jónsson. Eftirgjald 10 kr. greitt landeiganda. Lóðarstærð 400 □ fæðmar yrkt í matjurtagarða. Hús á lóðinni, sem öll eru eign ábúanda eru þessi:

Íbúðarhús 8 × 6 ál., veggþæð 4 ál. ris ekkert, byggt úr timbri járnklætt, vel byggt

Eldhús 4 × 5 ál, grjótveggir, þakið úr timbri og járn

Timburskúr 4 × 6 ál úr timbri og járn


Hjallhús 6 × 4 ½ ál veggþæð 4 ál

Fjórthús og hesthús 7 × 4 ál. raftlbyggt

"Eyvindarstaðir: Húsið er í ábúð 1909 á þessum stað. Guðmann Jónsson, kona hans Guðríður Þórðardóttir og sonur Haraldur Haraldsson endurbyggðu á sama stað 1928. Hjónin Einar Símonarson og Sólrún Guðmundsdóttir flytja síðan húsið 1948 að Ránargötu 2 í Járngerðarstaðahverfi. 1956 var útliti hússins breytt í núverandi mynd." Eyvindarstaðir voru með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur samkvæmt Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þorkötlustaðahverfis. Þar stóð síðast timburhús en það ásamt Miðhúsum (sjá túnakort 1918) var flutt í Járngerðarstaðahverfi 1948 og var þar Ránargata 2. Um 350 m norðvestur af bæjarhól 001 og um 100 m vestan við Búðir er steypur grunnur á smá bingu í sléttuðu túni. Þar voru Eyvindarstaðir. Þau hafa verið byggð upp við innanverðan túngarð sem hér ber númerið 046. Umhverfis eru sléttuð tún en óslétt grýtt svæði til norðurs.



Eyvindarhús GK-011:030, ljósmyndir teknar í eldri skráningu.



Uppmæling á Eyvindarstöðum GK-011:030

Steyptur grunnur er vestan til, tæplega 7 x 7 m að stærð. Vesturhlíð hans er nánast horfin en mótar þó fyrir henni. Leifar af steyptum skorsteini liggja yfir norðurhlíð. Tvö op sjást á suðurhlíð eftir glugga eða dyr. Austan við húsgrunninn eru lágur hleðslur, áfastar, sem afmarka svæði, eins konar uppgróinn stall, sem er rúmlega 7 x 7 m stór. Á honum um miðbikið er steinn sem gæti verið fiskasteinn (óstaðfest) og gróinn hnúður, um 2 m í þvermál, norðan við hann. Hæst rís steypan líklega 40-50 cm og er gróf möl og steinar í steypunni. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var steinsteypt fjós/hæsnahús byggt heima við bæinn eftir 1940 og tóku þau við af fjós/fjórúsi 115 og hæsnakofa 052. Veggir húsanna við bæinn hafa hins vegar verið brotnir niður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 12; Túnakort 1918; Fasteignamat 1916-1918, 13; Húsakönnun Þórkötlustadahverfis; Húsakönnun Þórkötlustaða, 2

GK-011:031 heimild um hjall

21.9.1670: "Áður en Sigmundur [Jónasson] tók við búi á Þórkötlustöðum, voru hús öll á jörðinni skoðuð og metin... Útihús voru fjós, hlaða, smiðja og skemma og loks tveir hjallar, annar heima við bæ, en hinn frammi á nesinu.," segir í Sögu Grindavíkur I. Óvíst er hvar hjallarnir hafa verið nákvæmlega en líklegast er að þeir hafi verið nálægt lendingunum, Buðlunguvör 013 og Nesvör 024 og því er mögulegt að annar þeirra hafi verið innan verndarsvæðis á Þórkötlustöðum þótt ekki sé hægt að staðsetja hann.

Heimildir: Lbs. 1088, 4to, Grindavíkur I, 129

GK-011:032 *Borgarkot* bæjarstæði býli 333187 375229

Í Sýslu og sóknarlýsingu frá 1840 segir: "Tómthúsið er kallað Borgarkot og stendur fyrir norðan bæinn vestasta." segir í örnefnalýsingu. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar býlið Borgarkot var. Það var þá líklega norðan við Vesturbæina. Bærinn var gróflega staðsettur í túninu norðan við Þórkötlustaðaveg en allt eins má vera að hann hafi verið nær Vesturbæjunum í sjálfri bæjartorfunni en nokkur fjöldi húsa er t.d. sýndur á túnakortinu norðan við Austar og Vestari Vesturbæ 1918 (sjá 145-146).

Norðan við Þórkötlustaðaveg er grasflöt, vestan við þar sem íbúðarhúsið Valhöll 159 stóð fram til 2010. Svæðið er fast sunnan við vesturenda garðlags 169. Þar er grasi gróið flöt og örlítill hæð þar sem garðlagið endar. Engin ummerki sjást um Borgarkot og nákvæm staðsetning þess ekki kunn. Loftur Jónsson heimildamaður hafði aldrei heyrt á Borgarkot minnst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSGK, 139

GK-011:034 vegur leið 333201 375138

Traðir eða sjávargötur lágu á þremur stöðum frá Þórkötlustaðabyrpingunni til sjávar (sjá líka traðir 205 og 157). Vestustu traðirnar lágu nærri því beint niður af Austari Vesturbænum 145 og til suðurs, að sjó. Þær eru merktar inn á túnakort frá 1918. Greinileg ummerki sjást enn um traðirnar.




Traðir GK-011:034. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs.

Hlaðnir kálgarðar beggja vegna traðanna. Traðirnar hafa verið 50-55 m langar en syðsti hluti þeirra er nú óskýr. Vel má þó greina þær á um 30 m kafla frá þeim stað þar sem Austari Vesturbærinn 145 stóð en þær eru nú á milli íbúðarhússins í Vestari Vesturbæ (nú aðeins nefndur Vesturbær) og Miðbæ (þar sem Austari Vesturbærinn er horfinn). Traðirnar eru um 3 m breiðar, þó aðeins breiðari í nyrsta hlutanum. Þær eru markaðar að kálgarði 004 til vesturs en kálgarði 005 til austurs. Hleðslurnar eru grjóthlaðnar en allgrónar á köflum. Hleðsluhæðin er mest um 1,5 m og umför allt að átta. Breidd hleðslna er um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1918 er tæpum 20 m austnorðaustan við Miðbæinn 001. Hann er enn greinilegur innan við 10 m sunnan við Þórkötlustaðaveg og sunnan við skemmurnar tvær (Hús 15 og 16 í Húsakönnun Þórkötlustaða) sem þar standa og hesthústóft 009. Hann er sýndur á túnakorti 1918. Undir þessu númeri er skráð saman eftirfarandi mannvirki sem sýnd eru á túnakortinu frá 1918: sjálfur kálgarðurinn (hér gefið númerið 035_01 og þrjú hús nærri suðausturhorni hans sem lítil sem engin ummerki sjást um 035_03) og það fjórða sem hefur verið samsíða norðurhlíð hans (035_04). Að auki er skráð lítil tóft sem er í norðausturhorni kálgarðs og líklega er yngri en frá 1918 (035_02). Mannvirkin tilheyrðu Austurbæjum Þórkötlustaða, líklega Austari Austurbænum 138 sem stóð fast sunnan við kálgarðinn, þótt vegarslóði hafi síðar verið gerður á milli.



Fast austan við kálgarðinn liggur gata frá Bjarmalandi að Buðlungu en austan hennar eru sléttuð tún. Annar slóði að Buðlungu liggur vestan við kálgarðinn og yfir hann að hluta. Svæðið er því lítil graseyja umkringd vegarslóðum á alla vegu. Svæðið er grasi gróið en í aflíðandi halla til suðurs. Innan kálgarðs eru tveir litlir kofar úr tilsniðnu efni, líklega hænсна- og eða kanínukofar (hús 28-29) á húsaskrá.

Sjálfur kálgarðurinn 035_01 er 23,5 X 18 m stór og snýr norður-suður. Kálgarðsveggir standa enn vel víðast hvar og eru um 1 m á hæð en þar sem mest er, í suðvesturhorni kálgarðsins er hann allt að 1,5 m á hæð 6-8 umför. Hledslur eru yfirgrónar. Austurveggurinn er stæðilegur og stakstæður en norður og þó ennfremur vesturveggir eru byggðir inn í brekkuna þannig að ekki er hægt að greina ytri brún garðlagsins, sérstaklega til vesturs og vegurinn að Buðlungu liggur beint yfir suðvesturhornið utanvert. Lítil kofi úr blönduðu efni 035_02 er í norðausturhorni kálgarðsins, sambyggður honum. Sunnan hans er op á kálgarðinn. Kofinn er úr grjóti, torfi, timbri og steypu og er hann steypur að innan. Op er á miðjum suðurvegg hans. Kofinn er um 5 x 5 m að stærð og er þakið að hluta til hrunið inn í hann og liggur þakhrun upp að dyraopi sem hefur verið steypur í kringum. Tóftin er á kafi í grasi og veggir mest 1,5 m á hæð mest 10 umför. Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru þrjú kofar nálægt suðausturhorni kálgarðs og var einn þeirra stakstæður. Allir hafa nú kofarnir vikið og lítil ummerki sjást um þá. Þó eru óljósar steypuleifar í sverði en þegar svæðið var skráð 2017 var það á kafi í sinu og steypuleifar illmerkjanlegar. Þó

mátti gróflega áætla svæðið þar sem steypa var í sverði en það var 7 x 3 m stórt og sneri austur-vestur. Á þessum kafla er kálgarður 01 rofinn. Loftur Jónsson heimildamaður mundi ekki eftir húsi á þessum stað og taldi mögulegt að þar hafi verið útihús frá Austurbænum enda er gatan sem liggur þarna niður að Buðlungu (fast vestan við kálgarðinn) ekki gömul og hefur skorið minjar í sundur. Fast norðan við norðurvegg kálgarðsins var aflangt hús 1918 sem sneri austur-vestur 035_04. Þar er talsverð hæð (sem hús 15-16 eru á og umrót tengt húsunum en engin húsatóft er á þessum stað. Þegar garðurinn var skráður 2002 mótaði fyrir tröppum ofan í garðinn um miðbik vesturveggjar en þær voru orðnar ógreinilegar 2017.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður GK-011:035 og kofar innan hans. Á mynd til hægri er torfkofi í norðausturhorni kálgarðs.

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:036 gerði kálgarður


333248 375400

Býlið Móar 093 var um 185 m NNA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Umhverfis býlið voru miklir kálgarðar og þrjú útihús. Ekki er vitað hvenær Móar byggjast en þeir eru komnir í byggð þegar túnakort er gert 1918 og eru kálgarðar og hús teiknuð upp á kortið. Kálgarðar og útihús í námunda við Móa eru hér skráð í tvennu lagi, í samræmi við það sem gert var við aðalskráningu 2002 og er ástæðan helst sú að vestari garðarnir, þeir sem hér eru skráðir, tilheyrðu Einlandi en austari garðarnir 037 upphaflega Miðbænum en síðar Valhöll. Vesturhluti kálgarðanna sem skiptist í fjögur hólf og sést enn lítt breyttur. Frá austurhlið kálgarðanna gengur garðlag til norðurs sem verið hefur hluti af þeim túngarði sem markaði af heimatún Þórkötlustadahverfis þegar túnakort var gert 1918 (sjá 037). Samkvæmt túnakorti frá 1918 eru kálgarðarnir við Móa um 200 m norður af bæjarhól 001 og eru þeir enn greinilegir.

Umhverfis þá eru sléttuð tún, en í túninu austan garðanna er önnur kálgarðabyrping 037. Túnið er rennislétt en hnútur og hryggir eru í því hér og þar. Oftast eru slík ummerki óljós en þar sem þótti greinilegt að mannvistarleifar væru undir sverði í Móatúni, voru þeir mældir og skráðir. Þeir eru flestir austarlega í túninu og því skráðir með gördum 037. Nú er bithólf fyrir hesta á þessum stað.

Ef gefið er yfirlit yfir allt svæðið má segja að það sé 150 x 100 m að stærð og snýr það nálega norður-suður. Syðst samanstendur svæðið að talsverðum fjölda gerða sem hafa verið kálgarðar en til norðurs frá þeim er markað stórt hólf eða túnstæði sem líklega hefur verið túnstæði Móa. Túnstæðið nær upp að (norður að) núverandi malarvegi. Innan túnstæðis eru svo leifar fjárhúss sem hefur verið úr blönduðu efni, allra nyrst á svæðinu (sjá 137 og sjálft íbúðarhúsið í Móakoti stóð einnig í suðurhorni sama túns, líklega allra vestast. Garðlagið sem liggur að kálgörðum 036 úr norðri er ekki greinilegt allra nyrst en verður fyrst greinilegt um 45 m sunnan við malarveg. Garðlagið er ríflega 30 m langt og endar í kálgörðunum. Það er að mestu gróið grasi. Svæðið sem hér er skráð undir númerinu 036 er um 60 x 30 m stórt (norður-suður) ef frá er talinn garðurinn sem gengur frá svæðinu og um 40 m til norðurs. Hledslurnar sem marka af

hólfín eru alls staðar stæðilegar en í þeim skiptast á hleðslur sem eru alveg grónar og stæðilega grjóthleðslur, lítt yfirgrónar. Mögulega hefur einhverjum hleðslum verið haldið við lengur en öðrum. Almenn séð eru hleðslur stæðilegar, víða 1,2-1,5 m á breidd og 0,8-1,5 m á hæð. Á svæðinu eru fjögur hólf og verður hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari og sömu sögu er að segja með þúst sem eru fast utan við garðhleðslur (þúst). Lýsingin hefst nyrst á svæðinu, í hólf A og B. Hólf A og B eru bæði algróin en er skipt í tvennt með grjóthleðslu í miðjunni. Grjóthleðslan er um 1 m á breidd og ríflega 1 m á hæð, gróin mosa. Hólf A er 11,5 x 16,5 að innanmáli en hólf B 10 x 16 m og snúa bæði hólfín austur-vestur. Op er á milli þeirra vestast á millivegnum og op hefur líklega verið í suðvesturhorni B þótt það sé nú að talsverðu



Uppmæling á gerði GK-011:036-037 og eldri mannvistarleifum í kring. Á uppstillingunni sést einnig áætluð staðsetning Móakots GK-011:093.

leyti samanhrunið og eins gæti hafa verið op vestarlega á sama vegg, yfir í hólf C en skráð var að haustlagi og var svæðið á kafi í sinu. Hólf C er grasi gróið og um 12 x 12 m að innanmáli. Stórt op er út úr hólfinu allra syðst á austurvegg og ekki er útilokað að annað op hafi verið frá C og yfir í hólf D. Milli hólf A og D, vestan við þau er greinileg þúst, E, sem lýst verður síðar. Hólf D er grasi gróið á alla vegu nema að austan þar sem grjóthleðslu markar af hólfid. Hólfid er 16,5 x 12,5

m að innanmáli. Líklega hefur verið op á suðurvegg allra vestast en það var óljóst og á kafi í sinu og hrúni þegar svæðið var skráð í október 2017. Grjótveggurinn er tæplega 1 m á hæð og um 1 m á breidd. Í honum sjást 6 umför þar sem mest er. Suðurveggur hólfsins er gróinn en í framhaldi af honum til austurs liggur garðlag sem er grjóthlaðið og má segja að það, ásamt austurvegg hólfsins myndi saman L-laga grjóthleðslu. Grjótgarðurinn sem liggur í framhaldið af hólfi D, syðst á svæðinu og til austurs er skráður með gerði 036 en um miðbikið snarþreyttist hann, lækkar og verður gróinn og þar tekur garður 037 fyrir samkvæmt upprunalegri skráningu og verður haldið sig við þá skiptingu að sinni. Grjótgarðurinn er um 22 m langur en samanlagt er suðurhliðin um 45 m löng (þá með þeim hluta sem skráður er undir númerinu 037 líka). Grjótgarðurinn er 1,5 m



Gerði GK-011:036. Á mynd til vinstri er horft úr hólfi A/B yfir hólfi C og D (til suðurs). Á mynd til hægri er horft til norðurs, yfir suðurvegg gerðisins

á hæð og 1 m á hæð og allt að 10 umför af hleðslu. Þúst E er fast austan við austurvegg kálgarðsins. Hún er 10 x 4 m að stærð, grasi gróinn og um 0,3 m hærri en umhverfið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:037 gerði kálgarður

333297 375366

Býlið Móar 093 var um 185 m NNA við Miðbæ Þórkötlustaða 001 og umhverfis býlið voru umfangsmiklir kálgarðar og þrjú útihús. Samkvæmt túnakorti frá 1918 eru kálgarðarnir við Móa um 200 m norður af bæjarhól 001 en þeir eru enn greinilegir. Ekki er vitað hvenær Móar byggjast en þeir eru komnir í byggð þegar túnakort er gert 1918 og eru kálgarðar og hús teiknuð upp á kortið. Kálgarðar og útihús í námunda við Móa eru hér skráð í tvennu lagi, í samræmi við það sem gert var við aðalskráningu 2002 og er ástæðan helst sú að vestari garðarnir, þeir sem hér eru skráðir, tilheyrðu upphaflega Miðbænum og svo Valhöll en garðarnir vestar tilheyrðu Einlandi. Undir númerinu 037 eru því skráðir garðarnir á vestanverðu svæðinu sem og ummerki um eldri garðlög sem eru að mestu á svæðinu austanverðu. Frá austurhlið kálgarðanna gengur garðlag áfram til norðurs og hefur það verið hluti af þeim túngarði sem markaði heimatún Þórkötlustadahverfis árið 1918, þegar túnakort var gert.

Umhverfis kálgarðana eru sléttuð tún, en í túninu vestan við þann garð sem hér er skráður er önnur kálgarðabyrping 036. Túnið er rennislétt en hnútur og hryggir eru í því hér og þar. Oftast eru slík ummerki óljós en þar sem þótti greinilegt að mannvistarleifar væru undir sverði í Móatúni, voru þeir mældir og skráðir. Þeir eru flestir austarlega í túninu og því skráðir með görðum 037. Nú er bithólf fyrir hesta á þessum stað.

Ef gefið er yfirlit yfir allt svæðið má segja að það sé 150 x 100 m að stærð og snýr það nálega norður-suður. Syðst samanstendur svæðið að talsverðum fjölda gerða sem hafa verið kálgarðar en til norðurs frá þeim er markað stórt hólfi eða túnstæði sem líklega hefur verið túnstæði Móa. Túnstæðið nær upp að (norður að) núverandi malarvegi. Innan túnstæðis eru svo leifar fjárhúss sem hefur verið úr blönduðu efni, allra nyrst á svæðinu (sjá 137 og sjálft íbúðarhúsið í Móakoti 093 stóð einnig í suðurhorni sama túns, líklega allra vestast. Frá malarveginum liggur garðlag til suðurs í um 95 m þar sem það endar í kálgarðsþyrpingu 037. Hún samanstendur nú af fjórum gerðum, tveimur vestan við umræddan langgarð (A, og B) og tveimur austan eða utan við hann (C og D). Af túnakorti frá 1918 má sjá að innangarðs hafa verið tvö



Gerði GK-011:036-037 horf til suðvesturs

gerði til viðbótar vestan við þau tvö gerði sem eftir standa. Sambyggt Vestustu gerðunum tveimur var annars vegar tvöfalt útihús í nyrðra hólfi og hins vegar einfalt hús í því syðra. Engin ummerki sjást nú um húsin eða vestustu gerðin. Þau gerði sem sjást hvað best eru á svæði sem er um 60 x 40 m stórt og snýr norður-suður. Allra syðst, vestan langgarðs í horni svæðisins er hólfi eða gerði A. Hólfi 037_01A er alveg torfhláðið nema að norðan þar sem er grjóttveggur. Veggurinn er um 1 m á breidd og 1,5 m á hæð og allt að 9 umför af hleðslu sjást í honum. Aðrir veggir eru algrónir og signari, víða 0,8 m á hæð. Hólfið er 21 x 11 m að innanmáli og op er á það nyrst á vesturvegg. Norðan við hólfi 01_A tekur við

svæði sem sker sig úr túninu í kring og hér er nefnt B. Af loftmynd frá 1978 má sjá veggj þess greinilega og hefur það verið ríflega 30 x 15 m stórt og snúið norður-suður. Nú eru ummerkin orðin óskýr en þó sker svæðið sig vel frá umhverfinu. Það er markað af hrygg til vesturs, garðlagi sem liggur upp túnið að austan og grjóttvegg A að sunnan. Hryggurinn er 0,1 m hærra en umhverfið. Tvö hólfi eru byggð við gerðið að vestan en nú girðing á milli. Fá gerðin saman númerin 037_02. Syðra hólfið er hér nefnt C. Gerði C-D er samtals 25 x 19 m stórt og snýr norður-suður. Það er opið til vesturs að öðru leyti en því að austurveggur gerðis A er þar örskammt frá og lokar þannig hólfinu að mestu. Þó má greina örtilta upphækkun eða hrygg fyrir hólfinu að vestan, 0,2 m hátt um 1 m áður en komið er að austurvegg hólfs 01. Gerðið er grjóthláðið en hleðslur eru algrónar mosa og grasi. Veggir eru 1,2-1,5 m á breidd og 1,2 m á hæð. Nyrðra hólfið C, er 9 x 19 m að stærð og snýr austur-vestur en syðra hólfið D er 17 x 9 m stórt

og snýr einnig austur-vestur. Ekki eru op á hólfið nema það hafi verið á vesturhlið. Skammt vestan við garðlagið sem markar af vesturhlið Móatúns eru óljósir hryggir í túninu þar sem ætla má að garðlög hafi verið. Óljósar leifar í kringum Móa fá hér númerin 03, 04, 05 og 06 og virðist í öllum tilfellum nema 05 vera um garðlög að ræða.

Greinilegustu ummerkin eru hryggir í túninu tæpum 50 m sunnan við malarveg en um 60 m norðan við Móa 093, 037_03. Þar má greina ávala hryggi í túninu á svæði sem er 32 x 24 og snýr austur vestur. Hægt er að greina alveg norðurhlið og norðurhluta bæði austur og vesturveggjar. Líklegast hefur verið gerði á þessum stað. Fast utan við túngarðinn sem markar af austurhlið Móa er þúst 04 eða hóll þar sem líklegt virðist að mannvistarleifar leynist undir sverði. Þar vestan við



Gerði GK-011:037. Á mynd til vinstri er horft yfir hólfi A/B en á mynd til hægri hólfi C/D

heitir Kúakrókur en þústin er sem fyrr segir byggð upp við túngarðinn og er því skráð með minjum þar undir númerinu 037_04. Hóllinn 22 x 16 m stór og snýr austur-vestur. Hann er 0,4-0,5 m hærra en umhverfið og er ávalur. Frá gerði C gengur L-laga hryggur 037_05 til NNV í um 32 m en beygir þar í um 90° horn og liggur í um 15 m til VNV áður en hann verður alveg óskýr og hverfur í túnið. Líklega hefur gerði verið á þessum slóðum. Hryggurinn er 0,2-0,3 m hærra en umhverfið og er allt að 2 m breiddur. Hann er sléttaður í túnið og því mjög óskýr en er greinilega minnisvarði um eldra byggingarstig en gerði C-D.

Garðlag eða hryggur gengur undan hólfi D til suðurs 037_06. Hryggurinn kemur undan hólfi D og er greinilega eldra byggingarstig líkt og 037_05. Um er að ræða óljósan hrygg sem liggur frá gerði D og í um 12 m til SSV að útihúsi 011 sem virðist byggt ofan á þessar leifar. Þar hefur garðlagið beygt og liggur næstum í 90° horn norðvesturs að suðurvegg túngarðsins um Móa (og er sá hluti garðsins um 20 m langur). Hryggurinn er 1-2 m á breidd og er 0,3 m á hæð. Greinilegt er að á svæðinu leynast talsvert miklar minjar undir sverði auk þeirra garðlaga sem enn eru sýnilegir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:038 gerði kálgarður

333130 375424

Samkvæmt túnakorti frá 1918 er kálgarður um 300 m norður af bæ 001, um 20 m austan við Garðbæ 147. Hann er enn greinilegur. Sléttuð tún eru umhverfis garðinn.



Gerði GK-011:038, uppmæling og ljósmynd

Garðurinn er hlaðinn utan í túngarð 046 að innanverðu, þ.e. að sunnan. Garðurinn er um 32x13 m að stærð, að mestu torfhláðinn, utan norðurveggjar sem er grjóthlaðinn. Hann snýr norður-suður. Austurveggur er fallinn að hluta, annars er hann uppistandandi. Op er til suðurs og hugsanlega í norðvesturhorni. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m og umför sex í norðurvegg. Frá norðausturhorni hans liggur annað garðlag til norðurs, sjá 133.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:039 gerði kálgarður

333138 375351



Gerði GK-011:039. A mynd til hægri er horft til norðurs


Á túnakorti frá 1918 er sýndur kálgarður sunnan við Garðbæ 147. Hann var fast sunnan við

bæinn, líklega var einungis bæjarhlaðið á milli. Hann er mikið raskaður, einungis austurhliðin er varðveitt og óljós þvergarður. Umhverfis kálgarðinn eru slétt, ræktuð tún til allra átta. Garðbær 147 er fast til norðurs og mikið jarðrask er þar við.

Það má enn greina austurlanghlið og hluta af tveimur skammhliðum. Aðrar hliðar eru horfnar. Veggurinn (langhlið) er 13 x 5,5 m að stærð, 0,2-0,3 m á hæð og snýr norður-suður. Hann er algróinn og hvergi sér glitta í grjót, þeir eru engu að síður grjóthlaðnir líkt og aðrar minjar á svæðinu. Enn er verið að nota kálgarðinn, innan við austurvegginn er rabarbari og safnhaugur íbúa í Garðbæ. Þvergarður er rúmum 6 m vestar, hann er ekki á túnakortinu. Þetta er óljós hryggur, 11,5 m á lengd, 1,5 m á breidd og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



Þúst af fjárhúsi. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs.


GK-011:040 gerði kálgarður

333091 375393

Um 300 m norðvestur af Miðbæ Þórkötlustaða 001 og um 30 m norðvestan við Garðbæ 147 er kálgarðabyrping sem sýnd er á túnakorti 1918. Sunnan garðanna eru sléttuð tún en norðan þeirra óræktarblettur.



Tvö af hólfunum sem enn sjást í kálgarði GK-011:040. Horft til N og NNW



Kálgarðar GK-011:040

Kálgarðarnir, sem eru þrír (011:040a) ná yfir svæði sem er rúmlega 40 x 15 m stórt og snýr austur-vestur. Hledslur eru ýmist úr torfi, grjóti eða hvoru tveggja. Mikið er af ýmiskonar braki í görðunum og virðast hledslurnar einnig hafa verið rofnar að hluta. Hledsluhæðin er mest um 1,5 m og umför allt að sex. Úr miðjum norðurvegg gengur garðbrot til norðurs, og er hugsanlegt að þar hafi verið a.m.k. eitt hólf til viðbótar sem þá hefur afmarkast til vesturs af garði sem liggur áfram út frá kálgarðasamstæðunni til norðurs, rúma 30 m en endar þar í grasþýfi. Hugsanlegt er að þessi garður sé á lóðamörkum. Þess má geta að austasta hólfíð í kálgarðasamstæðunni er alveg opið til suðurs og er slegið sem hluti af túni. Þvert yfir það sunnan við miðju er greinileg brún sem gætu verið leifar af eldri garðhledslu. Ef tekið er mið af legu túngarðs 030 í samhengi við kálgarðana sem hér eru skráðir má ætla að þeir hafi verið reistir við hann innanverðan. Á loftmynd frá 1978 sést að kálgarðarnir hafa verið fleiri; þrír eða fjórir til viðbótar hafa verið norðan við þessa þrjá sem hér var lýst og sambyggðir þeim. Þar eimir eftir af hledslum á a.m.k. einum stað, norðan við vestasta kálgarðinn af þeim þremur sem eru greinilegastir. Framhald vesturveggjar gerðanna má greina slitrótt áfram til norðurs, fram hjá Miðhúsum þar sem eyða kemur í hann en skömmu norðar sést hann aftur greinilega (merkt 040c) að kálgarði 109 en þá hverfur hann aftur á kafla áður en hann sést nokkru norðar sem hryggur í túninu og liggur í um 17 m að þeim stað þar sem kálgarður 116 stóð áður (en hann er horfinn) skammt neðan (sunnan við veg) og hverfur þar. Vettvangsvinna fór fram þegar svæðið var mjög grösugt og því má vel vera að meira leynist á staðnum en þó nokkuð ljóst að austasti parturinn hefur verið sléttaður. Alls hafa kálgarðarnir náð yfir svæði sem hefur verið um 55 x 35 m stórt frá og sneri austur-vestur en sem fyrr segir má greina framhald vesturveggjar talsvert til norðurs eða samtals á um 110 m löngu svæði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Loftmynd frá LMÍ 1978

GK-011:041 tóft útihús

332938 375420

Um 50 m norður af rústum Eyvindarstaða 030 er grjóthlaðin tóft. Umhverfis er grýtt og mishæðótt tún.



Útihústóft GK-011:041


Tóftin er um 3x4 m að stærð og snýr austur-vestur en er opin til suðurs. Tóftin er einföld og gróin og sigin og afar lágreist. Hleðsluhæð er varla meiri en 0,2 m en eitthvað hefur verið steipt í vesturvegg hennar. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi en líklegast hefur hún verið útihúskofi af einhverju tagi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:042 tóft smiðja/hesthús

332984 375406

Tóft er í túninu um 350 m norðvestur af bæjarhól 001, um 50 m austnorðaustur af rústum Eyvindarstaða 030 og um 20 m vestan við Búðir 144. Þar var smiðja og hesthús frá Eyvindarstöðum. Um 15 m vestan við tóftina eru leifar vindmyllu 103. Líklega samsvarar tóftin húsi sem sýnt er á svipuðum stað á túnakorti 1918. Umhverfis tóftina er grýtt og óslétt tún.



Smiðju- og hesthústóft GK-011:042. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Tóftin er um 11x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún torf- og grjóthlaðin. Hún er tvískipt, og var smiðjan sunnar en hesthúsið norðar. Hesthúsið (nyrðra hólfið) var með op til vesturs en til suðurs á syðra hólfinu. Bæði hólfin eru full af grjóti sem að einhverju leyti hefur hrunið úr veggjunum en þó einnig aðflutt. Hleðslur standa grónar og er hleðsluhæð mest um 1,5 m og umför allt að sex.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:043 gerði kálgarður/rétt

333007 375381

Suðvestan við Búðir 144 og um 300 m norðvestur af bæjarhól 001, er vindmylla (steypustokkur) á hæð í túninu (sjá 101). Vestan í hæðinni, utan í grjótgærði sem þarna er, er grjóthlaðið gerði. Umhverfis er sléttað tún.



Kálgarður GK-011:043. Á ljósmynd er horft til vesturs


Gerðið er hlaðið utan í túngarð 046 sem myndar norðurvegg þess. Það er alls tæplega 10 x 10 m stórt en mjókkar þó heldur til vesturs. Þar er op á veggnum. Hleðsluhæð er mest í norðurvegg, þ.e. túngarði, eða um 1 m og umför allt að sex. Aðrir veggir eru lægri og grónari. Líklega hefur gerðið verið reist sem rétt það var þó einungis notað sem kálgarður svo lengi sem Loftur Jónsson heimildamaður og markar fyrir ferhyrnum reit inni í gerðinu og þar er ógróinn jarðvegur líkt og stungið hafi verið upp. Austan við gerðið, í beinu framhaldi af suðurvegg þess (en þó ekki fullkomlega áfast) er gróinn hryggur, sennilega mun eldri hleðsla, sem liggur í sveig til austurs og norðausturs, upp að túngarðinum og er alls um 18 m löng og 2-3 m breið. Að henni meðtalinni er svæðið alls hátt í 30 x 10 m stórt og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:044 Gamla-rétt tóft rétt

333030 375402

Um 350 m norður af bæ 001, í hraunjaðrinum norðvestan við Efra-Land, er grasbali inn í



Gamla-rétt GK-011:044. Á ljósmyndinni er horft til norðrus

hraunið. Í hvamminum, við túngarð 125, er hlaðin kró sem nefnd er Gamla-rétt. Réttin er í kvos eða hvilft inn í hraunbrúnina og myndar að hluta náttúrulegt aðhald. Í húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaði kemur fram að þetta sé gömul fjárrétt og að grjótið úr henni hafi verið notað til að hlaða túngarð 125. Sunnan við hvamminn er sléttá tún en hraun norðan við hann. Um hraunið, fast norðan túngarðsins liggur Austurvegur í austur-vestur.

Balinn hækkar nokkuð upp í hraunið til norðurs og myndar grjóthlaðinn túngarðurinn umgjörð um hann norðan- og vestanverðan en hleðsla gengur til suðurs úr túngarðinum og myndar austurvegg réttarinnar. Suðurvegg vantar og er réttin því hálfopin til suðurs. Allar eru hleðslurnar úr grjóti mest um 2 m háar og umför grjóts allt að tólf. Innst, þ.e. nyrst, í balanum liggur hleðsla þvert á réttina og myndar lítið hólfið við túngarðinn. Réttin er um 30x12 m að stærð. Til norðausturs eru birkitré og víðirunnar sem hafa raskað hleðslum þar nokkuð en að er ljóst að réttin hefur látið á sjá og þar voru líklega fleiri hólfið enda þetta gömul skilarétt. Það eru 2-3 hólfið varðveitt.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi (LJ), 3

GK-011:045 tóftir fjós

333163 375572

Um 350 m norður af bæ 001, í hraunjaðrinum fast norðan við Efraland er tóft. Þar var fjós og hlaða að sögn Guðbjargar Jónsdóttur, sem er fædd og uppalin í Efralandi, og býr þar enn. Á gömlum ljósmyndum í eigu hennar sést að braggi var fast norðan við fjósið, grunnur hans sést ennþá. Faðir Guðbjargar byggði fjósið og reisti braggann. Bragginn sést vel á loftmynd frá 1978 en ekki er ljóst hvort að innangengt var á milli þeirra, minjarnar virðast þó sambyggðar engu að síður. Uppi á hraunbrúninni er túngarður 125 (snýr austur-vestur) og fast norðan hans liggur Austurvegur um hraunið. Sunnan við tóftina er sléttá tún.



Fjóstóft GK-011:045. Á ljósmynd er horft til norður

Í lýsingu þessari fá minjarnar tölustaf til aðgreiningar. Tóft 01 er hluti af norðurhlið braggans og suðurvegg fjóssins, ekki er hægt að greina vegg á milli mannvirkjana inni í tóftinni. Árið 2002 er henni lýst svohljóðandi: "Tóftin er um 8x9 m að stærð en nú sjást einungis norður- og suðurveggur, báðir grjóthlaðnir. Suðurveggur (úr fjósi) er um 1 m hár og um sex umför af tilhöggnu grjóti. Hann er fremur breiður eða um þrjú umför á þverveginn. Steypt hefur verið í hann norðanverðan. Norðurveggurinn (úr bragga) er hlaðinn utan í hraunbrekkuna og er mun signari en suðurveggurinn. Hann er um 1 m hár og allt að sex umför af óhöggnu grjóti." Þessi veggir eru eins og ástand þeirra lítið sem ekkert breyst 15 árum seinni. Í suðurveggnum sést glitta í steinlím á milli umfara. Vestursveggurinn sést einnig, þar er steypdur kantur og glittir í hleðslu bak við hann. Bragginn var grafinn inn í hraunbrúnina til norðurs og vesturs. Ekki er ljóst hvar hlaðan var. Tóft 02 er suðaustan við tóft 01. Hún er 10,5 x 8 m að stærð, einföld og snýr norður-

suður. Tóftin er ógreinileg og sést sem upphækkun í túninu. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð, algrónir og 2,5 m á breidd. Tóftin er opin til norðurs, að bragganum. Guðbjörg mundi ekki eftir minjum á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978


GK-011:046 garðlag túngarður

332919 375325

Miklir garðar voru hlaðnir um tún og minni lóðarskika í landi Þórkötlustaða. Undir þessu númeri er skráður túngarður Þórkötlustaðhverfis, eins og hann var um 1918 þegar túnakort var gert fyrir jörðina. Síðar var túnið útstækkað og garðar gerðir um viðauka en eru slíkir garðar skráðir undir sérstökum númerum (sjá t.d. GK-011:105, 126 og 199). Túngarðurinn sem umlukti túnið á Þórkötlustöðum 1918 markaði af svæði sem var um 480 x 400 m stórt. Stór hluti túngarðsins er enn greinlegur þótt suðurhlíð hans sé horfinn í sjávarrof að mestu. Ekki er heldur greinilegt garðlag að suðaustan en að túnakortinu að dæma virðist mögulegt að þar hafi ekki verið hlaðinn garður í túnjaðri. Á túnakorti frá 1918 nær túnið aðeins norður að Eyvindarstöðum 030, Búðum 144, Miðhúsum 142 og Garðbæ 147 og liggur svo til suðurs meðfarm austurhlíð Móa 093. Þar sem gördum við Móa sleppir sjást ekki garðlög í túninu (og voru kannski aldrei) fyrr en komið er niður að túngarði sem markaði af austurhlíð túna við Buðlungu/Klöpp. Sem fyrr segir sjást ekki greinileg ummerki suðurhlíðar túngarðs á þessum slóðum og í raun ekki greinileg ummerki um túngarð fyrr en allra vestast í gamla túninu, vestan við Sólbakka þar sem stallur er fram af túninu og vestar tekur svo eiginlegur garður/hryggur við þar sem túngarðurinn verður aftur greinilegur og liggur (þó horfinn á köflum) upp túnið og á Eyvindarstöðum.

Umhverfis túnið er að mestu hraunlendi, uppgróið til vesturs og norðurs en úfið og lítt gróið til austurs. Að sunnan er stórgryttur sjávarkampur.

Sem fyrr segir markaði garðurinn af tún Þórkötlustaðhverfis sem voru 1918 um 480 x 400



Uppmæling á túngarði, eins og hann er teiknaður á túnakort frá 1918. Merkingar með bókstöfum samsvara lýsingu í texta.

m stór austur-vestur. Hér verður honum lýst gróflega og hverju svæði gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hefst lýsingin við Eyvindarstaði 030, í túnhorni. Um 20 vestur af Eyvindarstöðum tekur túngarðurinn 90° beygju til austurs. Kaflinn frá horninu og að Búðum/Miðhúsum (011:144/142) er um 120 m langur og er hér nefndur A. Þar um 10 m austan við hornið eru smáhleðslur upp við hann utanverðan, líklega leifar af agnarsmárri tóft sem hefur varla verið nema um 3 x 2 m stór frá austri til vesturs. Tóftin var samkvæmt Lofti Jónssyni, heimildamanni seinni tíma smiðja Guðmanns Jónssonar (sem endurbyggði Eyvindarstaði 1928). Þakið á gömlu smiðjunni hans var þá farið að leka og þá byggði hann aðra heima við bæ. Þarna (fast norðvestan við Eyvindarstaði) og raunar á fleiri stöðum er gróin bunga með garðinum að innan og ekki gott að segja hvort þar er uppsöfnun vegna foks eða leifar eldri garðs undir. Þá tekur við svæðið þar sem Eyvindarstaðir eru og þar kemur eyða í garðinn hann sést með öðrum orðum ekki norðan við húsgrunninn. Frá norðausturhorni hennar er hann mjög óverulegur og fjara út eftir nokkra metra. Það virðast þó vera eldri garðleifar innan eða sunnan við garðendann og sést þar í toppinn á hleðslu í mjög gróinni þúst sem stefnir áfram til austurs jafnvel í stefnu á þúst sem er samtvinnuð gerði 043. Ekki er ósennilegt að þarna séu eldri garðleifar undir. Yngri garðurinn sést áfram, hann myndar norðurhlið gerðis 043 og í framhaldinu, fast austan við gerði 043, gangan tveir garðstubbbar út frá honum til norðurs, hvor um sig hátt í 15 m langur, sá eystri stefnir beint á húsið Búðir og ekki alveg ljóst hvaða tilgangi þeir hafa þjónað. Svæðið austan við Miðhús/Búðir er hér nefnt B. Samtals er þessi kafli um 230-240 m langur en er talsvert slitróttur og á kafla aðeins greinilegur sem hryggur í túninu og annars staðar alveg horfinn. Aðalgarðurinn fjarar út skammt vestan við Miðhús, byggingar og járnarusl þar í kring, og stefnir þar raunar í SA fremur en til austurs. Erfitt er að ráða í framhaldið en hér er stuðst við túnakort frá 1918 og gert ráð fyrir að það hafi verið sami garður sem hélt áfram til austurs (eða ANA) þótt samhengið sé ekki augljóst nú (2017). Það er þá væntanlega túngarðurinn sem hefur myndað norðurhliðar á kálgorðum, bæði 040 og 038 en þar á milli liggur heimreiðin að Garðbæ. Vestan við kálgarð 038 og raunar í norðurhlið hans er garðurinn hlaðinn úr blönduðu efni: steypubroti, steinum o.fl. Þar sem kálgarði 038 sleppir tekur við sléttuð tún en mótar þó vel fyrir garðinum áfram sem óslegnum hrygg í túninu á rúmlega 140 m löngum kafla, í stefnu á fjárhús frá Heimalandi (sjá 137). Á þessum slóðum glittir hér og þar í grjóti. Hryggurinn í túninu er 2-4 m á breidd, 0,2-0,3 á hæð og fjarar út eftir því sem norðaustar dregur. Við fjárhús 137 hverfur garðurinn á um 30 m kafla en hefur legið í sömu stefnu (til norðausturs) og endað í 70° horni og legið beint til suðurs og markað af talsverða kálgarða umhverfis Móa 093. Þeirrar hliðar er getið í skráningu á kálgorðum 037 en hún er hér nefnd C og er samtals um 150 m löng. Þess má geta að garður sem liggur nokkurn veginn í beinu framhaldi af áðurgreindu horni til austurs eftir 30-40 m breiða eyðu og er því greinlega útfærsla túns. Hann er því skráður undir sérnúmeri (105), enda virðist nær öruggt að honum hafi verið bætt við eftir 1918 og túnið með því fært út til austurs. Af túnakorti frá 1918 að dæma hafa austurmörk túnsins legið talsvert innar eða vestar en nú er. Þar sem garðlag C sleppir sjást engin merki um túngarð á austurmerkjum á um 300 m kafla. Vel er hugsanlegt að aldrei hafi verið garður á þessum hluta túnsins, a.m.k. er hann ekki vel greinilegur á túnakorti frá 1918. Aftur má greina túngarðinn þar sem austurmörk túngarðs um túnskika við Buðlungu/Klöpp (012:002 og 013:002). Þessi hluti túngarðsins er hér nefndur D. Þar er túngarðurinn merkjanlegur á um 70 m kafla áður en hann hverfur í fjörugrjót og er tóft 050 byggð upp við hann að austan. Engin ummerki sjást um túngarð fyrir suðurhlið túnsins austarlega en þar virðist sannarlega hafa verið garður samkvæmt túnakorti frá 1918. Örlítil ummerki, sundurbarin af sjó, sjást þó neðan við Buðlungu og skammt austan við gerði 011:007. Neðan við

Íbúðarhúsið á Sólbakka er hlaðinn kantur í túnjaðri sem mætti mögulega telja hluta túngarðs en þegar vestar dregur sjást greinilegri ummerki um túngarðinn og er hann orðinn nokkuð greinilegur um 520 m vestan við þar sem garðhluta D sleppti. Þessi hluti garðsins er hér nefndur



Norðurhlið túngarðsins, eins og hann var um 1918. Túnið var síðar stækkað til norðurs

E, liggur til NNV fram hjá sumarbústað og í stefnu á Brautarholt. Þessi hluti garðsins er um 115 m langur en fjarar út um það bil sem vegurinn að Þórkötlustöðum klífur svæðið. Á þeim kafla er garðurinn talsvert veigamikill 1,5 á breidd en 0,8 m á hæð. Mikið grjót er í honum. Á þessum slóðum er tröllaukin dæld í gegnum túnið norðaustur-suðvestur og er garðurinn byggður á eða utan í suðvesturhlið/barminn sem enn ýkir stærð hans. Op er í gegnum garðinn á a.m.k. tveimur stöðum, áreiðanlega bæði yngri, annað að sumarbústað. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti en er talsvert gróinn. Austan við er graslendi sem líklega er slegið, vestan við í átt að Hraðfrystihúsi er einnig grasgefið svæði en í órækt. Ríflega 20 m ofan (norðan) vegar má aftur greina túngarðinn



Túngarður, hluti A, austan Eyvindarstaða til vinstri en hluti E til hægri.

og er sá hluti hér nefndur F. Túngarður á upptök sín skammt norðvestan við húsið Bjarnarhöfn, sem er gömul verbúð, og hefur þar verið raskað nokkuð. Á þessu svæði er líkt og jarðvegur hafi safnast upp að garðinum beggja vegna, meira þó að innan. Garðurinn er upphlaðinn að utanverðu, þ.e. að vestan, en að innanverðu er gróin bunga, jafnhá honum, e.t.v. sandur sem hefur fyllst að. Hann er talsvert genginn til, 0,6-0,8 m hár, hlaðinn úr stóru hraungrýti. Þessi hluti garðlagsins liggur beint til norðurs og er um 50 langur áður en hann beygir í 90° við Eyvindarhús og er þá komið heilan hring í lýsingu þessari. Gerð túngarðsins er mjög misjöfn eftir svæðum en hann hefur þó verið grjóthlaðinn en er nú víða gróinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:047 *Hvammur* bæjarstaði bústaður 333260 375532

Hvammur var um 350 m norður af bæ 001 og um 100 m austan við Efraland, fast norðaustan við Þórsmörk. Þar er 3 m hár steiptur skorsteinn og við hann eru tóftir bæjarins. Túngarður 125 liggur uppi á hraunbrúninni norðan og austan tóftanna en sunnan þeirra er þýft tún. Hvammur er utan túnakortsins sem gert var af túninu í Þórkötlustöðum 1918 en býlisins er þó getið á kortinu, þar stendur: "Þórkötlustaðahverfi. Þórkötlustaðir, 5 býli [...] Buðlunga og Einland (jarðir).



Tóftin af Hvammi er nálæga í miðju gerðinu utan um Þórsmerkurtúnið á myndinni til vinstri. Á myndinni til hægri sést tóftin einnig, horft til norðurs

Eyvindarstaðir, Búðir, Miðbær, Garðbær, Móar og Klöpp (með túnbletti). Lambhús, Berg (Hvammur "ekki sýndur")." Þar kemur einnig fram að kálgarðar hafi verið 950 m² í Hvammi. Í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson segir: "Það var byggt um aldamótin 1900. Þar bjuggu Guðmundur Þorláksson og kona hans Valgerður Einarsdóttir." Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir:

eigandi og ábúandi Guðmundur Þorláksson. Býlið er þurrabúð á Þórkötlustaðalandi: tilheyrir landið engum sérstaklega og ekkert borgað fyrir lóðina, en lóðargjald álist hæfilegt kr. 15.00. Á lóðinni eru miklir matjurtagarðar en mál óþekkt og eins hvað þeir gefa af sér. Hús sem á lóðinni eru og öll eru eign ábúenda eru þessi:

Íbúðarhús 6 x 4 1/2 al. veggbað 4 al. ris 21/2 al.

Inngangsskúr áfastur 6 x 3 al.


Útbygging 4 1/2 x 3 al., alt byggt úr timbri, klatt sumpart með pappa, sumpart með járnri

Eldhús 5 x 3 á raft byggt

Geymsluhús við sjó úr timbri og járnri

Há hraunbrún er fyrir norðan og austan bæinn. Gróið tún er umhverfis húsið og túngarður 125 afmarkar það til allra átta.

Svæðið allt er um 20x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar eru tvær tóftir (sjá einnig GK-011:219). Að sögn Guðbjargar Jónsdóttur, frá Efstalandi var lítið timburhús á bænum í Hvammi. Ekkert er eftir af íbúðarhúsinu nema hlaðnar og steinsteyptar undirstöður (kjallari) og brot af skorsteini þar vestan við. Undirstöður hússins eru grjóthlaðnar, um 5x5 m að stærð. Veggirnir er mest um 1,5 m á hæð og um tíu umför tilhöggvins grjóts sjást þar. Steypt hefur verið í hleðsluna í austurvegg. Dyr eru í norðausturshorni, steyptur dyrakampurinn stendur enn. Grunnurinn er opin til suðurs og þar er fullt af braki og rusli.



Yfirlitsmynd af uppmælingum í nágrenni Hvamms og nærmynd af sjálfri uppmælingu bæjarins

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftur Jónsson, 5; Fasteignamat 1916-1918, 6; Túnakort 1918

GK-011:049 gerði hlutverk óþekkt

333635 375102

Grjóthlaðið gerði er allra suðaustast í túni Þórkötlustaða, við sjávarkambinn og fast undir Slokahrauni, í s.k. Klapparmóa. Gerðið er um 260 m austan við tóft Klappar/Buðlungu (GK-012:001 og 013:001). Loftur Jónsson heimildamaður mundi ekki sérstaklega eftir gerðinu en taldi líklegast að það hefði verið e.k. aðhald fyrir túnið.



Yfirlitsmynd af uppmælingum af gerði GK-011:049 og ljósmynd af sama gerði (horft til N)

Þýft og óslétt tún sem markast af sjávarkämpinum til suðurs og úfnu hrauni til austurs. Greinilegt er að sjórinn brýtur á landi á þessum slóðum og feykir grjóthnullungum yfir svæðið og

gengur á gerðið. Það er í stórhættu að þessum sökum.


Gerðið 10 m stórt og snýr austur-vestur. Sjórinn hefur alveg eytt suðurhliðinni og ekki er hægt að fullyrða hversu stór tóftin var upphaflega. Vestur- og norðurveggir eru sæmilega heillegir, grjóthlaðnir og 0,4 m á hæð, nokkuð yfirgrónir. Austurveggurinn er hins vegar í brekkukverkinni, hlaðinn innundir brekkuna þannig að ekki er greinileg austurhlið hans en vesturbrúnin er nokkuð heilleg og þar sjást 3-4 umför. Gerðið er í hólfi sem hefur verið markað af lélegum garði (eða jafnvel aðeins undirhleðslu undir vírgirðingu), sjá 011:199. Girðing liggur í framhaldi af þessum garði niður í fjöru. Gerðið er hlaðin úr fremur stóru grjóti.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-011:050 tóft fjárhús

333532 375097

Hús er merkt inn á túnakort frá 1918 við austurhlið túngarðs 046 (sem er túngarður Þórkötlustaðahverfis) en þó hluti af túngarði 164 sem markað af tún austan við Klöpp/Teig/Buðlungu. Þarna voru fjárhús sem voru nýtt frá Klöpp og voru þau um 150 m austan við bæ 013:001. Fjárhústóftin er um 35 m NNA við fjárhústóft 012.



Uppmæling af fjárhúsum GK-011:050 og ljósmynd af sömu tóft, horft til vesturs

Óslétt og grýtt tún eru umhverfis tóftina. Svæðið er nú nýtt fyrir hrossabeit. Tóftin er enn mjög stæðileg. Hún er byggð upp við túngarðinn að austanverðu. Hlið er á túngarðinn fast norðan við tóftina. Sjálf tóftin er 12 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og opin til austurs. Innanmál hennar er 10 x 3 m. Veggirnir eru hlaðnir í grjóti og eru mest 1,8 m á hæð. Í þeim eru greinileg 10 umför. Norður- og suðurveggur eru mun greinilegri en vesturveggur sem er víða um 0,5-1 m há hæð og er hruninn inn í tóftina. Stutt er niður á klöpp í tóftinni og glittir víða í hana innan tóftar. Annars er tóftin grasi gróin. Greinilegt er að hross ganga inn í tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:051 *Hraunkot* bæjarstæði bústaður

333529 375268

Austast í túni við túngarðinn 105, um 350 m austnorðaustur af bæjarhól 001 eru tóftir býlisins Hraunkots, sem sýnt er á túnakorti 1918. "Í austur frá Brekku, í brúninni á Slokahrauni, var húsið Hraunkot. Það var rífið þegar Ólafur og Helga, sem þar bjuggu, byggðu Bræðratungu. Björn R. Einarsson landskunnur hljómlistamaður og Guðmundur R. Einarsson einnig hljómlistarmaður voru ættadír frá Hraunkoti synir Einars Jórmanns Jónssonar rakara í Reykjavík," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Í myndbandi sem tekið var upp í Þórkötlustaðahverfi árið 1986 og rætt við þá Árna Guðmundsson (1891-1991) og Jón Daníelsson (1904-1987) kemur fram að Árni mundi vel eftir torfbænum í Hraunkoti en hann virðist hafa verið horfinn þegar Jón fór að muna eftir sér. Árni hafði komið inn í torfbæinn árið 1902 og segir bæjargöngin hafi þá verið svo þröng að hann hafi þurft að smokra sér inn um þau og þó hafi hann verið nettur, aðeins 11 ára gamall. Samkvæmt heimasíðu Ferlis var Hraunkot þurrabúð frá Klöpp. Á túnakortinu sést að um þetta leyti hefur Hraunkot staðið stakt austan túns en hefur nú verið innlimað í túnið, sem hefur því verið fært út til austurs. Tóftir í Hraunkoti

samanstanda af tveimur megingóftum, grunnu sem hér er lýst ásamt tóft þar norðan við, tveimur kálgörðum vestar (148 og 195) og upphlöðnum vegi milli þeirra (138) úr vestri. Auk þess eru fleiri mannvistarleifar á staðnum (sjá 182, 188, 190) Hraunkot er einstök minjaheild sem ekkert hefur verið raskað. Alls er svæðið um 50 x 50 m stórt. Sléttuð tún vestur að bæjarhúsum en mosavaxið úfið hraun er austan túngarðsins.




Yfirlitsmynd af uppmælingum af Hraunkoti GK-011:051. Á myndinni sést líka GK-011:182, 188 og 190. Horft til SSA



Fornleifar í Hraunkoti GK-011:051, á mynd til vinstri er horft til SA en til vesturs á mynd til hægri

Tóftirnar eru á litlum hól austast í túninu upp austasta hluta túngarðs 046. Hóllinn markast af hleðslu að vestan- og sunnanverðu (hér merkt 051c). Það sem hér er lýst er annars grunnur (051a) sem er að mestu steinsteyptur og húsaleifar í framhaldi af honum til norðurs, svæði sem alls er um 30 x 12 m stórt frá norðri til suðurs. Grunnurinn er syðst á svæðinu, beint austur af upphlaðna veginum 136. Alls er grunnurinn um 6 x 6 m stór. Hlaðið hefur verið undir hann og er það hraungrýti, mest sýnilegt á suður- og vesturhlið. Ofan á liggur talsvert af



Yfirlitsmynd af uppmælingum af Hraunkoti GK-011:051, 182, 188 og 190

steypubrotum. Af túnakorti að dæma hefur bæjaröðin verið aflöng frá norðri til suðurs og snúið göflum mót vestri. Húsið á grunninum eða forveri þess hefur staðið syðst í röðinni en ekki er augljóst í dag að það hafi verið samfast tóftum norðar (sjá 051b), enda eyða á milli. Tóftum sem þar eru er þó lýst hér í beinu framhaldi, enda hluti sama bæjar af túnakorti að dæma. Þetta eru tóftaleifar (b) sem alls eru 15 x 7 m að stærð og samstanda af 3-4 hólfulum. Tvö eru samföst nyrst, það vestara með op í vestur en hitt opnast til suðurs. Líkast til hefur ekki verið innangengt á milli hólfa. Þar sunnan við markar fyrir tveimur hólfulum sem ekki eru með vesturgafli. Sunnan þeirra er svo grunnur eða tóft sem er rúmlega 5 m í þvermál en ekkert sýnilegt op. Vestan í bæjarhól Hraunkots 051 er hólbrúnin hlaðin á um 20 m löngum kafla sem nær frá tröðum 136 og til NNA. Hleðslan er 4-5 umför og vönduð og hlaðin úr flötu grjóti. Austurbrúnin hverfur inn í hólinn en vesturbrúnin er allt að 1,5 m há.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi, 4, <http://www.ferlir.is/?id=3665>, <https://vimeo.com/113794968> - Myndband tekið upp í 26. júlí 1986. Árni Guðmundsson í Teigi og Jón Daníelsson. Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus.

GK-011:052 tóft hænsnakofi

332908 375397

Tóft er í túninu um 200 m norðvestur af bæjarhól 001, austan vegarins sem sveigir norður af Þórkötlustaðavegi í átt að Garðhúsum, Búðum o.fl. Grýttur uppgróinn melur.



Tóft GK-011:052, á ljósmynd er horft til norðurs


Tóftin er grjóthlaðin um 6 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hledsluhæð er mest í norðurvegg eða um 1 m en umför eru allt að fjögur. Eitthvað hefur verið steypt í hledslurnar á stöku stað en þær eru mjög þykkar eða um 0,5 m. Tóftin er opin til suðurs. Austari langveggur er að mestu myndaður af jarðföstum kletti sem byggingin hefur miðast við. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var hænsnakofi frá Eyvindarstöðum á þessum stað en hann var síður byggður upp við bæinn 030.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:053 gerði kálgarður

333001 375465

Árið 2002 var skráður kálgarður er austan við heimreiðina að Búðum 144, norðan við hraunhólinn sem bærinn er á. Hann er einnig sýndur á uppdrætti Ómars Smára Ármannssonar af Þórkötlustaðarhverfi en er nú vart merkjanlegur lengur (2018). Kálgarðurinn var í sléttri túnflöt við heimreiðina að Búðum. Ræktað tún, milli tveggja vegslóða til austurs og vesturs. Túnið er í aflíðandi halla til norðurs.



Gerði GK-011:053 er nú illmerkjanlegt. Á ljósmynd er horft til norðurs

Árið 2002 segir: "Garðurinn er torfhlaðinn, mjög siginn en mótar þó greinilega fyrir honum. Hann er um 10x8 m að stærð en hledsluhæð varla meiri en 0,3 m. Op er ekki greinilegt en þó líklega í suðvesturhorni." Mældur var upp óljós, U-laga hryggur á sama stað og


kálgarðurinn var staðsettur árið 2002. Hryggurinn er 8,5 x 8 m að stærð, 0,1-0,2 m á hæð og snýr NNV-SSA. Það er búið að slétta svæðið frá því að kálgarðurinn var fyrst skráður 2002 og ummerki um hann eru afar óljós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:054 tóft útihús

332940 375489

Um 400 m norðvestur af Miðbæ Þórkötlustaða 001, sunnanundir Austurvegi sér vel móta fyrir gamla veginum um Kirkjuhóla 028. Um 20 m sunnan við hann er tóft áföst kálgarði. Grýttur en uppgróinn melur.



Útihústóft GK-011:054, á mynd til vinstri er horft til SA en til vesturs á mynd til hægri

Tóftin er torf- og grjóthlaðin um 3x3 m að stærð. Tóftin er opin til suðurs. Hún er fallin að mestu en hleðsluhæð er varla meiri en 0,3 m. Kálgarður er áfastur henni að norðaustanverðu en mun lágreistari og signari en tóftin. Hann er alls um 15 x 5 m stór frá norðri til suðurs en mjókkar heldur norður á bóginn. Op er á honum á suðvesturhorni, upp við tóftina austanverða. Alls er þá svæðið um 16 x 11 m stórt frá norðri til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-011:055 hleðsla rétt Þórkötlustaðarétt

332823 375297

Þórkötlustaðarétt er um 400 m vestur af Miðbæ Þórkötlustaða 001, um 40 m norðvestan við frystihúsið, Krók milli Þórkötlustaðavegar sem er norðar og vegarins suður í Hóp sem er austar. "Sigurður Gíslason á Hrauni hafði það eftir föður sínum Gísla Hafliðasyni að líkast til sé réttin



Þórkötlustaðarétt GK-011:055. Á myndunum er horft til norðurs



Uppmæling á Þórkötlustaðarétt GK-011:055

byggð í kringum aldamótin 1900 og grjótið að mestu sótt upp í Vatnsheiði," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaði. Umhverfis eru sléttuð tún til norðurs og vesturs en vegur liggur fast sunnan og austan réttarinnar.

Réttin er um 41 x 37 m stór og er grjóthlaðin. Hleðsluhæð er um 1,5 m og umför allt að tíu en veggir eru um 0,5 m þykkir. Veggir eru 1,2 m á breidd og flatir í toppinn. Grjót er vel valið og tilhöggvið að verulegu leyti og virðist möl hafa verið notuð til að þétta hleðslurnar. Almennitur í miðið er um 32x18 m að stærð og nokkurn veginn ferhyrndur (snýr norður-suður). Sex dilkar eru að vestanverðu við hann, sjö að austanverðu og tveir að sunnanverðu, allir með op á þeim vegg sem snýr að almenningnum og annað á andstæðum vegg. Hólfin eru misstór en snúa öll austur-vestur ef frá er talið vestasta hólfið sunnan við almenning sem snýr öfugt. Hlið eru öll úr timbri. Réttinni er viðhaldið. Þegar réttin var skráð í júlí 2017 var mikill grasvöxtur inni í henni. Réttin stendur mjög vel og er greinilega vel við haldið. Aðeins mátti greina hrun í veggjum á einum stað, nálægt norðausturhorni. Hlið eða grindur eru fyrir öllum opum. Norðan við réttina er girðing. Í suðvesturhorni tóftar er nú útsýnispallur, utan hennar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaða (Loftur Jónsson), 2.

GK-011:056 gerði kálgarður

333327 375113

Kálgarðurinn tæpa 30 m suður af íbúðarhúsinu Klöpp/Teig og fast sunnan við Þórkötlustaðaveg. Kálgarðurinn er stakstæður en er syðst á svæði þar sem eru miklir garðar sunnan við Stafholt (sjá einnig 057 og 098). Hann er um 50 m norðan við Þórkötlustaðarétt 055. Gerðið er í sléttuðu túni sem hallar nokkuð til suðurs, en sunnan þess er réttin 055.



Gerði GK-011:056, á mynd til hægri er horft til SA

Kálgarðurinn er 19 x 14 m stór og snýr ANA-VSV. Óljósa, hleðslu má hins vegar greina í framhaldi af suðausturhorni hans og til austurs þar til hún hverfur í veg. Umrædd hleðsla er um 16 m löng og aðeins 0,1- 0,2 m á hæð en 0,6-0,8 m á breidd og er grasi gróin. Hún gæti hafa verið garðlag sem grjótt hefur verið fjarlægð úr. Kálgarðurinn er stæðilegur og hlaðinn úr hraungrýti. Hann er mest um 1 m á hæð og sjást 8-10 umföer en garðurinn virðist ekki sérstaklega vandlega hlaðinn. Op er norðarlega á vesturhlið hans. Garðlag liggur í framhaldi af norðurvegg nokkra metra til vesturs en hverfur þá. Framhald má hins vegar greina stuttu vestar og er það allt skráð undir númerinu 098. Garðlagið er í svolitlum halla til suðurs. Hleðslur eru um 1 m á breidd og þær eru víða fallnar og mosavaxnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:057 gerði kálgarður

332763 375432

Kálgarðar eru um 480 m VNV af bæjarhól 001, fast suðaustan við Stafholt sem er vestasta húsið við Þórkötlustaðaveg. Stærstur hluti gerðanna hafa verið kálgarðar og tilheyrðu þeir kálgarðar sem skráðir eru saman undir númerinu 057 Klöpp, Teigi og Stafholti samkvæmt Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis. Umrædd hús voru byggð á tímabilinu 1930-1939 og er líklegt að kálgarðarnir hafi verið gerðir í kjölfarið. Gerðin eru í sléttuðu túni sem hallar nokkuð til suðurs.



Kálgarðar GK-011:057, á mynd til hægri er horft til SA en til norðurs

Undir þessu númeri eru skráðir 3-4 kálgarðar sunnan við Stafholt og garðlag frá þeim

þarna sé meira en einn byggingarfasí. Innan garðs voru nokkrir stallar og dældir sem heldur voru ekki skráð sérstaklega. Mannvirki 02 er lítið hólf eða stallur sem byggt hefur verið við 01 að utanverðu, við vesturvegg kálgarð 01 nálægt norðvesturhorni. Stallurinn er um 0,2 m hærra en umhverfið. Svæðið er um 6,5 x 3 m stórt og snýr norður-suður. Svæðið er í raun aðeins stallur sem virðist hafa verið stungið upp úr innanverðu. Greinilegustu ummerkin er hleðsla eða kantur sem markar af svæðið til suðurs. Sá kantur er um 2 m á breidd. Umrædd svæði er í framhaldi af kantinum til norðurs að horni gerðis 01. Þar er mjög veigalítill hleðsla sem markar af norðurhlið. Á teikningu sem gerð var við skráningu 2002 er merkt tóft 03 sem var við vestanvert gerðið að utan, sunnarlega. Sú tóft er nú horfin þótt mögulega sé svolítið dæld þar sem hún var. Ógreinilegur kálgarður 04 er fast austan við suðurhluta kálgarðs 01. Kálgarðurinn er ekki markaður með eiginlegum hleðslum nema að litlu leyti en greinilega má sjá hvar stungið hefur verið út úr brekkunni og er hann ferhyrningslaga um 13 X 9,5 m stór og snýr norður-suður. Það sem kemst næst því að teljast garðhleðsla er að sunnanverðu. Þar er um 9,5 m langur hryggur sem markar garðinn af. Vesturhliðin er að mestu mörkuð af brekkunni þótt óljóst uppkast eða hrygg megi einnig greina þar. Innangarðs má skipta svæðinu í tvennt, þ.e. það skiptist í tvo stalla. Á einum stað er nýleg hleðsla innan þess. Hún virðist nýleg og er L-laga. Við hana vex enn rabarbari. Hleðslan er 0,2 m á hæð og er 0,8 m á breidd og er gróin en grjóthlaðin. Kálgarður 05 er fast sunnan við kálgarða 01 og 04 en snýr þvert á þá eða austur-vestur. Samtals er gerðið 23 x 14 m stórt en norðurveggur þess er markaður af suðurveggjum gerðis 01 og 04 og hluti suðurveggjar af kálgarði 09. Innan gerðis er ýmislegt rót og smávægilegar hleðslur og niðurgreftir og verður þeim helstu lýst. Eins og fyrr segir er garðurinn samsettur úr hliðum þeirra garða sem eru í kring nema helst að vestan og vesturhluti suðurhliðar. Þessar hliðar eru torfhlaðnar og fremur veigalítlar. Garðurinn er að mestu í flatlendi. Þúst 06 er í norðvesturhorni gerðis 05. Helst virðist hún vera sigið L-laga garðlag eða tóft upp við norðurhlið garðsins (og 01). Í þústinni er gamalt baðkar. Þústin er um 0,3 m á hæð og 1,5 m á breidd. Hún er opin til vesturs. Innan 05 er einnig niðurgroftur 07, innan gerðis, við suðurhlið hennar. Um er að ræða tvær stuttar hleðslur eða niðurgroft sem liggja út frá suðurhlið kálgarðsins (05) og eru um 3,5 m á lend en um 2,5 m eru á milli þeirra og þar er niðurgroftur. Samanlagt mynda garður og hleðslur U-laga svæði sem er opið til norðurs. Annar niðurgroftur 08, minni er nálægt norðausthorni gerðis 05. Niðurgrofturinn er um 0,5 m í þvermál með torfkraga í kring. Syðsti kálgarðurinn sem skráður undir númerinu 057 fær hér undirnúmerið 09. Hann er sunnan við austurhluta gerðis 05 og snýr norður-suður. Hann er 21 x 13 m stór og er stæðilegur og vel hlaðinn. Grjóthleðsla víða 0,8-1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Veggir eru grjóthlaðnir allt nema vesturhluti norðurhliðar sem er úr torfi. Í framhaldi af austurvegg liggur hleðsla til suðurs í um 45 m og er hún í raun hluti af garði sem markar af stærra svæði, sjá 096.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaða (Loftur Jónsson), 3

GK-011:058 mannvirki fjós 332715 375431

Við skráningu 2002 voru skráð saman nokkur minniháttar mannvirki um 500 m vestur af bæjarhól 001, fast sunnan við Stafholt er lítið klettabelti sem snýr norður-suður. Undir umræddu númeri voru skráðar steypuleifar sem enn sjást en tóftir og hleðslubrot sem skráð voru undir sama númeri hafa að talsverðu leyti vikið. Svæðið er suður af Stafholti og telst innan lóðamarka.


Í suðvesturhorni lóðar eru steypuleifar þar sem áður voru fjárhús og hlaða samkvæmt fjós samkvæmt Lofti Jónssyni, heimildamanni. Verður umræddum leifum (steypuleifum) fyrst lýst vísað beint í lýsingu frá 2002 um þær tóftir sem þá voru á svæðinu en eru nú horfnar. Innan svæðis er einnig steypdur stampur þar sem vindmylla stóð en hún var skráð undir sérstöku númeri 163 eins og aðrar vindmyllur á svæðinu. Steypuþlötunarnar liggja í hrúgu á þessum stað og ná yfir svæði sem er 6 X 4 m stórt og snýr NNV-SSA. Norðvestan við eru runnar en göngustígur er austan við Tóftirnar eru þrjár aðskildar. Sú nyrsta er torfhlaðin og um 4x3 m að stærð. Hún er opin til norðvesturs og er byggð utan í klett að suðaustanverðu. Um 14 m sunnan við hana er



GK-011:058, á mynd til vinstri er horft til norðurs

önnur tóft um 4x2 m að stærð og mikið rofin. Austurveggur hennar er grjóthlaðinn en suður- og vesturveggir úr torfi. Um 2 m norðvestan við hana er mikið af vaðsteinum grónum í svörðinn. Um 6 m sunnan við tóftina er þriðja tóftin. Sú er torfhlaðin og um 3x1,5 m að stærð. Um 6 m vestan við miðtóftina er steypur grunnur og eitthvað af grjóthledslum utan í honum. Hledslur eru allar mjög signar og er hæð þeirra varla meiri en um 0,2 m. Svæðið allt er um 32x18 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Uppmældar steypuleifar GK-011:058

GK-011:059 gerði kálgarður

332708 375188




Kálgarðar GK-011:059. Á mynd til vinstri er horft til norður yfir nyrstu hólfin en á mynd til vinstri til vesturs upp í tóft 3b sem er byggð við kálgarðana vestan þeirra

Kálgarðar eru um 490 m vestur af bæ 001, austan undir hraunjaðrinum, nyrst í Þórkötlustaðanesi og 40 m sunnan við Auðsholt. Gerðin eru um 50 m vestan við veg til Hópsness. Vestar er hraun sem er talsvert herra en sléttan austan við sem er flöt og vaxin snöggu grasi, nú beitihólf fyrir

hesta. Gerðin eru að hluta í svolitlum halla til austurs, aðallega sá hluti sem er fast við hraunröndina. Annars er svæðið sléttlent þótt því halli örlítið til sjávar (austurs).

Gerði er samtals 93 x 24 m stórt og snýr norður-suður. Það skiptist upp í a.m.k. 8 hólf og tvær tóftir eða hús að auki. Það er grjóthlaðið en talsvert sundurslitið á kafla og sum staðar er erfitt að átta sig á lögun hólfra þar sem lítið er eftir af grjóti í veggjum. Hefst lýsingin nyrst. Þar er gerðið fast sunnan við garð sem markar af lóðamörk Auðsholts.



Uppmælingar kálgarðanna GK011:059

Nyrsta gerðið (hólf 1) er 8,5-9 m á kant og er op á því nyrst á austurvegg. Vegghleðslur virðast ekki sérlega vandaðar og vesturhlíð sem er upp við hraunröndina er á köflum óljós og hverfur í hraunið. Í hleðslunni, sérstaklega að sunnan, eru stórir steinar, stundum bara 2-3 í

hleðslunni. Hleðsla er mest 0,8 m á hæð. Inni í gerðinu er slétt.

Hólf 2 er fast sunnan við hólf 1. Inni í hólf 2 hefur verið lítill kofi (kofi 2b). Sjálfst hólf 2 er 10,5 x 9 m að stærð og snýr norður,-suður. Talsvert stórt op er norðarlega á austurvegg þess. Vesturveggur er að nokkru hruninn inn í hólf 2 en er þó sá veggur sem er hæstur, 0,7-0,8 m. Aðrir veggir eru gjarnan 0,2-0,3 m á hæð. Austurveggur er fremur ógreinilegur og bæði norður- og suðurveggir verða ógreinilegri eftir því sem austar dregur Inn í því er sem fyrr segir tóft. Hún er 2 x 2 m að innanmáli og op er sunnarlega á austurvegg. Í framhaldi af suðurvegg hennar er veggstúfur sem endar í miðju hólfinu.

Svæðið sunnan við hólf 2 er hér kallað hólf 3 þótt ummerkin séu of óljós til að hægt sé að greina nákvæmlega hvar veggir hafa verið. Svæðið sem um ræðir er um 16 x 9-13 m að stærð. Vesturveggur er þar ógreinilegur en hraunröndin markar svæðið af til vesturs. Stuttir veggþátar sjást hér og þar og allra norðaustast á svæðinu eru grjóthrúgur sem gætu áður hafa verið úr vegghleðslum. Á svæðinu sem kallast hólf 3 er lítill kofi í hraunröndina og er hann skráður sem hólf 3b. Kofinn er upp í klettinum og er 3 x 2 m að innanmáli. Hann er niðurgraffinn en hlaðinn að innan og er steipt á milli grjóthleðslna. Greinilegt er að austurgöfl hefur alfarið verið steiptur eða úr timbri. Hleðslur eru um 1,3 m á dýpt en tóftin er sem fyrr segir alveg niðurgraffin (engin ytri brún greinileg).

Sunnan við hólf 3 er hólf 4. Hólf 4 er aðeins greinilegra en hólf 3 en þó eru veggir að talsverðu leyti raskaðir, sérstaklega austurveggur. Hólf 4 er 12,5 x 7 m og snýr norður-suður. Vesturhlíðin er mörkuð af hraunröndinni nyrst en hleðslur ofan á henni verða greinilegri eftir því sem sunnar dregur í hólf 4. Austurveggur er að hluta horfinn en verður skýrari þegar sunnar dregur. Hleðslur eru víða 0,2-0,3 m á hæð, vesturhlíðin þó hæst, allt að 0,5 m á hæð. Mögulega hefur op verið yfir í hólf 5 á miðjum suðurvegg.

Hólf 5 er enn annað hólf sem er fremur óskýrt þótt það sé greinilegra en bæði 3 og 4. Vegghleðslur má greina að mestu nema að austan þar sem aðeins sést lítill hluti veggjar. Suðurveggur er hruninn en hlaðinn úr miklu stórgrýti. Innanmál hólf 5 er 11 x 9 m og snýr það austur-vestur.

Hólf 6 er nokkuð skýrt. Það er um 12 x 12 m að innanmáli og er með op norðarlega á austurvegg. Veggir eru víða hlaðnir úr stórgrýti og smásteinum þar á milli. Veggir eru allt að 0,5 m á hæð. Allra syðst er hólf 7 og hólf 8 er austur af því.

Hólf 7 er vestar og er skýrara. Það er 12 x 10,5 m og snýr austur-vestur. Stórgrýti í hleðslum, stundum stakir steinar. Op er á miðjum austurvegg yfir í það sem hér er kallað hólf 8 en eru í raun mjög óskýr ummerki.


Hólf 8 hefur væntanlega verið 10,5 x 8,5 m að innanmáli og snúið austur-vestur. Hleðslur eru hins vegar mjög ógreinilegar og sjást hreinlega ekki á stórum hluta hólf 8, þ.e. stærstur hluti norðurveggjar og norðurhluti austurveggjar. Samkvæmt Margréti Sigurðardóttur í Hofi 2 voru kálgarðar á þessum slóðum og tilheyri hvert hólf sérstökum ábúenda í Þórkötlustaðahverfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:060 tóftir óþekkt

332779 375030

Norðarlega í Þórkötlustaðanesi liggur vegslóði til austurs, af veginum sem liggur suður Nesið. Þústir eru fast sunnan vegslóðans, um 500 m vestur af bæ 001. Uppgróinn sandur er allt austur að sjávarkamp.



Þústir GK-011:060, á mynd til vinstri er horft til norðurs

Svæðið allt er um 15x12 m að stærð. Ekki er unnt að greina neinar eignlegar tóftir heldur aðeins mjög greinilegar bungur eða hóla, sex talsins, sem skera sig úr umhverfinu. Talsvert er af grjóti í þeim. Ekki er víst að um tóftir sé að ræða. Þúfurnar eru ávalar og aðskildar, algeng stærð þeirra um 2 - 2,5 m í þvermál. Hæð þeirra er víðast um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:093 Móar tóft býli

333273 375356



Staðsetning Móakots GK-011:093. Á ljósmynd er horft til VSV

Býlið Móar eru merktir inn á túnakort frá 1918 um 200 m norðan við bæjarhól 001. Býlið var um 170 m sunnan við Hvamm 047, á milli kálgarðabyrpinga 036 og 037. Samkvæmt túnakortinu voru þrjú hús (þá líklega útihús) sambyggð kálgarði 037 en stök tóft í suðurhorni kálgarðanna (við 036) og var það líklega sjálf bæjarhúsin. Á þeim stað er nú greinileg upphækkun eða þúst. Um býlið er getið í fasteignamati 1916-1918 en þar segir:

Þurrabúð liggur undir býli 12 og 13 [austurbæina tvo]. Eftirgjald 10 kr., greitt til landeiganda. Lóðarstærð 1700 □ faðmar yrkt að mestu á tún og matjurtagarða. Ábúandi Magnús Þorláksson. Hús á lóðinni, sem öll eru eign ábúanda eru þessi: Íveruhús 6 × 8 ál. veggþæð 3 1/2 ál. lélegt Geymsluhús áfast 5 × 6 ál.

*Fjós fyrir 2 kjör
Heyhús 4 x 7 al. raftbyggt
Eldhús 5 x 3 ál*

Samkvæmt Lofti Jónssyni var húsið í suðurhorni Móatúns og passar það vel við þann stað sem hér er skráður. Það var þó horfið þegar Loftur (f. 1938) fór að muna eftir sér. Í sléttuðu túni en miklir kálgarðar eru á þessum slóðum.

Móar voru sunnarlega í því túni sem tilheyrði jörðinni, á milli kálgarða. Ljóst er að a.m.k. þrjár kofar sem tilheyrðu Móum voru sambyggðir kálgörðum 037 en eru þeir nú allir horfnir. Óljós ummerki sjást hins vegar um mannvistarleifar undir sverði þar sem líklegast er að sjálft íbúðarhúsið hafi staðið. Á þeim stað sem húsið stóð um 1918 er greinileg þúst, fast norðan við túngarðinn sem gengur á milli kálgarðsþyrpingar 036 og 037. Þúst 093 er byggð upp við suðurvegginn túngarðs Móa. Svæðið er um 6 m á breidd en allt að 20 m langt og snýr austur-vestur. Þústin sker sig frá umhverfinu og er allra skýrust brún að austan en fjarar svölutið út þegar vestar dregur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918 og Fasteignamat 1916-1918, 13

GK-011:094 frásögn fjós

333024 375427

Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var útihús frá Búðum (fjós og heyhlaða), um það bil þar sem nokkrir trjástubbar standa nú upp á endann, um 10 m norðan við íbúðarhúsið Búðir 144. Húsið stóð þar sem nú er grasi gróin hæð á graseyju sem afmörkuð er af vegarslóðum á alla vegu.



Staðsetning fjós og hlöðu GK-011:094 en engin ummerki sjást um húsin

Engin eiginleg merki sjást um útihúsið og það hefur greinilega verið horfið fyrir 1978 ef marka má loftmynd frá því ári.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978

GK-011:095 frásögn túngarður

333036 375410

Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var hlaðinn torfgarður sem skildi á milli lóðanna (Miðhúsa og Búða) austan við Búðir 144, Garðurinn var um það bil þar sem nú er stórgrýti sem nær að norðvesturhorni útihúsanna. Garðurinn var innan við 10 m austan við núverandi íbúðarhús í Búðum. Garðurinn hefur verið austan í hæð sem íbúðarhúsið í Búðum stendur á. Fast vestan við er því brekka en austan við malarvegur af hjalli og gamla húsgrunni Miðhúss 142. Engin merki sjást nú um torfgarðinn.




Túngarður GK-011:095 var áður þar sem stórgrýti er nú austan við Búðir en engin ummerki sjást um garðinn

GK-011:096 garðlag túngarður

332783 375358

Garður er hlaðinn um tún Stafholts að vestan og sunnan. Gróíð tún, mói vestan við.

Að norðaustan og austanverðu markast túnið af vegi sem skilur milli túna Stafholts og Klappar/Teigs.



Uppmæling á garðlagi GK-011:096. Garðaglið er norðvestan, suðvestan og sunnan við Stafholt sem er grænliðað ofarlega á mynd.



Garðlag GK-011:096. Á mynd til vinstri er horft til NNV en til suðvesturs á hægri mynd

Greinilegur garður sést um túnið að vestanverðu og sést fyrst 50-60 m vestur af Stafholti.


Raunar er ekki ósennilegt að garðurinn hafi áður legið meðfram norðurhliðinni og tengst garði 102 norðan við húsið Klöpp. Garðurinn sést skammt sunnan við þjóðveg stefnir í SSV. Er hægt að rekja hann 50-60 m en þá stefnir hann til SA og svo austurs. Alls er suðurhliðin um 140 m löng en endar við kálgarðakraðak sem er við austurhlið túnsins (sjá t.d. 057). Garðurinn er grjóthlaðinn og víðast hvar nokkuð stæðilegur en girðing er á honum eða skammt innan við hann nánast allstaðar. Alls er hann hátt í 200 m langur, víðast um 0,5-0,7 m á hæð. Hlið er á suðurhlið garðsins og liggur þar vegur í gegn upp að Stafholti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:097 gerði kálgarður

332934 375502

Kálgarðar eru rúma 80 m ANA af húsinu Klöpp/Teigi, fast sunnan við gamla þjóðveginn 028 og markar hleðsla meðfram honum raunar norðurbrún garðanna. Þetta er fast vestan við kálgarð og tóft 054. Gróid svæði.



Uppmæling á gerði GK-011:097



Gerði GK-011:097, á mynd til vinstri er horft til vesturs en til norðvesturs á mynd til hægri

Kálgarðarnir skiptast í tvennt með garði hér um bil í miðju og er op á honum. Að auki virðist lítið hól (um 7 x 4 m) allra suðaustast í hólfinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:098 gerði kálgarður

332810 375404

Undir þessu númeri eru skráðir nokkrir kálgarðar á svæðinu á milli kálgarðs 056 og kálgarða 057. Þeir eru fast sunnan við Þórkötlustaðaveg og 15 m suðvestan við íbúðarhúsið Teig/Klöpp. Garðarnir eru um 460 m norðvestan við Miðbæ Þórkötlustaða 001.

Gerðið er í sléttuðu túni sem hallar nokkuð til suðurs, en sunnan þess er réttin 055.

Á svæði sem er um 85 m langt norður-suður en 20 m breitt voru nokkrir garðar en svo virðist sem grjótið úr þeim hafi verið fjarlægt að mestu. Það sem eftir stendur er eins og hleðslubotn. Svo virðist sem á þessu svæði hafi verið a.m.k. þrjú garðar og er norðausturhlið þess nyrsta (01) alveg horfin í Þórkötlustaðaveg. Gerði 01 hefur a.m.k. verið 30 x 20 m stórt en lítið er hægt að segja um það nú. Best sést 6-8 m kafli af suðurvegg garðsins. Þar er hleðslan 0,8-0,9 m há, til móts við gerði 056 en hverfur svo allt í einu, líkt og grjót hafi verið fjarlægt. Að vestan er eins og garðurinn hafi verið hlaðinn ofan á brekkubrún (norður-suður) en ummerkin eru óskýr. Á þessum kafla er líkt og stallar séu í brekkunni (2-4 talsins). Grjót dreif er innan garðs og hrúgur hér og þar. Víðast er hleðslan 0,1-0,2 á hæð og víða 0,5-0,7 á breidd. Í norðvesturhorni



Gerði GK-011:098. Á mynd til vinstri er horft til SSV en á mynd til hægri niður á leifar öskuhaugs

kálgarðsins er rof og í því má sjá nokkur leirkersbrot, hluta af ryðgaðri töng og eitthvað af dýrabeinum. Ekki mikið umfang en þó virðast einhverjar leifar af öskuhaugi þarna. Í framhaldi af

norðausturhorni kálgarðs 01 liggur garðlag beint til suðurs. Það er um 55 m langt og beygir í 90° við heimreið að Auðsholti og liggur í um 14 m meðfram henni til vesturs. Svæðið sunnan við 01 hefur líklega verið kálgarður 02 en ekki er merkjanleg vesturhlið. Allra syðst er svo enn kálgarður 03 sem markast af áðurgreindum langvegg að austan en greinileg vegghleðsla markar aðrar hliðar. Kálgarðurinn er um 18 m á kant. Suðurhlið garðsins er mörkuð af sérstakri hleðslu en fast sunnan hennar er önnur hleðsla sem markar af garð 02. Það má því segja að gerði 03 sé gerði innan gerðis (02). Mögulegt er að fjórði garðurinn hafi verið sunnan við 03 en hann hefur þá horfið, hugsanlega þegar heimreið var gerð að Auðsholti (byggt 1940).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-011:099 garðlag túngarður

332954 375538

Garðlag liggur norður-suður rúma 60 m austur af kálgarði 107. Gróið svæði milli nýja og gamla þjóðvegjar.



Garður GK-011:099 er fyrir miðri umkringdur vegum á alla kanta. Horft til VNV



Uppmæling á GK-011:099 (og minjum í nágrenni garðsins)

Garðurinn er grjóthlaðinn en gróinn og fremur lágur. Hann var rakinn á um 25 m löngum kafla en er þar rofinn af nýja þjóðvegi en hefur haldið áfram norðan þjóðvegurvegar í 15-20 m til viðbótar áður en hann beygir (90° beygir) til vesturs og afmakar þannig hólf sem núverandi þjóðvegur klýfur. Samkvæmt Lofti Jónssyni var lítill túnskiki á þessum stað og hefur garðurinn sem afmarkaði hann markað norðurhlíð gamla þjóðvegarsins 028. Fast norðan við suðurhlíð garðsins sem liggur til austurs frá kálgarði 107 er mikil grjóthrúga eða upphleðsla, um 3-4 m í þvermál og allt að 1 m á hæð og er hún úr grjóti sem týnt var úr kálgarðinum og túnblettinum sem var þar austan við.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:100 heimild um hús

333355 375152

Stakstætt hús stóð áður um 23 m austan við íbúðarhúsið í Buðlungu og 20 m norðan við tóftir eldri bæjar Klappar og Buðlungu (012:001/013:001). Húsið stóð fast austan við hlað Buðlungu en planið nær nú yfir það svæði þar sem húsið stóð. Skammt norðan við (ríflega 10 m) stendur lítill geymsluskúr (sjá Hús 26 í Húsakönnun).

Ekki er ljóst hvenær húsið var byggt en það stóð enn 1978 og sést á loftmynd frá því ári. Húsið var líklega bílskúr. Það telst ekki til fornleifa samkvæmt hefðbundnum skilningi laganna en er haft með á fornleifaskrá vegna verndarsvæðis líkt og önnur horfin mannvirki að fyrirmælum Minjastofnunar Íslands. GK011_100Loftsið var um 10-11 x 5 m stórt og snéru austur-vestur.



Staðsetning GK-011:100 og næstu mannvirkja. Á mynd til hægri má sjá sömu hús á loftmynd frá 1978 (LMI)

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd LMÍ 1978

GK-011:101 mannvirki mylla

333024 375368




Stöpull myllu GK-011:101, á mynd til vinstri er horft til norðurs en til NNA á mynd til hægri

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson. Steyptur stöpull sést enn undan myllunni við Miðhús. Hann er í túni um 30-40 m sunnan við húsið Búðir. Stöpullinn er uppi á lágum klapparhól. Vindmylla var líka við Búðir en hún var uppi á heyllöðupaki þar samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni.

Stöpullinn er greinilega grjóthlaðinn en steypst hefur verið utan á hann. Hann er um 2 m hár og um 2 m í þvermál, ferkantaður í grunninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.



GK-011:102 garðlag túngarður

332866 375472

Garðlag girðir af túnskika austan við húsið Klöpp/Teig. Garðlagið markaði af svæði austan við húsinn og skiptist skikinn í tvennt, milli býlanna. Garðlagið liggur umhverfis túns en hálfgerð órækt er austan við.




Garðlög GK-011:102 um Teig/Klöpp. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til ANA á mynd til hægri

Klapparlóðin er um 118 x 60 m stór og snýr NNV-SSA. Lóðin umhverfis Teig er um 136 x 85 m og snýr austur-vestur. Sýnilegir garðar eru mest á svæði sem er um 37 x 10 m stórt frá austri til vesturs og er ferhyrnt. Í þeim eru grjóthleðslur, nú grónar að mestu. Að vestanverðu markast túnin af vegi að mestu - hann skilur milli túna sunnan við Stafholt og þessara sem hér um

ræðir og liggur til suðausturs. Nyrst, austan við þennan veg, liggur garður beint til austurs, í átt að kálgörðum 097 (og 054 þar austan við). Garður þessi gæti reyndar hafa tengst garðinum um tún Stafholts, sjá 096. Þessi hlið garðsins er 130-140 m langur og kálgarðar 097 sambyggðir honum utanvert. Þar sem þeim sleppir sveigir garðurinn til SV, í átt að miðju húsinu alls um 100 m vegalengd og myndast þannig skiki sem tilheyrir hefur Klöpp, þ.e. norðurhluta hússins. Frá miðju þessa garðlags liggur svo garðlag áfram til suðurs um 115 m en sveigir þá um 90° til vesturs og svo upp með veginum í átt að SV-horni hússins (Teigi). Hefur hvor skiki um sig verið um 0,4 ha. en sá nyrðri þó heldur stærri. Garðurinn, sem alls er rúmir 400 m að lengd, hefur verið grjóthlaðinn og er nú víðast hvar heldur siginn (0,2-0,4 m)


Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:103 mannvirki mylla

332962 375408

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson. Steyptur stöpull undan vindmyllunni á Eyvindarstöðum er norðvestarlega í túni, norður af Eyvindarstöðum 030 og um 15 metra VNV af norðurenda



Stöpull undan myllu GK-011:103. Á ljósmynda er horft til norðvesturs

garðs 213. Myllan er uppi á lágum klapparhól.

Stöpullinn hefur greinilega verið grjóthlaðinn og steypur utan á hann. Hann er um 2 m hár, ferkantaður í grunninn og um 1,5 x 2 m á kant. Upp úr honum stendur járnror.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

GK-011:104 gerði kálgarður

332687 375091

Gerði er í hraunröndinni um 45 m vestan við veginn í Hópsnes en rúnum 200 m suðvestan við gamla hraðfrystihúsið og 55 m sunnan við annað gerði við sömu hraunbrún (sjá 059). Vestan við gerðið er hraunröndin sem rís talsvert hærra en grasigróna sléttan austan við. Svæðið er nú (2017) beitarhólf fyrir hross, þó ekkert sérstaklega grasgefið. Svæðið er nokkuð skjólsælt.



Uppmældur kálgarður GK-011:104

Talsverð gerði 050 eru byggð upp við hraunjaðarinn beint sunnan við lóðarmörk Auðsholt en sunnan þess liggur hraunjaðarinn í sveigju og eru þau gerði sem hér eru skráð byggð, sunnan undir hraunjaðrinum en vestan þeirra liggur hraunið í aðra sveigju þannig að segja má að gerðin séu í hálfgerðri hvilft eða bala. Gerðið er langt og mjótt og skiptist í 3-4 hólf. Það er 22 x 14 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það er hlaðið úr grjóti, í brekkurótum. Norðurveggurinn er nokkuð greinilegur þótt hann sé byggður inn í hraunbrúnina og því sést norðurbrún hleðslunnar ekki alltaf vel. Aðrar hliðar eru óskýrari og allar hleðslur eru óskýrari eftir því sem austar dregur. Norðurhliðin er allt að 1,5-1,8 m á breidd, grjóthlaðið, 3 umför og 0,3 m á hæð. Aðrar hliðar eru víða um 1,2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð og sjást víða 1-3 umför. Nyrðri helmingur gerðisins er í svolitlum halla til suðurs en syðri hlutinn á jafnsléttu. Gerðið virðist skiptast í fjögur hólf. Op er á milli allra hólfanna og einnig virðast hafa verið op á suðurveggjum þeirra allra. Hleðslur eru víða slitróttar og má vera að rutt hafi verið úr mannvirkinu að hluta á einhverjum tímamarki eða grjótið notað í annað. Allra vestast er hólf 1 sem er 11,5 x 10,5 m að innanmáli, austan við það er hólf 2 sem er tæplega 12 x 12 m að innanmáli. Þar austan við er hólf 3 sem er 13,5 x 10 m að




Gerði GK-011:104, horft til VSV

innanmáli (snýr ANA-VSV) og austast er svo hólf 4 sem er nú að talsverðu leyti raskað eða óskýrt en virðist hafa verið 8,5 x 10 m að innanmáli og snúið NNV-SSA en ekki er hægt að greina stærstan hluta austurveggs og hluti suðurveggjar er líka illgreinanlegur. Gerðin voru í eigu íbúa í Þórkötlustaðahverfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:105 garðlag túngarður

333607 375223

Garðlag afmarkar austasta hluta Þórkötlustaðatúns og virðist þessi hluti túnsins hafa verið færður út og ræktaður einhvern tíma eftir 1918 en þá voru mörk túnsins við garðlög umhverfis Móa 093 og hefur túnið því verið stækkað um 50-150 m til austurs. Hér verða garðlög á þessu svæði, sem marka af austurhlíð túna eins og hún er nú öll skráð saman en gefinn bókstafur til aðgreiningar. Garðlögin liggja gróflega NNV-SSA og marka samtals af um 500 m svæði en þau liggja í



Uppmælingar á túngarði GK-011:105

nokkrum hlykkjum við hraunbrún Slokahrauns, alla leið til sjávar. Garðurinn liggur á mörkum túns og hrauns.

Garðurinn liggur í beinu framhaldi af NA-horni túngarðs 030 en þó eftir um 30-40 m breiða eyðu. Eins og áður segir hefur honum örugglega hafa verið bætt við túnið eftir 1918 og það þannig fært út til austurs, á svæði sem er á túnakortinu merkt "kúahagi". Þannig hefur t.d. býlið Hraunkot verið stakstætt utan túngarðs þegar túnakortið var dregið upp en er innan þess garðs sem hér er skráður. Hér hefst lýsing á garðinum norðvestast og norðausturhorn og nyrsti hluti garðsins fær í lýsingunni bókstafinn A. Garðurinn er grjóthlaðinn og mjög stæðilegur á köflum. Garðurinn liggur í stórum sveig til SA og svo suðurs, víðast hvar mjög heillegur og allt að 1,2 m hár, hlaðinn úr óreglulegu hraungrýti. Undir bókstafnum B er skráð framhald garðsins, sunnan við Þórkötlustaðagötu 160. Á þessum kafla er garðlagið bogadregið og nokkuð margvíslegt að gerð og samtals 215 m langt. Það nær frá Þórkötlustaðagötu 160 nyrst og að þvergarði sem liggur niður túnið (til vesturs 105C) um 80 m sunnan við Hraunkot 051. Hluti þessa garðparts markar af norðaustur-, austur- og suðausturhlið Hraunkots. Garður B liggur sem



Garðlag GK-011:105. Á mynd til vinstri er sá hluti sem í lýsingu er kallaður A, allra norðaustast en til hægri hluti B. Horft til (SSA/N)



Garðlagið, mynd til vinstri er af hluta C en til hægri er mynd af hleðslumörkum í garði E/F. Horft til (V/SSV)

fyrir segir frá götu 160 og í um 20 m til SSA en beygir þar og liggur til sveig til austurs-norðaustur-austur og suðaustur. Þar liggur um 8 m kafla niður eða vestur túnið en hann hverfur svo. Frá horninu og til SSA er hins vegar talsvert stæðilegt garðlag og eru hleðslur vandaðar og grjótið tilklappað. Umræddur kafla snýr NNV-SSA og er ríflega 20 m langur. Til suðurs liggur hann til austurs meðfram hraunjaðri og verður óreglulegri, hlaðinn úr hraungrýti að mestu. Syðsti hluti garðlags 105B er mjög óverulegur og er mögulegt að sá hluti hans hafi aldrei verið meira en girðingaundirstaða. Hann er víða um 0,3 m á hæð en 0,8 m á breidd. Hann liggur frá suðausturhorni garðlags við Hraunkot og um 38 m til SSV. Þar liggur garðlag 0301 frá honum til

austurs en framhald 030j má þó greina í tæpa 20 m lengra til suðurs (til SSV) áður en það endar (og garðlag 030k liggur beint til austurs frá því). Frá syðsta enda 105B má greina slitrótta grjótröð í grassverðinu til vesturs, niður sléttað túnið og er henni hér gefinn bókstafurinn C. Ekki er um eiginlega hleðslu að ræða heldur grjótröð og er hún merkjanleg, mjög slitrótt á tæplega 50 m kafla. Ekki er ljóst hvort eiginlegur garður hefur verið á þessum slóðum eða hvort hleðslan var aðeins undirstaða undir girðingu. Hún liggur yfir þúst 178 og í stefnu á hleðslu 176 en hverfur um 10-15 m austan við hana. Ekki er óhugsandi að hleðslurnar gætu hafa tengst en þær virðast þó ekki hafa staðist fullkomlega á og eru gjörólíkar svo að ekki verður gert ráð fyrir því að svo stöddu.

Garðparturinn sem hér er nefndur 105, D, E og F er bogadreginn garður í jaðri Slokahrauns sem liggur í boga í hraunjaðri austan við Buðlungutún og næst þess hluta túnsins sem nefndur var Mói. Á þessu svæði er garðlagið samtals 180 m langt. Norðvestasti hluti þessa garðlags verður hér nefndur 105D. Þessi hluti er hraungrýtisgarður sem er um 30 m langur, 0,3-0,4 á hæð en 0,8 m á breidd og liggur upp hraunkambinn. Þegar ofan á hraunkambinn er komið gjörbreytir garðhleðslan um svip og þar tekur við 36 m kafla, hér merkt E. Umræddu kafla er í raun edlilegt framhald af gördum D og F en þessi kafla er hins vegar mjög frábrugðinn að allri gerð. Umræddur kafla er liggur í um 15 m til austurs frá suðurenda garðlags D og til austurs áður en hann beygir til suðausturs og liggur í ríflega 20 m til viðbótar en endar þá á afgerandi hátt. Þessi hluti garðhleðslunnar er vandlega hlaðinn úr sléttu fjörugrjóti en ekki hraungrýti eins og nærri allir garðarnir í hrauninu í kring. Garðurinn er mjög vandlega hlaðinn 1,6 m á hæð og rúmlega 1 m á hæð. Þar sem þessum kafla sleppir tekur aftur við hefðbundinn hraungarður sem hér fær merkinguna 105F. Sá garður er úr hraungrýti og er víðast um 1,5 m á hæð og 8-10 umför en aðeins um 0,8 m á breidd. Hann liggur til suðurs en er aðeins bogadreginn og samtals er þessi kafla um 100 m langur. Þar sem garðurinn beygir til vesturs hverfur hann en nokkrum metrum vestar tekur við girðingaundirstaða 011:199 til vesturs um Klappartún. Á þeim stað, þar sem garðinum sleppir tekur við girðing og eru steypuleifar undir henni á þessum skilum, þ.e. girðingastaurar hafa verið steiptir niður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:106 þúst hlutverk óþekkt

332852 375108

Óljósar mannvistarleifar, sjálfsagt ungar, eru um 65 m sunnan við gamla hraðfrystihúsið og 60 m austan við veg að Hópsnesi. Á þessu svæði er hæð og lækkar landið talsvert suðaustan við, að fjöru. Í hæðinni eru misfellur hér og þar, steypuleifar og fleira sem bentir til að bygging kunnri að hafa verið á þessum slóðum en ekki er hægt að útiloka að rusli hafi einfaldlega verið rutt á þennan stað. Umhverfis er snöggróin grasflöt en sem fyrr segir er brekka niður að svæðinu til suðausturs



Óljósar mannvistarleifar GK-011:106, á ljósmynd er horf til norðurs

þar sem áfram er grasflöt niður að fjörubakka.


Svæðið er samtals 40 x 18 m og snýr norðaustur-suðvestur. Það er 0,1-0,3 m hærra en umhverfið og örlítið grónara með rusli hér og þar. Flest steypubrotin eru á sunnanverðu svæðinu. Á einum stað er bárujárn og torf þar sem gæti verið hrugin þakplata. Í brekkunni eru steinar hér og þar. Girðing liggur yfir svæðið austast. Loftur Jónsson heimildamaður telur að hús hafi aldrei verið á þessum slóðum og það má vera að byggingaleifum, steypa og rusl hafi verið sett á þennan stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:107 gerði kálgarður

332889 375515

Stæðilegur kálgarður er um 110 m ANA af Stafholti, fast sunnan við þjóðveginn, í krika milli hans og gamla þjóðvegarins 028. Grasi gróid svæði.



Uppmæling á kálgarði GK-011:107



Kálgarður GK-011:107. Á báðum myndum er horft til austurs. Á mynd til hægri sést í hrúgu 099b

Garðurinn er í smáhalla mót suðri, stæðilegur en gróðinn, alls rúmlega 20 x 10 m stór frá austri til vesturs og ferkantaður. Frá norðurhlíð hans að núverandi þjóðvegi eru einungis um 2-3 m. Suðurhlíð kálgarðsins markar norðurhlíð gamla þjóðvegarins 028 og frá kálgarðinum má sjá hleðslur, bæði til austurs og vesturs, sem marka einnig vegarbrúnina. Suðausturhorn kálgarðsins er greinilegast, grjóthlaðið og skín í hleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:108 tóft hlutverk óþekkt

332901 375148

Lítill tóft er um 50 m sunnan við hraðfrystihúsið, við norðurenda Brunnflata. Hún er um 310 m vestan við Miðbæ Þórkötlustaða 001.

Tóftin á grasbletti sem er þar milli plans við hraðfrystihús og fjöru. Tóftin er um 15m neðan við rampinn sem liggur niður frá hraðfrystihúsinu. Undir kámpinum eru hæðir hér og þar og er mögulegt að fleiri kofar hafi verið á þessum slóðum en ummerki eru þá orðin óljós.

Tóftin er einföld og um 6 x 4 m að stærð en 3 x 1,5 að innanmáli og snýr norður-suður.



Tóft GK-011:108. Á ljósmynd er horft til vesturs

Ekki er op á henni. Veggir eru fremur veigalitlir en brún þeirra að innan er skörp, líkt og torfið hafi legið upp að byggingu (t.d. úr timbri eða steypu). Líklegast er að timburskúr hafi verið á þessum stað. Hleðslur eru úr grjóti en yfirgrónar en víða sést í 1-2 umför. Veggir 0,3 m á hæð og mest 1 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:109 garðlag kálgarður

333043 375440

Á loftmynd frá 1978 sést lítið gerði, líklega kálgarður, nyrst á lóð Miðhúsa 142. Bletturinn er enn í ræktun og í honum vex talsverður rabarbari. Hann er um 20 m norðaustan við íbúðarhúsið í Búðum en 23 m suðvestan við fjárhúsið sem nefnt er Höllustaðir (sjá Hús 08 í húsakönnun verndarsvæðis). Grösugt svæði austan í brekku en austar er tún.



Leifar kálgarðs GK-011:109. Á ljósmynd er horft til norðurs

Gerðið hefur einhverjum breytingum tekið í gegnum tíðina. Af loftmynd frá 1978 að dæma hefur það verið einfalt, um 11 x 7 m stór og snúið norður-suður. Mögulegt er að gerðið hafi þá verið sambyggt garðlagi sem sést sunnar og liggur norður-suður út frá mörgum sambyggðum kálgorðum (eða afgirtum reitum) sem hér hafa númerið 040. Þau ummerki sem nú sjást eru án efa mjög nýleg. Annars vegar sjást sjálf beðin sem eru yfirgróin að hluta en í þeim vex

einnig rabarbari og svo hryggir bæði norðan og sunnan við beðin sem líklega eru að mestu uppkast sem stungið hefur verið út úr garðinum. Þessir hryggir eru báðir 5-6 m á lengd en 1,2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Þessi ummerki eru um 18 x 6 m að stærð en ekki sést veggur að austan og að vestan er aðeins hægt að sjá hvar stungið hefur verið út úr brekkunni. Talsvert af stórgrýti er vestan við kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978

GK-011:110 heimild um leið 332831 375064

Götur lágu frá Eyrargötu 027 (sunnan við Hraðfrystihúsið) og til suðurs að Hópsnesi. Þær eru m.a. merktar inn á Minjakort Ómars Smára. Svæðinu hefur án efa nokkuð verið raskað og mikill sandfok hefur safnast upp á svæðinu. Ekki sést móta fyrir götunum á því svæði sem afmarkað er vegna verndarsvæðis í byggð, á Brunnflötum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjakort Ómars Smára

GK-011:111 heimild um útihús 332993 375445

Undir þessu númeri eru skráð saman lítill kofi og kálgarður fast vestan við sem voru áður um 40 m NNV við Búðir 144 en um 350 m norðvestan við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Húsið og kálgarðurinn sjást á loftmynd frá árinu 1978 en hafa vikið síðan. Húsið hefur staðið fast vestan við þar sem heimreiðin liggur að Búðum en hún var áður um 20 m austar. Húsið var væntanlega í jafri núverandi heimreiðar og kálgarðurinn var fast vestan og norðan við húsið.

Grasi gróinn blettur. Húsið hefur verið byggt undir svolítilli hæð eða klöpp í landinu, sem íbúðarhúsið Búðir stendur á um 40 m SSA-ar.



Kálgarður og kofi, uppteiknað á loftmynd frá 1978 (LMÍ) og horft yfir sama svæði, sumarið 2018

Af loftmyndinni að dæma hefur kofinn verið 4,5 x 3,5 m að stærð og snúið norður-suður. Hann var utan við kálgarðinn fast austan við suðausturhorn hans. Kálgarðurinn hefur verið 17,5 x 12,5 m stór og snúið norður-suður (af loftmynd að dæma). Líklega hefur kofinn verið geymslu- eða útihús af einhverri tegund.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978

GK-011:112 tóft hlutverk óþekkt 332978 375135

Mannaverk fundust við skráningu um 90 m suðaustan við gamla hraðfrystihúsið, við fjöruborðið. Hleðslan er fremur ómerkileg og sjálfsagt ung. Hún er um 235 m vestan við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Hleðslan telst líklega ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er tekin með á fornleifaskrá samkvæmt fyrirmælum frá Minjastofnun Íslands líkt og aðrar mannvistarleifar innan verndarsvæðis.

Svæði vaxið grasi og melgresi upp frá fjöru. Sjórinn hefur kastað töluverðu af grjóti yfir svæðið. Talsvert rask hefur átt sér stað á svæðinu sunnan við hraðfrystihús og á þeim slóðum sem hleðslan var skrá var víða rask og óljós mannværk.



- Kortalykill
- Uppmældar fornleifar
 - Uppmæld lína (fornleifar)
 - Hnitapunktur
 - Uppteiknað af loftmynd 1978
 - Standandi hus
 - Horfin hús
 - Mörk verndarsvæðis



Tóft GK-011:112. Á ljósmynd er horft til austurs

Um er að ræða hleðslu sem er u-laga og opin að sjó en vel má vera að hún hafi áður náð lengra að sjó eða jafnvel haft suðurvegg. Tóftin er 3 x 2 m stór og snýr norðaustur-suðvestur og er sem fyrr segir enginn veggur fyrir suðurhlið (eða suðaustur öllu heldur). Innanmál tæpir 2 x 1,5 m. Hæð 0,2-0,3 m. Þar sem þetta endar er grjóthryggur í fjörunni til austurs og vesturs og í kring eru víða grjót hér og þar auk þess sem sjórinn hefur kastað talsvert af stórgrýti um svæðið. Vart er um að ræða almennilega hleðslu heldur hefur grjóti verið hrúgað upp í vegg, 2-3 lög. Hleðslur eru hvorki vandaðar né grónar og virðast nýlegar. Mögulegt er að börn hafi útbúið tóftina.

Hættumat: hætta vegna landbrots

GK-011:113 hleðsla hlutverk óþekkt

333196 375163

Grjóthleðslur eru beint sunnan við húsið í Auðsholti, þar sem brekka tekur við til suðurs, frá lóðarmörkum einbýlishúss. Hleðslan telst augljóslega ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er tekin með á fornleifaskrá samkvæmt fyrirmælum frá Minjastofnun Íslands líkt og aðrar mannvistarleifar innan þess. Hleðslan er líklega frá því um eða eftir miðja 20. öld. Hún er á grasi vaxinni baklóð.



Hleðslur við Auðsholt GK-011:113. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til SA á mynd til hægri

Hleðslan er 5-7 m sunnan við íbúðarhúsið í Auðsholti hefur verið hlaðinn kantur úr smágerðu grjóti og liggur hann í hlykkjum eftir vesturhlið svæðisins, norður-suður. Hleðslan liggur samtals í þrjá litla boga að húsabaki. Svæðið er um 20 x 6 m stórt en hleðslan víða um 50 m há. Hleðslan hefur væntanlega fyrst og fremst verið hlaðin til skrauts.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-011:114 garðlag túngarður

332691 375337

Bærinn Auðsholt stendur vestast í Þórkötlustaðahverfi. Umhverfis hann er hlaðið garðlag. Innan garðsins stendur íbúðarhúsið (reist 1945) heldur norðar og vestar en um miðbikið, vegur liggur að því úr austri.

Garðlagið

afmarkar svæði sem er alls hátt í 100 x 85 m stórt frá austri til vesturs. Breiðast er svæðið vestast en mjókkar heldur í austurátt. Í aðalatriðum er svæðið ferkantað en þó er suðurhluti vesturhliðar bogadreginn og skagar dálítið út til vesturs og gæti garðlagið þar verið eldra að stofni til, hugsanlega hluti af eldra garðakerfi. Norðurhlið garðsins er langheillegust, þar er hleðslan tvöföld að mestu leyti og allt að rúmlega 1 m á breidd, hæð allt að rúmlega 1 m. Um miðbik norðurhliðar stendur gámur fast upp við innanverðan garðinn og hefur verið hlaðið upp að honum til feegrar (sjá hús 17). Á þessu svæði,



Garður umhverfis Auðsholt GK-011:114. Hleðsla GK-011:113 er fast sunnan við íbúðarhúsið á Auðsholti sem er grænligt á mynd



Garðlag umhverfis Auðsholt GK-011:114. Mynd til vinstri er af NA horni garðs en mynd til hægri af þvergarði sem skiptir svæðinu í tvennt

einkum austan við húsið, er líkt og eldri hleðslugrunnur sé undir garðinum. Um miðbik vesturhliðar endar garðurinn skyndilega en við taka mun óljósari garðleifar, jarðlægur að mestu. Suðurhliðin er líka með þessu móti en garðurinn verður aftur veglegri að austanverðu; þar er hlið á honum þar sem vegurinn að Auðsholti liggur í gegn. Norðan við svæðið sem hér hefur verið lýst er ferkantað svæði sem einnig hefur verið girt af með hlöðnum garði sem virðist yngri en sá sem er umhverfis Auðsholt og tengist honum. Svæði þetta er alls um 90 x 50 m stórt frá austri til vesturs en mjókkar lítillega í austurátt. Engin mannvirki sjást nú innan þessa svæðis en það hefur að líkindum átt að rækta upp sem tún þótt nú sé þar fremur rýrt land. Alls eru afgangið svæði umhverfis Auðsholt þá hátt í 130 x 100 m stór frá norðri til suðurs. Þess má geta að á loftmynd


frá 1978 vottar fyrir ferköntuðu gerði innanvert í suðausturhorni garðsins umhverfis Auðsholt og hefur það verið ferkantað og rúmir 20 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:115 tóft fjárhús/fjós

332962 375452

Lítill tóft af sambyggðum fjárhúsum og fjósi er rúmunum 70 m norðvestan við Búðir en rúmunum 10 m suðaustan við veg sem liggur frá Þórkötlustaðavegi og að gamla þjóðveginum sem lá sunnan við Efraland/Þórsmörk/Heimalandi. Húsin voru frá Eyvindarhúsum. Grasi vaxið tún.



Leifar af fjárhúsi/fjósi GK-011:115. Á mynd er horft til SSA



Greinileg ummerki eru um húsið í túninu þar sem sjást leifar úr steypu, torfi og grjóti. Ummerkin eru 7 x 5,5 m stór m stór og snúa norðaustur-suðvestur. Þau ummerki sem nú sjást eru annars vegar niðurgrafið hólfi 3,5 x 2,5 m að stærð og snýr NNA-SSV og hins vegar óljósari ummerki. Hryggur sem liggur samsíða austur- og suðurhlíðum niðurgraftar (1-2 m frá). Fast suðaustan við suðausturhlíð niðurgraftar, alveg á brúninni er einnig hleðsla með steypuleifum ofan á. Af loftmynd frá árinu 1978 að dæma virðist tóftin hafa verið tvískipt og virðist syðra hólfið verið um 4 x 2,5 m og snúa norðvestur-suðaustur en norðaustara hólfið snúa þvert á það og vera 3 x 2 m. Samkvæmt Lofti Jónssyni voru húsin sambyggð fjárhús og fjós frá Eyvindarstöðum. Síðar (eftir 1940) var byggt steinsteypt fjós og hænsnahús heima við bæ 030 en þar er búið að brjóta alla veggina niður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:116 heimild um kálgarð

333022 375491

Kálgarður var áður fast neðan (sunnan) við þjóðveginn 028 sem lá framhjá Efralands/Heimalands/Þórsmörk. Hann var um 75 m norðan við Búðir 144, fast austan við eldri heimreið að Búðum og Miðhúsum. Grasflöt er á þeim slóðum sem kálgarðurinn var og hefur verið sléttað úr honum.



Kálgarður GK-011:116. Til vinstri er loftmynd frá 1978 (LMÍ) þar sem garðurinn sést en hann er nú horfinni

Garðurinn er greinilegur á loftmynd frá 1978. Af henni má sjá að hann hefur verið um 20 x 9 m stór og snúið austur-vestur. Girðing liggur yfir norðurhluta þess svæðis sem garðurinn var á og þar fyrir ofan malarvegur. Kálgarðurinn er nú nærri alveg horfinn í grasflötina. Þó má sjá leifar af hrygg í túninu sem raunar er framhald kálgarðsins og hluti af


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd LMÍ 1978

GK-011:117 hleðsla borhola

332971 375514

Lítill kofi var um 30 m sunnan við núverandi þjóðveg og um 2 m vestan við malarveg sem liggur frá Þórkötlustaðavegi og upp á þjóðveg nokkru austar. Kofinn var um 155 m ANA við íbúðarhúsið Klöpp/Teig. Hann var skammt ofan við (norðan við) veg 028. Á þessum stað var borhola og þar fékkst kalt vatn fyrir Þórkötlustaðhverfið um tíma. Byggt var yfir borholuna og hlaðið utan um pípuna sem lá frá henni og niður í hverfið. Samkvæmt Lofti Jónssyni var vatnið aldrei sérstaklega gott og það var aðeins saltkeimur af því. Holan var líklega í notkun fram á 7. áratuginn en var aflögð þegar hæðartankur var reistur ofan við þjóðveg. Svæðið er nokkuð



Ummerki um borholu/hús og stökk GK-011:117. Á ljósmynd er horft til vesturs

raskað, grasi gróin flöt.

Grasi gróinn stallur er þar sem kofinn var 3 x 1,8 m stór hæð 0,6-0,7 m. Í framhaldi af honum er hleðsla til suðurs um 8 m löng og rúmlega 2 m á breidd og er hleðsla framan í henni en fyllt upp í möl. Hæð 0,3 m


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd LMÍ 1978

GK-011:118 hleðsla túngarður

332960 375217

Hleðsla (sem líklega hefur einungis verið hlaðin undir girðingu) er þar sem girðing markar af reit í kringum sumarbústað á Vondavelli, um 15 m SSV við bústaðinn en tæpum 40 m austan við



Hleðsla GK-011:118, á ljósmynd er horft til vesturs

gamla Hraðfrystihúsið. Innan garðs er slegið, snöggt gras. Vestar er gróið svæðið milli túnsins og hraðfrystihússins.



Hleðslan er án hvorki merkileg né er hún að líkindum forn og líklegast að hún hafi einfaldlega verið hlaðin undir girðinguna. Víða eins og hryggur um 0,8 á breidd en 0,2 á hæð og liggur eins og girðingin. Greinilegust er hleðslan á kafla vestan og suðvestan við reitinn umhverfis bústaðinn. Hún er greinileg á um 45 m kafla til suðausturs frá bústaðnum en beygir þá til í um 20 m til viðbótar til austurs. Hún hefur legið lengra til austurs en þar rennur hún saman við eldra garðlag 030 sem lá áfram til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:119 heimild um bústað

333064 375478

Á áttunda áratugnum stóð til að byggja íbúðarhús á flötinni austan við Búðir/Miðhús 144/142 en norðan við Garðbæ 147. Húsið skyldi rísa neðan við gamla þjóðveginn 028 sem lá sunnan



Ummerki um framkvæmdir vegna húsbyggingar teiknað upp af loftmynd frá 1978 til vinstri og loftmyndin (LMÍ) til hægri.

Efralands/Heimalands/Þórsmerkur. Farið að stað með undirbúning byggingarinnar. Ummerkin sjást á loftmynd af Þórkötlustaðahverfi frá 1978. Sléttuð grasflöt er nú á þessum slóðum.

Á loftmyndinni frá 1978 virðast ummerkin ná yfir svæði sem er um 32 x 19 m stórt og m.a. virðast hafa verið grafnir skurðir út frá e.k. húsgrunni til vesturs. Engin ummerki grunns eða skurða sjást á svæðinu lengur er frá er talinn lítill skurður (2-3 m á lengd en 1 m á breidd) sem fylltur hefur verið af grjóti í þeim tilgangi að reyna að dreina svæðið en stundum á þar til að safnast vatn samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmyndir LMÍ 1978

GK-011:120 *Hjarðarholt* mannvirki bústaður

332807 375224

Húsið Hjarðarholt var áður um 400 m vestan við Miðbæ Þórkötlustaða 001 fast vestan við veginn suður í Þórkötlustaðanes og um 30 m vestan við Hraðfrystihúsið. Í Húsakönnun Lofts Jónssonar segir um húsið: "Bergur Bjarnason og Jóhanna Vilhjálmsdóttir byggðu húsið árið 1935. Það var síðan flutt árið 1962 að Hvassahrauni 6 í Járngerðarstaðahverfi. Þarna ólst upp rithöfundurinn Guðbergur Bergsson og bræður hans". Greinilega má sjá hvar lóðarmörk Hjarðarholts hafa verið og eins sjást steypuleifar sunnarlega á svæðinu. Þær eru um 7-8 m til SSA frá steypuleifum 207 þar sem vindmylla frá Hjarðarholti stóð samkvæmt Lofti Jónssyni



Uppmæld ummerki þar sem húsið Hjarðarholt GK-011:120 stóð áður



Hjarðarholt GK-011:120. Ljosmynd til vinstri er frá Lofti Jónssyn heimildamanni en mynd til hægri er af svæðinu sumarið 2017

Ummerkin eru á grasi gróin svæði en þó er stutt í möl og svæðið ekki ræktarlegt. Hæðir eru hér og þar á sléttunni í kring. Austan við er vegur í átt að Hópsnesi og svo gamla hraðfrystihúsið að

norðan er vegur heim að Auðsholti og réttin 055 að vestan garðurinn sem markar af lóðina við Auðsholt og að sunnan bithagi fyrir hesta, afgirtur rafmagnsgirðingu.

Samtals má greina rót á svæði sem er um 30 x 26 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður.

Sunnarlega á svæðinu sjást talsverðar steypuleifar. Norðurhliðin er óljósari, líkt og úr henni hafi verið rutt. Steypt plata sést í gólfinu. Steyptar leifar um 23 x 8,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Suðurhliðin er mjög skýr og liggur rafmagnsgirðing um bithólf eftir henni að hluta. Vesturhlið hússins er einnig fremur skýr en reyndar er stallur fram af henni líka, líkt og þar hafi verið stétt eða afmörkun um 1 m vestan við hús (1 m lægra) Um miðbik hússins er hrúga af grjóti sem virðist hafa verið rutt saman. Í veggjum má sum staðar sjá grjót í sverði, þó aldrei hærra en 0,3 m hærra en umhverfi. Ummerkin eru grasi gróin. Við suðurvegg, vestarlega er byggt lítið hólf, ferhyrnt. Hún er 2 x 2 m að stærð en þó aðeins um 1 m að innanmáli. Talsvert af grjóti er inni í hólfinu og það er mun lægra heldur en stóra byggingin eða 0,1 m. Mögulegt er að skúr hafi verið á þessum stað.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

GK-011:121 mannvirki útihús

333275 375522

Steyptur grunnur er rúmum 10 m suðaustan við Hvamm 047 og fast norðvestan við kálgarð 123. Líklega hefur útihús staðið á þessum stað. Það tilheyrði að öllum líkindum Hvammi að sögn Guðbjargar Jónsdóttur, heimildamanns. Húsið var enn uppistandandi á 1978, samkvæmt upplýsingum sem fást af loftmynd frá því ári. Gróið tún er umhverfis tóftina og túngarður 125 afmarkar það til allra átta. Há hraunbrún er fyrir norðan og austan bæinn. Túnið er ekki nýtt.



Leifar húss GK-011:121. Á ljósmynd er horft til austurs

Grunnurinn er steypur, 0,2 m á hæð og 4,5 x 3 m að stærð. Innan grunnsins er slétt, gróið svæði, mögulega er steypt plata þarna undir. Veggirnir eru 0,2 m á breidd, að innan sést brún, timbur var líklega þar ofan á. Útihúsið var opið til vesturs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978

GK-011:122 þúst óþekkt hlutverk

333339 375358

Þúst eða hnúta þar sem mannvistarleifar gætu leynst undir sverði er um 4 m austan við rétt 037 og 215 m NNA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Þústir eru víða í túnnum Þórkötlustaðahverfis og má búast við að mannvistarleifar geti leynst víða undir sverði. Erfitt er að draga þau mörk hvar skrá skal hnútur og hóla og hvar ummerki eru of óljós til þess að það sé réttlæt看legt og ljóst að það verður seint hægt að skrá alla slíka staði. Að þessu sinni var reynt að skrá þær þústir og hóla sem þóttu einna mest afgerandi og þar sem talið var miklar líkur á að mannvistarleifar leyndust undir sverði. Þúst 122 er slíkur staður.



Þúst GK-011:122. Á ljósmynd er horft til SA en til norðausturs

Þústin er á milli Kúakróks og Lambhústuns, norðan við Hólaskák, í sléttuðu túni. Umhverfis er sléttuð tún og er svæðið nýtt til beitar.

Á þessum stað er greinileg hnúta í túninu um 5,5 x 2,7 m að stærð og snýr hún norðvestaur-suðaustur. Bungan er mjög greinileg en afar lítil eða um 4 x 3 m að stærð. Þústin er 0,5 m hærra en umhverfið. Hún er grasigróin. Ekki er ljóst hverslags mannvirki hafa verið á þessum stað en þarna gæti t.d. hafa verið lítill kofi.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-011:123 gerði kálgarður

333259 375509

Á túnakorti Þórkötlustaðahverfis frá 1918 kemur fram að kálgarðar hafi verið 950 m² í Hvammi 047. Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir: "eigandi og ábúandi Guðmundur Þorláksson. Býlið er




Kálgarður GK-011:123. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til austurs á mynd til hægri

þurrabúð á Þórkötlustaðalandi: tilheyrir landið engum sérstaklega og ekkert borgað fyrir lóðina, en lóðargjald álist hæfilegt kr. 15.00. Á lóðinni eru miklir matjurtagarðar en mál óþekkt og eins hvað þeir gefa af sér." Kálgarður er sunnan við steiptan grunn 121, hann var nýttur frá Hvammi 047 að sögn Guðbjargar Jónsdóttur, heimildamanns.

Gróið tún er umhverfis kálgarðinn, túngarður 125 afmarkar það til allra átta nema suðurs. Þar er malarvegur. Há hraunbrún er fyrir norðan og austan túnið sem er ekki nýtt.

Kálgarðurinn er um 33 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Túngarður 125 afmarkar suður- og austurhlið kálgarðsins en innan hans eru tveir hlaðnir þvergarðar. Einn er (austur-vestur) fyrir miðju og hinn er í vesturhluta (norður-suður), báðir liggja að útihúsi 121. Kálgarðurinn var pældur niður og afmarkaður með vírgirðingu til annarra átta. Hlöðnu veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og má sjá 3-4 umför af grjóti í þeim. Hleðslurnar eru hrundar og víða skemmdar vegna berjarunna og gróðurs. Rafmagnsstaur er í miðjum kálgarðinum. Það eru a.m.k. þrjú hól í honum og eru þau um 0,1 á dýpt og sjást illa, enda voru þau pæld beint niður. Hólf 1 er í suðausturhorni kálgarðsins, er 17,5 x 13 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf 2 er þar vestar, er 14x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf 3 er norðan þess og er einna óskýrast. Það er ennþá rabarbari, berjarunnar og tré innan kálgarðsins. Það virðist 14 x 5 m austur-vestur.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, 6; Túnakort 1918

GK-011:124 þúst hlutverk óþekkt

333355 375272

Undir þessu númeri eru skráðir saman tveir hólar eða þústir í túninu (um 80 m) norðaustan við Bjarmaland þar sem mögulegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði. Um það verður ekki fullýrt án frekari rannsókna en staðurinn er látinn njóta vafans. Þústirnar eru í túnbletti sem nefndur hefur verið Hólaskák samkvæmt minjakorti Ómars Smára.

Hæðirnar hafa mögulega tengst miklu hólsvæði sem er sunnan við Þórkötlustaðagötur 160 og um 40 m suðaustan við hól 124_02. Mögulegt er að þeir hafi einnig tengt tveimur



þústir GK-011:124. Á ljósmynd er horft til norðurs

samtengdum hólum norðvestar, sjá 128 en þeir eru um 25 m NNV. Milli hóla 124_01 og 124_02 er aðeins ríflega 10 m en girðing gengur þar á milli (norðaustur-suðvestur). Nyrðri hóllinn, 124_01 er mjög afgerandi þúst eða hól. Hann er um 15 x 9,5 m á stærð og 1,5 m hærra en umhverfið. Hóllinn er mjög afgerandi og sker sig úr túninu í kring og virðist ekki náttúrulegur. Hann er grasgróin og sléttur og engin eiginleg mannverk eru greinileg á honum. Syðri hóllinn 124_02 er um 13 m suðaustan við hól 124_01 en 8,5 m norðan við Þórkötlustaðagötu 160. Sem fyrr segir er girðing á milli hólanna. Hóllinn snýr norðaustur-suðvestur og er 14,5 x 6 m stór. Hann er 0,5-0,6 m á hæð en áberandi.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-011:125 garðlag túngarður/smíðaskemma 33321 375501

Á heimasíðu Ferlis segir: "Ofar má sjá mikla steingarða, ofan við Heimaland, Efraland og Þórsmörk (Hvamm). Þá hlóð Þorsteinn Þorsteinsson frá Einlandi um 1930. Þeir hafa haldist nokkuð vel, en verið haldið við. Þeir voru á mörkum Einlands." Ekki er ljóst hvaða mörk er átt við, en líklega er átt við túngarðana ofan við Hvamm, Efraland, Þórsmörk og Heimaland. Eins og áður kom fram var grjótt úr Gömlu-rétt 044 notað í hleðslurnar. Túngarðurinn afmarkar enn heimatún Heimalands, Efralands og Hvamms. Árið 2002 var hann skráður með túngarði 046 en í skráningu verndarsvæðis í byggð var hann skráður undir sérstöku númeri enda mun yngri og tengist hinum túngarðinum ekki. Rétt 044 er sambyggð túngarðinum en einnig mun eldri og því ekki hér undir. Túngarðurinn er varðveittur til allra átta, hann er horfin fyrir miðju suðurhlíðar og ekki ljóst hvort að hann var þar yfir höfuð. Þar liggja núverandi heimreiðar/malarvegir að húsunum. Innan túngarðsins var ræktað upp tún og var sáð í það á 20. öld. Áður var þarna hraun, börð og lágir og ekki mikilla óþekktra minja að vænta innan þess.

Há hraunbrún er fyrir norðan og austan bæina. Gróið tún er umhverfis húsin og túngarður 125 afmarkar það til allra átta.

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 405x220 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann skiptist í tvö hól, það vestara er umhverfis Efstaland og Heimaland, eystra hólfíð er umhverfis Hvamm/Þórsmörk. Hann er grjóthlaðinn, 0,4-1,8 m á hæð og það má greina 5-10



Túngarður GK-011:125 um tún Efralands, Heimalands og Hvamms/Þórsmörkur



Túngarður GK-011:125. Á mynd til vinstri er horft til VSV en til norðvesturs á mynd til hægri

umför af grjóti í honum, bæði er um tilhöggvið grjót að ræða sem og hraungrýti. Hann er 0,5-2 m á breidd. Það er hægt að greina mismundandi fasa túngarðsins, t.d. fyrir sunnan Þórsmörk sést vel hvernig neðsti hlutinn er mun betur hlaðinn, með tilhöggnu grjóti en efri hlutinn er einföld hleðsla úr hraungrýti. Á þessum slóðum var samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni húsveggur í smíðahúsi Guðmundar Þorlákssonar sem þar stóð. Til vesturs er túngarðurinn ekki stöndugur, bara einföld hleðsla af grjóti sem á það til að falla niður í miklu roki. Ábúendur í Efralandi halda túngarðinum við. Norðurhlutinn er einna best hlaðinn sem og garðurinn á milli Heimalands og Hvamms. Virgirðing er fast vestan og utan með túngarðinum til vesturs og suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: <http://www.ferlir.is/?id=4230>

GK-011:126 þúst hlutverk óþekkt

333274 375220

Afar ógreinileg ummerki eru um mannvist innan lóðar hjá Bjarmalandi, skammt sunnan við íbúðarhúsið. Slétt grasflöt innan lóðamarka.

Á þessum stað má annars vegar má greina óljósa mishæð í túninu sem er illgreinileg en af loftmynd má sjá að þarna er L-laga hryggur og hins vegar er hæð í framhaldi af hryggnum til austurs. Áætla má að hryggurinn sé um 20 m austur-vestur en beygir svo og liggur í um 15 m til norðurs (í átt að bílskúr) áður en hann verður ógreinilegur. Umræddur hryggur gæti verið ummerki um einhvers konar lóðarmörk. Óljós hæð er sem fyrr segir í framhaldi til austurs. Hún er mest um 0,5-0,6 m hærra en umhverfið. Hún er um 20 m í þvermál. Á henni vex mjög snögg og ljósgrænt gras. Ummerkin eru þess eðlis að mögulegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði. Loftur Jónsson heimildamaður mundi ekki eftir neinum mannvirkjum á þessum stað og taldi líklegast að þarna væri einungis hraun undir sverði.




Svæði GK-011:126, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:127 mannvirki mylla

333223 375568

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson. Vindmyllan á Heimalandi var 30 m norðaustan við Heimaland, uppi á hraunbrúninni en hún hefur verið sléttuð að hluta og hraunið sléttað. Þar er nú lyngi- og mosavaxin hraunbreiða. Umfangsmikill skjólgarður liggur til suðvesturs frá henni, fast norðan við Heimaland.



Myllustöpull GK-011:127. Á ljósmynd til er horft til VSV

Steyptur sökkull myllunnar sést enn, hún er sjálf horfin. Hann er 2x2 að stærð og 0,5 m á hæð. Úr honum koma vírar á nokkrum stöðum. Fyrir suðvestan kassann sést einföld hleðsla eða tóft. Þetta er einföld steinaröð sem er 0,1 á hæð og 1,5x1 m að stærð.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi (LJ),

GK-011:128 þúst hlutverk óþekkt

333317 375292

Þústahóll er í túninu um 75 m norðaustan við íbúðarhúsið Einland en rúmlega 20 m sunnan við útihúspúst 011. Hæðin bendir til að þar geti leynst mannvistarleifar undir sverði. Umhverfis eru rennislétt tún.



Þústir GK-011:128. Á ljósmynd er horft til vesturs

Þústirnar tvær eru í raun tveir hóltóppar á sömu þústinni. Samanlagt er hæðin 22 X 9 m að stærð og snýr NNV-SSA en segja má að suðaustari hóllinn sé 14 x 9 m stór og snýr hann norður-suður en sá norðvestari er 7 x 6 m í þvermál og snýr norðvestur-suðaustur. Hólarnir eru


sléttir og grasi vaxnir og rísa um 0,8 m hærra en umhverfið en allt er rennislétt í kring. Þeir skera sig úr túninu og mögulegt er talið að þarna leynist mannvist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-011:129 mannvirki mylla

333149 375582

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson. Vindmylla við Efraland var rúmum 40 m norðan við Efraland, uppi á hraunbrúninni en hún hefur verið sléttuð að hluta og hraunið sléttað. Þar er nú lyngi- og mosavaxin hraunbreiða.



Stöpull undan myllu GK-011:129. Á ljósmynd er horft til vesturs

Túngarður 125 liggur fast norðan við mylluna, uppi á hraunbrúninni. Vindmyllan er horfin, steypdur sökkull hennar sést enn. Hann er 0,3 m á hæð og er 1,2x1,2 m að stærð.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi (LJ),

GK-011:130 þúst hlutverk óþekkt

333279 375340

Aflöng þúst sem snýr austur-vestur er í túninu um 10 m sunnan við gerði 036-037. Hún er 175 m NNA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Í kring er bithagi fyrir hross í aflíðandi halla til suðurs.



Þúst GK-011:130. Á ljósmynd er horft til SSV

Þústin sker sig greinilega úr sléttu túninu og er 7 X 4,2 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 0,3 m hærra en umhverfið þar sem mest er. Þústin er fremur lítil en mögulegt er að einhvern tíma hafi verið lítill kofi á þessum stað. Suðurbrún hennar er óskýrust en aðrar brúnir greinilegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:131 kantur hlutverk óþekkt

333032 375506

Hlaðinn kantur er greinilegur í túni sem gert var eftir 1975, þar var áður óræktað svæði með börðum og hraunhólum. Guðbjörg Jónsdóttir, heimildamaður, man ekki eftir minjum þar. Vírgirðing er skammt sunnar, við malarveg að Efralandi, Heimalandi og Þórsmörk. Grjótið virðist tilhöggvið og liggur í "beinni" línu, þetta gæti allt eins tengst gerð malarvegarins. Kanturinn fær að njóta vafans og flýtur hér með. Kanturinn heldur áfram til austurs, en þar er hann algróinn og ekki sést glitta í grjót. Hann er tæpum 80 m suðvestan við tóft 135.



Kantur GK-011:131, horft til austurs


Túnið er afmarkað með vírgirðingu og komið í órækt. Innan þess er gras, mosi og lyng. Kanturinn er 16 m að lengd, 1 m á breidd og liggur austur-vestur. Hann er grafinn inn í túnið til norðurs og er 0,2 m á hæð. Það má greina 1 umfar af tilhöggnu grjóti í túninu. Kanturinn er ofan á náttúrulegum hrygg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:132 þúst hlutverk óþekkt

333128 375172

Hæð þar sem líklegt verður að mannvistarleifar leynist undir sverði er innan lóðamarka Sólbakka. Hún er um 25 m vestan við húsið Sólbakka og rani frá henni fjarar út um 5 m ofan (norðan) við útihús 186. Sléttuð grasflöt



Hæð GK-011:132 þar sem hugsanlegt er að fornleifar leynist undir sverði. Á ljósmynd er horft til norðurs


Hóllinn er lágur og ávalur og er 22 X 14 m. Niður frá hæðinni liggur hryggur í átt að útihúsi 002 og er hann um 14 m langur. Svæðið er mest um 0,4 m hærra en umhverfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:133 garðlag túngarður

333127 375485

Hlaðinn túngarður er fyrir sunnan malarveg sem liggur að Efralandi og Heimalandi, vírgirðing er fast norðan hans. Hann liggur til norðurs frá túngarði 046, rétt austan við Garðbæ 147 og sveigir síðan til austurs við malarveginn. Túngarðurinn liggur að fjárhúsum 137 en er rofin á tveimur stöðum þar rétt vestar. Hann er líklega yngri en túngarður 046 og er ekki merktur inn á túnakort frá 1918. Fyrir norðan túngarðinn er malarvegur, sunnan hans er gróið tún.



Garðlag GK-011:133. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA en til austurs á mynd til hægri

Túngarðurinn afmarkar þríhyrnt tún og er L-laga. Hann er 130x60 m að lengd og grjóthlaðinn. Vesturhlutinn er einna best varðveittur, hann er 2 m á breidd, 0,4-0,7 m á hæð og þar má sjá 4-6 umför af grjóti. Vírgirðing er fast til norðurs á þeim hluta. Austurhlutinn er 0,3 m á hæð en hleðslurnar eru hrundar. Þar er vírgirðingin ofan á honum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-011:134 *Heródes* álagablettur

333195 375163

Heródes "álagasteinninn eða letursteinninn, er í garðinum framan við vestari Vesturbæ. Þann stein varð að umgangast með varúð og ekki hreifa við honum annars mundi illa fara," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi. Á heimasíðu Ferlis segir: "Talið var að fornar rúnir væru markaðar á hlið steinsins, en ef vel er að gáð í réttri birtu má sjá þar klappað á bókstaf eða tákn." Steinninn er tæpum 6 m sunnan við íbúðarhús Vestari Vesturbæjar, í bakgarði hússins sem hallar til suðurs.



Álagabletturinn Heródes GK-011:134. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til SSV á mynd til hægri

Allt umhverfis hann eru grjóthleðslur og er hann fast vestan við austurhlið kálgarðs 004. Steinninn er stöpull um 0,9 m á hæð en um 0,4 x 0,25 m að stærð. Toppur steinsins er flatur en hallar til austurs. Steinninn er mosagróinn en stendur vel þótt hann halli örlítið til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi (LJ), 3

GK-011:135 tóft hlutverk óþekkt

333104 375560

Lítill tóft er uppi á hraunhól, um 55 m VNV við Efraland og rúmum 20 m vestan við Gömlu-rétt 044. Tóftin er um 10 m NNV við túngarð 125. Það er jarðrask á hólnum, víða sjást hreyfðir steinar og slétt svæði. Tóftin gæti allt eins verið herslubyrgi.



Tóft GK-011:135. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Tóftin er uppi hraunhól sem er 2-3 m á hæð en 20-30 m í þvermál. Þar eru stakir, lágir jarðfastir steinar. Sunnan við hólinn er gróið tún sem var ræktað eftir 1975. Tóftin er inn á milli jarðfastra steina í vesturhluta hólsins o er 1,8x1,3 m á stærð. Tóftin er hlaðin til vesturs frá jarðföstum steini, hann er hluti af austurveggnum. Tóftin er grjóthlaðin, veggirnir eru 0,2-0,3 m á

hæð og 0,5 á breidd. Tóftin er gerð úr einfaldri hleðslu og er opin til vesturs. Hún sést ekki fyrir en að henni er komið.

Hættumat: engin hætta

GK-011:136 vegur leið

333512 375272

Upphlaðinn vegur liggur að Hraunkoti 051 úr vestri. Austast í túni. Vegurinn sést aðeins fast vestan við bæjarleifar, á um 17 m löngum kafla en gæti hafa verið lengri, enda mótar fyrir upphækkun í túninu sem hefur verið sléttað vestan við. Vandað hefur verið til verksins og eru



Upphlaðinn vegur GK-011:136. Á ljósmynd til vinstri er horft til VSV en á myna til hægri er horft til suðurs


hleðslurnar geysifallegar, einkum á suðurhlidinni sem er mjög áferðarfalleg, og dragast aðeins að sér upp á við - þannig er halli á veginum, hann breiðastur neðst (um 3 m) en mjókkar upp á við. Vegurinn er sléttur að ofan og alveg gróinn þar. Kálgarðar eru beggja megin við veginn næst bæjarstæðinu, sjá 148 og 195.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:137 tóft fjárhús

333269 375487

Fjárhús frá Heimalandi (Guðmundur frá Heimalandi átti þau) eru sunnan við malarveg að Þórsmörk, innan túngarðs 133 að norðan og túngarðs 046 að sunnan, í s.k. Móatúni. Á myndbandi sem tekið var upp í Þórkötlustaðahverfi árið 1986 má sjá að húsin standa enn og þau sjást einnig á loftmynd af svæðinu sem tekin var eftir 2000 en þá er austurhluti þeirra reyndar horfinn. Grasvaxið tún er fyrir sunnan tóftina, vegur til norðurs. Virgirding er fast þar á milli.



Leifar fjárhúsa GK-011:137. Á ljósmynd er horft til NA

Fjárhúsin eru í norðausturhorni Móatúns. Guðmundur Jónsson í Heimalandi keypti túnið eftir að hann byggði Heimaland samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni. Grunnur fjárhúsanna sést enn, hluti af veggjaundirstöðum og steipt hólf. Af heimildum að dæma hafa húsin verið tvö og sambyggð, hið vestara var 7 x 5 m að stærð og snéri norður-suður. Eystra húsið var 12 x 6 m að stærð og snéri norður-suður. Fjárhúsin voru ekki skráð 2002 en ekki er vitað hvenær þau voru byggð eða rifin, það er ekki mjög langt síðan. Í lýsingu þessari er mannvirkjum gefinn tölustafur til aðgreiningar.

Hleðsla 01 er suðvestarlega í fjárhúsunum, mól er við hana til austurs. Hleðslan er stakir steinar sem mynda horn og suðurhlíð beggja húsanna. Steinarnir eru fremur smáir og standa 10 cm uppúr sverði.


Veggir 02 eru steypfir, þeir eru einu ummerki fjárhúsanna sem eftir standa. Þeir eru 2 m háir og mynda lítið hólf sem líklega var opið til suðurs. Hólfíð var norðaustarlega inni í fjárhúsunum. Það er nú fullt af timbri og öðru rusli. Fyrir sunnan hólfíð er hryggur eða hrúga, líklega brak úr fjárhúsunum eftir að þau voru rifin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Heimild: Myndband tekið upp í 26. júlí 1986. Árni Guðmundsson í Teigi og Jón Daníelsson. Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:138 *Eystri Austurbær* heimild um bústað 333247 375173

Á 19. öld var þrjúbýli á Þórkötlustöðum og í kringum aldamótin 1900 voru bæirnir orðnir fimm. Ekki er vitað með vissu hvor austurbærinn er sá hin upprunalegi/sá eldri. Líklega er það þó sá bær sem hér er skráður, Eystri Austurbær, hann er a.m.k. er einfaldlega nefndur Austurbær í Fasteignabók 1932 en hinn bærinn Vestari Austurbær. Árið 1932 stóð þar samkvæmt Fasteignabókinni timburhús. Í Fasteignabók 1938 er sagt að þá búi íbúar í Austurbænum í sérmerktu húsi í annarri fasteign og þá ekki talin upp á umræddum stað og er þar líklega átt við húsið Valhöll 159 en samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni byggðu síðustu ábúendur í Eystri



Ljósmynd (Ingey Arnkelsdóttir/Sigurður Kristjánsson) tekin eftir 1932 en á henni sést glitta í Eystri Austurbæ (GK-011:138 sjá rauðan kassa). Uppmæling af leifum húsgrunns til hægri.

Austurbænum húsið Valhöll 1932 og fluttu þangað og rifu eldra húsið í kjölfarið. Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1918. Í Fasteignamati 1916-1918 segir:

Eigandi Hafliði Magnússon Hrauni, ábúandi Pétur Helgason. Dýrleiki eftir síðasta mati 3.23. [...] Tún og matjurtagarðar eru sérstakt, en heidaland og hagabeit óskipt í félagi við hinar jarðirnar. Mannaverk: Túngarður úr grjóti og vírgirðingum. Matjurtagarðar 250 □ fadmar, gefa 14 tn í meðalári, 1 stór safnþró, alt í góðu standi. Tún talið 4 dagsláttur, gefur af sér 60 besta í meðalári, sléttað mætti græða meira tún. Útengi ekkert. Útbeit er fjallendi og fjörubeit, smalamennska erfið. Reki sameiginlegur við hina austurbæjarjörðina. Uppsátursréttur í sambandi við allar jarðirnar. Ágangur enginn.

Hús jarðarinnar sem landeigandi á eru þessi:

Fjós fyrir 2 kýr

Heyhús 7 1/2 × 4 al.tekur 60 besta

Hús sem leiguliði á, á jörðinni:

Íbúðarhús 9 × 6 ál. veggþæð 3 3/4, byggt af timbri, járnvaríð að mestu virt á 500

Geymsluhús 7 1/2 × 5 ál. veggþæð 4 ál.

rís 3ál. byggt úr sama efni

skúr 4 1/2 × 6 ál. sama efni

skúr 4 × 6 ál. sama efni

Eldhús 4 × 7 ál. sama efni

Hesthús fyrir 1 best

Svæðið er markað af margvíslegum yngri mannvirkjum auk þess sem þar vex talsverð sina sem



Óljós ummerki sjást nú um húsgrunn Eystri Austurbæjarins GK-011:138. Á mynd til vinstri er horft til norðurs yfir tröppur hússins sem enn má greina á kafi í gróðri en á mynd til hægri er horft til norðurs

gerir eldri ummerki ógreinilegri en ella hefði verið.

Samkvæmt Lofti Jónssyni stóðu Austurbæirnir tveir nokkuð þétt saman. "Í hinum Austurbænum bjó Pétur Helgason og Sigríður Hermannsdóttir," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Óljós ummerki sjást nú á því svæði sem Eystri Austurbær Þórkötlustaða stóð. Skýrustu ummerkin eru líklega tröppur sem lágu upp að íbúðarhúsinu sem eru fast suðvestan við malarveg að Buðlungu, 10 m norðvestan við standandi útihús frá Bjarmalandi (hús 13 á húsaskrá) en 25 m austan við Miðbæ Þórkötlustaða (íbúðarhús sem stendur 001). Tröppurnar eru steinsteyptar og sjást 3 þrep en þær eru reyndar að hverfa í sinu og gróður en þó er enn hægt að greina þær á óræktarblett sem þar er. Að tröppunum að dæma hefur húsið að hluta til verið þar sem vegurinn heim að Buðlungu liggur nú. Á þessum slóðum eru nokkur ummerki á svæði sem er 9,5 x 8,5 m stórt, þríhyrnt og liggur undir veg að norðaustan. Á svæðinu sést nokkuð greinileg suðurbrún og sér þar í grjóthleðslu á kafla, 2-3 umför. Á einu stað má sjá móta fyrir hólfi sem er alveg óskýrt til austurs en gæti hafa verið 4 x 3 m að innanmáli og snúið norður-suður. Ekki er ólíklegt að tóftin hafi verið opin til suðurs. Í aðalskráningu 2002 var hólfið skráð undir númerinu 001 B. Af ljósmynd í eigu Lofts Jónssonar sem tekin er af hverfinu eftir 1932 má sjá glitta í húsið. Það virðist hafa verið einfalt og lágreist timburhús. Samkvæmt túnakorti frá 1918 virðast hafa staðið nokkrir kofar á þessum slóðum og voru einhverjir þeirra sambyggðir. Líklega hafa lítil hús verið fast norðan við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1918, Fasteignabók 1932, 20, Fasteignabók 1938, 78, Fasteignamat 1916-1918, bls. 10, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:139 þúst útihús

333175 375395

Hóll sést í túni sem tilheyrði Einlandi 014:001 sky. túnakoti frá 1918. Þústin er 165 m NNV við bæ 014:001 og 20 m vestan við beðasléttur 141. Hún er einna greinilegust á þessu svæði.

Heimatúnið er slétt og líklega plægt. Víða í því eru lágir hólur og ekki ólíklegt að einhverjum þeirra gætu leynst mannvistarleifar, til viðbótar þessari. Það er þó erfitt að staðfesta án frekari



Þúst GK-011:139. Á ljósmynd er horft til VSV

rannsóknna.

Þústin er 8 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Stærð hólsins passar ágætlega ef þarna var útihús og hann er grænni en nánasta umhverfi. Hann er 0,2-0,3 m á hæð og norðurbrún einna greinilegust.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:140 Vestari Austurbær heimild um bústað

333232 375171

Á 19. öld var þríbýli á Þórkötlustöðum og um 1900 voru bæirnir á bæjartorfunni orðnir fimm. Ekki er vitað nákvæmlega hvor austurbærinn er sá hin upprunalegi. Líklega er það þó sá bær 138 og sá bær sem hér er skráðir því einungis byggður um eða eftir aldamótin 1900. Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1918. Í Fasteignamati 1916-1918 segir:



Myndir af Vestari Austurbæ Þórkötlustaða. Mynd til vinstri frá Lofti Jónssyni en til hægri frá Ingeyju Arnkelds dóttur/Sigurði Kristjánssyni. Á mynd til vinstri sést húsið næst okkur en á mynd til hægri er það afmarkað í bæjarröðinni með rauðum kassa. Báðar myndirnar eru frá fyrri hluta 20. aldar

Eigandi Hafliði Magnússon Hrauni, ábúandi Ólafur Þórleifsson. Dýrleiki 3.23 eftir síðasta mati. [...] Matjurtagarðar og tún eru úrskipt, en heidaland og hagbeit óskipt í félagi við hinar jarðirnar. Mannvirki: eru Túngarðar úr grjóti og vírgirðingar. Matjurtagarðar 250 □ fæðmar, gefa 15 tn í meðalári, 1 safnþró, alt í samilegu standi. Tún talið 4 dagsláttur, gefur af sér 40 besta í meðalári, helmíngur þjift, snögglent. Útengi ekkert, matti græða meira tún. Útengi ekkert. Útbeit er fjallendi og fjörubeit, smalamennska erfjöd. Reki sameiginlegur við hina býli 12 [hinn Austurbæinn sjá 138]. Uppsátursréttur í sambandi við allar jarðirnar. Ágangur enginn.

Hús jarðarinnar sem landeigandi á eru þessi:

Eldhús 6 x 3 alin, raftbygt


Hús sem leiguliði á, á jörðinni

Íbúðarhús 9 x 6 al. veggþæð 4 ½ al. ris 2 al. bygt af timbri, járnvarið að mestu

Heyhús 6 ½ x 4 al.

*Fjós fyrir 3 kjör
Fjórþús 10 x 4 al.*

Í Fasteignabók 1932 er sagt standa timburhús í Vestari-Austurbænum og 1938 eru útveggir sagðir úr timbri, járnvarðir. Austurbær Þórkötlustaða var austan við Miðbæ 001 og sunnan við hlöðu sem enn stendur við Miðbæ (sjá Hús 09 í húsakönnun). Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni stóðu Austurbæirnir tveir (sjá líka 138) mjög þétt saman. Ólafur Sigurðsson heimildamaður (f. 1941) dvaldi talsvert í Vestari Austurbænum sem barn en amma hans og afi áttu heima þar og hann var mikið hjá þeim. Húsið var samkvæmt honum rífið 1950 en ekki flutt. Samkvæmt Ólafi var hrútakofi sem var sambyggður húsinu að vestan og þegar hann svaf heyrði hann alltaf í hrútanum hinum megin við veginn. Ofan við bæinn og sambyggt honum var eldhús með torfpaki þar sem var geymdur eldiviður (hrossatað) samkvæmt Ólafi. Fiskisteinn var fyrir framan bæinn samkvæmt honum.



Áætlað bæjarstæði Vestari Austurbæjar Þórkötlustaða sýnt með grænum lit á uppstillingu. Á ljósmynd er horft yfir hluta þess svæðis sem bæjartorfan náði yfir (til suðurs) en bæjarstæðið var austast á mynd

Svæðið er grasi gróið, bæjarstæði Þórkötlustaða. Þar sem húsið stóð er greinileg hæð. Austurhlíð hæðarinnar er upphlaðin og 1,2-1,3 m á hæð og um 10 umför en ekki sést önnur hleðsla. Svæðið hallar aflíðandi til suðurs en til vesturs og norðurs er það fremur flatt og því er það í raun e.k. upphlaðinn stallur. Bærinn hefur líklega staðið þarna en á milli austurhlíðar íbúðarhúss Miðbæjar Þórkötlustaða og austurhlíðar hleðslunnar eru innan við 10 m. Engin eiginleg merki sjást um byggingu á þessum stað. Tóft 191 sem er fast austan við gæti hafa tengst Austurbænum. Svæðið er grasi gróið. Samkvæmt myndbandsviðtali við þá Árna Guðmundsson (1891-1991) og Jón Daníelsson (1904-1987) voru mjög mörg hús flutt vestur til Grindavíkur (í Járngerðarstaðahverfi) um miðja öld og var annað húsið í Austurbænum eitt þeirra. Þeir nefna ekki hvort húsið var flutt en Loftur Jónsson heimildamaður segir útilokað að það hafi verið Eystri Austurbærinn 138 þar sem síðustu ábúendur þar byggðu Valhöll 151 og rifu svo þann Austurbæ 138. Samkvæmt því mætti ætla að sá af Austurbæjunum sem hér er skráður hafi verið fluttur. Loftur Jónsson mundi þó ekki eftir því og var reyndar efins um að annar hvor Austurbæjanna hefði verið fluttur. Engu að síður geta þeir Ari Guðmundsson og Jón Daníelsson þess í myndbandi og virðist það því líklegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Fasteignamat 1916-1918, 11, Fasteignabók 1932, 20, Fasteignabók 1938, 78, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus.

<https://vimeo.com/113794968>




Beðasléttur GK-011:141. Á drónamynd til vinstri sést óljóst móta fyrir beðunum samsíða gerði en á mynd til hægri er horft yfir beðin til SSV

Beðasléttur sjást rúmum 10 m vestan við kartöflugarða 036 og tæpum 110 m norðan við Einland 014:001, innan heimatúns þess bæjar. Þar sjást fimm hryggir og lágir á milli þeirra. Þær liggja því sem næst norður-suður og ekki ólíklegt að þær tengist kartöflugörðunum sem þarna eru. Allt umhverfis er slétt, ræktað tún.

Beðasléttur eru á svæði sem er 40x25 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru 3-5 m breiðar hver um sig, 0,2-0,3 m á hæð og lágir á milli þeirra. Þær eru ógreinilegar til beggja enda en sjást á ljósmynd frá 1978.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1978



Þúst GK-011:141 og 143

Miðhús voru um 260 m NNV við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir:

Durrabúð frá býli 15 [Miðbæ Þórkötlustaða 001]. Ábúandi Vilhjálmur Jónsson. Eftirgjald 5 kr. greitt landeiganda. Lóðarstærð 400 □ faðmar yrkt í matjurtagarða. Hús á lóðinni, sem öll eru eign ábúanda eru þessi: Íbúðarhús 9 × 6 al, vegg hæð 2 4/4 al byggt af timbri, þak pappaklatt, hitt áklath. fornlegt. Skúr áfastur 7 × 3 al, úr timbri og jární

"Þar var búíð um 1900. Árið 1932 er byggt nýtt hús sem er síðan 1961 flutt í Járngerðarstaðahverfi og er nú Túngata 2," segir í húsakönnun Lofts Jónssonar um

Þórkötlustaðahverfi. Vilhjálmur Jónsson (afi Bjarna Kristins Garðarssonar heimildamanns) byggði bæinn sem reis í Miðhúsum 1932. Miðhús stóðu tæpum 30 m suðaustan við suðausturhorn íbúðarhússins Búða. Húsið var um 260 m norðvestan við Miðbæ Þórkötlustaða 001 en um 25 m suðaustan við íbúðarhúsið Búðir. Á þessum slóðum hefur safnast upp talsvert af




Miðhús GK-011:142. Á báðum ljósmyndum er horft til NNA

rusli. Gömul bílhrae eru þar, hrúgur af hellusteinum og ýmislegt annað rusl auk þess sem hlut af svæðinu er að hverfa í órækt. Gámur er fast norðaustan við svæðið.

Miðhús eru sýnd á túnakorti frá 1918, nyrst í heimatúninu milli Búða GK-011:144 til vesturs og Garðbæjar GK-011:147 til suðausturs. Húsið er ranglega merkt "Miðbær" en ekki "Miðhús" á túnakortið. Á túnakortinu eru tvö hús á bænum og kálgarðar til norðurs og er svæðið allt skráð saman undir þessu númeri. Allar þessar minjar eru horfnar, þarna er nú m.a. skúr frá Búðum, gámur og mikið drasl og vélabrak. Ekki er hægt að sjá ummerki um mannvistarlög, né bæjarhól á svæðinu en leifar sjást af steiptum grunni eru greinilegar á því syðst, þar sem Miðhús stóð áður en íbúðarhúsið var flutt til Grindavíkur. Á grunninum er mikið af ýmiss konar braki og timbri. Það sem nú vottar best fyrir eru austur- og suðurhlið grunnsins og ná alls yfir svæði sem er um 8 x 8 m stórt. Grunnurinn er mest 0,8 m á hæð til suðurs en hverfur í hæðina og ýmiskonar rusl til norðurs. Samkvæmt Bjarna Kristni Garðarssyni var eldra hús Miðbæjar örlítið norðar en yngri húsin. Samkvæmt Lofti Jónssyni var Miðhús var með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Um 4 m vestan við Miðhús stendur illa farið hús sem þjónað hefur hlutverki skemmu og hjalls eins lengi og menn muna. Þetta hús tilheyrði Miðhúsum en eigandi eftir að íbúðarhúsið í Miðhúsum var flutt til Grindavíkur lagði eigandi Búða húsið undir sig. Hjörleifur Stefánsson arkitekt telur að umrætt hús hafi á einhverju tímabili þjónað sem íbúðarhús en staðkunnugir telja það ólíklegt. Umrætt hús er skráð í Húsakönnun vegna verndarsvæðis

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Fasteignamat 1916-1918, 13, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.



Uppmæling á grunni og þúst sem eftir standa þar sem íbúðarhúsið Miðhús stóðu

GK-011:143 hleðsla kartöflugarður

333213 375355

Tveir hryggir, eða hleðslur, eru í norðurhluta heimatúns Einlands, fast sunnan við beðasléttur 141. Þeir eru rúmum 30 m suðaustan við þúst 139. Mögulega er um hluta af kálgörðum 036 að ræða, á ljósmynd sem tekin var með dróna af skrásetjara virðast verða tengsl þarna á milli.



Garðhleðsla GK-011:143 sem sléttuð hefur verið í tún. Á ljósmynd til hægri sést hversu lítið mótar fyrir hleðslunni í túninu (horft til ASA). Uppmæling: sjá GK-011:141.

Umhverfis þá eru sléttuð tún, það er rennislétt en hnútur og hryggir eru í því hér og þar. Hryggirnir eru beint sunnan við beðasléttur 141. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð, 3 m á breidd og algrónir. Það glittir í grjót á stöku stað. Hryggirnir liggja austur-vestur. Nyrðri hryggurinn er 8 m langur en sá syðri 10 m. Á milli þeirra eru 12 m.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

GK-011:144 *Búðir* heimild um bústað

333030 375402

Í Fasteignamati 1916-1918 segir:

önnur þurrabúð frá býli 15 [miðbæ Þórkötlustaða 001]. Ábúandi Þórður Magnússon. Eftirgjald 5 kr. greitt landeiganda. Lóðarstærð 400 □ fadmar að mestu matjurtagarðar. Hús á lóðinni, sem eru eign ábúanda eru þessi: Íbúðarhús 7 × 6 ál, veggbað 4 ál, ris ekkert, byggt úr timbri, járnvarið þak og önnur blið Skúr 7 × 3 ál. inngangur og geymsla Eldhús 6 × 3 ál Annar skúr 6 × 3 ½ ál (geymsla)

Bærinn Búðir er sýndur á tínakorti frá 1918, skammt norðvestan við Miðbæ 142. Hann var norðarlega í heimatúninu og kálgarður við hann til vesturs og norðvesturs. Bærinn Búðir er sýndur á tínakorti frá 1918, skammt norðvestan við Miðbæ 142. Hann var norðarlega í heimatúninu og kálgarður við hann til vesturs og norðvesturs. Nýtt íbúðarhús var byggt á svipuðum stað árið 1928 og stendur það enn (sjá nánar í húsakönnun Þórkötlustaða) en



Engin ummerki eldri húsa sjást nú á Búðum en yngsta íbúðarhúsið á bænum stendur

samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni er mögulegt að eldra hús hafi verið aðeins norðar en það sem nú stendur.


Íbúðarhúsið Búðir stendur enn þótt það sé í talsverðri niðurníðslu og umhverfis það hefur safnast upp talsvert af rusli, gömul bílhæ og fleira. Þrjú hús sem snéru stöfnum til austurs eða vesturs eru sýnd á túnakorti frá 1918. Ummerki um eldri bæ eru horfin og ekki er hægt að greina mannvistarlög né bæjarhól á svæðinu. Í húsakönnun Lofts Jónssonar segir: "Búðir: Hjónin Magnús Þórðarson og Ingibjörg Þórarinsdóttir byggðu núverandi hús 1932. Þar stóð annað hús áður."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Fasteignamat 1916-1918, 13, Loftur Jónsson (Húsakönnun), 2

GK-011:145 *Austari Vesturbær* heimild um bústað 333203 375171

Fram eftir 19. öld var þrjúbýli á Þórkötlustöðum en ekki er vitað hvort Vestari Vesturbærinn eða Austari Vesturbær (sjá 011:146) er nær því að standa þar sem hinn upphaflegi Vesturbær stóð. Hvort sem var raunin voru bæirnir orðnir fimm (011: 001, 138, 140, 145-146) í upphafi 20. aldar og teljast því allir til fornleifa í laganna skilningi. Austari Vesturbær Þórkötlustaða er merktur inn á túnakort frá 1918. Hann var á milli Miðbæjar 001 (nánar tiltekið milli hlöðu við Miðbæ 203) og



Gamlar ljósmyndir sem sýna Austari Vesturbæ Þórkötlustaða GK-011:145. Mynd til vinstri (Ingey Arnkelsdóttir/Sigurður Kristjánsson) er tekin eftir 1932 og þar er húsið sýnt með rauðum kassa. Mynd til hægri Birtist í Lesbók Morgunblaðsins 15. október 1967

Vestari Vesturbæjarins 146. Svæðið sem er á milli núverandi íbúðarhúsa er aðeins um 17 m langt og því ljóst að þröngt var búið. Af ljósmyndum af Austari Vesturbæ að dæma stóð hann nokkuð þétt upp við Vestari Vesturbæinn 146 og var aðeins örlítið bil á milli húsanna. Í Fasteignamati 1916-1918 segir:

Eigandi og ábúandi Benóný Benidiktsson. Dýrleiki eftir síðasta mati. 3,44. Landamerki sjá býli 12. Matjurtagarðar og tún eru úrskipt, en heidaland og hagbeitt óskipt í félagi við allar jarðirnar. Mannvirki: eru Túngarðar úr grjóti og vírgirðingum. Matjurtagarðar 300 □ fadmar, gefa 16 tn í meðalári, 2 safnþrær, alt í góðu standi. Tún talið 3 dagsláttur, gefur af sér 60 hesta í meðalári, slétt að miklu, grasgefið, harðlent. Útengi ekkert, mætti græða meira tún. Útbeitt er fjalllendi og fjörubeit, smalamennska erfð. Rekaplási í sameiningu við Miðbæ. Uppsátur í sambandi við allar jarðirnar. Ágangur enginn.

Hús á jörðinni, sem öll eru eign landeiganda eru þessi:

Baðstofa á porti 12 x 6 ál, meðalbæð 3 alnir, bygd úr timbri, járnvarin

Skúr við vesturhlöð 14 x 3 ál úr sperru efni

Eldhús 6 x 4 ál., járnvarið

Fjós fyrir 2 kýr

Hjallhús 9 x 6 ál. veggbæð 4 ál. úr timbri og járn

Geymsluhús, sama stærð og sama efni

Skúr áfastur 9 x 4 ál sama efni

Hest og geymsluhús 9 x 6 al sama efni

Heyhús 9 x 5 ál. tekur 80 hesta

Fjárskúr 12 x 3 1/2 al, úr timbri og járn

Fjárskúr 12 x 5 ál. úr sama efni

Fjárskúr 8 x 5 1/2 ál úr sama efni

Árið 1932 er skráð timburhús á jörðinni og það er sagt járnvarið 1938 (Fasteignabók 1932, 20 og

Fasteignabók 1948, 78). Á þessum slóðum er grasi gróin flöt nú og malarplan norðan við. Engin ummerki sjást nú um hús á þessum slóðum.


Í Austari Vesturbænum var tvíbýlt fram eftir 20. öld. Húsið sem þarna stóð var tveggja hæða timburhús sem rífið var eftir 1986 (en húsið sést á myndbandi sem tekið var upp í Þórkötlustaðahverfi árið 1986). Af því að dæma var húsið með nokkuð stórum kvisti á suðurhlíð en ekki var kvistur á norðurhlíðinni. Á jarðhæð voru a.m.k. 2 gluggar á suðurhlíð og dyr á milli þeirra og miðjugluggi á kvisti beint ofan við hurð. Tveir gluggar voru á jarðhæð á báðum göflum hússins á efri hæð og einnig lítill gluggi í risi. "Í eystri-Vesturbæ var tvíbýli (tveggja hæða hús). Þar bjuggu bræðurnir Benedikt Benónýsson og kona hans Magnúsar Ólafsdóttir á neðri hæð og Guðmundur Benónýsson og kona hans Sigríður Ólafsdóttir á efri hæð," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Lítil sem engin ummerki sjást nú um Austari Vesturbæ Þórkötlustaða en þar sem húsið stóð er grasflöt milli húsa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Fasteignamat 1916-1918, 14, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Fasteignabók 1932, 20 og Fasteignabók 1948, 78, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:146 Vestari Vesturbær heimild um bústað 333186 375167

Fram eftir 19. öld var þrjúbýli á Þórkötlustöðum en ekki er vitað hvort Vestari Vesturbærinn eða Austari Vesturbær (sjá 011:145) er nær því að standa þar sem hinn upphaflegi Vesturbær stóð. Hvort sem var raunin voru bæirnir orðnir fimm (011:001, 138, 140, 145-146) í upphafi 20. aldar og teljast því allir til fornleifa í laganna skilningi. Vestari Vesturbær er merktur inn á túnakort frá 1918. Vesturbæirnir voru tveir en nú stendur aðeins íbúðarhús þar sem Vestari Vesturbærinn



Yfirlitsmynd af Þórkötlustaðatorfunni. Engin ummerki eldri húsa sjást nú þar sem Vestari Vesturbær stóð en yngsta íbúðarhúsið á bænum stendur (GK-011:146)

stóð og er það hús byggt á 4. tug 20. aldar. Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir:

Eigandi og ábúandi Jón Þórðarson. Dýrleiki eftir síðasta mati. 3,44. Landamerki sjá býli 12. Matjurtagarðar og tún eru úrskipt, en heidaland og hagbeit óskipt í félagi við allar jarðirnar. Mannvirki: eru Túngarðar úr grjóti og vírgirðingum. Matjurtagarðar 350 □ fadmar, gefa 10 tn í meðalári, 1 safnþró, alt í samilegu standi. Tún talið 3 dagsláttur, gefur af sér 45 besta í meðalári, slétt að miklu, harðlent. Útengi ekkert. Útbeit er fjallendi og fjörubeit, smalamennska erfið. Rekapláss í sameiningu við Míðbæ. Uppsátur í sambandi við allar jarðirnar. Ágangur enginn.

Hús á jörðinni, sem öll eru eign landeiganda eru þessi:

Badstofa á porti 9 × 6 ál, meðalbæð 3 alnir, bygð úr timbri, járnrarin

Inngönguskúr með austurblið 9 × 3 ál

Eldbús 6 1/3 × 3 ál. raftbyggt

Geymslubús 8 × 6 bæð 5 1/2 úr timbri, járnrarið

Fjós fyrir 2 kýr

Hestbús fyrir 2 besta, raftbús

Fjánhús 10 × 3 al.

Heybús 8 × 5 al. grjóttveggir, járnþak

*Skúr, áfastur við baðstofu úr járni og timbri
Fískiskúr 7 × 4 ál.
Geymslukofi 3 × 2 á l*

"Í vestari-Vesturbænum bjó Einar Guðmundsson og fyrri kona hans Ingibjörg Jónsdóttir og síðar seinni kona hans Málfríður Einarsdóttir," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi. Á túnakort frá 1918 eru merktur talsverður fjöldi húsa í þyrpingu á þessum slóðum og hafa nokkur hús staðið norðan við íbúðarhúsið og eru þau skráð undir þessu númeri en ekki sérstaklega ef frá er talið hesthús/fjós sem stóð norðvestan við íbúðarhúsið fram eftir 20. öld (sjá 210). Í Fasteignabók 1932 er sagt að þar standi timburhús og ólíkt öðrum húsum á Þórkötlustaðabæjarstæðinu sé það enn óvarið 1938. Af ljósmynd sem tekin er eftir að Valhöll er byggð (1932) má sjá að þá er núverandi hús ekki risið en á sama stað stóðu þá tvö lítil timburhús. Húsið sem nú stendur var líklega byggt skömmu síðar, a.m.k. var stóð það hús þegar Loftur Jónsson (f. 1938) fór að muna eftir sér. Engin ummerki sjást nú um eldri hús á þessum slóðum en Árni Guðmundsson í Teigi (1891-1991) mundi eftir torfbæ þar sem Vestari Vesturbærinn stendur nú og kom Árni oft í hann sem barn enda Ingibjörg Jónsdóttir sem þar bjó frænka Árna.

Öll Þórkötlustaðapýrpingin stendur á lágri hæð sem fellur inn í landið til norðurs og af henni hallar afliðandi til suðurs (að sjó).

Einlyft timburhús á steinsteypum kjallara er nú þar sem Vestari Vesturbærinn stóð en engin ummerki sjást um eldri hús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Fasteignamat 1916-1918, 15, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Fasteignabók 1932, 20, Fasteignabók 1938, 78, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:147 *Garðbær* bæjarstæði bústaður
Í Fasteignamati 1916-1918 segir:


333124 375366

*Þurrabúð undir hjóli 20 [Vesturbær Þórkötlustaða, 146]. Eftirgjald er ekki greitt, en er talið hæfilegt 10 kr. á ári. Ábúandi Daniel Daníelsson og Þóra Jónsdóttir. Lóðarstærð 400 □ fadmar yrkt í tún og matjurtagarða. Hús á lóðinni, sem er eign ábúenda er:
Íveruhús 10 × 6 ál. veggbað 4 ál, byggt af timbri og járni varið að mestu.*



Íbúðarhúsið í Garðbæ og ummerki austan þess (GK-011:147). Horft til norðurs/NNA

Garðbær er sýndur á túnakorti frá 1918 nyrst í heimatúninu, skammt suðaustan við Miðbæ 142. Það eru sýnd fjögur hús á bænum á túnakortinu og stafnar snéru til suðurs. Í Húsakönnun Lofts Jónssonar segir: "Garðbæ byggðu hjónin Daníel Daníelsson og Þóra Jónsdóttir. Núverandi hús byggðu þrjú af börnum þeirra 1933 en því hefur verið breytt nokkuð síðan." Kálgarðar voru bæði til norðurs og suðurs frá bænum en þeir eru mikið raskaðir. Kálgarður 039 er fyrir sunnan bæinn en kálgarðarnir til norðurs eru horfnir, einungis hluti af kálgarði 038 er þar eftir. Núverandi íbúðarhús er byggt í vesturhluta bæjarhólsins og mikið jarðrask er af þeim sökum. Fyrir austan og vestan íbúðarhúsið eru haugar með mannvistarleifum sem komu upp við jarðrask. Þetta er m.a.



Ummerki austan við íbúðarhúsið í Garðbæ (GK-011:147)

steypa og grjót.

Gróin, ræktuð tún eru sunnan, vestan og austan við bæinn. Til norðurs er núverandi íbúðarhús og jarðrask. Gamli bærinn er horfinn og ekki sér móta fyrir bæjarhól, íbúðarhúsið er byggt í vesturhluta hans. Í austurhluta er m.a. búið að grafa niður rotþró með tilheyrandi raski. Það sést glitta í hlaðinn vegg suðaustan við húsið, það er hluti af húsi sem sést á ljósmynd frá 1978. Húsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918, það er innan kálgarðs 039. Veggurinn er 2 m á breidd, 0,5 m á hæð og grjóthlaðinn. Það mótar fyrir hólfi sem liggur austur-vestur, norðan við vegginn en eins og fyrir segir er mikið jarðrask til norðurs, m.a. búið að grafa rotþró í austurhluta bæjarhólsins og erfitt að áætla frekar um minjar á bæjarhólnum og umfang hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, 16, Túnakort 1918; Loftur Jónsson (Húsakönnun), 2

GK-011:148 gerði kálgarður

333506 375258

Tveir kálgarðar eru vestan við Hraunkot 051. Milli þeirra liggur upphlaðinn vegur heim að bænum, sjá 136. Hér er skráður syðri garðurinn en sá nyrðri hefur númerið 195. Grasi gróinn kálgarður, sléttuð tún er vestan og sunnan við.

Garðurinn er ferkantaður, alls rúmlega 20 x 15 m stór og snýr norður-suður. Líklega



Kálgarður GK-011:148. Á ljósmynd er horf til norðurs

hefur verið op á honum til vesturs og op er sömuleiðis í norðausturhorni, upp við veginn sem þar er. Greinilegar grjóthleðslur eru meðfram hliðum (allt að 0,8 m háar) - og suðurhlið vegar 136

markar hann til norðurs. Frá suðausturhorni garðsins liggur grjóthleðsla áfram rúma 20 m til austurs, næstum út að túngarði 105. Í eldri lýsingu, frá 2002, kemur fram að grjóthlaðnar tröppur liggi niður í garðinn í norðausturhorni frá bænum. Garðurinn er að nokkru leyti niðurgrafinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:149 heimild um bústað Brekka 333271 375191


Húsið Brekka var á milli Bjarmalands og Buðlungu. "Það hús byggðu Kristinn Jónsson og Guðríður Pétursdóttur. Þau fluttu húsið í Járngerðarstaðahverfi árið 1949. Það er nú Arnarhraun 4," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Íbúðarhúsið var byggt eftir 1920 og telst því ekki til fornleifa í skilningi laganna en staðsetning þess var þó skráð og höfð með á fornleifalista samkvæmt ráðleggingum frá Minjastofnun Íslands um skráningu á minjum innan verndarsvæðis byggð. Samkvæmt upplýsingum frá Árna Guðmundsyni (1891-1991 á myndbandsupptöku sem er varðveitt á ISMUS) stóð Brekka nálægt vegi að Buðlungu, austan hans og aðeins norðar en að vera til móts við norðurenda fjárhúsa frá Bjarmalandi sem enn standa (hús 13 á húsaskrá). Húsið var staðsett með aðstoð frá Lofti Jónssyni. Þar sem húsið stóð er nú malarplan þar sem geymdar eru heyrullur. Engin ummerki sést um húsgrunninn. Sjálft húsið er nú Arnarhraun 4.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun um Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:150 *Kron* heimild um verslunarstaður 332898 375429

Í Húsakönnun Lofts Jónssonar segir: "Austan við túnið í Teigi, rétt norðan við beygjuna á veginum, var hús þar sem Kron (Kaupfélag Reykjavíkur og nágr.) hafði verslun í nokkur ár. Síðast var verslunin opin þar í árslok 1949. Afgreiðslumaður var Árni Helgason. Hann afgreiddi líka í verslun Kron í Múla. [...] Vestan við veginn var byggt hús sem hýsti pöntunarfélag og var



Verslunin Kron sést á loftmynd frá 1978 (LMÍ) til vinstri en sama svæði á mynd til hægri árið 2018.

það starfrækt þartil Versl. Katla tók til starfa ca. 1952. Það hús var selt Kron sem flutti það í Járngerðarstaðahverfi og var það sett niður næst neðan við Bræðraborg á horni Víkurbrautar og Sunnubrautar. Þangað flutti verslun KRON frá Múla." Verslunin Kron er horfin en húsið sést á loftmynd sem tekið er um 1978. Hún var um 160 m norðan við Hraðfrystihúsið en skammt norðvestan við veginn sem liggur frá veginum að Þórkötlustöðum og að gamla þjóðveginum 028 sem enn er notaður. Þarna er nú sléttur melur og gróið svæði þar sem húsið var

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2-3

GK-011:151 heimild um bústað Valhöll

333230 375231

"Valhöll: Feðgarnir Pétur Helgason og Þórarin Pétursson byggðu húsið Valhöll 1932. Það var rífið 2010," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Húsið var byggt árið 1932 og telst því ekki til fornleifa í laganna skilningi en staðsetning höfð með á lista yfir fornleifar í Þórkötlustaðahverfi vegna verndarsvæðisskráningar 2017 að ráðleggingu Minjastofnunar



Áætluð lóðamörk og staðsetning Valhallar af loftmynd frá 1978. Myndin af húsinu er tekin skömmu áður en það var rífið. Eigandi: Loftur Jónsson

Íslands.

Valhöll stóð þar sem nú er sléttuð grasflöt ofan við Þórkötlustaðaveg en vestan við malarplanið sem er sunnan Einlands 014:001 og vestan íbúðarhússins í Bjarmalandi. Engin ummerki sjást um húsið sem var rífið 2010 en steinstöpull hefur verið settur sunnarlega á svæðið. Af eldri loftmynd af svæðinu má sjá að húsið hefur verið 9 x 8,5 m að grunnfleti en sambyggt því að vestan var hús eða inngangsskúr sem var um 5,5 x 5,5 m stórt. Lóðin var um 28 x 26 m stór og var að hluta mörkuð af með steinsteyptum vegg. Af ljósmynd að dæma var húsið kassalaga og tvær hæðir með flötu þaki. Gengið var inn í húsið að sunnanverðu inn í viðbyggingu, á 2. hæð. Á neðri hæð/kjallara voru fjórir gluggar á suðurhlíð en tveir stærri gluggar á 2. hæð. Húsið var afhent slökkviliðinu til æfingar og rífið í kjölfarið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, ódagsett ljósmynd úr safni Lofts Jónssonar

GK-011:152 Pöntunarfélag

332931 375276

"Vestan við veginn var byggt hús sem hýsti pöntunarfélag og var það starfrækt þartil Versl. Katla tók til starfa ca. 1952. Það hús var selt Kron sem flutti það í Járngerðarstaðahverfi og var það sett niður næst neðan við Bræðraborg á horni Víkurbrautar og Sunnubrautar. Þangað flutti verslun KRON frá Múla. Sumarbústaður í Siglu [á Vondavelli] var fluttur þangað árið 2009," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Pöntunarfélagshúsið var áður innan við 20 m norðaustan við gamla Hraðfrystihúsið, fast neðan við Þórkötlustaðaveg og ofan við gamalt fjárhús sem enn stendur (Hús 03 í Húsakönnun). Þar er grasflöt í órækt en ekki eru greinileg merki um húsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2-3

GK-011:153 Laufás heimild um bústað

333171 375149

"Laufás: Skammt sunnan við Sólbakka, við grjótgarð umhverfis kartöflugarðana frá Þórkötlustöðum stóð húsið Laufás," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um

Þórkötlustaðahverfi. Laufás var vestan við vesturhlið kálgarðs við Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða 011:004. Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru tvö útihús sambyggð vesturhlið kálgarðsins að vestanverðu og það þriðja sem stóð nyrst, var stakstætt. Líklega hefur Laufás verið byggt á svipuðum slóðum og það hús eða mögulega á leifum þess.

Engin ummerki sjást um íbúðarhúsið en þar sem það stóð er malarvegur til suðurs, í átt að sjó, vestan við vestanverðan kálgarðsvegg 004. Skemma eða geymsla úr timbri og bárujárnri (Hús 11 í húsakönnun svæðisins) er rétt sunnan við þar sem Laufás hefur staðið.


Á þessum stað byggði Einar Guðmundsson fyrst verbúð sem var síðar breytt í íbúðarhús samkvæmt Árna Guðmundssyni og Jóni Danielssyni (á myndbandsupptöku frá 1986) þá segja þeir að langt sé orðið síðan húsið hafi verið rífið. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni stóðu tvö hús á þessum stað, mögulega sambyggð. Það austara var skemma og oftast nefnt "Rauða húsið" en sjálft íbúðarhúsið var vestar. Laufás stóð þegar Loftur (f. 1938) man fyrst eftir sér en hann man þó ekki vel eftir útliti þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 3, Túnakort 1918, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:154 *Teigur (eldri)* þúst bústaður 333388 375121

"Austast var Klöpp [013:001] þar sem bjuggu Guðmundur Jónsson og Margrét Árnadóttir. Þar byggði sonur þeirra Guðmundur nýtt hús rétt við gamla torfbæinn og nefndi það einnig Klöpp [013:004]. Sonur þeirra Árni byggði og hús þar sem hann nefndi Teig," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Samkvæmt upplýsingum sem koma fram hjá Árna Guðmundssyni (1891-1991) í myndbandi varðveittu hjá Ísmus var húsið byggt um 8 árum fyrir flóðið 1925, þá líklega 1918-1919 og var timburhús. Árni reif húsið eftir Stóraflóðið 1925 og flutti vestur eftir og stepti svo upp það hús sem stendur í dag (Klöpp/Teigur, sjá umfjöllun í húsakönnun vegna verndarsvæði). Það hús er byggt 1934 og er mögulegt að Árni hafi búið annars staðar á milli 1925-1934. Eldri Teigur, það bæjarstaði sem hér er skráð, er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og hefur líklega risið ári síðar. Húsið er merkt inn á uppdrátt Lofts Jónssonar. Samkvæmt Árna Guðmundssyni byggði hann húsið á hólnum sem nefndur var Harðhaus. Húsið og aðrar minjar utan við túnblett Klappar/Buðlungu eru skráðar undir jarðanúmeri Þórkötlustaða (GK-011), en rétt að ítreka að svæðið hefur tilheyrt hjáleigunum (GK-012/013), a.m.k. frá því í upphafi 20. aldar.



Uppmæling og ljósmynd af minjum GK-011:154. Á ljósmynd er horft til norðurs

Lítill ummerki sjást nú þar sem Teigur stóð áður en þar er hæð/hóll í túninu, fast austan við túngarð Klappar 013:005 og fast sunnan við túngarð 011:164.

Hæðin þar sem Teigur stóð er um 15 m austan við gamla Klappar og Buðlungabæinn (012:001 og 013:001). Hún er um 35 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar sem hæðin rís hæst er hún um 1 m hærra en umhverfið. Hún nær að túngarði 011:164 en raunar má á kafla sjá

að mörk hennar eru norðan túngarðsins (1-2 m). Allra vestast á henni, um 1 m austan við túngarð 013:005 er þúst sem var gefið númerið 154_01. Þústin er 6,5 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún hefur líklega verið opin til suðurs. Þústin er frekar lá (um 0,2 m á hæð) og fellur inn í umhverfið. Engar grjóthleðslur sjást. Um 22 m austar, við austurenda hólsins er hnúta sem hér fær númerið 154_02. Um greinilegan hól er að ræða og er dæld inn í hann að austan en ekki er hægt að tala um eiginlega tóft. Hóllinn er 6 x 6 m að stærð. Umhverfis er grasi gróið og fremur sléttlent en svæðið er nú nýtt sem beitihólf fyrir hross. Sjórinn hefur kastað töluverðu af grjóti inn á svæðið allra syðst.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:155 *Vestur-Buðlunga* heimild um bústað 333324 375120

"Rétt vestan við Buðlungu voru tvö hús sem nefndust Vegamót og Vestur-Buðlunga," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Vestur-Buðlunga var líklega stutt vestan við Buðlungu 012:001 en austan við Vegamót 156. Ekki er vitað hvenær húsið er byggt, eða hvenær það var rífið/tekið niður en líklega var hvort tveggja á fyrri hluta 20. aldar.

Á þeim stað er malarplan sunnan við skemmu og fjárhús og þar sunnan við tekur við túnskiki niður að sjó. Ekki sjást skýr merki um hússtaði á þessum slóðum. Loftur Jónsson heimildamaður telur að bæði Vegamót og Vestur-Buðlunga hafi verið þar sem nú er malarplan sunnan við útihúsasamstæðu hjá Buðlungu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4

GK-011:156 *Vegamót* heimild um bústað 333328 375113

"Rétt vestan við Buðlungu voru tvö hús sem nefndust Vegamót og Vestur-Buðlunga," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi. Loftur merkir húsið hins vegar ekki inn á uppdrátt af svæðinu sem hann teiknar og fylgir með húsakönnun. Húsið er hins vegar merkt inn á húsa og minjauppdrátt Ferlis/Ómars Smára af Þórkötluhverfi og samkvæmt því var um 30 m sunnan við austurhluta íbúðarhússins í Buðlungu og 10-15 m vestan við skemmu/fjárhús sem stendur á bænum (2017). Ekki er vitað hvenær húsið er byggt, eða hvenær það er tekið niður en líklega var hvort tveggja á fyrri hluta 20. aldar.

Húsið hefur samkvæmt tiltækum upplýsingum staðið þar sem nú er sléttað tún sunnan við Buðlungu og líklega náð inn á malarplan sem eru vestan við skemmu og fjárhús.

Samkvæmt upplýsingum frá Árna Guðmundssyni (1891-1991) sem fram koma í myndbandi sem aðgengilegt er á Ísmus var húsið alveg þokkalega stórt. Engin ummerki sjást um húsið nú. Loftur Jónsson heimildamaður telur að bæði Vegamót og Vestur-Buðlunga hafi verið þar sem nú er malarplan sunnan við útihúsasamstæðu hjá Buðlungu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Minjauppdráttur Ómars Smára Ármannssonar, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-011:157 *Sjávargata* heimild um leið 333240 375149

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata til suðurs, að sjó frá Austurbæjum Þórkötlustaða. Gatan er ein þriggja gatna (sjá einnig 034 og 205) sem legið hafa frá Þórkötlustaðabæjunum og að sjó. Innan við 15 m eru frá þessum götum og til vesturs að miðgötunum 205. Umhverfis er talsverð órækt í halla til suðurs.



Götur GK-011:157. Á ljósmynd er horft til NNV


Óljós ummerki má finna um traðir á þessum stað. Upphaflega má gera ráð fyrir að þær hafi verið um 60 m langar og nálega legið norður-suður. Götturnar hafa verið fast vestan við gerði 006 og markar austurhlið gerðisins vesturhlið traðanna. Á stuttum kafla má greina traðarvegg að austan og voru þau ummerki skráð sem möguleg tóft (007) í aðalskráningu 2002. Líklegra er þó að þetta séu leifar traðanna þótt hlaðið hafi verið fyrir þær á einum stað og lítið eimi eftir af þeim. Hledslan er sem fyrr segir upp við vesturhlið kálgarðs 007. Hún er merkjanleg á um 12 m löngum kafla og eru traðirnar 1,5-2 m breiðar á milli traðarveggjanna. Mögulegt er að eftir að traðirnar féllu úr notkun hafi grjótt úr þeim verið endurnýtt í gerði, a.m.k. hefur verið hlaðið fyrir norðurenda þeirra og hann niðurgrafinn. Auk þess sem í miðjum tröðunum er að finna dálitla grjótdreif þvert yfir traðirnar. Hún er of dreifð og óljós til að hægt sé að túlka hana sem eiginlegan vegg. Svipuð ummerki fundust í tröðum Klappar, sjá GK-013:003.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:158 heimild um myllu

333321 375154

Í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson segir: "Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa." Vindmylla Buðlungu var ekki stakstæð bygging heldur var myllan á þaki íbúðarhússins þar.



Yngsta íbúðarhúsið í Buðlungu (sjá frekari upplýsingar í húsakönnun). Vindmyllan stendur á húspakinu austanverðu. Ljósmynd tók Ingey Arnkelsdóttir, eigandi Sigurður Kristjánsson

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

GK-011:159 heimild um leið

333234 375235

Samkvæmt túnakorti Þórkötlustaðahverfis frá 1918 lá gata frá Einlandi GK-014 að brunni 008. Gatan er horfin, m.a. vegna byggingu Valhallar og ýmiskonar annarra framkvæmda. Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:160 Þórkötlustaðagata gata leið

333463 375325

Þórkötlustaðagötur lágu milli Þórkötlustaða og Hrauns og sjást talsverð merki þeirra ennþá innan túns og utan. Göturnar liggja frá Hrauni til vesturs um Slokahraun en voru aðeins skoðaðar innan verndarsvæðis, í túni Þórkötlustaða 2017. Á þeim kafla er gatan merkt inn á túnakort frá 1918, frá túnjaðri og að bæjarhláðinu á Þórkötlustöðum (nær að Austari Austurbænum 138. Á þessu svæði er gatan merkjanleg allra austast, skammt norðvestan við Hraunkot 051, nálægt túnjaðri en fjarar út í túnið eftir því sem vestar dregur í túnið. Gatan er merkt inn á Minjakort Ómars Smára Ármannssonar af Þórkötlustaðahverfi. Sléttuð tún eru allt í kring.



Þórkötlustaðagötur GK-011:160. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til austurs á mynd til hægrænum stendur

Allra efst við túnjaðar Þórkötlustaða er dældin um 1 m á breidd og 0,4 m á dýpt. en verður breiðari og greinilegri eftir því sem ofar (suðvestar) dregur. Gatan er mjög skýr á um 100 m kafla en verður þá óljós og er að mestu sléttuð í túnið þar ofan við þótt óljós merki hennar sem rák í túnið megi rekja á um 50 m kafla til viðbótar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Minjakort Ómars Smára Ármannssonar af Þórkötlustaðahverfi

GK-011:161 *Hraunkotsgata* gata leið

333541 375308

Tóftir Hraunkots 051 eru austast í túninu, um 300 m austnordaustur af Miðbæ Þórkötlustaða 001, við túngarð 105. Gatan milli Hrauns og Hraunkots 051 lá í vestur í gegnum hraunið frá Hrauni og með stefnu á kotið. Það sér móta fyrir götunni í hrauninu austan Hraunkots en best í landi Hrauns. Hins vegar er hún horfin í túninu vestan kotsins og sést því ekki innan þess svæði sem var skráð 2017 í tengslum við verndarsvæði. Gatan er merkt inn á Minjakort Ómars Smára Ármannssonar.

Hraunkot er í túnjaðri Þórkötlustaða en austar tekur við Slokahraun. Ekki eru greinileg merki um götuna innan túns við Hraunkot en op eða hlið er á túngarði 030 tæplega 40 m norðan við bæ 051 þar sem gatan hefur legið í gegn. Fast norðaustan við túngarðinn má sjá dæld í framhaldi af hliðinu en gatan tekur á sig en hún verður fljótt mjög skýr í hrauninu og liggur í gegnum það til norðurs að Hrauni. Hún var ekki skráð utan túns þegar fornleifaskráning var gerð vegna verndarsvæðis 2017

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Minjakort Ómars Smára Ármannssonar



Á myndinni má sjá hvar Hraunkotsgata GK-011:161 lá út úr túninu í Hraunkoti og til austurs

GK-011:162 *Stóralón* frásögn þvottastaður

333243 375051

Stóralón er í klöppunum niður undan Bakkanum, skammt austan við Vötnin 029. Stóralón var um 130 m SSA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Þar sem Stóralón var mörkuðu klettur eins konar "garð" í sjávarmálinu og mynduðu þannig eins konar tjörn í sjávarmálinu. Tjörninn sést enn en sjórinn hefur nú kastað talsverðu að grjóti yfir svæðið.



Stóralón GK-011:162. Á báðum myndum er horft til suðurs


Stóralón var náttúrulegt. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var þar eingöngu sjór en þar stóð jafnan talsvert vatn. Þar var þveginn þvottur t.d. sokkar, utanyfirföt og annar grófari þvottur.

Hættumat: hættu, vegna rofs

GK-011:163 mannvirki mylla

332732 375434

Í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson segir: "Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og



Uppmæling og ljósmynd af stöpli myllunnar GK-011:163. Á ljósmynd er horft til suðurs

Efraland með vindmyllur til ljósa." Stafholtsmyllan er í bakgarði Stafholts, um 30 m suðvestan við húsið.

Hraunhöllinn er áberandi, hár og brattur. Þar eru lágir klettur og jarðfastir steinar á milli mosa og annars gróðurs.

Vindmyllan sést ennþá uppi á hraunhól, sunnan við Stafholt. Steinsteypur kassi ber vindmyllunni merki, hann er 2 x 1 m að stærð og 0,4 m á hæð. Uppi á steinsteypum sökkli vindmyllunnar er mastur sem er í notkun.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þórkötlustaðahverfi (LJ), 2

GK-011:164 garðlag túngarður

333371 375126

Túngarður sem líklega hefur girt af tún sem tilheyrir hefur Buðlungu/Klöpp, er austan sjálfs heimatúnsins. Í skráningunni eru minjar innan túns (og við túngarð, sjá 011:012, 050, 154, 172, 174, 197-198) allar skráðar innan Þórkötlustaða (á númerið GK-011) en aðeins minjar innan sjálfs túnstæðis Klappar/Buðlungu skráðar á númer býlisins Klappar (GK-013). Þetta er í samræmi við þá meginreglu að minjar sem eru utan nánasta nágrenni býla í hverfinu séu skráðar undir almenn númer innan Þórkötlustaða en ekki innan býlis þótt þau hafi sum hver sérstök bæjarnúmer. Innan garðs er grasi gróið tún en svæðið er nú nýtt sem beitihólf fyrir hesta og er girðing á garðinum að hluta. Nokkrar litlar tjarnir eru á því norðarlega.



Uppmæling á garði GK-011:164



Túngarður GK-011:164. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til austurs á mynd til hægri

Túngarðurinn markar af svæði sem er 160 x 70 m stórt og snýr austur-vestur. Túngarður 164 er mjög stæðilegur og stendur ennþá vel. Norðurhlið hans er nærri því óröskuð og svípaða sögu er að segja um austurhlið. Engin merki sjást um suðurhliðina en af túnakorti frá 1918 að dæma hefur verið garður þar áður. Sjávarrof hefur því alveg tætt hann í sig enda ljóst að sjávarrof étur land á þessum slóðum og feykir miklu magni grjóts yfir svæðið. Vesturveggur er sameiginlegur túngarði Klappar/Buðlungu (sjá 013:005) og er skráður með honum.




Túngarður GK-011:164, horft til SSA

Túngarðurinn er fyrst merkjanlegur innantúns á Klöpp, um 3 m norðaustan við bæjartóft 013:001. Á milli er hrúga af grjóti (um 4 x 1 m) sem mögulega hefur verið tekin úr garðinum og er raunar líklegt að hann hafi náð aðeins lengra til austurs eða sudausturs. Vesturhlið gerðisins er annars heil og liggur í 160 m austurs áður en hún tekur 80°beygju til SSV og liggur alla leið að fjörukambinum þar sem hún hverfur í grjótdreif sem sjór hefur kastað á land á þessum slóðum. Samtals er austurhliðin um 70 m á lengd en op er á henni um 25 m sunnan við hornið á gerðinu. Garðurinn er alveg hlaðinn úr grjóti og er víða 6-8 umför af hleðslu í honum þótt á kafla hafi nokkuð hrunið úr honum. Fjárhús frá Klöpp (GK-011:050) er sambyggt við austurhlið garðsins að austan og óljós þúst (GK-011:172) er það einnig, um 23 sunnan við tóft 050. Greinilegt er að túngarðurinn hefur verið byggður ofan á eldri garðlög sem birtast sem hæðir og hryggir í túninu og liggja undir garðinn (sjá nánar GK-011:174).

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918



Uppmæling á staðsetningu myllu við Teig og Klöpp (GK-011:214). Á ljósmynd er horft niður

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Loftis Jónssonar um Þórkötlustaðahverfi. Samkvæmt Lofti Jónssyni var vindmylla frá Teigi um 20 m norðaustan við íbúðarhúsið í Teigi, rétt utan lódamarka Teigs og sjást enn óljós ummerki um stallinn undan henni á grasflötinni. Grasi gróin hæð.

Á þessum stað sjást grjótleifar í sverðinum 1,3-1,5 m í þvermál og taldi Loftur Jónsson líklegast að það væru ummerki um vindmylluna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

GK-011:166 sáðslétta tún

Greinilegar beðasléttur eru í Buðlungatúni um 230 m austan við Miðbæ Þórkötlustaða 001, en um 110 m suðvestan við Hraunkot 051. Umhverfis er sléttað tún en svæðið er nú (2017) nýtt sem beitihólf fyrir hross.

Beðaslétturnar hafa verið sléttaðar í tún en sjást þó vel, sérstaklega nyrsti hluti þeirra. Samanlagt má segja að slétturnar nái yfir svæði sem er um 60 x 30 og snýr svæðið norðvestur-suðaustur. Syðstu 30 m eru

hins vegar nokkuð óljósir. Samtals má segja að fimm greinilegar beðasléttur sjáist en aðrar fimm séu ógreinilegrar allra syðst. Hver beðaslétta samanstendur af hrygg sem er um 4 m og dæld við hann sem er um 1 m á breidd. Flestar eru þær um 30 m langar en ein þeirra virðist nokkuð lengri.



Uppmæling á beðasléttum GK-011:166




Beðasléttur GK-011:166 úr lofti og jörðu niðri

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:167 mannvirki mylla

332677 375263

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi eftir Loft Jónsson. Vindmylla til ljósa var við Auðsholt. Húsið á Auðsholti var byggt árið 1945 og myllan reist í tengslum við það þannig að hún telst ekki til fornleifa í laganna skilningi en ákveðið var að skrá myllur í hverfinu vegna fyrirmæla Minjastofnunar um skráningu í tengslum við verndarsvæðis í byggð. Samkvæmt Lofti Jónssyni var myllan nálægt lóðamörkum og nærri hrauninu. Þar er hæð innanlóðamarka og á henni er á einum stað svolitíð hrófl af steinum og steypa í. Var myllan líklega þar um 35 m vestan við íbúðarhúsið í Auðsholti. Staðurinn er á hæð, nærri hraunjaðrinum, innan lóðar.



Myllustæði GK-011:167. Á ljósmynd er horft niður

Á þessum stað er grjótdreif sem er um 1,4 m í þvermál. Steinarnir eru dreifðir og svolitlar leifar af steypu sjást. Myllan var á þessum slóðum og taldi Loftur Jónsson þetta líklegustu staðsetningu hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.


GK-011:168 Öskugarður garðlag varnargarður

333266 375099

Garðlag sem líklega hefur að hluta til verið varnargarður lá áður frá túninu í Buðlungu/Klöpp og til vesturs alla leið að kálgörðum 007 frá Austurbæjum Þórkötlustaða. Garðurinn hefur einnig markað af suðurhlíð túna sem tilheyrðu Buðlungu/Klöpp. Segja má að þetta garðlag og suðurhlíð garðlags 164 austar hafi mögulega tengst en á milli er túnskiki Buðlungu/Klappar auk þess sem

suðurhlið fyrrnefnds garðs er alveg horfin í rof. Garðurinn sem hér er skráður hefur upphaflega verið tæpir 110 m á lengd og var fast ofan við fjörukambinn. Á þeim slóðum sem garðurinn var hefur sjórinn þeytt yfir nokkru grjóti og er garðurinn alveg horfinn á löngum kafla.

Hér er skráður meintur sjóvarnargarður sem nær í vestri frá kálgarðsenda 007 og endar í heimatúni Buðlungu/Klappar þar sem hann fjarar út í sjávarrof. sem fyrr segir má telja að suðurhlið túngarðs 164 hafi verið framhald sama garðs til austurs en hún er nú alveg horfin. Stuttir bútar af garðlaginu sjást á a.m.k. þremur stöðum og verða partarnir kallaðir A, B og C í lýsingu þessari til aðgreiningar.



Sá hluti GK-011:168 sem er beint niður undan Buðlungu/Klöpp. Á ljósmynd er horft til suðurs

Garðpartur A er allra vestast. Hann sést beint austur af suðurenda gerðis 007_02. Þar er hægt að greina hrygginn á um 16 m kafla og sér á stöku stað í eiginlegar hleðslur en víða eru merkin aðeins ógreinilegur grjóthryggur. Garðurinn er 0,6 m á hæð og norðurbrúnin er skýrari en suðurbrúnin. Á þessum slóðum er grjóthrúga úr sundvörðunni sem þarna stóð 015.

Garðpartur B er 45 m austan við A og má gera ráð fyrir að garðurinn hafi áður náð um það svæði en nú sjást lítil sem engin merki á því Garðbútur B er um 16 m langur og er allt að 3 m á breidd þótt grjótdreif sem sjórinn hefur kastað á land hylji hann að hluta. Hann er allt að 1,5 m á hæð og allt að 8 umfjör að grjót en hann er talsvert mikið hrunið. Tímburstaurar eru í honum hér og þar. Til austurs enda garðlagið við traðir Klapparbæjarins 013:003 en handan (austan) traðanna má enn greina framhald, Garðbút C. Í raun má segja að líklegast hafi þessi hluti verið túngarður Klappar (sjá 013:005) og var hann nefndur Öskugarður samkvæmt Árna Guðmundssyni (f. 1891-1991) það bendir til þess að öskuhaugur hafi verið við garðinn á þessum slóðum.

Garðbútur C er um 15 m langur en á kafla er hann alveg horfinn í grjót sem sjórinn hefur borið sjávargrjót yfir hann. Garðurinn er mest um 3 m á breidd og liggur til austurs frá tröðum Buðlungu/Klappar (013:003). Garðurinn hverfur í fjörukambinn tæpum 10 m vestan við suðurenda vallargarðs Klappar 013:005. Norðan við garðinn er grjóthruða frá honum til norðurs en ekki er ljóst hvaða tilgangi hún þjónaði.



Öskugarður GK-011:168 sést best neðan við Buðlungu og Klöpp fyrir miðri mynd en slitur af garðinum má þó greina lengra til bæði austurs og vesturs

Garðbútur D er hrúga af grjóti í fjörinni sem er mosavaxið og gæti staðið í einhverju samhengi við meintan sjóvarnargarð. Hún er um 5 m austan við enda garðlags C. Hrúgan er 0,3 m á hæð en 1-2 m á stærð. Af loftmyndum frá 1956 og 1978 má sjá að garðurinn hefur verið samfelldur á milli þeirra garðbúta sem nú sjást eftir. Stærstur hluti hans er hins vegar horfinn í grjótdreif sjávar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus.

<https://vimeo.com/113794968>, Loftmynd frá LMI 1956 og 1978

GK-011:169 garðlag hlutverk óþekkt

333179 375238

Gróinn hryggur sem gæti verið leifar garðlags, liggur til vesturs frá gömlu lóðarmörkum Valhallar og að girðingu vestar. Hryggurinn er um 28 m norðan við Þórkötlustaðaveg. Garðurinn er



Sléttaðar garðleifar GK-011:169 úr lofti og af jörðu niðri. Á ljósmynd til hægri er horft til austurs


ofarlega í afgirtu hólfi sem líklega hefur verið nýtt sem beitihólf á síðustu árum. Umhverfis er grasi gróid, svæðið er flatt og sker garðurinn sig vel frá umhverfinu.

Hryggurinn er um 35 m á lengd og snýr austur-vestur. Hann endar nokkuð snögglega til beggja átta. Hryggurinn er ávalur, um 4 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki er ólíklegt að garðlag hafi verið á þessum stað þótt ekki sé hægt að útiloka að þarna hafi einfaldlega verið hrúgað upp skjólgarði í seinni tíð. Hryggurinn er um 35 m á lengd og snýr austur-vestur. Hann endar nokkuð snögglega til beggja átta. Hryggurinn er ávalur, um 4 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki er ólíklegt að garðlag hafi verið á þessum stað þótt ekki sé hægt að útiloka að þarna hafi einfaldlega verið hrúgað upp skjólgarði í seinni tíð. Loftur Jónsson veit ekki til þess að þarna hafi verið mannvirki nema að trémerki (þríhyrningslaga) til innsiglinga, sem var á svipuðum slóðum, neðst í Brunnskák, en ljóst er að hryggurinn tengist því ekki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:170 þúst hlutverk óþekkt

333298 375128



Þúst GK-011:170. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Í túninu sunnan við íbúðarhúsið í Buðlungu eru ójöfnur á nokkrum stöðum. Ein þeirra er fremur þústarleg og virðist líklegt að þar gæti mannhöndin hafa komið nærri þótt ekki sé hægt að fullyrða að mannvistarleifar leynist undir sverði. Þústin er 20 m suðvestan við íbúðarhúsið í Buðlungu. Umhverfis er sléttáð tún.

Hæðin er lá og fremur ógreinileg. Hún er um 6 m í þvermál og nokkuð hringlaga. Hæðin rís um 0,3 m hærra en umhverfið. Hún er grasi gróin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:171 þúst útihús

332980 375349

Á uppdrætti Ómars Smára Ármannsonar af Þórkötlustaðahverfi er úthús skammt suðaustan við Eyvindarstaði 030, á svokölluðum Eyvindarvelli. Hann sýnir hluta af norðvesturhorni mannvirkis



Þúst GK-011:171 (og 173). Á ljósmynd er horft til vesturs

en það sést ekki á loftmynd sem tekið er 1978 og ekki eru áberandi mannvistarlög á þessu svæði. Þarna er eingöngu þúst í túninu og ekki hægt að greina neina mannvist á yfirborði. Staðurinn fær að njóta vafans og er því tekin með á fornleifaskrá. Gróið tún.

Þústin er 15x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,1-0,2 m á yfirborði og algróin. Hún mjókkar til vesturs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjakort Ómars Smára Ármannssonar

GK-011:172 þúst óþekkt

333515 375072

Ógreinilegt mannvirki hefur verið um 23 m sunnan við fjárhús 011:050 og hefur það einnig verið byggt við austurhlíð túngarðs 011:046. Mannvirkið er um 10 m austan við fjárhús 011:012. Þústin er við sjávar kambinn og hefur sjórinn feykt miklu af stórgrýti yfir svæðið og næstum fært hana alveg á kaf.



Leifar mannvirkis GK-011:172 sem sjórinn brýtur nú hratt niður. Á ljósmynd er horft til vesturs

Þústin er fast norðan við fjörुकambinn og er greinilegt að sjórinn hefur feykt miklu grjótmagni yfir svæðið og skemmt mannvirkið svo að það er nú vart greinanlegt. Það sem best stendur eftir er sá hluti sem næst er túngarðinum en þar má greina hleðslu sem liggur frá túngarði og er allt að 1,5 m á hæð en strax um 1 m frá túngarði er sú hleðsla orðin svo skemmd að vart sér meira en steinaröð í grjótdreifinni umhverfis. Af ummerkjum að dæma hefur verið þarna e.k. bygging sem hefur verið um 8 x 4 m að stærð og snúð austur vestur. Inn á milli þeirrar grjótdreifar sem er um allt þetta svæði má greina línur og hleðsluráðir í grjótdreifinni. Til suðurs frá þessu mannvirki er enn ógreinilegri steinhrúga sem er 4-5 m í þvermál. Grjót hennar er mosavaxið og af annarri gerð en grjótdreifin sem sjórinn hefur kastað yfir svæðið og virðist sem þar hafi einnig verið mannvirki, mögulega hólff sem gengið hefur til suðurs frá hinu hólfinu. Ljóst er að umræddur minjastaður er í stórhættu vegna ágangs sjávar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-011:173 þúst útihús

333021 375344

Á minjauppdrætti Ómars Smára Ármannssonar af Þórkötlustaðahverfi er teiknað úthús 15 m sunnan við vindmyllu 101, á svokölluðum Eyvindarvelli. Norðurhluti útihússins er teiknaður, suðurhlutann vantar. Ekki er ljóst frá hvaða bæ þessar tóftir voru. Ekki er greinileg mannvist á svæðinu, lágir hólur eru í túninu en eru að öllum líkindum náttúrulegir.



Þúst GK-011:173. Á mynd til vinstri er horft til ANA en N á mynd til hægri. Uppmæling á rústinni sést á teikningu við fornleif GK-011:171

Með góðum vilja er hægt að greina veggjarbrot/þúst með álíka stefnu og húsið á uppdrættinum. Þústin er 10 x 3,5 m að lengd og 0,2 - 0,3 m á hæð. Hún liggur norðaustur - suðvestur og er bogadregin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Minjakort Ómars Smára Ármannssonar

GK-011:174 garðlag hlutverk óþekkt

333501 375106

Ummerki um ógreinileg garðlög eru í túninu austan við Klöpp. Garðlögin eru í nágrenni fjárhústóftar 011:050 og hefur túngarður 011:164 greinilega verið byggður ofan á þeim að hluta. Þau eru um 120 m austan við Buðlungu/Klöpp (GK-012/013) en 265 m ASA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Grasivaxið tún sem nú er bithólf fyrir hesta er á þessum slóðum.

Garðlögin sjást sem ávalir hryggir í túninu og eru greinilega mun eldri en fjárhús 011:012, 050 og túngarður 011:164. Samtals má greina garðlögin á svæði sem er 110 x 44 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Helst er að giska á að þarna sé suðvestur eða vesturhlið lítils vallargarðs eða túns sem þá hefði verið allra suðaustast í túni Þórkötlustaða,



Engin ummerki eldri húsa sjást nú á Búðum en yngsta íbúðarhúsið á bænum stendur



Á myndunum tveimur má óljóst sjá hvar mótur fyrir eldra garðlagi (GK-011:174) undan yngri grjótgærði.


við Slokahraun. Greinilegt er að hólf hefur verið byggt upp við túngarðinn og er það gróflega áætlað 44 x 30 m stórt. Frá því gengur hryggur bæði til suðausturs allra syðst og einnig til norðausturs allra nyrst. Mögulegt er að framhald síðarnefnda garðlagsins leynist norðar í túninu, norðan við 011:178 en þau ummerki eru of óljós til að hægt sé að fullyrða um það. Garðlögin birtast nú eins og ávalir hryggir eða hólaraðir í túninu. Þeir eru grasi grónir og skera sig ekki úr túninu varðandi gróðurfar en eru víða um 0,4 m hærrí en umhverfið en ná þó 0,7 m þar sem þeir standa hæst. Hryggirnir eru víða allt að 4 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

GK-011:175 þúst útihús

333064 375357

Hringlaga þúst er tæpum 70 m norðan við Lambhús GK-015:001, vírgirðing liggur þvert (norður-suður) yfir hana. Hún er mitt á milli Miðbæjar 142 og Lambhúsa. Þústin er í grónum og ræktuðum túnnum. Girðingin er líklega á núverandi landamerkjum Lambhúss og Eyvindarstaða.



Þúst GK-011:175. Á ljósmynd er horft til norðurs

Þústin er algróin, 10 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2-0,5 m á hæð og slétt. Lag hennar bendir til þess að mannvist sé undir sverði. Staðsetning og lag hennar bendir til þess að um útihús sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:176 garðlag óþekkt

333482 375179

Stök hleðsla, mögulega skjólgarður er í s.k. Buðlungatúni, um 50 m norðan við túngarð 011:164 og er byggður ofan í beðasléttur 011:166. Sléttuð tún.

Hleðslan er um 12 m löng og snýr nálega austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en yfirgróin og er 0,6 m á hæð og um 1 m á breidd. Hleðslan endar mjög skarpt til beggja átta. Hleðslan gæti verið hluti af garðlagi 030 sem markaði af túnskika á þessum slóðum en það er þó alveg óvíst. Garðlag 011:030k er í raun ekki langt austan við og því er en þó virðast garðarnir ekki standast fullkomlega á og því var ákveðið að gefa hleðslunni sérstakt númer.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Garðlag GK-011:176 horft til suðausturs. Fyrir uppmælingu sjá fornleif GK-011:166

GK-011:177 þúst útihús

333083 375381

Þúst er í grónu túni sem tilheyrði Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða 146. Hún er rúmum 30 m suðaustan við Miðbæ 142 og þúst 179 er tæpum 6 m suðaustar. Staðsetning og lag þústarinnar



Þústir GK-011:177 og GK-011:179. Á ljósmynd er horft til norðurs

bendir til þess að um útihús sé að ræða. Gróin tún fast sunnan við kálgarð 040.

Þústin er 5,7 x 4,5 m á stærð og snýr norður - suður. Þústin er sigin, 0,2-0,3 m á hæð en hliðar hennar fjara út til allra átta. Lag hennar bendir til þess að mannvist sé undir sverði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:178 þúst hlutverk óþekkt

333511 375194

Þúst eða lág hæð er í s.k. Buðlungatún um 65 m SSV við Hraunkot 051. Þústin er um 280 m austan við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Túnið umhverfis er frekar slétt þótt það séu hæðir hér og þar en engin þótti nógu sannfærandi til að geta talist til fornleifa. Líklegra þótti að mannvist hefði verið á hól 178. Hóllinn er smáþýfður og flatur í toppinn

Líklegt var talið að á þessum stað hafi einhverju sinni verið einhver mannvirki en ekki er víst að þau hafi verið nógu gömul til að teljast til fornleifa. Við skráningu á mannvirkjum innan verndarsvæðis var hins vegar fylgt þeirri meginreglu frá Minjastofnun Íslands að skrá allar mannvistarleifar og því var umræddur staður tekinn með á fornleifaskrá. Þústin er 25 x 17 m stór og snýr nálega norður-suður. Hún er óveruleg að vestan. Að austan er hún um 0,5 m hærri en umhverfið. Á hæðinni eru ummerki um mannvistarleifar á tveimur stöðum. Annað 178_02, er norðarlega á hæðinni. Það er beinn hryggur, um 8 m langur sem liggur þar þvert yfir, austur-vestur. Hryggurinn er um 0,3 m á hæð en ekki sjást grjóthleðslur í honum. Hryggurinn er á bilinu 0,5-1 m á breidd. Um 10 m sunnar eru önnur ummerki á sama hól, sem verður gefið númerið 01 í þessari lýsingu. Helst er að giska á að þar hafi staðið lítill kofi eða ker, mögulega fyrir ekki svo



Þúst GK-011:178. Á ljósmynd er horft til vesturs

löngu. Ummerkin sem greina má eru niðurgröftur, tæpir 4 m norður-suður en rúmir 3 m austur-vestur. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni stóð ekki eiginlegt mannvirki á þessum stað, a.m.k. ekki í hans tíð og hann taldi líklegast að þarna hefði einfaldlega verið tínt saman grjót þegar tún voru hreinsuð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:179 þúst útihús

333093 375379

Þúst er rúmum 30 m norðvestan við Garðbæ 147 og 6 m austan við þúst 177. Hún er í grónu túni sem tilheyrði Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða 146. Staðsetning og lag þústarinnar bendir til þess að um útihús sé að ræða. Allt umhverfis þústina er gróið tún.

Þústin er algróin og áberandi. Hún er 4,7 x 3 m að stærð, 0,4 m á hæð og hliðar hennar eru brattar. Þessi þúst er sambærileg við dys 021-02, nánast alveg eins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-011:179. Horft til norðurs. Fyrir uppmælingu, sjá GK-011:177


GK-011:180 gerði kálgarður

333173 375196

Innan bæjarþyrpingarinnar á Þórkötlustöðum norðarlega eru mest af eldri ummerkjum um hús og garða horfin. Þar er þó eitt, lítið og stakstætt gerði sem hér er gefið sérstakt númer. Gerðið er á grasi gróinni torfu milli Þórkötlustaðavegar og bílastæða að austan og vestan. Suðurhluti torfunnar er hennar innan lóðamarka Vesturbæjarins en sjálft gerðið er hins vegar á norðurhlutanum. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni tilheyrði kálgarðurinn Sigríði Ólafsdóttur í Austari Vesturbæ Þórkötlustaða 145.

Gríðarlegur fjöldi húsa og kofa er merktur inn á bæjarþyrpinguna á túnakort frá 1918, svo mikill í raun að ekki er alltaf auðvelt að átta sig á staðsetningu einstakra kofa eða gerða. Það gerði sem hér er skráð gæti hafa verið allra nyrst eða norðvestast í þyrpingunni, en sé sú raunin hefur staðið lítill kofi innan gerðis sem ekki sést lengur. Hinn möguleikinn er að gerðið sem sést í dag sé einfaldlega byggt við norðurjaðar

bæjarþyrpingarinnar skömmu eftir að túnakortið er gert. Gerðið er á graseyju sem afmörkuð er af Þórkötlustaðavegi að norðan, Sólbakkavegi að vestan, malarplani að austan og vinnuskúr Vesturbæjarins að sunnan og er gerðið því nokkuð aðþrengt. Njóli vex inn í gerðinu og hátt gras.



Uppmæling á kálgarði GK-011:180



Kálgarður GK-011:180. Á loftmynd er horft til suðurs en á mynd til hægri til austurs

Gerðið er um 11,5 m á kant. Garðurinn rís um 0,8 m hærra en umhverfið og sjást grjóthledslur víða að utanverðu. Talsverð upphækkun er innan garðs og því er innri brún garðlagsins aðeins óskýrari en sú ytri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:181 garðlag túngarður

333058 375289

Gróinn hryggur er tæpum 50 m vestan við Lambhús 015:001 og rúmum 10 m vestan við kálgarð 010. Hryggurinn er manngerður og líkist garðlagi. Hér er mögulega um vesturhlið túngarðs 183 að ræða en ekki sjást skýr tengsl á milli þeirra og fá þeir sitt hvort númerið. Grasivaxið, slétt tún.

Garðlagið liggur til norðurs frá Þórkötlustaðavegi og fjarar út í grónu túni. Það er 50 m langt, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Það sést glitta í stakan stein í norðurenda og líklega var þetta grjóthlaðinn túngarður sem búið er að slétta út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag GK-011:181 sem hefur verið sléttað í tún. Horft til NNA

GK-011:182 hleðsla hlutverk óþekkt

333544 375259




Hleðsla GK-011:182. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til SSA á mynd til vinstri

Hleðsla er fast sunnan við bæjarhól Hraunkots 051a utan eða vestan í brekku sem þar er. Hún er um 320 m ANA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Hleðslan er í grasi gróinn hvílt við bæjarhól Hraunkots 051.

Hleðslan er um 5 m löng og er byggð inn í brekkuna sem er austan við (gróflega áætlað en 1,5 m á breidd). Hleðslan er mest um 1 m á hæð og í henni sjást 6-8 umför þótt ekki sé um reglulega hleðslu að ræða. Hún snýr NNV-SSA. Ekki er ljóst hverju hún sætir og ekki er um eiginlegt mannvirki að ræða. Hugsanlegt er þó að þetta hafi verið e.k. skjólgarður. Hleðslan er við hraunbrún Slokahrauns en er innan túns í Hraunkoti. Hún er um 5,5 m norðan við austurenda garðlags 148. Hleðslan er í eins konar hvílt milli bæjarhóls sem markar af norðurhlið, brekku að austan og áður nefnds garðlags að sunnan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-011:183 garðlag túngarður
Garðlag er austan við Lambhús 015:001, líklega túngarður eða landamerkjagarður þess býlis. Túngarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1918. Gróid tún. Vírgirðing er fast austan við garðlagið.

333149 375244



Garðlag GK-011:183 horft til norðurs

Garðlagið er rofið, norðausturhornið er horfið. Það er 68 x 12 m að stærð og liggur norður - suður. Hluti A er sunnar. Hann er 40 x 2 m að stærð og algróinn. Vírgirðing liggur fast austan við garðlagið, líklega olli hún rofinu að norðan. Hluti B er 30 m norðar. Hann er 12 x 2 m að stærð og liggur austur-vestur. Garðurinn er algróinn, 0,2 - 0,3 m á hæð og fjarar út til beggja átta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:184 garðlag túngarður

333456 375274


Garðlag liggur til VSV frá garðlagi 046 og hefur markað af túnskika umhverfis Hraunkot. Hann er um 250 m ANA við Miðbæ Þórkötlustaða 001. Garðlagið er merkt inn á túnakort frá 1918. Í



Tveir hlutar garðlags GK-011_184. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til austurs á mynd til hægri

sléttuðu túni.

Hluti garðlagsins hefur verið sléttaður í tún og er aðeins merkjanlegt sem hryggur í túninu. Hinn hluti þess er nokkuð stæðilegur. Garðlagið (partur 02) er ekki merkjanlegt allra næst garðlagi 046 en verður skýrt 3-4 m suðvestan þess nyrst á svæðinu. Það liggur í um 36 m til VSV en beygir þá í næstum 90° til suðurs og liggur í 10 m til suðurs. Ekki er ólíklegt að tóft hafi verið byggð við garðlagið á þessum slóðum en hægt er að greina hleðslur 3 x



2 m að stærð sem gætu þá hafa myndað suður- og vesturhlið eða hluta þeirra og sjálfur hefur þá garðurinn myndað austurhliðina. Garðurinn er grjóthlaðinn og um 0,5 m á hæð en 1 m á breidd. Framhald garðsins (01 og 03) hefur verið sléttað í tún en er þó vel greinilegt sem hryggur í túninu. Umræddur hryggur liggur nálega til vesturs frá vesturenda traða 036 og að þess hluta garðlagsins sem enn stendur óraskað. Hryggurinn er samtals um 50 m langur en um 50 m austan við vesturenda er um 2 m skarð í hann og má vera að sé hann síðustu ummerki um garðlag hafi op verið í það á þessum stað. Garðurinn er 5 m á breidd og 0,5 m á hæð og er grasi gróinn hryggur í túninu. Garðlagið endar við gerðisvegg 148 við Hraunkot fast sunnan við traðirnar. Samtals marka garðlögin af svæði sem er um 50 x 40 m stórt og snýr austur-vestur en túngarður 030 markar af annað eins, lengra til austurs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:185 gerði rétt

333366 375176

Sigið gerði eða rétt er fast norðan og austan við fjárhús 016, það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og er því líklega yngra. Þessar minjar tilheyra að öllum líkindum Buðlungu eða Klöpp. Gerðið er í sléttu, grónu túni.



Gerði GK-011:185 (og fjárhús GK-011:016)


Gerðið er 36 x 31 m að stærð og snýr norður-suður. Fjárhús 016 er byggt í suðvesturhorni þess og vírgirðing raskaði hluta af suðvesturhorni. Ekki er ljóst hvort að gerðið er samtíða fjárhúsi 016, húsið gæti verið yngra. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð, 2,5-4 m á breidd, signir og útflattir. Þeir eru algrónir og hvergi glittir í grjót í þeim. Það er op til vesturs, fast norðan við fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:186 Skarð tóft útihús/bústaður

333120 375145

Tvöfalt útihús var vestast í suðurjaðri túnsins, samkvæmt túnakorti frá 1918. Húsið var um 90 m VSV við bæ (Miðbæ 001). Á svipuðum slóðum var byggt íbúðarhúsið Skarð um 1922. Um Skarð segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar: "Skarð: Skammt vestan við Sólbakka var húsið Skarð. Það byggðu hjónin Magnús Guðmundsson og Sigríður Daníelsdóttir ca. árið 1922 og það var síðan rífið árið 1935 og Magnús byggði Sólvelli (Sunnubraut 8). Það voru afi og amma Más seðlabankastjóra og Magnúsar Tuma jarðeðlisfræðings." Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis. Húsið



Útihústóft sem enn er greinileg á þeim slóðum sem Skarð stóð (GK-011:186). Horft til vesturs

var um 40 m af íbúðarhúsinu Sólbakka í suðvesturhorni sléttads túns en þar er nú niðurgröftur og leifar torfkofa og var Skarð þar fast norðan við. Í aðalskráningu 2002 var húsið skráð undir númerinu 002. Fast sunnan við er stórgryttur sjávarkampur. Ofan við er sléttuð grasflöt sem tilheyrði líklega Sólbakka.

Af ljósmynd sem tekin er af Þórkötlustaðabyrpingunni eftir 1902 en fyrir 1927 má sjá dökkleitt hús á þessum slóðum sem Loftur Jónsson heimildamaður telur líklegast að sé Skarð en samkvæmt því væri myndin tekin á árabílinu 1922-1927). Af ljósmyndinni að dæma var húsið lítið, dökkleitt timburhús með mænispaki. Húsið virðist hafa snúið nálega austur-vestur, mögulega með skúrbyggingu að austan. Tveir gluggar hafa verið á suðurhlíð en annars er lítið hægt að segja um útlit hússins af ljósmyndinni. Skarð er rétt á mörkum þess að teljast til fornleifa en fær engu að síður að vera með á fornleifaskrá. Loftur Jónsson tekur að húsið hafi verið á svipuðum slóðum og útihús 002 eða fast norðaustar og er því hvort tveggja skráð undir þessu númeri. Er innan lóðamarka lóðarmarka Sólbakka, en neðan við tekur við fjörukambur. Á þessum stað eru tóftir húss, líklega þess húss sem síðast stóð á þessum stað sem hefur þá verið útihús. Kofinn er niðurgrafinn og stendur undir þaki. Hann er 6 x 3 m stór og snýr austur-vestur en dyr eru á vesturgafli. Aðeins þaktoppurinn rís upp úr lóðinni í um 0,5 m hæð en kofinn er mest um 2 m hár, en hleðslur í norður- og suðurvegg eru um 1 m háar. Þær eru úr torfi og grjóti auk þess sem eitthvað er steyp í þær. Laupurinn er úr timbri. Bæði í kampsbrúninni sunnan við kofann og norðvestan við hann eru lággar garðhleðslur sem loka af um 6 x 4 m stóru hólfi vestan við hann. Fyrir framan gaflinn er L-laga dæld og er hlaðið í barðið að hluta. Vestan og sunnan við er sjávarbakki og er þar bratt niður af svæðinu. Dældin er á kafi í sinu og drasli. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Ferlis voru tóftir "skammt vestan við Sólbakka nýlegar fjárhústóftir frá Hofi" og er líklega átt við umræddar tóftir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (L.J.), 3,

<http://www.ferlis.is/?id=4273>

GK-011:187 heimild um fjárhús

332864 375344

Fjárhús stóð áður örfáum metrum vestan við þar sem dreifistöð í Þórkötlustaðahverfi stendur. Fjárhúsið var innan við 10 m suðvestan við Þórkötlustaðaveg. Ólíklegt er að það hafi verið nógu gamalt til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er tekið á fornleifaskrá í samræmi

við ráðleggingar Minjastofnunar Íslands um skráningu á verndarsvæði. Engin ummerki sjást nú um húsið en flöt er þar sem það stóð, fast sunnan við afgirt tún en vestan við spennistöð.

Ekki sjást greinileg ummerki um húsið og ekki er ljóst hvenær það var rífið. Samkvæmt

Lofti Jónssyni átti Guðmundur sem bjó í Klöpp húsin og voru þau byggð alveg fast við túngirðinguna. Húsin voru úr timbri og bárujárni en hann mundi ekki nákvæmlega hvenær þau viku. Af loftmynd af svæðinu frá 1956 má sjá að húsin standa þá og virðast hafa verið um 8,5 m á kant. Af loftmynd frá 1978 að dæma virðast húsin vera horfin þá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Loftmynd frá LMÍ 1956 og 1978



Partur af loftmynd frá 1954 (LMÍ) þar sem hús GK-011:187 sést (hvítt) og afstaða þess við Þórkötlustaðarétt

GK-011:188 þúst útihús

333542 375269



Uppmæling á fornleif GK-011:188 og fleiri minjum í kring. Á ljósmynd er horft til SSA

Ógreinileg þúst er um 7 m austan við steypuleifar Hraunkots 051a en um 8 m vestan við túngarð 105. Á svipuðum slóðum er merkt stakstætt hús á túnakort frá 1918. Á grasi grænum hól sem kalla mætti bæjarhól Hraunkots, þústin er á hólbrúninni.


Þústin er 8 x 4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvesturhluti hennar er skýrastur en hún fjarar aðeins út til suðausturs. Ekki er hægt að sjá hól í henni. Þústin er 0,2-0,3 m hærri en umhverfið og er vaxin mosa og grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:189 mannvirki fjárhús
Greinilegt er að hús hefur áður staðið um 10 m suðvestan við íbúðarhúsið í Auðsholti. Umræddar leifar teljast ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en voru þó hafðar með í fornleifaskrá Þórkötlustaðahverfis samkvæmt ráðleggingum Minjastofnunar Íslands varðandi aðferðafræði við skráningu minja í verndarsvæði í byggð. Innan lóðamarka Auðsholt, umhverfis grasi vaxið.

332694 375279



Uppmæling á steypuleifum GK-011:189

Umrætt svæði er 10,5 x 5 m stórt og snýr austur-vestur. Á



Mannvirki GK-011:189, horft til austurs á mynd til vinstri en til NNV á mynd til hægri


Því sést steipt gólfplata og margvíslegar aðrar steypuleifar þó engir standandi veggir. Líklega hefur húsið verið byggt um eða eftir miðja 20. öld en íbúðarhúsið í Auðsholti var byggt 1945. Samkvæmt þeim Lofti Jónssyni og Birni Haraldssyni heimildamönnum var fjárhús og fjós á þessum stað, um 45m² stórt. Húsið fuk eftir 1970 samkvæmt Birni. Ráðagerðir eru uppi um að byggja aftur á þessum stað. Um 40 m sunnan við grunninn er lítil hringlaga grjóthleðsla sem límd er saman með steinlími. Hún er um 0,8 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Þrjár raðir af hraungrýti. Gæti verið e.k. garðskraut eða blómapotkur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:190 þúst hlutverk óþekkt

333551 375274

Á bæjarhól Hraunkots 051er skammt vestan við Slokahraun. Á bæjarhólnum er grænn hóltoppur þar sem hleðsla virðist hafa verið er um 7 m norðaustan við þúst 188 og 5 m vestan við túngarð



Þúst GK-011:190. Á ljósmynd er horft til suðurs

105. Á grasi grænum hól sem kalla mætti bæjarhól Hraunkots, þústin er á hólbrúninni.


Þústin er 1,5-2 m í þvermál og er mest 0,3-0,5 m hærra en umhverfið þar sem hún er hæst. Sunnan í hæðinni sést glitta í óverulega hleðslu. Svæðið er grasi og mosavaxið. Ljóst er að eitthvert mannvirki hefur verið á þessum stað en ekki vitað hvað það var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:191 tóft útihús

333235 375180

Leifar af stakstæðri og einfaldri tóft eru um 7,5 m ANA við íbúðarhús Miðbæjar Þórkötlustaða 001. Tóftin er fast vestan við veginn að Buðlungu. Tóftin var áður skráð undir númerinu 001 í aðalskráningu (nánar tiltekið 001 A) en fékk sérstakt númer við deiliskráningu vegna



Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV

verndarsvæðis í byggð. Tóftin er líklega af stakstæðu húsi sem merkt er inn á túnakort frá 1918 fast ofan eða norðan við Vestari Austurbæ Þórkötlustaða 140. Tóftin er á aflíðandi svæði til suðurs. Umverfis er grasi gróið en einnig talsverður fjöldi húsa og kálgarða, bílplön og malarvegir enda húsið á bæjarstæði Þórkötlustaða.

Það sem eftir er af tóft er um 8 x 5 m stórt og snýr tóftin NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru fremur stórkarlalegir og allt að 1,4 m á hæð að utan (þar sjást mest 5 umför þótt hleðslan sé að talsverðu leyti hrunin). Hæð innan frá 0,2 m. Veggir eru allt að 1,5 m á hæð. Austurhlið tóftarinnar er mjög skýr og norðurhliðin nokkuð greinileg ekki sést vesturhlið en þar er reyndar hæð 007 sem markar af svæðið. Ekki er ólíklegt að tóftin hafi verið opin til suðurs. Hún virðist hafa verið einföld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:192 tóft útihús

333524 375282

Lítill, niðurgrafin tóft er fast vestan við bæjarhól Hraunkots 051. Segja má að tóftin sé í norðausturhorni kálgarðs 195 en ekki virðist vera merkt hús á þessum stað inn á túnakort frá 1918 og gæti það því verið yngra en kortið. Á grasi grænum hól sem kalla mætti bæjarhól




Tóft GK-011:192, á mynd til vinstri er horft til VNV en til NNV á mynd til hægri

Hraunkots.

Tóftin er 3,7 x 1,7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Talsvert gras er nú inni henni. Hún er alveg niðurgrafin en veggir hennar fóðraðir með grjóthleðslu sem er samtals 3-4 umför en tóftin er 0,7-0,8 m á dýpt. Frá suðausturhorni tóftinni gengur renna í framhaldi af suðurvegg og til austurs. Hún er um 0,8 m breið að bæjarhólshleðslunni og um 1 m á lengd. Ekki er ljóst hvort hún gengur undir hleðsluna enda var snjór á svæðinu þegar skráð var. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Uppmæling á niðurgrafinni tóft GK-011:192

GK-011:193 garðlag kálgarður

333265 375152

Garðlag gengur til austurs frá gerði 007_02 og samkvæmt túnakorti frá 1918 hefur það markað suðurhlíð stakstæðs kálgarðs sem var á þessum slóðum. Samkvæmt túnakortinu voru tveir litlir kofar sambyggðir við það að norðanverðu, á svipuðum stað og fjárhús frá Bjarmalandi standa nú en öll ummerki um þá eru horfin. Greinilegt er að fjárhúsin hafa verið byggð ofan á kálgarðinn og er suðurveggur kálgarðsins, sá sem enn sést, undir þeim að hluta.

Grasi gróið svæði í talsverðri órækt að hluta. Stór fjárhús eru nú á svæðinu. Innan hólsins vex mikið af njóla en rabbbari vex einnig hér og þar. Svæðið vestan við er grasi gróinn flati.



Garðleifar GK-011:193. Á ljósmynd er horft til vesturs

Garðlagið sem nú sést snýr austur-vestur og er nærri 30 m langt. Aðrir veggir kálgarðsins eru horfnir og sömuleiðis kofarnir tveir sem voru sambyggðir því að norðan. Garðlagið sem sést er víða 0,5-0,8 m á hæð en rúmlega 1 m á breidd. Garðurinn er á köflum nokkuð gróinn en stendur þó ágætlega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:194 þúst hlutverki óþekkt

333458 375212

Undir þessu númeri eru skráðir saman 11 þústir eða hólar í túnskák sem liggur til vesturs frá Hraunkoti. Allra syðsti hluti túnsins var nefndur Hálfvöllur en sá hluti sem flestir hólar eru í túni sem nefnt var Götuskák samkvæmt minjakorti Ómars Smára Ármannssonar og hefur túnið dregið nafn sitt af Þórkötlustadagötu 160. Þess má geta að fleiri hólar eru nokkru norðar í skák sem kölluð var Hólaskák samkvæmt sama korti (sjá 124). Ekki er ljóst hvernig hólar eru myndaðir, flestir þeirra minna ekki á dæmigerða útihúsahóla en ólíklegt virðist að þeir séu náttúrulegir. Hugsanlegt er að grjót hafi verið dregið saman í túninu á þessum stöðum en ekkert er vitað um það. Ekki er hægt að útiloka að hólar eru séu náttúrulegir. Þústir og hæðir í sléttuðu túni.

Svæðið sem hæðirnar eru á er 86 x 70 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Allra suðaustast á svæðinu er nokkuð stæðilegur hóll, 194_01 og er hann fast norðaustan við austurenda nyrst beðasléttu 166. Girðing liggur yfir suðurhluta hólsins og líkt og suðurendinn hafi einfaldlega verið skorinn af. Hóllinn er aflangur og snýr NNV-SSA. Hann er 9 x 7 m að stærð og er skipslaga. Hóllinn er um 1 m á hæð þar sem mest er. Þessi hóll er einn af þeim sem mest eru áberandi í túninu og ekki hefur verið sléttaður að fullu. Um 12 m NNV við hól 194_01 er annar hóll, 194_02 minna áberandi. Hann er ávalur og 0,2 m á hæð. Hann er sléttaður í túnið en er



Pústirnar 11 sem skráðar eru saman undir númerinu GK-011:194



Horft yfir svæði GK-011:194 þar sem fjölmargar þústir eru í túninu. Horft til SSA

gróflega áætlað 6,5 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega hefur hóllinn náð enn lengra til norðvesturs en það er nú fremur óljóst framhald. Um 9 m austan við hól 194_02 er annar hól 194_03. Hann er mjög ávalur og 0,3 m á hæð. Hóllinn er nokkuð kringlóttur og um 7-8 m í þvermál. Hóllinn er sléttaður í túnið. 194__04 er lítill hól um 13 m norðvestan við 194_03. Hóllinn er 4,5 x 3,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er lítið áberandi og aðeins 0,2 m á hæð. Hóll 194_05 er rúmum 5 m vestan við 194_04. Hóllinn er 10 x 7 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Hóllinn er aðeins 0,2-0,3 m hærra en umhverfið þar sem mest er og er sléttaður í túnið umhverfis og lítt áberandi. Hóll 194_06 er um 8 m norðan við 194_05 og er hann nyrstur af þeim hólum sem eru skráðir saman undir þessu númeri. Hóllinn er ávalur en þó sámilega afgerandi. Hann er nokkuð stór eða 16 x 8 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er um 0,4 m hærra en umhverfið, sléttaður. Hóll 194_07 er um tæpum 15 m vestan við hól 194_05. Hóllinn er nokkuð afgerandi og hefur ekki verið sléttaður að fullu. Hann er aflangur 9 x 6 m stór og snýr

norðvestur-suðaustur. Svólítið skipslag er á hólnum. Hóll 194_08 er 22 m VSV við hól 194_02. Hann er 9,5 x 5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er ávalur og 0,2 m á hæð. Hóll 194_09 er 17 m SSV við hól 194_07. Hæðin er 6,5 x 5,5 m að stærð og er mjög lítið áberandi. Hún er 0,1-0,2 m á hæð. Hóll 194_10 er 6 m sunnan við hól 194_09 og 9 m vestan við hól 194_08. Hólinn er ósléttadur og frekar áberandi og er hann 0,8-0,9 m á hæð. Á hólnum eru dekk og járnstaurar og frá honum til suðurs frá austurenda hólsins gengur lá hæð sem ekki var mæld sérstaklega. Hóll 194_11 er um 11 m vestan við hól 194_09. Hann er í raun hólrani sem skagar til vesturs frá hæðarsvæði sem er þarna í túninu. Sjálfur hóllinn er 9 x 5 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Hann er nokkuð áberandi, sérstaklega vesturendinn sem er 0,7-0,8 m hærra en umhverfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjakort Ómars Smára Ármannssonar

GK-011:195 gerði kálgarður

333515 375279

Tveir kálgarðar eru vestan við Hraunkot 051. Milli þeirra liggur upphlaðinn vegur heim að bænum, sjá 136. Hér er skráður nyrðri garðurinn en sá syðri hefur númerið 148. Garðurinn er á kafi í grasi, sléttad tún er norðan og vestan við.



Kálgarður GK-011:195 sést vinstra megin við heimreið á mynd (horft til SSA).


Garðurinn er mjög greinilegur, ferkantaður og alls um 20 x 12 m stór frá austri til vesturs. Hann er lítillaga niðurgrafinn. Hlaðið er meðfram honum að vestan og norðan og sést mikið grjót þar í. Að sunnanverðu markast hann af veginum (136) en að austanverðu af hólnum sem bærinn hefur staðið á (sjá 051). Op er á garðinum suðvestast, þar sem hann mætir veginum og sömuleiðis nær hleðslan að norðanverðu ekki alveg austur að brún hólsins sem bærinn stóð á. Þar, í norðausturhorni garðsins, er lítill tóft (sjá 192).

Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-011:196 heimild um fjós

332852 375428

Skúr er merktur inn á minjauppdrátt Ómars Smára Ármannssonar en er nú horfinn skammt sunnan við steinsteypta húsið í Teigi. Ólíklegt er að það sé nógu gamalt til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er tekið á fornleifaskrá að ráðleggingum Minjastofnunar Íslands um skráningu á verndarsvæði á byggt. Skúrin var 20 m SSA við íbúðarhúsið í Teigi en 16 m norðaustan við veginn að Þórkötlustöðum. Skúrin hefur verið sunnan við íbúðarhúsið í Teigi, þar sem land lækkar svolítið til suðurs.



Ummerki um hús GK-011:196, horft til VNV

Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var fjárhús og fjós á þessum stað. Greina má hvar sjálft húsið stóð en þar er stallur í grasinu um 0,1-0,2 m hærra en umhverfið. Stallurinn er 7,5 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fast norðan við stallinn er mikil grjóthrúga 7,5 x 6 m stór og snýr hún norður-suður og skammt norðvestan við grunninn er dæld full af grjóti sem er 2,7 x 1 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjakort Ómars Smára

GK-011:197 þúst hlutverk óþekkt

333457 375074

Hólaröð er í túninu austan við Klappir og virðist mögulegt að þar kunni mannvistarleifar að reynast. Í aðalskráningu 2002 var giskað á að á þeim slóðum gæti eldra bæjarstæði Klappar hafa verið og að mögulega gæti Þórkötlustaðadys hafa verið á þessum slóðum. Samkvæmt lýsingum virðist Klapparbærinn hins vegar hafa verið beint í suður frá bæ 013:001 og því er þetta ólíklega eldri staðsetning hans (sjá 013:002). Hvað varðar staðsetningu Þórkötludysjar (sjá 011:021) þá hafa rök verið færð fyrir því að dysin sé á milli Sólbakka og Lambhúskots, um 400 m norðvestan



Tóft GK-011:197. Á ljósmynd er horft til NNV

við þann stað sem hér er skráður og kann það rétt að vera þótt segja megi að upprunaleg lýsing á staðnum úr ornefnaskrá (þar sem dysin er sögð í túninu austan við Klöpp) virðist eiga betur við

Þá staðsetningu sem hér er skráð. Seint verður úr því skorið hvað kann að leynast undir sverði á þessum stað nema með uppgreftri en líklegt er að þar leynist einhvers konar mannvist.

Afmarkað og grasi vaxið tún en sjórinn kastar töluverðu af grjóti yfir svæðið og hefur breytt því nokkuð og étið sig inn í austurhluta þess.

Á þessum stað eru nokkrir hólar í röð austur vestur og snúa þeir norður-suður. Svæðið er 18 x 14 m stórt. Sumir hólanna virðast í minnsta lagi til að geta verið líklegir rústahólar en virðast þó ekki náttúrlegir. Hólarnir eru fjórir talsins og liggja meðfram sjávarkampinum. Sá austasti er langstærstur og er 11 x 8 m að stærð og 2 m á hæð. Talsvert af grjóti er í honum en ekki er hægt að greina neinar mannvistarleifar á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-011:198 þúst hlutverk óþekkt

333476 375102

Þúst er í túninu austur af Klöpp/Buðlungu. Umrætt tún er markað af túngarði GK-011:164 og GK-013:005. Þústin er austarlega í túninu og tæpum 40 m vestan við greinilega fjárhústóft frá Klöpp GK-011:050. Svæðið er innan beitihólfs fyrir hross. Sjór gengur greinilega inn á suðurhluta svæðisins og kastar grjóti yfir það. 2-3 m vestan við þústina er lítill vatnspollur í túninu.



Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV. Sjá uppælinau á fornleif GK-011:197


Þústin er 18 x 10 m stór og snýr norður-suður. Svæðið rís 0,2-0,3 m hærra en umhverfið. Ekki er hægt að greina neina lögun eða beinar mannvistarleifar á yfirborði en þó virðist líklegt að þær leynist undir sverði. Svæðið er fremur slétt. Suðurhlið hæðarinnar er mjög afgerandi.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-011:199 garðlag túngarður

333596 375074

Óverulegar leifar garðlaga, hugsanleg girðingaundirstaða, er á austasta hluta túnanna austan við Klöpp og hefur hún líklega girt af s.k. Klapparmóa. Hleðslur taka við í framhaldi af garðlagi 011:164 en þær eru mun óverulegri en áðurnefnt garðlag. Svæðið er innan beitihólfs fyrir hross. Sjór gengur greinilega inn á suðurhluta svæðisins og kastar grjóti yfir það. Slokahraun tekur við fast austan svæðis.



Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV

Garðarnir marka samtals af svæði sem er 90 x 53 m og má sjá marka fyrir lélegri hleðslu alla norðurhliðina í riflega 90 m og liggur hún upp að suðausturhorni túngarðs 011:030n. Girðing liggur á sama svæði og er grjóthleðslan aðeins óveruleg undirstaða undir hana. Frá umræddum langgarði (01) liggur þvergarður 020 til suðurs um 30 m austan við austurhlið túngarðs 011:164. Sá garðspotti er yfirgróinn en óverulegur og hefur án efa verið girðingaundirstaða þó girðingin sé nú horfin. Umrædd ummerki eru um 52 m löng og enda við fjörubambinn þar sem það liggur í 90°horn og þar er greinilegt að girðing 03

hefur legið í 40 m til austurs en þá hverfur það hverfa ummerkin grjótdreif sem sjórinn hefur veitt yfir svæðið. Austurendi langgarðsins 01 liggur sem fyrr segir að suðausturhorni túngarðs 030. Um 15 m norðaustar liggur svo annað garðlag frá garðlagi 011:030 til suðurs og er því hér gefið númerið 011:199 04 og arkar þá vesturhlið hólfsins, í jaðri Slokahrauns. Garðlagið er hlaðið úr hraungrýti og er um 32 m langt og 0,8 m breitt. Það endar við fjörुकambinn. Það er mest 1,4 m á hæð og í því sjást mest 10 umför af hleðslu þótt óregluleg sé. Um 5-6 m sunnan við þar sem garðlagið liggur að túngarði 030n er op á því og í gegnum það liggja götur upp (til austurs) hraunið, sjá 011:200.



Garðlag GK-011:199. Á mynd til vinstri er horft til VNV en til suðurs á mynd til hægri

Samanlagt má því segja að vísbendingar og misskýrar grjóthleðslur og girðingarundirstöður bendi til að þarna hafi verið hól sem var 120 x 53 m stórt og var líklega skipt í tvennt með girðingu/hleðslu fremur vestarlega. Vestar hólfið hefur þá verið a.m.k. 55 m langt austur-vestur en 32 m breitt og var fjárhús 011:050 og þúst 011:172 innan þess. Austara hólfið var þá 94 x 53 m og snýr austur-vestur. Innan þess var lítið gerði 011:049. Suðausturhlið hólfsins er horfin í umrót vegna sjávarágangs en sjór hefur feykt miklu af grjóti yfir þann hluta svæðisins.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


GK-011:200 gata leið

333636 375127

Götur hafa greinilega legið í gegnum hraungarð 011:199_03 og til austurs í Slokahrauni. Göturnar eru lítt greinilegar innan túns á Þórkötlustöðum en sjást í hraunin þegar komið er í gegnum túngarðinn og hraunið tekur við. Gatan liggur út um túngarð 030 og í Slokahrauni fast austan við túnin á Þórkötlustöðum.

Ekki er ljóst hvert göturnar hafa legið en þær stefna í átt að fiskigörðum í hrauninu 011:033 en einnig er hugsanlegt að þær hafi legið áfram til norðurs eða norðausturs til Hrauns. Gatan var einungis skráð á því svæði sem er til úttektar vegna verndarsvæðis í byggð, þar sem hún hefur legið út úr túni. Opíð á garði 011:099_04 er nú fullt af rekavið og öðru efni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Á loftmyndinni sést hvar götur GK-011:200 liggja í gegnum túngarð og áfram í gegnum hraunið

GK-011:201 hleðsla hlutverk óþekkt

333541 375219

Um 320 m austan við Miðbæ Þórkötlustaða 001 eru óljósar hleðslur. Undir þessu númeri eru skráðar saman þrjú óljós mannvirki sem öll eru við túngarð 046. Tvö mannvirkjanna (01-02) eru grjóthrúgur og er mögulegt að grjóti hafi verið safnað saman í þessum slóðum þegar tún voru hreinsuð vestan við en allt eins gæti verið að þeim hafi verið safnað saman í einhverjum tilgangi. Grjótið er þó helst til of smátt til að geta talist líklegt hleðslugrjót í túngarð. Þriðja mannvirki er óljós hleðsla. Hrúgurnar eru í vesturjaðri Slokahrauns.



Mannvistarleifar GK-011:201. Á ljósmynd má sjá hleðsluleifar 01, horft til norðurs

Í lýsingu þessari fá mannvirkin númerin 201_01, 201_02 og 201_03 til aðgreiningar. Hrúgurnar þrjár eru á svæði sem er 27 X 7 m stórt og snýr NNA-SSV. Hrúga 201_01 er syðst og eina hrúgan sem er 2 m vestan við túngarðinn 030. Hún er fast vestan við slitróttan part af túngarðinum (sjá syðsta hluta 030j). Hrúgan er 4 x 3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hrúgan er um 0,1 á hæð og tígullaga. Hún er samsett úr smáu hraungrýti og er nú mosagróin. Hrúga 201_02 er 15 m suðaustan við hrúgu 01 og 2 m austan (utan) við túngarð 030. Hún er mjög áþekkt hrúgu 01 er 0,1 m á hæð og mosagróin og aðeins tígullaga. Hrúgan er 3,5 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er ofan á hraunhæðinni. Ógreinileg mannvirki 201_03 er um 3 m norðaustan við grjóthrúgu 201_02. Svo virðist sem þarna hafið verið niðurgröftur og hleðsla. Svæðið er um 1 m í þvermál og hleðslur standa um 0,1 m upp úr jörðinni en dýpt hleðslu mæld innanfrá er 0,3-0,4 m. Þarna virðist vera hleðsla sem gengur í hálfhring en austurhlið hennar vantar alveg. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þetta var hlaðið.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:202 hleðsla hlutverk óþekkt

333563 375197

Undir þessu númeri eru skráð afar óljós ummerki um mannvirki suðvestan í hæð sem er um 70 m SSA við Hraunkot 051 fast vestan við jaðar Slokahrauns. Staðurinn er innan túngarðs 110. Grasi gróin brekka innan svæðis sem nú er nýtt fyrir hrossabeit. Greinilegt er að hross sækja talsvert á þennan stað enda fremur skjólsælt og vatn að finna. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var ekki vatn á þessum slóðum áður en landið hefur sigið talsvert og í kjölfarið myndast umræddir vatnspollar eftir rigningar.

Á þessum stað sjást grjóthrúgur á nokkrum stöðum en einnig glittir í grjóthleðslur sjást einnig á nokkrum stöðum þótt hvergi sé hægt að tala um eiginleg garðlög eða mannvirki. Hleðslur eru mest 3-4 umför en víðast mun óljósari. Svæðið er samtals 27 x 9 m að stærð og snýr eins og brekkan á þessum slóðum NNA-SSV. Neðan við brekkuna eru lítil vötn eða vatnspollar. Hleðsluleifarnar eru greinilegar syðst á svæðinu en sem fyrr segir eru þær of ógreinilegar til að hægt sé að tala um eiginleg garðlög. Ljóst er að svæðinu hefur verið nokkuð umturnað og þar er svolítið af drasli og er talsvert af járnstöngum þar sem greinilegt vik er ofan í hólinn austan við miðju svæðisins. Loftur Jónsson man ekki eftir mannvirki á þessum stað.



Hleðsluleifar GK-011:202. Á ljósmynd er horft til NNA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:203 heimild um bústað

333211 375169

Rétt eftir aldamótin 1900 var komið niður á áhugaverðar minjar á bæjarstæði Þórkötlustaða þegar byggð var hlaða en engin yfirborðsummerki sjást nú um hvorugt (þ.e. hvorki hinar eldri minjar né sjálfa hlöðuna). Hvort tveggja er skráð saman undir þessu númeri. Eldri minjar reyndust af einhvers konar skála og sambyggðu fjósi. Hlaðan og þær minjar sem undir henni reyndust voru fast vestan við íbúðarhús Miðbæjar Þórkötlustaða.

Engin ummerki sjást um hlöðuna nú en þar sem hún stóð er nú grasflöt við Miðbæ Þórkötlustaða. Samkvæmt Lofti Jónssyni þá var aðeins fyllt í grunn hlöðunnar þegar hún var rifin en að öðru leyti ekki rutt úr svæðinu og því sæmilegar lýkur á því á ummerki sé enn að finna undir sverði.

Ljósmyndir hafa varðveist af hlöðunni. Af þeim má sjá að húsið hefur snúið þvert á flest húsinn í bæjarröðinni eða norður-suður. Það er einfalt lítið timburhús með mænispaki og virðist hafa staðið nærri því fast austan við í Miðhús Þórkötlustaða og líklega náð örlítið lengra til suðurs. Líklega hefur hlaðan staðið fram á 4. eða 5. áratug 20. aldar, a.m.k. sést hún á ljósmynd sem tekin er eftir að Valhöll er byggð (eftir 1932). Frá þeim segir í greininni "Rannsókn í Gullbringu og Árnassýslu sumarið 1902" eftir Brynjúlf Jónsson: "Á Þórkötlustöðum í Grindavík var í vor (1902) byggð heyhlaða í bæjarhúsaröðinni og grafið fyrir henni nál. 3 al. djúpt í jörð. Þar komu menn niður á merkilegar byggingarleifar. Kom fram grjóttveggur langsetis eftir gröfinni, þeim megin sem inn vissi í húsagarðinn. Neðst framundan þeim vegg svo sem 1/2 al. breitt þrep, tæplega hnéhátt, alveg slétt að ofan, og svo vandað og óhaggað, að byggingarmenn létu það standa og höfðu það fyrir undirstöðu undir bakvegg hlöðunnar. Ofan á þessu þrepi var sæmilegur grjóttveggur, rúml. I al. á hæð, eða að þrepinu meðtöldu um 2 al. á hæð. Langs með þessu þrepi, svo sem 2 al. frá því, lá grjóttbálkur eftir endilöngu, viðlíka hár og þrepið, eða vart við það. Hann var nál. 2 al. breiður og allur lagður flötum hraunhellum ofan. Á þeim var öllum eldslitur. Var mér sýnt brot úr einni þeirra og var eldsliturinn auðsær. Hinumegin bálksins, viðlíka langt frá honum, sáust leifar af framvegg. En auðséð var að hann hafði einhvern tíma áður verið rifinn og mest allt grjótið úr honum tekið burtu. Báðum megin við bálkinn var gólfskán, um 2. þuml. á þykt. En ofan á henni var þykt lag af svörtum sandi, sem líktist eldfjallaösku. Tveir birkidrumbar lágu í tóftinni, annar var brunninn utan, en ófúinn innan, nál. 6 þuml. í þvermál; hinn viðlíka digur, óbrunninn og með berki, en fúinn. Eigi var grafið fyrir enda þrepsins eða bálksins; var gröfin þó vel 12 al. löng. Tóku bæjarhúsin við að norðanverðu. En í suðurenda grafarinnar tók við fjósflór; og var að sjá, sem fjósið hefðir verið framhald sömu byggingarinnar. Þetta virðast hafa verið leifar af fornum "eldaskála". Þrepið ætlað til að sitja á, en bálkurinn arinn, til að kinda langeld á, og er merkilegt, að hann var upphleyptur. Eldfjallaskan ofan á gólfskáninni bendir til þess, að bærinn hafi lagzt í eyði um hríð og tóftirnar staðið opnar

fyrir öskufalli. Má og vera að hraunið, sem myndar Þorkötlustaðanes og runnið hefur á báða vegu við túnið, sé yngra en bygging landsins, og verður þetta þá auðskilið." Undir þessu númeri er sem fyrr segir einnig skráð sú hlaða sem byggð var við Miðbæ Þorkötlustaða 001, um 1902 og varð til þess að eldri minjar uppgötvuðust. Hlaðan er líklega það hús sem lýst er á eftirfarandi hátt í fasteignamati frá 1916-1918: "Heyhús 12 x 7 al, vegg hæð 4 ½ al, ris 3 ½ al, tekur 200 hesta, úr timbri og járn. Virt á kr. 450"


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Rannsókn í Gullbringu og Árnassýslu sumarið 1902, Brynjúlfur Jónsson, ATH Fasteignamat 1916-1918, 12, Ljósmyndir í eigu Lofts Jónssonar, <http://www.ferlir.is/?id=16220>

GK-011:204 heimild um hjall

333247 375164

Samkvæmt Lofti Jónssyni var hjallur fast sunnan við Eystri Austurbæ Þorkötlustaða 138. Mannvirkið sést á nokkrum ljósmyndum frá fyrri hluta 20. aldar sem sýna bæjarþyrpinguna á Þorkötlustöðum. Það sést til að mynda á ljósmynd sem tekin er áður en núverandi íbúðarhús Miðbæjar er byggt (sem sagt fyrir 1927) en það greinilega a.m.k. staðið fram á 4. áratug 20. aldar, a.m.k. sést hann á ljósmynd sem tekin er eftir að Valhöll er risin en



Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV.
Mynd Ingey Arnkelsdóttir, eigandi Sigurður Kristjánsson

áður en Eystri Austurbærinn er rifinn (sem var fljótlega eftir að Valhöll ris) samkvæmt Lofti Jónssyni. Hjallurinn tilheyrði Eystri Austurbæ Þorkötlustaða og Valhöll eftir Eystribærinn var rifinn og eigendur byggðu Valhöll. Af ljósmyndunum má sjá húsið var lítið timburhús með mænispaki og virðist hafa snúið h.u.b. norður-suður. Á eldri myndinni að dæma er húsið nokkuð reisulegt af fiskihjalli að vera og virðist t.d. vera gluggi á risi þess. Samkvæmt Ólafi Sigurðssyni heimildamanni (f. 1941) var búið í húsinu á tímabili.

Þar sem húsið hefur staðið er nú talsvert raskað svæði á milli þess staðar þar sem má sjá ummerki Eystri Austurbæjar 138 og núverandi fjárhúsa frá Bjarmalandi. Talsverður sina er á hluta svæðis en þar er líka malarvegur.

Engin ummerki um fiskihjallinn sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ljósmynd frá Lofti Jónssyni

GK-011:205 gata leið

333222 375154

Götur lágu frá Þorkötlustaðaþyrpingunni og suður í átt til sjávar frá Miðbæ 001 og eru þær merktar inn á túnakort frá 1918. Göturnar hafa legið til suðurs að húsaþyrpingu 006 og líklega svo áfram til sjávar. Svæðið sem skráð var undir þessu númeri tekur við beint suður af Miðbæ Þorkötlustað og nær langleiðina að sjó. Það er grasi gróið og hallar aflíðandi til suðurs. Fjárhús úr timbri og bárujárni eru nú syðst á svæðinu.

Samkvæmt túnakortin hafa göturnar ekki verið eins breiðar og götur 034 sem lágu til sjávar 15-20 m vestar, frá Austari Vesturbæ Þórkötlustaða. Óljóst má sjá móta fyrir götum á þessum slóðum í átt að fjárhúsum sem standa (Hús 07 í húsakönnun). Um 60 m eru frá Miðbæ 001 og niður að sjó en um 30 m að efstu útihúsunum. Greinilegt er af túnakorti að gatan hefur verið mörkuð að garðlögum til austurs og vesturs. Nyrsti hluti garðlaganna (um 10 m) sést enn vel en þau verða óljósari og eru horfin á stórum kafla þegar sunnar dregur. Framhald þeirra sést þó vel á loftmynd frá 1978, alla leið að útihúsunum og hefur sá kafla greinilega vikið einhvern tíma á síðustu fjórum áratugum. Umhverfis er grasi gróið svæði sem hallar til suðurs, að sjó. Upprunalega má ætla að leiðin hafi verið 60-70 m löng en aðeins sést vel fyrir henni nú allra nyrst, sunnan við Miðbæ Þórkötlustaða 001 og á 10-15 m kafla.



Þar sem sjávargata GK-011:205 lá til sjávar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-011:206 frásögn leið

333124 375288

Samkvæmt Lofti Jónssyni, heimildamanni lá gata áður frá Garðbæ 147 og að brunni 008. Gatan lá til suðurs, austan við Lambhúskot 011:010. Gatan lágu um hlið á girðingu sem var fast norðan við aðalveginn að Þórkötlustöðum á svæðinu milli brunns 008 og kálgarðs 180. Síðan fylgdi gatan aðalveginn að brunni og öðrum götum til sjávar. Þar sem leiðin lá eru að mestu sléttuð tún en að hluta til Þórkötlustaðavegur nú (2017).

Ekkert markar lengur fyrir götunni í sléttuðu túninu en gatan lá fram hjá Þórkötludys og var ein dysin 011:021_1 austan hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:207 mannvirki mylla

332785 375242

Steyptur grunnur er um 20 m austan við suðausturhorn á garðlagi sem er umhverfis húsið á Auðsholti. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var vindmylla frá Hjarðarholti 120 á þessum stað. Umhverfis er grasi gróið svæði en ekki mikil gróska. Austan við er vegur í átt að Hópsnesi og svo gamla hraðfrystihúsið að norðan er vegur heim að Auðsholti og réttin 055 að vestan garðurinn sem markar af lóðina við Auðsholt og að sunnan bithagi fyrir hesta, afgirtur



Stöpull undan myllu, GK-011:207. Á ljósmynd er horft til SSA

rafmagnsgirðingu.

Grunnurinn er steipt plata, líklega gólfplata úr húsi. Hún er 4,2 x 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Platan rís 0,2 m upp úr umhverfinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-011:208 þúst hlutverk óþekkt

332738 375406

Milli kálgarða 057 og hæðarinnar sem íbúðarhúsið Staffholt stendur á eru dældir á tveimur stöðum, í brekkurótum. Þar gætu mögulega hafa staðið litlir kofar þótt ummerkin séu of ógreinileg til að hægt sé að fullyrða um það. Í rótum grasi gróinnar brekku. Girðing sem markar af svæðið í kringum Staffholt er fast norðvestan við.



Þústir GK-011:208. Á ljósmynd er horft yfir þúst 01, til VSV

Dæld 01 er ómerkileg dæld inn í brekkuna sem snýr nálega austur-vestur. Hún er aðeins 0,1-0,2 m dýpri en umhverfið. Um 10 m austar er önnur dæld 02. Hún er enn óreglulegri en 10 og er 0,2 m á dýpt. Norðurbrúin skýrust. Bæði ummerki eru óljós og á mörkum þess að geta með sannfærandi hætti átt heima á fornleifaskrá en virðast þó mannaverk og því skráð með í verndarsvæðisskráningu líkt og leiðbeiningar segja til um.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-011:209 hleðsla hlutverk óþekkt

332750 375440

Sunnan við Staffholt er grjótklökk og á henni er steiptur kassi þar sem áður var vindmylla sjá 163. Framan eða austan í þessum hól er hleðsla framán í brekkunni. Í rótum grasi gróinnar brekku.

Hleðslan er hlaðin inn í brekkurætur og er aðeins hægt að greina austurbrún hennar (vesturbrúin er inni í brekkunni). Hún er samtals um 30 m löng og snýr að mestu NNV-SSA. Út frá þessari hleðslu er svo stuttur torfveggur. Hann er um 3,5 m langur og 0,6-0,8 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hann var hlaðinn en þegar svæðið var skráð 2003 var lítil tóft skammt sunnan við hann sem nú er horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Hleðsla GK-011:209

GK-011:210 heimild um hesthús

333179 375180

Samkvæmt Bjarna Kristni Garðarssyni, heimildamanni, voru tóftir af hesthúsi og fjósi við Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða 146 og stóðu tóftir húsanna lengi fram eftir 20. öld. Bjarni ruddi úr þessum minjum á seinni hluta 7. áratugar 20. aldar. Á ljósmynd í eigu Bjarna sjást tóftirnar og virðast þær hafa verið norðarlega í þeim húsagarði sem er nú vestan við Vesturbæinn en fast sunnan við skemmu (hús 02 í Húsakönnun). Ekki er ólíklegt umrædd hús hafi verið sömu hús eða byggt á grunni húsa sem getið er í Fasteignamat frá 1916-1918 en þar kemur fram að bænum tilheyri fjós fyrir tvær kýr og hesthús fyrir 2 hesta. Talsvert af húsum er sýnt á túnakorti frá 1918 á þessu svæði en erfitt er að áætla hvort umrædd hús séu þar á meðal (sjá annars skráningu á 146). Svæðið þar sem húsin stóðu er innan lóðamarka, vestan við íbúðarhúsið en sunnan við skemmu. Svæðið er nú í nokkurri órækt, þar er ýmiskonar rusl og talsvert af grjóti en ekki sjást leifar eldri bygginga.

Ekki sést til fornleifa en af ljósmyndinni að dæma hefur þak verið fallið inn á hesthúsunum árið 1965 og fjósið verið fast austan við, líklega sambyggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ljósmynd frá Bjarna Kristni Garðarssyni tekin 1965 og Fasteignamat 1916-1918, 14



Á ljósmyndinni má sjá hesthús GK-011:210. Ljósmynd í eigu Bjarna Kristins Garðarssonar frá 1965

GK-011:211 heimild um vatnsþró

333158 375155

Vatnsþró var við Sólbakka um 10 m SSV við íbúðarhúsið sem byggt var 1945. Þróin sést á ljósmyndum frá árunum 1962 og 1965 og virðist enn vera á staðnum 1978, af loftmynd sem tekin var af svæðinu það ár að dæma. Umhverfis Sólbakka var einnig girðing eða garður og sést hann á sömu loftmynd en bæði þró og girðingin á lóðarmörkum hafa nú vikið. Þar sem þróin og girðingin voru eru nú grasflöt við Sólbakka. Þar við er listræn veðurstöð.

Vatnsþróin var steinsteypt og ferhyrnd og virðist hafa verið a.m.k. 1,6 m á hæð af ljósmyndum að dæma. Girðingin virðist hafa markað af svæði sem er gróflega áætlað 50 x 20 m norður-suður og var Sólbakki í austurhlíð hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ljósmyndir frá Bjarna Kristni Garðarssyni tekin 1962 og 1965



Þró GK-011:211. Ljósmynd frá 1965 í eigu Bjarna Kristins Garðarssonar

GK-011:212 frásögn þvottastaður

333381 375035

Þvottabás er annar bás fyrir austan Buðlunguvör 013. Samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni er hann klapparbás eða skarð inn í klöppina þar sem sjórinn fellur inn í á flóði en á fjöru streymdi fram sémilegt vatn á fjörunni. Þvottabás er tæpum 80 m SSA við Buðlungu. Í Þvottabási er skarð eða mjótt vik upp í klettana í fjörunni. Loftur telur að sú þvottaaðstaða sem þar var hafi aðallega verið notuð af íbúum frá Buðlungu og Klöpp.

Hættumat: engin hættu



*Þvottabás GK-011:212,
horft til suðurs*

GK-011:213 garðlag hlutverk óþekkt

332979 375402

Garðlag sem snýr norður-suður er um 5 m vestan við tóft 042. Að líkindum hefur það tilheyrt kálgörðum sem sýndir eru á svæðinu á túnakorti frá 1918. Gamalt tún, nú bitið.

Garðlagið liggur til norðurs frá túngarði 046 en er þó ekki áfast honum og er alls rúmlega 20 m langt og víðast hvar tæpur metri á breidd. Op er á því rétt sunnan við miðju en þó vottar fyrir undirstöðum hleðslu í því og gæti því verið rof. Garðlagið er unglegt að sjá og reglulegt. Af túnakortinu að dæma hafa verið nokkrir sambyggðir kálgarðar á þessu svæði, vestan við tóft 042 og út að horni á túngarði 030, á svæði sem er alls hátt í 70 m að lengd frá austri til vesturs en þessi garður er einu sýnilegu leifarnar sem eftir standa.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



Tóft

GK-011:214 mannvirki mylla

332838 375470

"Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa," segir í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi eftir Loft Jónsson. Vindmyllan var við yngsta íbúðarhús Klöpp en utan við (norðaustan) við lóðarmörk. Íbúðarhúsið stendur enn norðvestarlega í



*Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV
Fyrir uppmælingu, sjá fornleif GK-011:165*

Þórkötlustaðahverfi, sambyggt Teigi. Myllan var um 27 m norðaustan við Klapparhúsið og rétt utan við lóðamörkin eins og þau eru nú.

Þar sem myllan stóð er grasi gróin hæð utan við lóðamörk Teigs/Klappar. Á þessum stað sést hleðsla í grassverði 1,2-1,3 m í þvermál. Aðeins er hægt að sjá nokkra steina á þessum stað og eru þeir nærri því horfnir í gras en samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni eru þetta líklega síðustu ummerki um undirstöður myllunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

GK-011:215 mannvirki hlutverk óþekkt

332779 375074

Leifar af húsi úr blönduðu byggingarefni eru rúma um 160 m suðvestur af Hraðfrystihúsinu og um 30 austur af veginum niður í Hópsnes. Gróið vallendi í beitarhólfi.

Einn veggur stendur enn og er hann um 4 m langur frá norðri til suðurs. Líklega er þetta vesturgafll hússins. Í honum er steypa, grjót og holsteinn, allt í bland. Veggurinn stendur allt að 1,4 m en er ójafn að ofanverðu og hefur þar brotnað úr honum. Tveir fallnir veggir eru austan við þennan en samhengi þeirra óljóst. Grjóthruga sem er vel gróin er fast austan við föllnu veggina, um 6 m austan við þann sem er uppistandandi. Alls ná ummerkin yfir svæði sem er ríflega 6 x 4 m stórt og snýr austur-vestur. Samkvæmt Lofti Jónssyni stóð ekki eiginlegt hús á þessum stað heldur einungis settir byggingaafgangar og fleira rusl.




Steypuleifar GK-011:215, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:216 mannvirki

333014 375410

Um 2 m NNV við norðvesturhorn íbúðarhússins í Búðum er mannvirki sem líklegast hefur verið einhvers konar manngerð tjörn eða skrautlaug. Sjálf "tjörnin" er á hæð en rennan sem gengur frá henni liggur niður dálitla brekku, að íbúðarhúsinu í Búðum.



Skrautlauga við Búðir. GK-011:216. horft til suðurs


Mannvirkið er niðurgrafið og fóðrað með steinhellum með steypu á milli. Það er með rúnuð horn og skálarlag og er 2,3 m í þvermál. Er mest 0,1 m upp úr umhverfinu en 0,2 m á dýpt. Gras og mosi vex nú í mannvirkinu. Frá því til suðurs og SSA gengur e.k. renna sem er einnig fóðruð grjóti og samanlímd af sementi. Hún gengur 4 m niður brekkuna, er um 0,7 m að breidd efst en endar í hálfgerðum spíss, um 0,2 m breiðum neðst. Umrætt mannvirki er án efa frá síðari hluta 20. aldar og telst því ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:217 garðlag túngarður

332943 375441

Leifar sem virðast vera af garðlagi (fremur en að einfaldlega hafi verið hlaðið undir girðingu) eru í túninu suðvestan við Búðir. Garðlagið er greinilegt sem svolítill hryggur í túninu á kafla en sumstaðar sést einnig einföld steinaröð í sverði. Allra nyrst má sjá slíka steinaröð í miðjum malarveginum sem liggur frá Þórkötlustaðavegi og að gamla þjóðveginum sem lá sunnan við Efraland/Þórsmörk/Heimalandi en framhald garðlagsins sést sunnan við veg og liggur langleiðina að Eyvindarhúsum 030. Garðlagið hefur greinilega legið þar sem malarvegur liggur nú



Garðlag GK-011:217. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs en til vesturs á ljósmynd til hægri sem sýnir framhald sama garðlags þar sem það kemur í ljós í malarveginum

en einnig þar sem eru tún.

Hér hefst lýsingin nyrst þar sem hægt er að greina nokkrar steina í röð í veginum að Efralandi/Þórsmörk/Heimalandi (garðlag A). Steinarnir virðast greinilega hluti af hleðslu, líklega garðlagi og líklegast hefur garðlagið verið hluti af sama garðlagi og má greina um 22 m sunnar. Steinaröðin í veginum er einföld og um 5,5 m löng en 0,05 m hærri en vegurinn. Um 22 m sunnar er hægt að greina óljóst garðlag (garðlag B) í túninu. Það er víðast aðeins óljós hryggur en þó sést á köflum vel í einfalda steinaröð í grassverðinum. Það er um 38 m langt og liggur til SSV að klöpp sem snýr austur-vestur í túninu. Þar verður erfitt að rekja lögun garðlagsins en þó er eins og það hafi beygt til vesturs og legið í um 5 m áður en það liggur aftur beint til suðurs, í átt að Eyvindarhúsum 030 en hægt er að rekja það í 17 m til suðurs áður en það verður alveg ógreinilegt. Í áður nefndri kverk á garðlaginu er svolítill stallur og má vera að lítill kofi hafi staðið þar (C) eða að þar hafi verið undirstaða undir eitthvert annað mannvirki. Umræddur stallur er 2-2,5 m á kant og flatur í toppinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-011:218 hleðsla hlutverk óþekkt

333335 375144

Um 6 m austan við íbúðarhúsið í Buðlungu má sjá glitta í hleðsla í malarveginum sem liggur fram hjá íbúðarhúsinu. Líklega hefur verið e.k. garðlag á þessum slóðum. Malarvegur en í honum má sjá glitta í röð steina, e.k. hleðslu.

Steinarnir sjást á um 7-8 m kafla og eru einföld röð. Þeir snúa NNV-SSA. Ekki er ljóst hvort steinarnir hafa verið hluti af garðlagi og þá hvaða.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar




Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV

GK-011:219 tóft útihús

333275 375541

Hvammur var um 350 m norður af bæ 001 og um 100 m austan við Efraland, fast norðaustan við Þórsmörk. Þar er 3 m háur steypdur skorsteinn og við hann eru tóftir bæjarins 047. Túngarður 125 liggur uppi á hraunbrúninni norðan og austan tóftanna en sunnan þeirra er þýft tún. Hvammur er utan túnakortsins sem gert var af túninu í Þórkötlustöðum 1918 en býlisins er þó getið á kortinu, þar stendur: "Þórkötlustadahverfi. Þórkötlustaðir, 5 býli [...] Buðlunga og Einland (jarðir). Eyvindarstaðir, Búðir, Miðbær, Garðbær, Móar og Klöpp (með túnbletti). Lambhús, Berg (Hvammur "ekki sýndur")." Þar kemur einnig fram að kálgarðar hafi verið 950 m² í Hvammi. Í Húsakönnun Þórkötlustadahverfis eftir Loft Jónsson segir: "Það var byggt um aldamótin 1900. Þar bjuggu Guðmundur Þorláksson og kona hans Valgerður Einarsdóttir. Skammt frá (innan við 10 m ANA) þeim stað þar sem húsið Hvammur 047 stóð eru leifar úthúss sem hefur verið frá býlinu. Há hraunbrún er fyrir norðan og austan bæinn. Gróið tún er umhverfis húsið og túngarður 125 afmarkar það til allra átta.



Tóft GK-011:219. Á ljósmynd er horft til austurs

Útihúsið er í brekkunni, 8 m austan við Hvamm 047. Tóftin er 8x4 m að stærð, skiptist í tvö hólf

og snýr NNV-SSA. Vesturveggurinn er horfinn, timburpil var líklega þar. Tóftin er grafinn inn í hraunbrún til austurs og bárujárnsþak yfir. Hleðsluhæð og umför eru svipuð og í hinni tóftinni. Syðra hólfið er mun verr varðveitt. Það er 4,2x1,8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru hæstir til austurs, þar eru þeir 2 m og lítið annað en hlaðinn kantur. Nyrðra hólfið er 3x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru mest 1,-2 m á hæð og þar má sjá allt að 10 umför af grjóti. Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-011:220 heimild verbúð

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Heimræði árið um kring og gánga þar skip heimabóndans. íttætt skip dómkirkjunnar um vertíðina, og fylgja því staðarins skipi bæði búð og vergögn, sem staðurinn við magt heldur". Ekki er vitað hvar verbúðin hefur verið en líklegast hefur hún verið neðan við Þórkötlustaði eða á milli bæjarins og Buðlungu. Elsta þekktá lýsing á verbúðum í Þórkötlustadalandi er í úttekt frá 4. júní 1738 þar sem getið er um tvær „sjómanna búðir. Var önnur þeirra í tveim stafgólfum, en hin í þrem, og báðar sagðar vel stæðilegar. Þessar búðir hafa að líkindum aðeins hýst eina skipsáhöfn hvor, en einnig voru til búðir fyrir tvær skipshafnir.“ segir í Sögu Grindavíkur

Heimild: JÁM III, 12 og Saga Grindavíkur I, 203 (en upphafleg heimild er Biskupaskjalasafn. I VII, 5)


GK-011:220 heimild mylla

Í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis eftir Loft Jónsson segir: "Íbúar Þórkötlustaðahverfis voru nokkuð framfararsinnaðir og margir komu sér upp vindmyllum sem framleiddu rafmagn til ljósa áður en Sogsvirkjun var leidd til Grindavíkur. Það voru ein 10 hús sem höfðu vindmyllur. Eyvindarstaðir, Miðhús og Búðir voru öll með vindmyllur fyrir tíma rafmagnsveitu í Grindavík árið 1947. Auk þeirra voru Bræðratunga, Stafholt, Klöpp, Teigur, Auðsholt, Heimaland og Efraland með vindmyllur til ljósa." Vindmylla Búða var ekki stakstæð bygging heldur var hún á heyllöðupaki þar. Engin ummerki sjást um mylluna.

Heimild: Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

GK-012 Buðlúnga

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13.
Enn hjáleiga 1801 og 1847.



Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV

GK-012:001 *Buðlúnga (elsta staðsetning)* bæjarstæði býli 332785 375066

1840: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum [Þorkötlustöðum] að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin," segir í sóknarlýsingu. Samkvæmt Sýslu- og sóknarlýsingu stóð elsta bæjarstæði Buðlungu áður við sjó en var fært upp í landið um 1800. Þar stóð bærinn í um 130 ár þar til nýtt íbúðarhús var byggt enn norðvestar árið 1933 og stendur það enn. Ekki er vitað nákvæmlega hvar elsta bæjarstæði


Buðlunga var en það var beint suður af því bæjarstæði þar sem byggt var á 19. öld (sjá 002). Býlið var því staðsett gróflega við fjöruborðið beint (50 m) suður á bæjartóft 002 og um 80 m SSA af íbúðarhúsinu í Buðlungu sem nú stendur (byggt 1933). Stórgrýttur fjörukambur og klappir fram af þeim.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: JJ, 84; SSGK, 139.

GK-012:002 Buðlunga (yngra bæjarstæði) tóft býli 332784 375119

1840: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin." segir í sóknarlýsingu. "Túnið á Buðlunga liggur að vörinni og sundvarðan var þar neðst í túni," segir í örnefnaskrá AG. Í fasteignamati 1916-1918 segir:



Tóft GK-011:191. Á ljósmynd er horft til NNV

"Buðlunga, eigandi Hafliði Magnússon Hrauni, ábúandi Eyyólfur Jónsson, dýrleiki 44. Tún og matjurtagarðar sérstaket, hagbeitt og heidarlönd óskipt sameign við Þórkötlustaði. Túngarður úr grjóti og vírgirðingu, matjurtagarðar 200 □ faðmar, gefa 15 tn í meðalári, 1 safnþró, alt í samilegu standi. Tún talið 3 dagsláttur, gefa af sér 55 hesta, mætti græða út. Útengi ekekert, útbeitt er fjalllendi og fjörubeitt, smalamennska erfð. Reki sameiginlegur við Klöpp og Einland. Uppsátursréttur í sameiningu við allar jarðirnar. Afföll nokkur af sjó á tún og garða. Efstirgjald til landeiganda kr. 40.00.

Hús jarðarinnar sem landeigandi á eru þessi:

Eldhús 3 × 6 á

Fjós fyrir 2 kýr

Hús sem leiguliði á á jörðinni:

Íbúðarhús 9 × 6 ál, á hæð 4 áln. Byggt úr timbri járn varð að mestu:

Hey og geymsluhús 9 × 6 ál, veggj. 4 a rís 1 1/2

Geymsluhús 5 × 3

*Hesthús fyrir 1 best
Fjárhús 11 x 4 ál
Fiskskúsi 6 x 4 ál
annar skúr 6 x 3 m*

Bærinn í Buðlungu var á tímabilinu frá því um 1800 og til 1933 um 40 m suðaustan við núverandi íbúðarhús í Buðlungu (byggt 1933). Bæjartóftir Buðlungu og Klappar eru sambyggðar, a.m.k. sjást ekki skýr skil á yfirgrónum tóftunum nú (2017). Þær eru fast suðvestan við núverandi útihússamstæðu í Buðlungu. Bærinn í Buðlungu var færður undan ágangi sjávar um aldamótin 1800, til norðurs eða upp í túnið. Talsverð bæjartóft er þar sem bæjarstæði Buðlungu og Klappar virðast sambyggð, fast sunnan og austan við fjárhús og skemmu sem nú stendur í Buðlungu.

Tún eru allt í kring nema að norðvestan þar sem er útihússamstæða og malarplan. Tóftin er innan hóls sem nýtt er fyrir hrossabeit og sést talsvert traðk innan tóftar og við hana.



Buðlunga GK-012:002, horft til austurs á báðum myndum.

Sunnan og austan við skemmu í Buðlungu er stórt tóft. Samkvæmt heimildum var vesturhluti tóftarinnar bærinn í Buðlungu en austurhluti Klöpp. Er þetta óvanalegt og í lýsingu á mannvirkjunum verður hér allri tóftinni lýst en gert sérstaklega grein fyrir þeim hólfum sem eðlilegast er þá að ætla að hafi tilheyrt Buðlungu. Tóftin er samtals 22,5 x 21,5 m að stærð og er því örlítið lengri austur-vestur en norður-suður. Í raun má segja að hún sé L-laga og eðlilegast er að álykta að sá hluti sem snýr norður-suður og er vestast hafi þá tilheyrt Buðlungu en hlutinn sem gengur til austurs syðst á svæðinu sé sá hluti sem tilheyrði Klöpp. Verður hólfunum gefin númer til samræmis við þetta og svæðinu lýst til á sambærilegan hátt. Sá hluti tóftar sem gera má ráð fyrir að tilheyrt hafi Buðlungu er sá hluti sem verst er farinn. Hluti þess hefur greinilega lent undir skemmu og má áætla að hann hafi náð lengra til vesturs áður. Þessi hluti er samtals um 21,5 x 7-9 m að stærð og snýr norður-suður. Allra syðsti hlutinn markar af norðurhlið til móts við hlið á túngarði Klappar (sjá 013:005). Allra syðst er lítil hólf sem nú er alveg samanhrunið og ógreinilegt (012:002A). Inngangur inn í hóflið er stæðilegur og grjóthlaðinn um 0,8 m á breidd og allt að 1 m inn í tóftina en er þá kominn á kaf í torfhrun þannig að ekki er hægt að áætla stærð hóls. Í þeim vegg sem gengur til vesturs frá opinu er steiptur stampur inn í grjóthleðslunni, þ.e. eins konar upphlaðinn varða, um 1,2 m á hæð sem er samanlímd með steinlími og sker sig úr grjóthleðslunni umhverfis þótt hún sé hlaðinn inn í vegginn. Um 4 m norðan við op hóls 012:002A er annað hólf 012:002B. Þar er opið vel greinilegt og liggja stutt göng, sem enn eru undir þaki inn í hóflið. Göngin eru um 1,7 m löng. Þak hólsins hefur hins vegar einnig hrunið inn og því er ekki hægt að komast inn í hóflið lengur. Með því að klifra upp á þak á tóftinni má gróflega áætla stærð hólsins og hefur það verið um 2,8 m á kant. og veggheðslur allt að 2 m háar. Á leifum af þakþekjunni má enn sjá þakglugga að sunnanverðu. Norðan við op á hólf B gengur 3 m langt garðlag til vesturs þar til það hverfur undir suðurvegg skemmu og öll austurhlið skemmunnar er byggð ofan á tóftina. Til norðurs frá hólf B er hæð sem er um 11 x 7 m stór og er fær hér númerið 012:002C. Girt hefur verið yfir tóftina á milli hólf A og B og að auki raðað 4 fiskikörum í röð til að loka af svæðinu. Ljóst er að þar hafa verið hólf á tóftinni sem nú eru illmerkjanleg. Sem fyrr segir er

vesturhlið svæðisins komin undir skemmuna. Að austan má sjá grjóthleðslu í jafri tóftar en sem fyrr segir sést ekki móta fyrir hólfum á þessu svæði. Austurhlið þess er mjög afmörkuð og afgerandi og þar má sjá greinilega grjóthleðslu á allt að 6 m löngum kafla. Austurhluti tóftarinnar virðist hafa tilheyrt Klöpp (013:002). Sá hluti er um 14 x 14 m að stærð. Fyrir miðri tóft er hólf 013:002A. Það er einna skýrast, a.m.k. ef horft er á tóftina úr suðri. Það er um 3 x 1,4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru um 1,5 m á hæð þar sem mest er og hleðslan 10-11 umför en hleðslur eru lægri til suðurs. Hólfið er opið til suðurs og á því er einnig op til norðurs og liggja göng (um 1-1,2 m löng) frá því til norðurs yfir í hólf 013:002B og 013:002C. Hólf B er beint norðan við hólf A og er milliveggur sem aðgreinir það frá hólf C sem er vestar. Hólf B er 3,5 x 1 m að bæjargöngum meðtöldum og snýr norður-suður. Milliveggur er á milli hólf B og C (um 1 m á lengd) sem er vestar og er op á milli hólfanna syðst á honum. Hólf C er 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Vesturveggur hólfins er talsvert hruninn inn en aðrir veggir standa vel og sjást mest 8 umför af grjóthleðslu þótt veggir séu yfirgrónir að kafla. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) voru hólf B-C eldhús. Vestan við hólf A-C er stakt hólf, hólf 013:002G. Það er um 3,5 x 1,5 m að innanmáli og er opið til suðurs. Hólfið stendur hærra á hólnum en hólf A-C (um 0,5 m) en veggir eru lægri en í áður nefndum hólfum eða um 0,5 m á hæð og í þeim sést 4-5 umför. Norðurveggur er talsvert hruninn inn. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var hólf G skemma. Austan hólfinn þrjú (A-C) er hólf 013:001D. Það er suðaustast í tóftinni stendur nokkuð hærra en hólf A-C og er botn eða gólf hólfins líklega um 0,5 m hærra en botn hólf A-C. Hólfið er 2,8 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,8 m á hæð og í þeim sjást 6-8 umför þar sem mest er. Op hefur verið á suðvesturhorn þess en það er að verða mjög ógreinilegt sökum hruns. Um 2 m eru frá horni hólfins og niður á jafnsléttu og nokkuð bratt er frá hólfinu og til suðurs. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var hólf D baðstofa og var innangengt úr göngum A yfir í baðstofu áður fyrr. Veggurinn sem hefur verið á milli hólf A og D er að talsverðu leyti hruninn og allt að 1,5 m á breidd. Svo virðist sem eitt hólf hafi verið á austurhlið tóftar, hólf 013:002E. Það er norðarlega í tóftinni en stendur hærra en hólf A-C og er óljósara. Veggjaskil eru óskýr og innri brún veggja aðeins 0,1-0,2 m en svæðið er 0,4 m hærra en umhverfið. Mörk hólfins til austurs eru óskýr en suður- og vesturhliðar eru sémilega skýrar. Að norðan eru mörkin hins vegar óskýrari. Gróflega áætlað er hólfið 4-5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur sjást í hólfinu. Vel gæti hugsast að þarna hafi verið heytóft þótt eins megi vera að þar hafi verið reglulegt hólf sem nú er afmáð að mestu. Í norðurhlið tóftar virðist vera eitt hólf, hólf 013:001F. Það er grafið inn í rústina og er 3 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Hólfið er opin til norðurs. Óljósar grjóthleðslur sjást neðst í veggjum en veggir annars alveg yfirgrónir og talsvert hrunir inn. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) sem bjó fyrstu árin í Gömlu-Klöpp var tóftin af íshúsi og þar var beitan t.d. geymd. Traðk eftir skepnur er sérstaklega áberandi í suðurhlið tóftarinnar. Fast sunnan við austurhluta tóftarinnar er raskað svæði, 013:002H. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var hlandforin á þessum stað, beint fyrir utan baðstofugluggann. Árni fyllti síðar upp í forina. Það er um 7 m í þvermál og á því er mjög mikið af grjóti en í raun ekki önnur ummerki að sjá.

Samkvæmt myndbandi sem tekið var upp í Þórkötlustaðahverfi 1986 stóð þá uppi framhús Buðlungu úr timbri og báru járn. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var húsið líklega byggt 1913-1914.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þórkötlustaðir AG, 1; JJ, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918, Fasteignamat 1916-1918, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-013 Klöpp

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13.
Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84



Yfirlitsmynd af túni Buðlungu og Klappar

GK-013:001 *Klöpp (elsta bæjarstæði)* bæjarstæði býli 333355 375058

Klappar er getið sem hjáleigu frá Þorkötlustöðum í Jarðatali Árna og Páls frá 1703. 1840: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin," segir í sóknarlýsingu. Samkvæmt Sýslu- og sóknarlýsingum stóð elsta bæjarstæði Klappar áður við sjó en var fært upp í landið um 1800. Þar stóð bærinn í um langt skeið en hætt var að búa á umræddum stað rétt fyrir 1930. Steinsteipt tvíbýlishús Teigur/Klöpp var byggt um og upp úr 1930 um 600 m norðvestar í hverfinu. Ekki er nákvæmlega vitað hvar elsta bæjarstæði Klappar var en það er líklega horfið í sjó. Líklegast er að það hafi verið beint suður af því bæjarstæði sem byggt var þegar það var flutt um aldamótin 1800, sjá 002. Staðsetning er því aðeins gróflega ágiskuoð.

Bærinn er án efa horfinn í sjó.

Engin ummerki um elsta bæjarstæði Klappar sjást lengur

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: SSGK, 139, JÁM III, 13.

GK-013:002 *Klöpp (yngra bæjarstæði)* bæjarstæði býli 333361 375117

1840: "Klöpp og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærra upp í túnið síðan aldamótin.," segir í sóknarlýsingu. "Austast var Klöpp þar sem bjuggu Guðmundur Jónsson og Margrét Árnadóttir. Þar byggði sonur þeirra Guðmundur nýtt hús rétt við gamla torfbæinn og nefndi það einnig Klöpp [sjá 013:004]," segir í Húsakönnun Lofts Jónssonar fyrir Þorkötlustaðahverfi. Annar sonur þeirra hjóna byggði svo hús skammt austan við torfbæinn og nefndi Teig (sjá :011:154). Í fasteignamati 1916-1918 segir:

"Jörðin Klöpp, eigandi og ábúandi Guðmundur Jónsson. Dýrleiki eftir síðasta mati 3,44. Tún 3 dagsláttur, greiðfært, grasgefið, gefur af sér 50 hesta. Matjurtagarðar 300 □ fadmar, gefa 10 tn: af matjurtum, útengi ekkert, heidarland og hagbeit óskipt í sameiningu við alla jörðina Þórkötlustaði. Utbeitt samleg, fjörubeit góð, smalamennska erfð. Uppsátur í sameiningu við Þórkötlustaði, ekki til að leigja út. Samgöngur erfðar á landi, brúkanlegar á sjó. Túnið liggur undir áföllum af sjó. Hús á jörðinni, sem öll eru eign landeiganda og ábúanda eru þessi:

Íbúðarhús 10 x 6 ál., veggþæð 5 ál., ris 2 ½ alin., byggt út timbri, járn á þaki og öðrum gaflí, hitt klætt með pappa, skiptist í 3 herbergi,

Geymslubús 7 x 5 ál, þortbyggt, úr sama efni

Skúr 7 x 4 ál.

Hjallbús 7 x 4 ál.

Skúr áfastur við geymslubúsið

Heybús 9 x 4 ál, tekur 70 hesta

Fjós fyrir 2 kýr,

Hestbús fyrir 2 hesta,

Útielubús 8 x 3 ál.

Skemma 8 x 4 ál.

Lambhús 9 x 3 ál.

do 9 ½ x 4 ál,

Fjánhús 6 x 3 ál,"

Í Klöpp stóð 1932 timburhús samkvæmt Fasteignabók 1932. Bærinn er talinn upp í fasteignabók 1938 en þá er ekki skráð hús þar. Fasteignabók 1938. Svæðið fór illa í stórflóðinu 1925. Tóftir Klappar sjást enn vel um 135 m ASA við Miðbæ Þórkötlustaða og fast austan við útihúsasamstæðu í Buðlungu. Tóftin er innan hólfis sem nýtt er fyrir hrossabeit og sést talsvert traðk innan tóftar og við hana.



Klöpp GK-013:002. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til norður á mynd til hægri. Uppmælingu af tóftinni er að finna á fornleif GK-012:002

Sunnan og austan við skemmu í Buðlungu er stórt tóft. Samkvæmt heimildum var vesturhluti tóftarinnar bærinn í Buðlungu en austurhluti Klöpp. Er þetta óvanalegt og í lýsingu á mannvirkjunum verður hér allri tóftinni lýst en gert sérstaklega grein fyrir þeim hólfum sem eðlilegast er þá að ætla að hafi tilheyrt Klöpp. Tóftin er samtals 22,5 x 21,5 m að stærð og er því örlítið lengri austur-vestur en norður-suður. Í raun má segja að hún sé L-laga og eðlilegast er að álykta að sá hluti sem snýr norður-suður og er vestast hafi þá tilheyrt Buðlungu en hlutinn sem gengur til austurs syðst á svæðinu sé sá hluti sem tilheyrði Klöpp. Verður hólfunum gefin númer til samræmis við þetta og svæðinu lýst til á sambærilegan hátt. Austurhluti tóftarinnar virðist hafa tilheyrt Klöpp. Sá hluti er um 14 x 14 m að stærð. Fyrir miðri tóft er hólf 013:002A. Það er einna skýrast, a.m.k. ef horft er á tóftina úr suðri. Það er um 3 x 1,4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru um 1,5 m á hæð þar sem mest er og hleðslan 10-11 umför en hleðslur eru lægri til suðurs. Hólfid er opið til suðurs og á því er einnig op til norðurs og liggja göng (um 1-1,2 m löng) frá því til norðurs yfir í hólf 013:002B og 013:002C. Hólf B er beint norðan við hólf A og er milliveggur sem aðgreinir það frá hólf C sem er vestar. Hólf B er 3,5 x 1 m að bæjargöngum meðtöldum og snýr norður-suður. Milliveggur er á milli hólfis B og C (um 1 m á lengd) sem er

vestar og er op á milli hólfa syðst á honum. Hólf C er 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Vesturveggur hólsins er talsvert hruninn inn en aðrir veggir standa vel og sjást mest 8 umför af grjóthleðslu þótt veggir séu yfirgrónir að kafla. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) voru hólf B-C eldhús. Vestan við hólf A-C er stakt hólf, hólf 013:002G. Það er um 3,5 x 1,5 m að innanmáli og er opið til suðurs. Hólfið stendur hærra á hólnum en hólf A-C (um 0,5 m) en veggir eru lægri en í áður nefndum hólfum eða um 0,5 m á hæð og í þeim sést 4-5 umför. Norðurveggur er talsvert hruninn inn. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var hólf G skemma. Austan hólfín þrjú (A-C) er hólf 013:002D. Það er suðaustast í tóftinni stendur nokkuð hærra en hólf A-C og er botn eða gólf hólsins líklega um 0,5 m hærra en botn hólfa A-C. Hólfið er 2,8 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,8 m á hæð og í þeim sjást 6-8 umför þar sem mest er. Op hefur verið á suðvesturhorn þess en það er að verða mjög ógreinilegt sökum hruns. Um 2 m eru frá horni hólsins og niður á jafnsléttu og nokkuð bratt er frá hólfinu og til suðurs. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var hólf D baðstofa og var innangengt úr göngum A yfir í baðstofu áður fyrr. Veggurinn sem hefur verið á milli hólfa D og A er að talsverðu leyti hruninn og allt að 1,5 m á breidd. Svo virðist sem eitt hólf hafi verið á austurhlið tóftar, hólf 013:002E. Það er norðarlega í tóftinni en stendur hærra en hólfín að sunnan og er óljósara. Veggjaskil eru óskýr og innri brún veggja aðeins 0,1-0,2 m en svæðið er 0,4 m hærra en umhverfið. Mörk hólsins til austurs eru óskýr en suður- og vesturhliðar eru sámilega skýrar. Að norðan eru mörkin hins vegar óskýrari. Gróflega áætlað er hólfið 4-5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur sjást í hólfinu. Vel gæti hugsast að þarna hafi verið heytóft þótt eins megi vera að þar hafi verið reglulegt hólf sem nú er afmáð að mestu. Í norðurhlið tóftar virðist vera eitt hólf, hólf 013:002F. Það er grafið inn í rústina og er 3 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Hólfið er opin til norðurs. Óljósar grjóthleðslur sjást neðst í veggjum en veggir annars alveg yfirgrónir og talsvert hrundir inn. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) og bjó fyrstu árin í Gömlu-Klöpp) var tóftin af íshúsi og þar var beitan t.d. geymd. Traðk eftir skepnur er sérstaklega áberandi í suðurhlið tóftarinnar. Fast sunnan við austurhluta tóftarinnar er raskað svæði, 013:002H. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var hlandforin á þessum stað, beint fyrir utan baðstofugluggann. Árni fyllti síðar upp í forina. Það er um 7 m í þvermál og á því er mjög mikið af grjóti en í raun ekki önnur ummerki að sjá.

Samkvæmt myndbandi sem tekið var upp í Þórkötlustaðahverfi 1986 stóð þá uppi framhús Buðlungu úr timbri og báru járni. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var húsið líklega byggt 1913-1914.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ 1847, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918, Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4, Fasteignamat 1916-1918, 7-8, Fasteignabók 1932, 20, Fasteignabók 1938,78, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

GK-013:003 gata leið

333343 375080

Sjávargatan frá Klöpp lá frá Klapparbænum gamla 013:002 og niður að sjó í gegnum sjóvarnargarð 011:168. Gatan er merkt inn á túnakort frá 1918. Túngarður Klappar 013:005 myndaði vesturhlið traðanna alla leið að bænum, þar sem var hlið á túngarðinum en hlaðinn var traðarveggur að austan. Umhverfis traðirnar er grasi gróin slétta. Hólfíð er nýtt fyrir hross og sést traðk og hrossaskítur víða.



Gata GK-013:003. Á mynd til vinstri er horft heim að bæ (til N) en til suðurs á mynd til hægri

Túngarður Klappar/Buðlungu markar vesturhlið traðanna frá suðurenda þeirra (þar sem hlið hefur verið á sjóvarnargarði) og hálf leið heim að tóft Klappar eða samtals 28 m löngum kafla. Vesturveggurinn (túngarðurinn) mjög stæðilegur, víða 1 m á hæð en um 1,5 m þar sem mest er. Í veggnum sjást 6-8 umför af hleðslu. Austurhlið traðanna er 1-2 umför af grjóti. Hæð að innri brún allt að 0,5 m en ytri brún er ógreinilegri. Veggurinn er 0,3 á hæð og 0,8 m á breidd. Austurhliðin er merkjanleg á um 16 m kafla. Um 4 m norðan við suðurenda traðanna hefur verið hlaðið þvert yfir þær, og girðing strengd þvert yfir svæðið. Timburpil hefur einnig verið lagt yfir traðarendann að sunnan.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918

GK-013:004 Klöpp (þriðja bæjarstaði) mannvirki bústaður 333358 375100

"Nýja" húsið í Klöpp stóð sunnan við gamla bæinn 002, þar sem nú er steipt þró. Klapparbærinn hefur verið á nokkrum stöðum í Þórkötlustadahverfi. Elsta staðsetningin er horfin í sjávarrof (013:001) og var bærinn færður norðar í túnið um 1800 (sjá 002). Ekki er vitað hversu lengi hann stóð þar en í upphafi 20. aldar hefur verið búið að byggja nýtt hús um 5 m sunnan við eldra bæjarstaðið og er það bæjarstaði skráð undir þessu númeri. Var það sonur hjónanna í Klöpp sem byggði húsið og nefndi það einnig Klöpp. Gömlu hjónin í Klöpp virðast þó hafa búið í yngra húsinu, því sem hér er skráð á tímabili. Um 1930 var svo bærinn fluttur á allt annan stað, norðvestarlega í Þórkötlustadahverfi þar sem enn stendur steinsteipt parhús, Teigur og Klöpp en fjallað er um það síðastnefnda í húsaskráningu hverfisins. Ummerkin eru á túnskika sem tilheyrði Klöpp/Buðlungu.

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær húsið sem hér er skráð var byggt en á heimasíðu Ferlis kemur eftirfarandi fram: ""Nýja" húsið í Klöpp stóð sunnan við gamla bæinn, þar sem nú er steipt þró. Austan við gamla bæinn var byggt hús er nefndist Teigur. Marel í Klöpp og Árni í Teigi byggðu síðan samföst hús uppi á Leiti, sem enn standa [sjá húsaskráningu]" Greinileg ummerki sjást eftir mannvirki á þessum stað. Steinsteipta þróin stendur enn að mestu. Líklega hefur þróin verið til að safna vatni. Hún er um 3 x 2,2 m að stærð og nýr norður-suður. Veggir eru 10-15 cm á þykkt og úr grófri steypu og að vestur- og norðurhlíðum sjást för eftir bárujárn í steypunni. Talsverð uppsöfnun er innan veggja. Þróin er í suðausturhorni svæðis þar sem ætla má að íbúðarhúsið á Klöpp hafi staðið. Svæðið er rúmlega 6,5 m á kant og er 0,1 m hærra en



Tóft GK-013:004. Á ljósmynd er horft til vesturs

umhverfið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: <http://www.ferlir.is/?id=4230>

GK-013:005 garðlag túngarður 333369 375078

Vallargarður var umhverfis tún Klappar/gömlu Buðlungu (013:001 og 012:001) og er hann enn fremur heillegur. Vallargarðurinn markar af tún sem er 50 x 25 m að stærð og snýr NNA-SSA.



Túngarður GK-013:005. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til SSV. Uppmælingarteikning af garði er á yfirlitsmynd af svæðinu við fornleif GK-012:001

Hér eru skráðar austur- og vesturhlíðar vallargarðsins. Hann hefur væntanlega markast af sjóvarnargarði 168 að sunnan og að norðan markast hann af löngum garði 013:006 sem legið alveg austur að Slokahrauni og markar af tvö önnur túnstæði en það sem hér er skráð. Túngarður markar af túnstæði Klappar/Buðlungu. Nú er beitarhólf fyrir hross á þessum slóðum.

Garðlag 005 er grjóthlaðið. Austurhlíð túngarðsins er slitin í sundur af hliði (2 m breitt) þar sem götur 013:008 hafa legið í gegn (005_01 og 02). Samtals er þessi hlið ríflega 50 m löng og eru báðir hlutar (ofan og neðan hliðs) ámáta langir. Garðurinn er stæðilegur, hlaðinn úr fremur


smáu grjóti. Hann er 0,7-0,8 m á hæð og 5-7 umför. Hann er allt að því 1,2 á breidd og að hluta gróinn. Í raun réttir var sá hluti sjóvarnargarðs 168 sem var fyrir suðurhlíð Klappartúnsins hluti af túngarðinum sem markaði túnin. Sá hlut var nefndur Öskugarður og hefur án efa verið öskuhaugur fast sunnan hans sem nú er líklega talsvert skemmdur af sjávarágangi.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-013:006 þúst hlutverk óþekkt

333377 375104

Fast vestan við austurhlíð túngarðs Klappar (013:005) er hleðsla undan mannvirki. Hún er fast norðan (ofan) við þar sem hlið hefur verið á túngarðinum 013:005. Líklega hefur lítill kofi verið á þessum stað. Í túni Klappar sem nú er innan hrossahólfs.



Þúst GK-013:006. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA

Stallurinn er 3 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er 0,2 m hærra en umhverfið og er grasi gróinn. Ekki er vitað hvaða mannvirki var á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-013:007 tóft hlaða

333365 375096

Stæðileg útihúsatóft er um 14 m sunnan við bæjarstæði Klappar 002. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var heyhlaða á þessum stað sem faðir hans byggði. Guðmundur seldi reif svo húsið og seldi Indriða Guðmundssyni sem flutti það að Auðsholti. Túngarður markar af túnstæði Klappar/Buðlungu. Nú er beitarhólf fyrir hross á þessum slóðum.



Tóft GK-013:007. Á ljósmynd er horft til austurs

Tóftin er 11 x 7 m stór og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin en gróin og eru veggir alveg yfirgrónir að utanverðu. Hún skiptist í tvö hólf og er það vestara stærra. Það er 6 x 3 m að innanmálin austur-vestur og virðist hafa verið opið til vesturs þótt þar megi greina lága hleðslu ofan í tóftinni. Aðrir veggir eru stæðilegir og stendur norðurveggur best, í allt að 1,8 m hæð og sjást þar 14-15 umför af börðu sjávargrjóti. Austan við er lítið hólf 3,4 x 1,7 m að innanmáli sem snýr norður-suður og er opið til suðurs. Ekki er op á milli hólfanna en veggurinn sem er á milli hólfanna er mjög mikið hruninn (0,6 m á hæð). Tæpum 1 m frá suðvesturhorni tóftarinnar er lítill ferningur um 1 m á kant, líkt og þar hafi grjót verið hlaðið undir e.k. mannvirki. Til austurs frá tóftinni er um 4 m löng hæð sem er 0,5 m hærra en umhverfið og nær hún að túngarði. Þar sem hæðinni sleppir virðist mögulega hafa verið götutroðningur meðfram sunnanverðri tóftinni, samkvæmt túnakorti frá 1918. Ekki hefur þó verið op á túngarðinum 013:005 á þessum stað og ekki sjást greinileg merki götunnar og hún er því aðeins skráð undir þessu númeri en ekki á sérstöku númeri eins og flestar verulegri götur sem þekktar eru á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus.

<https://vimeo.com/11379496>

GK-013:008 gata leið

333369 375103

Götur lágu áður þvert yfir tún Klappar og eru hlið eða op á túngarð Klappar 013:005 að austan og vestan þar sem göturnar lágu í gegnum hann. Göturnar eru merktar inn á túnakort frá 1918. Götunum er viðhaldið að hestum en svæðið er nú beitarhólf hrossa.

Göturnar lágu fyrir sunnan eldra bæjarstæðið 001 en fyrir norðan það yngsta á þessu svæði 004. Ógreinilegar götur sjást á þessum stað í gegnum túnið, um 20 m langar. Ekki er hægt að merkja framhald þeirra til vesturs (þar sem margvíslegt rask hefur átt sér stað) en hægt er að rekja þær í um 50-60 m um túnið til austurs, þar til komið er að lítilli tjörn sem þar er (eða var í nóvember 2017 þegar svæðið var skráð).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918



Gata GK-013:008. Á ljósmynd má sjá hvar gatan hefur legið fram hjá þústi 006. Horft til SA


Samkvæmt Lofti Jónssyni var hrútakofi neðst eða syðst í túninu hjá Buðlungu/Klöpp. Árni Guðmundsson hafði greint honum frá þessu og Loftur taldi að það hefði verið umræddur kofi sem hefði horfið í flóðið 1925 og Árni greindi frá í viðtali 1986 (sjá annars 011:012). Á þessum stað er grastó í sjávarkampinum beint niður af Klapparbænum. Engar eiginlegar leifar hrútakofa sjást lengur á þessum stað.

Engar eiginlegar leifar hrútakofa sjást lengur á þessum stað. Samkvæmt frásögn Árna Guðmundssonar (1891-1991) fóru mörg hús við Klöpp/Buðlungu mjög illa í Stórflóðinu 1925. Árni hafði þar hrút í kofa sem var járnklæddur [líklega annað hvort sá staður sem hér er skráður eða 011:012]. Þegar Stórflóðið varð þá tók þakið ofan af húsinu og hrútin og allt. Þegar Árni kom daginn eftir var allt á kafi í sjó. Það varð bið á því að Árni kæmist en um kaffileytið daginn eftir þá sér er byrjað að fjara af túninu og þá fer hann að sjá ofan á kofann. Árni var viss um að hrúturinn væri dauður. Þegar hann loksins kemst að húsunum heyrir hann jarm og þá hafði hrútinum orðið til lífs að smá loftrými virðist hafa verið efst í húsinu. Þótti þetta talsvert merkilegt. Í sama flóði bjargaðist hestur Guðmundar bróður hans sem var í kofa á sömu slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus.
<https://vimeo.com/113794968> Loftmynd frá LMI 1956 og 1978

GK-014 England (Einland)




Yfirlitsmynd af minjum á Englandi og nágrenni

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13.
Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84.

GK-014:001 Einland bæjarstæði býli

333247 375256



Uppmæling í kringum England GK-014:001

1840: "Einland, rétt fyrir norðan austasta heimabæinn," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Húsið Einland stendur enn (2017) og nánar er gerð grein fyrir því í Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis. Í Húsakönnun Lofts Jónssonar segir að húsið sé byggt 1900 en árið 1896 hafi annað hús verið á sama stað. Samkvæmt upplýsingum frá Árna Guðmundssyni (1891-1991) af myndbandi sem tekið var af honum í Þórkötlustaðahverfi 1986 var Einlandshúsið flutt til Þórkötlustaða frá Járngerðarstöðum þar sem Árni taldi það hafa verið byggt fyrir aldamótin 1900. Á Járngerðarstöðum bjó Eiríkur Ketilsson í því (ættaður frá Kotvogi í Höfnum) og Jóhann Einarsdóttir. Árni hafði heyrt að það hefði verið flutt í einu lagi. Loftur Jónsson heimildamaður segist hins vegar hafa heyrt að Einland sé byggt úr timbri



England (GK-014:001) og minjar í næsta nágrenni

sem kom úr timburfarmi skipinu Jamestown sem strandaði við Hvalsnes við Hafnir 1881. Menn víðsvegar af Suðurnesjum keyptu mikið af timbri úr skipinu og notuðu til húsbygginga og Elías Guðmundsson hafði heyrt þá sögu sem strákur að afi hans, Jón Þórarinnsson útvegsbóndi í Einlandi hefði keypt húsið í Höfnum, rífið það og flutt til Grindavíkur.

Norðan íbúðarhússins eru tóftir bæjarins en öll þessi mannvirki eru sýnd á túnakorti frá 1918. Einland er norðvestan við Bjarmaland og stutt er á milli húsanna. Í fasteignamati 1916-1918 segir:

"Eigandi Hafliði Magnússon Hrauni, ábúandi Jón Þórarinnsson. Dýrleiki eftir síðasta mati 3.44. Tún og matjurtargarðar sértakt en hagabeit og heidaland óskipt sameign við Þórkötlustaði. Túngarður úr grjóti og virgirdingum. Matjurtagarðar 400 □ faðm. gefa 20 tn í meðalári, 2 safnþrær, allt í góðu standi. Tún talið 3 dagsláttur, gefur af sér 60 hesta, hefur verið grætt út stórkostlega og má græða meira. Utengi ekkert, útbeit er fjallendi og fjörubeit, smalamennska erfð. Reki sameiginlegur við Klöpp og Buðlungu í uppsátursréttar er í sambandi við aðrar jarðir. Ágangur á yrkta lóð enginn. Hús jarðarinnar sem landeigandi á eru þessi:

Eldhús 6 x 4 ál

Fjós fyrir 2 keyr

Hús sem leiguliði á á jörðinni

Íbúðarhús 10 x 9 ál. veggþað 5 álm. ris 3 ½ byggt úr timbri, járnvarði, skipt í 5 herbergi

Geymsluhús 6 x 8 ál úr sama efni

Skúr milli húsanna 12 x 3 ál

Hjallhús 8 x 5 ál úr sama efni

Heyhús 10 x 6 ál tekur 110 hesta grjótveggir

Geymsluhús 5 x 5 ál.

Ísgeymsla úr torfi og grjóti 4 x 4 ál

Hesthús f. 4 hesta

Fjárhús 8 x 4 álm

Fisksgeymsluskúr 6 x 6 ál. úr timbri og járnú"

Ekki er um eiginlegan bæjarhól að ræða og erfitt að greina uppsöfnuð mannvistarlög á yfirborði, það eru mannvirki á öllum hólnum að því virðist. Fast norðan við timburhúsið (byggt 1900) eru tóftir, fullar af bárujárns- og timburbraki. Bærinn, og um leið bæjarhóllinn, er 21 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Á hólnum er timburhús sem áður er minnst á og tóftir útihúsa fast norðan þess. Þar eru sjö hól og í lýsingu þessari er hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar. Hólf 1-4 eru hlaðin úr grjóti, veggirnir eru grónir að utan en að innan sést glitta nokkur umför.



Hluti af hólfum GK-014:001. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til norðurs á mynd til hægri

Þeir eru farnir að hrynja inn í tóftina. Hólf 1 er norðaustast. Það er 3 x 1,5 m að innanmáli, snýr ANA-VSV og er opið til austurs. Veggirnir eru 1,5-2 m á hæð og eru a.m.k. sex umför af grjóthleðslu. Það glittir í tvö umför neðst í utanverðum veggjunum. Hólfíð er fullt af veggjahruni. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 5,6x1,6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs og hluti af dyrakampi er fallinn niður fyrir utan eystri vegg. Í honum eru bæði tilhöggðir steinar sem og náttúrlegir. Það eru 6-9 umför af grjóthleðslu í veggjunum að innan, algrónir að utan. Hólf 3 er fast vestan við hólf 3, einungis eystri hlið hólfsins er eftir. Þar má greina L-laga vegg en líklega var því raskað þegar hólf 4 var gert. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og þar má greina 1-2 umför af grjóthleðslu. Hólf 4 er norðvestan við hólf 3. Veggir þess eru steinlímdir og eru leifar fjóss. Þeir eru 0,2-2 m á hæð en hluti þeirra er fallinn saman. Hólfíð er opið til suðausturs og það er 5x3 m að innanmáli. Hólf 5 er „bak við hólf 1“, norðan í miðri bæjartóftinni. Norðurveggurinn er fallinn niður tóftina að utan. Hólfíð er 4 x 2,7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hægt að greina op á yfirborði. Veggirnir eru 0,5 á hæð en líklega eru þeir hærri, hólfíð er fullt af hruni. Hólf 6 er fyrir sunnan hólf 2, það er steiptur kassi eða turn. Ekki var hægt að sjá ofan í hann, líklega er hann holur að innan. Kassinn er 2,2 m á hæð og 2,5 x 2,5 m að grunnfleti. Hólf 7 er fyrir sunnan hólf 6. Þar sést steiptur grunnur byggingar, hann er 3x3 m að stærð og 0,2 m á hæð. Árið 1986 þegar viðtal var tekið við Árna Guðmundsson (1891-1991) greindi hann frá því að ekki hefði verið búið í húsinu um nokkurra ára skeið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ 1847, 84; Fasteignamat 1916-1918, 9, SSGK, 139; Túnakort 1918, Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>, Húsakönnun Lofts Jónssonar, 4

GK-014:002 gerði hlutverk óþekkt

333278 375283

Bogadregið, fornlegt garðlag er austan og norðvestan við bæ 001. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og hefur líklega verið löngu komið úr notkun þá. Ekki er ljóst hver tilgangur þessa garðlags er, mögulega er þetta eldri túngarður bæjarins eða heygardur. Gróið tún er til austurs. Til suðurs er húsið Bjarmaland og bílskúr frá því. Bær 001 og kálgarður 003 eru til vesturs. Garðlagið er 62 m að lengd, 2-3 m á breidd og algróið. Þar er útflatt og aflíðandi að utan og fjarar



Hringlaga gerði við England, GK-014:002.

út, það er engu líkara en að hóll sé hér undir. Að innan er garðlagið bratt og er 0,2 m á hæð. Það er næstum horfið í norðvesturhorni. Það er raskað til suðurs, þar er húsið Bjarmaland nú. Á loftmynd frá 1978 sést hólf inni suðvesturhorni, en það er horfið.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-014:003 gerði kálgarður

333252 375277

Kálgarður er austan við bæ 001, hann sést á túnakorti frá 1918. Hann er varðveittur til austurs en vesturhlutinn er horfinn, líklega vegna sléttunar. Enn má sjá rabarbara innan kálgarðsins, í norðausturhorni. Gróin, ræktuð tún eru utan við kálgarðinn, innan hans er gróið svæði. Þetta svæði er nýtt til beitar að hluta.

Kálgarðurinn er 36 x 6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Austurveggurinn er allur



Kálgarður GK-014:003. Á ljósmynd er horft til norðurs

varðveittur og hluti af þvergarði sem skipti kálgarðinum í a.m.k. tvö hólf. Aðrir hlutar eru horfnir. Vírgirðing er á hluta veggjanna og fast utan með austurhliðinni. Austurveggurinn er 36 m að lengd og 1,5 - 2 m á breidd. Hann er 0,3 - 1 m á hæð og gróinn. Það má greina 3 umför af grjóti í honum að innan, hann er brattur að utan og algróin. Það er mun meiri jarðvegur innan kálgarðsins og mikið uppsöfnun af jarðvegi. Þvergarðurinn er 6 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grjóthlaðinn, 0,3 m á hæð og það má sjá 2-3 umför af grjóti í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

GK-014:004 tóft útihús

333231 375250

Útihús er 8 m vestan við bæ 001, það sést á túnakorti frá 1918 ásamt fleiri sambyggðum húsum/hólfum. Útihúsið er raskað, húsið Valhöll var byggt um 8 m sunnar og umhverfis það var hlaðinn garður sem sést á ljósmynd frá 1978. Þessi garður sést líka á túnakorti og þetta svæði var bakgarður Valhallar en hefur nú verið sléttað út og Valhöll rifin. Allt umhverfis útihúsið er grasivaxið tún.



Útihústóft GK-014:004. Á ljósmynd er horft til norðurs

Útihúsið er raskað, líklega vegna sléttunar eða niðurrifs. Austur-skammhlið er ennþá varðveitt sem og suðurveggur, þar sést hluti af dyrakampi og kantur. Tóftin er 7,5 x 7,5 m að stærð og líklega hlaðin úr torfi og grjóti. Austurveggurinn er 5x2 m að stærð og snýr norður-suður. Það sjást 1-4 umför af grjóthleðslu og hann er 1 m á hæð. Veggurinn er gróinn og „innan“ tóftarinnar er uppsöfnun mannvistarlagu, líklega hrun úr veggjum þessa húss eða þak. Útihúsið er á lágum hól, hann sést best í norðausturhorni. Suðurveggurinn sést sem grjóthlaðinn kantur, þar er dyraopið. Kanturinn er 0,2-0,3 m á hæð og glittir í 1-3 umför af grjóti. Kanturinn heldur áfram til vesturs og fjarar út. Hann er 3 m langur og var umhverfis Valhöll eins og fyrr segir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Loftmynd frá LMÍ 1956 og 1978

GK-014:005 tóft útihús

333227 375271

Hrunið útihús er rúmum 20 m norðaustan við bæ 001 og 15 m norðan við útihús 004. Það er illa farið, líklega af völdum túnasléttunar. Allt umhverfis tóftina er slétt, ræktað tún.



Útihústóft GK-014:005. Á ljósmynd er horft til VSV

Veggirnir eru bæði hlaðnir og steinlímdir. Hún er hrunin að sunnan og ljóst að veggir féllu í þá átt og tóftin er aflöguð. Hún er 12x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Nýrst í tóftinni er hólfi 1. Það er 6x1,5 m að stærð og opið til austurs. Hluti af suðurvegg er horfín. Óljóst veggjahrun eða önnur hólfi eru þar nú. Ekki er hægt að sjá hversu mörg hólfi voru í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-015 Lambhúskot

1847: Hjáleiga frá Þórkötlustöðum. JJ, 84, en ekki getið 1840 - Landnám Ingólfs III, 139.



Yfirlitsmynd af svæðinu í kringum Lambhúskot

GK-015:001 Lambhúskot bæjarstæði býli

333109 375305


Í Fasteignaskrá 1916-1918 segir:

Þurrabúð liggandi undir býli 20 [Vesturbær Þórkötlustaða sem síðar var upp talinn, líklega vestari vesturbær]. Ábúandi Bjarni Bjarnason. Eftirgjald 6 kr, greitt til landeiganda. Lóðarstærð 400 □ fæðmar yrkt í tún og matjurtagarða. Hús á lóðinni, sem er eign ábúenda er:

Baðstofa 5 × 6 ál, veggbað 4 ál Skúrbygð úr timbri og járnri

Eldhús 3 × 3 álnir

Hjallhús 6 × 4 ½ álnir, úr timbri og járnri



Minjar GK-014:001. Á ljósmynd er horft til NN

Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918. Þar var þurrabúð og hét með réttu Lambhúskot. Bærinn snéri líklega stöfnum til austurs og þar eru sýnd a.m.k tvö hús og kálgarðar til norðurs og suðurs. Bæjarhóllinn er varðveittur ásamt tóft ofan á honum. Nýtt hús, byggt eftir 2002 er fast vestan við bæjarhólinn en raskaði honum ekki. Ekki er vitað hvort að mannvistarleifar hafi komið upp við byggingu þess. Í Húsakönnun Lofts Jónssonar segir: "Þórkötlustaðavegur 9: Það hús byggðu

Ásmundur Jónsson og Kolbrún Guðmundsdóttir árið 2008 en eldri bærinn, hinn upprunalegi var "í túninu rétt austan við þar sem Ásmundur Jónsson byggði sitt hús." Þar segir einnig: "Lambhúskot. Það hús stóð austan við þar sem Þórkötlustaðavegur 9 stendur nú. Hjón sem bjuggu þar síðast voru Helgi og Guðfinna, sem byggðu Stafholt." Á myndbandi sem tekið var í Þórkötlustaðahverfi 1986 og þeir Árni Guðmundsson og Jón Daníelsson ræða saman kemur fram að torfbærinn í Lambhúskoti stóð í minni þeirra beggja en þeir voru fæddir 1891 (Árni) og 1904 (Jón). Í sléttuðu túni.

Bæjarhóllinn er um 30x15 m að stærð, 0,4 m á hæð og sker sig úr umhverfinu vegna lits og lögunar þúfna. Hann snýr norður-suður og bærinn snéri stöfnum til vesturs. Um er að ræða þústir en ekki greinilegar tóftir nema á einum stað nokkurn veginn fyrir miðju svæðinu. Tóft er á miðju hans, lág eða veggjarbrot liggur til austurs frá henni. Mögulega var þarna komið að bænum eða voru traðir. Tóftin er 0,3 m á hæð og algróin. Hún er 9,5 x 7,6 m að stærð, U-laga og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er opin til suðurs. Skammt sunnar er önnur lág í túninu, mun lægri og ógreinilegri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ 1847, 84; Túnakort 1918; Fasteignamat 1916-1918,16; Húsakönnun í Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 1 og 3.

5. Upphaf og þróun byggðar í Þórkötlustaðahverfi

Náttúrufar í Grindavíkurbænum einkennast af miklum eldshringum sem hafa mótað svæðið allt frá því á forsögulegum tíma. Landbrot hefur verið, og er, mjög mikið og færast strandlínán ört upp í landið enda er landsig hér á landi hvergi meira en einmitt á þessum slóðum. Auk þess hefur uppblástur verið mikið vandamál í hreppnum og hafa áður gróin og nýtileg svæði orðið að örfoka melum. Sökum alls þessa er stór hluti hreppsins óbyggilegur. Meðfram ströndinni og á milli hraunbreiðanna leynast þó víða grænir og búsældarlegir vellir þar sem byggð hefur staðið öldum saman. Í mörgum þessara vinja hefur líklega snemma myndast þéttbýli á íslenskan mælikvarða og íbúar reitt sig á sjósókn samhliða skepnuhaldi. Þórkötlustaðahverfið er dæmi um slíkt svæði. Í þessum kafla verður gerð tilraun til að rýna í tiltækar vísbendingar um upphaf og þróun búsetu í Þórkötlustaðahverfi, allt fram á þennan dag.²

Þegar reynt er að ráða í byggðarþróun á tilteknu svæði má nota ýmsar vísbendingar sem finnast við fornleifaskráningu, úr fornum ritheimildum, stærð og dýrleika jarðar, jarðarheiti og landgæði til að setja fram tilgátur um upphaf og þróun byggðar. Kuml eru sjálfstæð vísbending um búsetu fyrir árið 1000 og kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin vera reist skömmu eftir kristnitöku og vitna því um hið sama. Jarðir þar sem kirkjur eða bænhús hafa verið eru einnig að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfð slíkum húsum á að skipa og getur því verið freistandi að álykta að hinar síðarnefndu séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar.

Samkvæmt Landnámubók var landnámsmaður í Grindavík Molda-Gnúpur Hrólfsson. Molda-Gnúpur var sonur Hrólfs höggvanda sem bjó á bænum Moldatúni á Norðmæri í Noregi, en bróðir hans var Vémundur. Gnúpur fór til Íslands fyrir vígasakir þeirra bræðra og nam land milli Kúðafljóts og Eyjaár. Þar bjó hann samkvæmt Landnámu þar til landið spilltist af jarðeldum og flúði hann þá vestur til Höfðabrekku. Vémundur Sigmundarsonar kleykis, sem þar átti land, meinaði honum hins vegar dvöl þar og flutti Gnúpur sig þá í Hrossagarð þar sem hann var um veturinn. Þegar hér er komið sögu ber Hauksbók og Sturlubók *Landnámu* ekki saman um örlög Molda-Gnúps eða sona hans. Samkvæmt Hauksbók féll Molda-Gnúpur ásamt tveimur sona sinna í Hrossagarði, en Björn sonur hans (og e.t.v. einnig Gnúpur) fór til Grindavíkur og staðfestist þar.³ Sturlubók segir hins vegar að vegna ófriðar og vígafars í Hrossagarði hafi þeir feðgar allir

² Kafla þessi byggir að hluta á fyrri rannsóknum Fornleifastofnunar á svæðinu, sjá Þóra Pétursdóttir. 2002.

³ *Íslenskt fornrit* I: 331 (H 284)

farið til Grindavíkur og numið þar land.⁴ Hvorug bókanna nefnir nöfn landnámsjarða í Grindavík og verður því ekki af *Landnámu* einni séð hvaða bæir byggðust þar fyrstir. Um tímasetningu landnáms í Grindavík er ekkert vitað með vissu. Rannsóknir jarðfræðinga hafa þó bent til þess að frásögn *Landnámu* af jarðeldum í Skaftafellssýslu eigi við rök að styðjast og hafi þeir líklega átt sér stað á 4. áratug 10. aldar.⁵ Sé það rétt, og sögurnar jafnframt taldar trúverðugar, má hafa það sem vísbendingu um tímasetningu landnáms í Grindavík.⁶ Hvergi er hins vegar talað um hversu margir fylgdu Molda-Gnúpi. Sé frásögn Sturlubókar *Landnámu* tekin fram yfir Hauksbók, og gert ráð fyrir að allir fjórir synir Molda-Gnúps hafi numið land í Grindavík, má geta þess til að þeir hafi byggt fjóra stærstu bæina í Grindavík: Stað, Járngerðarstaði, Þórkötlustaði og þá mögulega Hraun.

Ekki hefur fundist kuml í Þórkötlustaðahverfi. Sögusagnir herma þó að heiðið leiði, s.k. Þórkötluleiði (GK-011:021) sé að finna í heimatúninu og þar benda heimamenn á nokkrar þústir sem staðsetningu leiðisins. Ekki hefur enn verið grafið í staðinn með aðferðum fornleifafræðinnar en þess má geta að Brynjúlfur Jónsson lét sumarið 1902 grafa í meint leiði Járngerðar í Járngerðarstaðahverfi sem svipaður átrúnaður var á, og reyndist það öskuhaugur.⁷ Haldbetri fornleifafræðileg vísbending um forna búsetu í Þórkötlustaðahverfi er hins vegar að finna í þeim minjum sem komið var ofan í þegar hlaða var byggð á bæjarhól Þórkötlustaða, um aldamótin 1900. Þar komu í ljós leifar skálabyggingar sem líklega er frá fyrstu öldum byggðar og bendir það eindregið til að byggð hafi verið komin á snemma í hverfinu og að sjálft bæjarstæðið hafi verið á svipuðum slóðum allt frá fyrstu öldum.⁸

Bænhús og útkirkjur voru algeng á Íslandi og voru oft á öðrum til þriðja hverjum bæ, þótt heimildir séu ekki alltaf tiltækar um þau. Í bréfi um byggingu jarða Skálholtsstóls í Grindavík frá 1563 er boðið að breyta bænhúskúgildum í leigukúgildi á nokkrum jörðum í hreppnum⁹ m.a. á Þórkötlustöðum sem sýnir að bænhús hefur einhvern tíma verið á jörðinni. Það er önnur sterk vísbending um að Þórkötlustaðir séu með eldri bæjum í byggðarlaginu. Jörðin var í Staðarsókn og átti því nokkuð langan kirkjuveg allt fram til 1909 þegar kirkja var byggð í Grindavík. Hálfkirkja

⁴ *Íslenskt fornrit* I: 330 (S 329)

⁵ Katla gaus t.d. 920 og Eldgjá 934, en einnig gæti verið um gosið í Veidivötnum árið 871 að ræða, en það kom hvað harðast niður á Skaftártungu.

⁶ Jón Þ. Þór. 1994: 77

⁷ Brynjúlfur Jónsson. 1903, 47

⁸ Þess ber þó að geta að rannsóknir á skálanum voru frumstæðar og geta því ekki gefið nákvæmar upplýsingar um aldur hans, en lýsing á bogadregnum veggjum bendir sterklega til 9. eða 10. aldar.

⁹ DI XIV: 201

eða bænhús var hins vegar á Hrauni á miðöldum og allt fram til 1600 og er ekki ólíklegt að íbúar Þórkötlustaðahverfis hafi sótt þangað þjónustu eins og hægt var og jafnvel verið greftraðir þar.¹⁰

Dýrleiki jarða getur oft gefið vísbendingar um byggðapróun þar sem ætla má að dýrustu jarðirnar á hverju svæði hafi byggst fyrstar. Dýrleikinn var fasteignamat sem virðist hafa verið fastsett mjög snemma, a.m.k. þegar á 12. öld og má því hafa hann sem vísbendingu um misjöfn gæði jarðanna. Þórkötlustaðir voru metnir á 66 hundruð bæði 1695 og 1847 og var aðeins ein jörð (Járngerðarstaðir) dýrari í Grindavíkurbhreppi¹¹ og styður það enn tilgátur um að jörðin hafi verið á meðal þeirra fyrstu á svæðinu til að komast í byggð.

Örnefni, eins og t.d. bæjarnöfn, hafa mikið verið rannsökuð í gegnum tíðina og geta þau gefið einhverjar vísbendingar um aldur byggðar. Bæjarnöfn sem eru ósamsett náttúrunöfn eru yfirleitt talin til marks um elsta stig búsetu. Algengustu liðir í bæjarnöfnum í *Landnámu* eru fell, dalur, holt, nes vík, hóll, á og eyri, og flest þeirra ósamsett. Bæjarnöfn sem enda á –staðir eru yfirleitt talin tilheyra síðari stigum landnáms. Miðað við þessar vísbendingar einar mætti ætla að Hraun og Hóp hafi verið þær jarðir sem fyrstar byggðust í Grindavík. Á móti vegur sú staðreynd að byggð í Grindavík skiptist snemma í þrjú hverfi¹² sem ætla mætti að hverfðust um elstu og bestu jarðirnar en þau eru kennd við jarðirnar Stað, Járngerðarstaði og Þórkötlustaði. Því eru tvö af hverfunum með samsett nöfn sem samkvæmt nafnakenningunni teljast til síðari stiga landnáms. Í öllum hverfunum eru tvö lögbýli, Staður og Húsatóptir í Staðarhverfi, Járngerðarstaðir og Hóp í Járngerðarstaðahverfi og Þórkötlustaðir og Hraun í Þórkötlustaðahverfi. Ef áðurnefnd kenning um náttúrunöfn ætti að standast í þessu tilviki og Hraun og Hóp væru þær jarðir sem fyrstar byggðust hefði verið eðlilegra að hverfin drægju nafn af þessum fyrstu lögbýlum, þ.e. „Hraunshverfi“ og „Hópshverfi“. Samanlagt verður því að teljast líklegt að Þórkötlustaðir sé á meðal elstu jarða í Grindavíkurbhreppi og líklegast að hún hafi komist í byggð á 9.-10. öld þótt frekari rannsókna sé þörf til að fullyrða nokkuð um það.

Þótt ekki séu ítarlega heimildir tiltækar um Þórkötlustöðum á miðöldum er jarðarinnar getið á nokkrum stöðum í Fornbréfasafni. Athygli vekur að Krýsuvíkirkirkja átti þar landskika a.m.k. frá 13. öld en í máldögum frá þeim tíma og síðar kemur fram að kirkjan eigi „ix mæla land aa

¹⁰ *Íslenzkír annálar 1400-1800* II: 91 og Árni Magnússon. 1955: 48-50

¹¹ Björn Lárusson. 1967: 121 og JJ: 84-85. Þess ber þó að geta að þriðja jörðin, Staður, hefur líklega talist í sama flokki. Staður var kirkjulén og því lítið að marka þó hún hafi verið talin 30 hdr 1695

¹² Samkvæmt Jóni Þ. Þór má líklega rekja umrædda hverfaskiptingu allt aftur til landnámsaldar Jón Þ. Þór. 1994: 81

Þorkotlustodum“.¹³ Mælieiningin „mælir“ lands var notaður um stærðir kornakra og heimildin er því vísbending um akurrækt á svæðinu á fyrstu öldum.

Árið 1534 kemur fram á „bleðli“ sem varðveist hefur í fornbréfasafni að Eiríkur Pálsson skuldi Jochim Grelle fjögur hundruð fiska, sem eigi að greiðast í hlutum í Grindavík, bæði á Þórkötlustöðum, hjá Hauki (eða Hákon) og hjá Þorgrími í Hópi¹⁴ og í heimild frá 1562 er getið um Þórkötlustaði í tengslum við mannsdráp¹⁵ sem þar átti sér stað. Bréf frá árinu 1563 sýnir að jörðin var þá orðin eign Skálholtsstaðar.¹⁶

Elsta ítarlega heimildin um Þórkötlustaði er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Þar er kostum og göllum jarðarinnar lýst og hjáleigur innan marka hennar taldar upp. Af lýsingunni fæst staðfest að gæði jarðarinnar voru fólgin í sjávarnytjum hennar fremur en skilyrðum til landbúnaðar. Samkvæmt jarðabókinni gat jörðin fóðrað 4 kýr, 20 ær, 16 lömb og 1 hest. Þar er þess getið að heimræði sé allt árið um kring, þang aðaleldiviður (þótt jörðin hafi átt kolagerð í almenningi), fjörugrastekja nægileg, selveiði til góðra hlunninda, rekavon góð (timbur og hvalur) og sölvafjara sæmilega góð en torfskurður aftur á móti sendinn, engjar engar, vatn aðeins flæðivatn og þess einnig getið að sjór brjóti af landi.¹⁷

Þótt ekki sé getið um hjáleigubýggðina á Þórkötlustöðum fyrr en um 1703 eru allar líkur á að hún nái lengra aftur og Jón Þ. Þór telur hugsanlegt að hún eigi upphafi sitt að einhverju leyti að rekja allt aftur á 12.-13. öld þegar fiskneysla jókst til muna og sjávarútvegur fór að fá aukið vægi. Ástæða aukins þunga sjávarútvegs var m.a. kólnandi veðurfar, samdráttur í landbúnaði, vaxandi fólksfjöldi, aukin byggð við sjávarsíðuna og tilkoma föstunnar.¹⁸ Líklegt er að verstöðvar hafi þá orðið til víðast þar sem stutt var á góð mið.

Ekkert er vitað um eignarhald Þórkötlustaða framan af. En jörðin var, eins og fyrr kemur fram, orðin stólseign um miðja 16. öld. Jón Þ. Þór telur líklegt að staðurinn hafi eignast jarðirnar í kjölfar plágnanna á 15. öld, þá líklega í þeim tilgangi að auka áherslu stólsins á sjósókn. Lítið er vitað um mögulega útgerð Skálholtsstaðar í Grindavík á 15.-16. öld en ljóst að þegar komið var fram á miðja 17. öld lagði Brynjólfur Sveinsson biskup á það ríka áherslu að auka og byggja upp

¹³ Máldagi frá 1275 (DI III, 3), máldagi frá 1307 (DI II, 361), máldagi frá 1367 (DI III, 222), máldagi frá 1553 (DI XII, 662) og máldagi frá 1570 (DI XV, 641)

¹⁴ DI IX, 721.

¹⁵ DI XIII, 744.

¹⁶ DI XIV, 200-202

¹⁷ JÁM III: 11-14

¹⁸ Jón Þ. Þór. 1994: 209-210.

útgerð á svæðinu öllu, þ.m.t. á Þórkötlustöðum.¹⁹ Í úttekt frá 1665 kemur fram að engin verbúð sé á Þórkötlustöðum en heimabóndi hýsi skipsáhöfn en þegar Jarðabók Árna og Páls er rituð 1703 er risin verbúð á jörðinni.²⁰

Sem fyrr segir er Jarðabókin elsta heimildin um hjáleigubýggð á Þórkötlustöðum en þegar hún var rituð 1703 voru þar fimm hjáleigur og bjuggu samtals 60 manns í hverfinu, 13 á heimajörðinni en aðrir á hjáleigunum.²¹ Á 18. öld er jörðinni skipt í þrjá jarðparta og þeir seldir með stuttu millibili undir lok 18. aldar. Eftir það var hver partur orðin sjálfstæð eign, á við meðaljörð í gæðum. Svo virðist sem byggð haldist stöðug í hverfinu allt til loka 19. aldar. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 kemur fram að þrjár hjáleigur séu í byggð á jörðinni og ein þurrabúð og 1847 eru fjórar hjáleigur í byggð.²² Árið 1801 bjuggu þar 44 á 10 heimilum og íbúafjöldinn var á bilinu 40-60 manns á 8-10 heimilum allt fram yfir 1880.²³ Á sjálfri heimajörðinni var reyndar þríflegt lengst af á 19. öld og bjó þar m.a. Árni Einarsson hreppstjóri 1882 á einum parti sem e.t.v. má túlka sem vísbendingu um að jarðarpartarnir þrír hafi enn verið í flokki með betri jörðum á svæðinu. Þó voru ábúendaskipti á jörðinni og hjáleigum hennar voru fremur ör, sérstaklega á síðari hluta aldarinnar.²⁴

Á árunum 1880-1901 tekur Þórkötlustaðahverfið talsverðum breytingum. Þá meira en tvöfaldaðist íbúatala í hverfinu, fór úr 60 íbúum árið 1880 í 132 árið 1901 og úr 9 heimilum í 22.²⁵ Þegar túnakort var gert fyrir Þórkötlustaði 1918 voru býlin í hverfinu 12 talsins auk fimm íbúðarhúsa á sjálfri bæjartorfunni og að auki var án efa tvífjórðunin á sumum býlanna.²⁶ Á fyrri hluta 20. aldar virðist hafa verið algengt að afkomendur fólks á eldri bæjarstæðunum í hverfinu hafi byggt sér ný hús innan hverfis. Sem dæmi um þetta byggðu börn Englandsbóndans upp Heimaland og Efraland í kringum 1940, dóttir eiganda Hvamms byggði húsið Þórsmörk 1938 og synir hjónanna úr Klöpp byggðu sér tvífjórðun Vestri-Klöpp og Teig norðvestarlega í hverfinu á 4. áratugnum. Ekki er ólíklegt að þetta hafi einnig verið raunin á árunum fyrir 1900.

Þórkötlustaðahverfi hélt áfram að blómstra og vaxa á fyrri hluta 20. aldar en þegar komið var undir miðbik aldarinnar voru aukin umsvif og fólksfjölgun í Járngerðarstaðahverfi ásamt nýjum hafnarmannvirkjum í Hópinu farin að hafa áhrif á hverfið, þótt þar byggju þá ríflega 200

¹⁹ Jón Þ. Þór. 1994: 211-214

²⁰ Jón Þ. Þór. 1994: 218

²¹ JÁM III: 11-14

²² JJ, 84-85 og SSGK, 139.

²³ JÁM III, 11-14 og Aðalmanntöl frá viðkomandi árum (en byggt á töflu sem birtist í Jón Þ. Þór og Guðfinna Hreiðarsdóttir. 1996: 32).

²⁴ Jón Þ. Þór og Guðfinna Hreiðarsdóttir. 1996: 74 og 78,

²⁵ Jón Þ. Þór og Guðfinna Hreiðarsdóttir. 1996:31-32.

²⁶ Túnakort 1916.

manns í hátt í 30 íbúðum.²⁷ Greinilegt var orðið að þungamiðja athafnalífs í Grindavík yrði í framtíðinni í Járngerðarstaðahverfi. Til að bregðast við þeim vanda sem steðjaði að byggðinni stofnaði fólk á svæðinu félagsskap um byggingu frystihúss sem tók til starfa í hverfinu 1947 og var það starfrækt fram til 1992. Frystihúsið blés miklu lífi í atvinnu á svæðinu enda voru gerð út allt að fimm fiskiskip á sama tíma og keyptur fiskur af öðrum bátum til verkunar.²⁸ Á fimmta áratugnum var stofnaður skóli í hverfinu og þar var einnig rekin verslun um nokkurra áratuga skeið.

Þrátt fyrir aukna atvinnumöguleika með tilkomu hraðfrystihússins fór fólki að fækka í Þórkötlustaðahverfi upp úr miðri 20. öld og varð vöxtur bæjarfélagsins einkum í Járngerðarstaðahverfinu enda var sú jörðin meira miðsvæðis í sveitarfélaginu og hafnaraðstaða þar betri. Árið 1966 hafði íbúum í Þórkötlustaðahverfi fækkað um 42% (voru þá 118)²⁹ frá 1940. Þá höfðu a.m.k. sex íbúðarhús verið flutt yfir í Járngerðarstaðahverfi og nokkur til viðbótar rífin. Íbúum í hverfinu hélt áfram að fækka fram eftir 20. öld og þegar úttekt var gerð vegna verndarsvæðis var föst búseta í 11 húsum og um 30 einstaklingar skráðir með fasta búsetu þar (en árstíðabundin búseta var í nokkrum húsum til viðbótar).³⁰

²⁷ „Fram af Grindavíkurslóð“, grein í *Morgunblaðinu* 15. október 1967, 10.

²⁸ Húsakönnun Lofts Jónssonar, bls. 2-3.

²⁹ „Fram af Grindavíkurslóð“, grein í *Morgunblaðinu* 15. október 1967, 11

³⁰ Samkvæmt áætlun höfundar.

6. Samantekt um fornleifaskráningu

Verndarsvæði í Þórkötlustaðahverfi er sem fyrr segir um 50 ha stórt og var gengið kerfisbundið um það í leit að fornleifum. Við aðalskráningu 2002 höfðu 58 minjar verið skráðar innan svæðisins. Við deiliskráningu á verndarsvæði voru skráðar 197 minjar sem er fjórföldun og kom þar ýmislegt til.

Í fyrsta lagi bættust við fornleifar í verndarsvæðisskráningu sem fundust þegar svæðið var þaulgengið. Í aðalskráningu er aðeins farið á þekkta staði en úttekarsvæði ekki gengin í þaula ef ekki er vitneskja um fornleifar á þeim.

Í öðru lagi hafði fornleifum fjölgað á þeim tæpu tveimur áratugum sem liðnir voru frá því að aðalskráning var gerð. Að öllu jöfnu þarf minjastaður að hafa náð 100 ára aldri til að teljast til fornleifa og nokkuð var um að „nýjar“ fornleifar hafi bæst í hópinn í verndarsvæðisskráningunni .

Í þriðja lagi voru skráðar minjar sem öllu jöfnu eru ekki teknar með á fornleifaskrá. Samkvæmt fyrirmælum Minjastofnunar Íslands voru skráð vegsummerki um hús (önnur en standandi hús en um þau er fjallað í húsakönnun hverfisins) og aðra mannvist í hverfinu, jafnvel þótt minjarnar væru ekki fornleifar samkvæmt laganna skilningi. Sem dæmi um þetta má nefna að skráð voru hússtaði allra þeirra húsa sem áður voru í hverfinu en voru rifin eða flutt annað, jafnvel þótt stór hluti af umræddum húsum væru yngri en 100 ára.

Hér verður fjallað um helstu minjaflokka sem skráðir voru og einkenni þeirra.

Bæjarstaði og bústaðir

Þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir, jafnvel allt frá landnámsöld myndast gjarnan reisulegir hólur, s.k. bæjarhólur. Slíkir bæjarhólur eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóð á kynslóð ofan og í þeim er gjarnan marga forngripi að finna. Bæjarhólur teljast því að jafnaði merkustu minjastaðir hverrar jarðar og er bæjarhóllinn á Þórkötlustöðum engin undantekning frá þeirri reglu þótt hann láti lítið yfir sér. Reyndar má greina nokkra uppsöfnun á bæjartorfunni á stóru svæði en hún er hvorki áberandi né þessleg að hægt sé að tala um reisulegan bæjarhól. Þó er ljóst að þar er fornleifa að vænta undir sverði hvar sem skófu er niður stungið.

Gera má ráð fyrir að stórbýli/fjölbýli hafi verið á Þórkötlustöðum um aldir. Þar var snemma tvíbýli og heimild um þríbýli strax á 18. öld.³¹ Þegar komið var undir aldamótin 1900 voru Þórkötlustaðabæirnir orðnir fimm. Nú standa eftir tvö íbúðarhús á torfunni (byggð 1927 og 1935) auk margvíslegra fornleifa s.s. kálgarða, útihúsa og gatna. Húsin standa þar sem líklegt er talið að upprunalegi bærinn hafi verið (Miðbær GK-011:001) og þar sem Vestari Vesturbærinn

³¹ JJ, 84

var áður (GK-011:146). Á hvorugum staðnum sjást ummerki um eldri byggingar. Örskammt frá Miðbænum var komið niður á skálalaga byggingu (GK-011:203) þegar hlaða var byggð nærri Miðbæ um 1900. Brynjúlfur Jónsson skoðaði ummerkin og taldi líklegt að þar hefðu menn komið niður á skála frá fyrstu öldum.³² Virðist það benda til að Þórkötlustaðabærinn hafi ávalt verið á svipuðum slóðum en engin ummerki sjást nú á yfirborði, hvorki um skála né hlöðuna sem byggð var á þessum stað og stóð um árabíl. Torfbær stóð áður þar sem Vestari Vesturbærinn er nú en Árni Guðmundsson í Teigi (1891-1991) lýsti því í myndbandsupptöku sem varðveitt er af honum frá 9. áratug 20. aldar að hann hefði oft komið í umræddan bæ sem krakki.³³ Engin ummerki sjást um Austari Vesturbæinn (GK-011:145) og aðeins óljós ummerki um Austurbæina tvo (GK-011:138 og 140) en yngstu íbúðarhúsin á þessum stöðum stóðu fram eftir 20. öld.

Után þeirra fimm bústaða sem skráðir voru á sjálfri Þórkötlustaðatorfunni voru skráð 26 önnur býli og bæjarstæði í Þórkötlustaðahverfi. Elstu þekktu hjáleigurnar í Þórkötlustaðahverfi eru þau fimm býli sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 en þá stóðu Eyvindarhús (GK-011:030), Ormshús (GK-011:014), England (GK-014:001), Klöpp (GK-013:001) og Buðlunga (GK-012:001) í nágrenni Þórkötlustaða.³⁴ Staðsetning Ormshúsa er nú týnd en hinar hjáleigurnar eru vel þekktar og var búið á þeim öllum fram á 20. öld og er enn búið í Buðlungu. Yngsta húsið á Eyvindarstöðum/Eyvindarhúsum var flutt úr hverfinu árið 1948 að Ránargötu 2 í Grindavík og stendur þar enn í nokkuð breyttri mynd. Eftir stendur húsgrunnurinn og leifar ýmissa útihúsa og garða sem tilheyrðu býlinu. Á Englandi er enn uppistandandi yngsta hús hjáleigunnar sem er nú elsta íbúðarhús Þórkötlustaðahverfis, líklega byggt annars staðar um 1900 en flutt í hverfið um 1910.³⁵ Umhverfis íbúðarhúsið eru margvísleg ummerki um eldri mannvistarleifar, m.a. tóft sem gæti verið leifar af eldri torfbæ á þessum stað. Elstu bæjarstæði Klappar og Buðlungu (GK-013:001 og GK-012:001) voru áður nær sjó en nú er, en samkvæmt Sýslu- og Sóknarlýsingum frá 1840 voru bæði býlin færð upp í land eftir 1800 undan ágangi sjávar.³⁶ Engin ummerki sjást um eldri bæjarstæði þessara hjáleigna og ekki er vitað nákvæmlega hvar þær stóðu. Á yngra bæjarstæði Klappar/Buðlungu (GK-012:002 og GK-013:002) var bæjartóft býlanna tveggja samtengd. Ekki er vitað hversu lengi sú var raunin en þannig var það alltént á yngsta byggingarstigi torfbæjarins á jörðinni en Buðlunga var þá í vesturhluta bæjarsamstæðunnar en Klöpp austar og sunnar. Á þessum stað stóð bærinn í Buðlungu allt fram til 1933 þegar núverandi íbúðarhús var byggt nokkru vestar. Sonur hjónanna í Klöpp byggði nýtt hús (GK-013:004), líklega í kringum 1920, steinsnar sunnan við Klöpp/Buðlungu og nefndi það

³² Brynjúlfur Jónsson. 1903, 47

³³ Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

³⁴ JÁM III, 12-13.

³⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2018.

³⁶ SSGK, 139.

einnig Klöpp. Annar sonur hjónanna byggði sér einnig hús við hús foreldra sinna, stutt austan við Klapparbæinn og nefndi það Teig (GK-011:154). Klapparbærinn fór illa út úr stóra flóðinu 1925 og fljótlega í kjölfarið lagðist byggð af á þessu svæði ef frá er talið yngsta íbúðarhúsið í Buðlungu, en í því er enn búið. Efst í Þórkötlustaðahverfi (norðvestast) reistu þeir bræður hins vegar steinsteypt tvíbýli (byggt 1930/1934) sem héldu sínum eldri nöfnum, þ.e. Klöpp eða Vestur-Klöpp og Teigur og stendur það hús enn.

Þegar Sýslu- og sóknarlýsingar voru teknar saman um 1840 var orðið þrívíli á Þórkötlustaðatorfunni og að auki voru þá í byggð hjáleigurnar England, Klöpp og Buðlunga en að auki tótmhúsið Borgarkot (GK-011:032). Engin ummerki sjást lengur um Borgarkot og aðeins hægt að gróflega áætla staðsetningu þess. Lambhúskot (GK-015:001) virðist hafa byggst skömmu eftir að sóknarlýsingin var gerð, eða rétt fyrir miðja 19. öld. Hjáleigunnar er a.m.k. ekki getið í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 en getið í Jarðatali Johnsens frá 1847. Þar stóð lengi torfbær og mundu heimildamenn sem rætt var við á 9. áratug 20. aldar vel eftir honum. Tóftir hans sáust í skráningu 2002 en nýlega var byggt nýtt íbúðarhús á þessum slóðum, mjög nærri umræddum ummerkjum, en þó ekki ofan í þau.

Önnur býli í hverfinu eru yngri. Miðhús (GK-011:042), Hvammur (GK-011:047) og Hraunkot (GK-011:051) voru öll komin í byggð um 1900. Elsta húsið í Hvammi sem þekkt er var timburhús sem nú er horfið en grunnur þess sést ennþá innan lóðarmarka Þórsmerkur. A.m.k. tvær kynslóðir húsa stóðu í Miðhúsum áður en yfir lauk, þó ekki nákvæmlega á sama stað og sjást ummerki eftir grunn yngra hússins sem var byggt 1932 en flutt í Járngerðarstaðahverfi árið 1961. Tvær kynslóðir húsa hafa líklega einnig verið í Hraunkoti, en af viðtali við Árna Guðmundsson í Teigi (1891-1991) frá 9. áratug 20. aldar kemur fram að hann mundi vel eftir torfbænum í Hraunkoti sem hann kom inn í árið 1902 en bærinn var þá í slæmu ásigkomulagi.³⁷

Ekki er vitað hvenær Laufás (GK-011:153), Búðir (GK-011:144), Garðbær (GK-011:147) og Móar (GK-011:093) byggjast en þau voru þó öll komin í byggð fyrir 1918 þegar túnakort var gert fyrir Þórkötlustaðahverfi og hafa líklegast risið einhvern tíma á næstu tveimur áratugum á undan. Eldra nafn á Laufási var „Rauða húsið“. Það var upphaflega byggt sem verbúð en breytt í íbúðarhús á síðari stigum (líklega eftir 1918). Húsið stóð á svipuðum slóðum og útihús úr timbri gerir enn. Íbúðarhúsið Móar var horfið þegar Loftur Jónsson heimildamaður fór að muna eftir sér upp úr 1940 og aðeins er óljós þúst þar sem húsið stóð. Á Búðum voru a.m.k. tvær kynslóðir íbúðarhúsa, fyrst torfbær en árið 1932 var byggt nýtt íbúðarhús, á svipuðum stað og eldri bær, sem enn stendur. Svipaða sögu er að segja um Garðbæ. Þar hafa a.m.k. tvær kynslóðir húsa staðið, fyrst torfbær sem vék svo fyrir núverandi íbúðarhúsi árið 1933.

³⁷ Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

Skráðir voru sjö aðrir bústaðir í Þórkötlustaðahverfi sem eiga það sammerkt að teljast ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi (eru yngri en 100 ára). Um sum þessara húsa er næsta lítið vitað. Ekki er t.d. vitað hvenær Vegamót (GK-011:156) eða Vestur-Buðlunga risu eða viku en líklega hefur hvort tveggja gerst á fyrri hluta 20. aldar. Bæði húsin stóðu nærri Buðlungu/Klöpp og eiga það sammerkt að engin ummerki sjást um þau. Húsið Brekka (GK-011:149) var byggt um 1920 en var flutt í Járngerðarstaðahverfi árið 1949 og sjást engin ummerki um það og svipaða sögu er að segja með Skarð (GK-011:186) sem reis nærri þeim stað þar sem Sólbakki stendur nú en lítil ummerki sjást um húsið þótt útihústóft sé nú á svipuðum slóðum. Húsið var rífið árið 1935 og efnið að hluta til nýtt í nýtt hús sem eigendur byggðu í Grindavík. Valhöll (GK-011:151) var byggð árið 1935 af eigendum Austari Austurbæjar Þórkötlustaða (GK-011:138) og það hús rífið í kjölfarið. Valhöll stóð allt fram til 2010 en þá var húsið afhent Slökkviliðinu til brunaæfinga og svo rífið og sjást nú engin ummerki um það. Hjarðarholt (GK-011:120) var byggt 1934 og stóð vestan við hraðfrystihúsið. Húsið var flutt í Járngerðarstaðahverfi árið 1967 og má aðeins greina óljós ummerki þar sem það stóð. Að lokum má geta þess að á 8. áratug 20. aldar stóð til að byggja íbúðarhús (GK-011:119) á flötinni ofan við Búdir/Garðbæ og var hafist handa við framkvæmdir á staðnum en verkið komst aldrei á skrið og var hætt á endanum hætt við allt saman. Óveruleg ummerki sjást á svæðinu. Auk þeirra húsa sem hér hefur verið minnst á má geta þess að fjölmörg hús eru í hverfinu sem enn standa og eru of ung til að teljast til fornleifa en fjallað er um þau í húsakönnun. Þar má nefna Bjarmaland og Sólbakka sem byggð voru 1925, Fögruvelli og Vestur-Klöpp sem byggð voru 1930, Valhöll Brautarholt og Teig sem byggð voru 1934, Hof byggt 1935, Þórsmörk byggð 1938, Efraland og Stafholt byggt 1939, Auðsholt 1940, Heimaland byggt 1943, Bjarnarhöfn byggt 1963, Hof 1977 og svo yngstu húsin í hverfinu Lambhúskot byggt 2008 og sumarbústað á Vondavelli byggður 2009.

Þrátt fyrir þéttbýlið í Þórkötlustaðahverfi má enn sjá tóftir af nokkrum af þeim býlum sem farið hafa í eyði á svæðinu og verður það að teljast merkilegt, og mikilvægt að hlúa að þeim stöðum og vernda þá frá frekara hnjaski.

Önnur hús í hverfinu

Gríðarleg fólksfjölgun varð í Þórkötlustaðahverfi á seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. og er ljóst að talsvert af þeim minjum sem setja hvað sterkast svip á hverfið er frá þessu tímabili. Auk íbúðarhúsa vega þar þyngst útihústóftir ásamt kál- og túngörðum.

Í Þórkötlustaðahverfi voru skráð 44 útihús og er það um fjórðungur allra skráðra minja þar. Ljóst er að útihúsin voru talsvert fleiri eins og má sjá á því túnakorti sem gert var fyrir

hverfið 1918 og af fasteignamati frá sama tíma. Við fornleifaskráningu voru hins vegar skráð saman sambyggð hús og skýrir það hvers vegna talan er ekki enn hærri.

Ástand útihúsa innan verndarsvæðis verður að teljast óvenjugott, sér í lagi þegar haft er í huga hversu þéttbýlt er í hverfinu og hefur verið lengi. Einhver ummerki má sjá um meira en 80% af húsunum, eða 36 hús. Þau hús sem voru alveg horfin voru oftast ýmist sléttuð í tún eða einfaldlega rifin. Eins og gefur að skilja var útihúsabyggingin þéttust í kringum Þórkötlustaðatorfuna en talsverður fjöldi húsa var einnig við helstu hjáleigur s.s. Buðlungu og Klöpp, Hraunkot, England, Móa, Eyvindarstaði, Búðir, Miðbæ og Garðbæ.

Af útihúsunum sem skráð voru reyndust flest, eða 14 hús, fjárhús (GK-011:003-005, 011-012, 016, 050, 058, 094, 115, 137, 187, 189 og 196). Ástand fjárhúsanna var ansi misjafnt en einhver ummerki þeirra sáust á flestum stöðum nema fjórum, en í mörgum tilfellum sást aðeins hluti húsanna, þústir eða garðlög þeim sambyggð eða jafnvel yngri umbyggingar. Skýrustu ummerkin um fjárhús voru fjórum stöðum, líklegast allt fremur ung hús og þrjú þeirra í nágrenni Buðlungu/Klappar. Tvískipt tóft (GK-011:012) er þar sem merkt er útihús á túnakort frá 1918 og sést hún enn fremur vel þótt sjórinn kasti nú stórgrýti yfir hana og sé smá saman að færa veggj hennar úr stað. Hin fjárhúsin (GK-011:050) er fast utan við tún Klappar og eru þau líklega byggð eftir 1918, a.m.k. er þau ekki teiknuð á túnakort frá því ári. Tóftin er einföld en stæðileg. Þriðja fjárhústóftin var skammt norðan við Buðlungu/Klöpp. Þar er þúst af húsi og myndarlegt gerði (GK-011:185) í kring. Greinileg tóft fjárhúss og fjóss sem voru úr blönduðu efni (GK-011:115) er skammt frá Eyvindarstöðum. Húsin voru fallin úr notkun 1940 en ekki er vitað hvenær þau voru byggð.

Átta fjós voru skráð á svæðinu og voru tvö þeirra sambyggð fjárhúsum (GK-011:115 og 189) og eitt sambyggt hesthúsi (GK-011:210). Öll ummerki um þrjú húsanna eru horfin: fjós frá Búðum, Teigi og frá Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða (GK-011:094, 196 og 210). Óljósar steypuleifar voru skráðar í bakgarði Stafholts (GK-011:058) þar sem áður var fjós samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni og áþekkar leifar fjóss voru einnig skráðar innan lóðamarka Auðholts (GK-011:189). Greinileg ummerki sjást einnig um fjós frá Efralandi (GK-011:045) sem líklega var byggt í kringum miðja 20. öld úr blönduðu efni. Tóft af fjósi og fjárhúsi (GK-011:115) sem áður er getið og var frá Eyvindarstöðum sést enn og sömu sögu er að segja um tóftir fjóss frá Vestari Austurbæ Þórkötlustaða (GK-011:009) sem enn er greinileg í húsapýrpingunni á Þórkötlustaðatorfunni en samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni var tóftin þó notuð sem hesthús á tímabili. Auk umræddra fjósa er í Fasteignamati frá 1916-1918 getið um fjós á sjö bæjum (Miðbæ Þórkötlustaða GK-011:001, Móum GK-011:093, Eystri Austurbæ Þórkötlustaða GK-011:138, Austari Vesturbæ Þórkötlustaða GK-011:145, Buðlungu GK-012:002, Klöpp GK-

013:002 og Englandi GK-014:001) en þau fjós voru skráð hvert með sínum bæ enda ekkert vitað um staðsetningu þeirra og í flestum tilfellum líklegast að þau hafi annað hvort verið hluti af þeim útihúsum sem skráð voru upp af túnakorti eða sambyggð bæjunum. Öll umrædd fjós virðast hafa verið mjög lítil, alls staðar fyrir tvær kýr þar sem slíkt er uppgafið.

Skráð voru þrjú hesthús í hverfinu. Tveggja er áður getið, annars vegar í tóft GK-011:009 og hins vegar sambyggð fjósi GK-011:210. Það þriðja var hesthús og smiðja frá Eyvindarstöðum (GK-011:042) og er líklega sama hús og merkt er á túnakort frá 1918 og óljós tóft sést ennþá eftir. Auk þeirra hesthúsa sem unnt var að staðsetja er getið um hesthús á fimm bæjum til viðbótar í Fasteignamati frá 1916-1918 (Miðbær Þórkötlustaða GK-011:001, Eystri Austurbær Þórkötlustaða GK-011:138, í Buðlungu GK-012:002, Klöpp GK-013:002 og Englandi GK-014:001). Umrædd hús voru skráð undir bæjarnúmeri hvers bæjar og voru fyrir 1-2 hesta ef frá er talið hesthúsið við Miðbæinn sem rúmaði þrjá hesta og hesthúsið við England sem rúmaði fjóra.

Af öðrum útihúsum má nefna að stakstæð og stæðileg hlöðutóft var skammt sunnan við Klöpp (GK-013:007) en eftir að hætt var að nota hana var timbur úr henni selt og notað á Auðsholti. Hrútakofi (GK-013:009) frá sama bæ var beint suður af honum í túnhorni en kofinn eyðilagðist í stóra flóðinu 1925. Þá er tóft af hænsnakofa (GK-011:052) frá Eyvindarstöðum greinileg rétt utan við afgirt tún norðan við bæinn.

Útihús, sem ekki er vitað til hvers voru notuð, voru skráð á 20 stöðum til viðbótar. Í fjórum tilfellum voru engin ummerki sýnileg (GK-011:006-007, 111 og 193) en í átta tilfellum sáust aðeins ógreinilegar þústir (GK-011:121, 139, 171, 173, 175, 177, 179 og 188). Greinilegar tóftir útihúsa sáust á átta stöðum. Í fjórum tilfellum var aðeins um einfalda og litla kofa að ræða (GK-011:041, 054, 191 og 192) en fjórar tóftanna voru tvískiptar eða meira (GK-011:186, 219 og GK-014:004-005).

Auk þeirra húsa sem hér hefur verið fjallað um voru skráðar 21 tóftir og þústir þar sem ekkert var vitað um hlutverk mannvirkis (GK-011:049, 060, 106, 108, 112, 122, 126, 128, 130, 132, 135, 170, 172, 178, 190, 194, 197, 198, 208 og 013:006) en líklegt er að á mörgum af þessum stöðum hafi verið útihús.

Kálgarðar, gerði og garðlög

Eitt af því sem setur sterkan svip á Þórkötlustaðahverfið er fjöldi garðlaga. Hluti þeirra var merktur á kort af Þórkötlustöðum frá 1918 en haldið var áfram að hlaða tún- og kálgarða fram eftir 20. öld. Samkvæmt heimamönnum varð þó talsverð breyting á ásýnd hverfisins þegar bryggja var byggð í Hópsnesi á 4. áratug 20. aldar. Borgað var fyrir vörubílahlass af grjóti í bryggjuna og var þá talsvert grjót fjarlæggt úr tún- og kálgörðum í hverfinu.

Samtals voru skráðir 29 kálgarðar á svæðinu og sáust einhver ummerki í öllum tilfellum nema tveimur. Annar þessara garða (GK-011:010) var áður þar sem nýlegt íbúðarhús í Lambhúskoti reis 2008 en þá voru ummerki um garðinn þurrkuð út, en hinn garðurinn (GK-011:116) var nærri Búðum og líklega yngri, en ummerki um hann sáust greinilega í fornleifaskráningu 2002 en eru nú horfin. Ummerki um aðra kálgarða sáust en voru misgreinileg og misumfangsmikil. Fjórir stórir kálgarðar eru enn sunnan við bæjarþyrpinguna á Þórkötlustöðum (sjá GK-011:004-007) og tveir stæðilegir garðar að auki norðan og norðaustan við sömu þyrpingu (GK-011:180 og 035). Mjög umfangsmiklir kálgarðar sem tilheyrðu fleiri en einum bæ voru skráðir á fjórum stöðum. Fyrst ber að nefna garðana við Móa (GK-011:036 og 037) sem voru um 100 m á kant og skiptust í meira en 8 garða eða hólf. Vestari garðarnir (036) tilheyrðu Einlandi en austari garðarnir (037) upphaflega Miðbænum en síðar Valhöll.

Miklir kálgarðar (GK-011:040) voru milli Miðhúsa (GK-011:142) og Garðbæjar (GK-011:147) og sjást ennþá leifar syðri hluta þeirra en nyrðri hlutinn er horfinn (en þeir sjást vel á loftmynd frá 1978). Vel er hugsanlegt að kálgarður GK-011:038 sem er nú stakur nokkru austar hafi verið hluti af þessari þyrpingu áður. Kálgarðarnir hafa náð yfir svæði sem var 55 x 35 m að stærð og skiptist í a.m.k. sjö hólf. Líklegast hafa garðar þessir tilheyrt Miðhúsum, Búðum og Garðbæ. Miklir kálgarðar eru sunnan við Stafholt (GK-011:056-057 og 098). Garðarnir ná yfir svæði sem er um 100 m á kant og skiptast í a.m.k. 8-9 hólf. Þeir tilheyrðu Stafholti, Teigi og Klöpp (yngstu íbúðarhúsunum, vestast í hverfinu) en innan svæðisins var einnig blómagarður sem tilheyrði Margréti Guðfinnu Bogadóttur sem bjó í Stafholti. Umrædd hús voru byggð á tímabilinu 1930-1939 og er líklegt að kálgarðarnir hafi verið gerðir í kjölfarið. Sunnan við Auðsholt tekur við röð kálgarða á hraunmörkum (GK-011:059). Garðarnir eru um 100 x 30 m að stærð og skiptast í 8-9 hólf og tilheyrði hvert þeirra tilteknum ábúanda í hverfinu að sögn Margrétar Sigurðardóttur, heimildamanns. Líklega á það sama við um áþekka garða stuttu sunnar (GK-011:104). Þeir skiptust í a.m.k. fjögur hólf og voru 55 x 20 m að stærð. Aðrir kálgarðar (GK-011:039, 043, 053, 097, 107, 109, 123, 143, 148, 193, 195 og GK-014:003) voru minni en þó flestir stæðilegir og hafa tilheyrt mismunandi bæjum og býlum í Þórkötlustaðahverfi.

Miklir túngarðar eru í Þórkötlustaðahverfi og voru slíkir garðar samtals skráðir undir 17 númerum. Ber þar fyrst að nefna túngarð þann sem afmarkaði túnið eins og það var um 1918 (GK-011:046) en allmiklar leifar sjást enn af honum þótt hann sé orðinn slitróttur. Túnið frá 1918 var um 13 ha og innan þess voru fimm bústaðir á bæjarstæðinu og 12 önnur býli á þeim tíma. Túngarðurinn er misgreinilegur, á köflum er hann stæðilegur og vel hlaðinn en annars staðar sést hann aðeins sem hryggur í sléttuðu túninu. Ekki sjást ummerki um garð fyrir stærstum hluta suðausturhliðar garðsins en ekki er skýrt af túnakortinu frá 1918 að þá hafi verið garður á þeim

slóðum.

Aðrir túngarðar sem skráðir voru marka flestir útgræðslu og stækkun túna eða voru hlaðnir til að marka tún einstakra býla. Túngarður var um túnin í Hraunkoti (GK-011:184) og sést hluti hans enn. Túngarður var um Buðlungu/Klökk (GK-011:164/GK-013:005) og leifar af garði sem markað hefur Lambhúskotstún fundust einnig (GK-011:183). Auk þessara garða eru grjóthlaðnir garðar á lóðamörkum Auðsholts (GK-011:114), Teigs/Klappar (GK-011:102), Stafholts (GK-011:096) og um Þórsmörk, Heimaland og Efraland (GK-125) en þessir garðar eiga það sameiginlegt að hafa líklega verið hlaðnir á 4. og 5. áratug 20. aldar. Ekkert er hins vegar vitað um aldur torfgarðs sem var á mörkum lóða í Búðum og Garðbæ (GK-011:095) en hefur nú vikið.

Aðrir garðar í Þórkötlustaðahverfi voru ýmist hlaðnir þegar tún voru stækkuð eða stakir túnskikar ræktaðir upp (GK-011:133, 099, 105, 199 og 217). Þó voru skráðir stuttir og útflattir hryggir á tveimur stöðum sem erfitt var að ráða í framhald á (GK-011:118 og 181).

Önnur garðlög í hverfinu sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndu voru skráð á fimm stöðum (GK-011:169, 174, 176, 213 og GK-014:002). Síðasttaldi garðurinn er þeirra sérstakastur, hálfhringlaga garðlag (um 36 m í þvermál) fast austan við England. Að lokum má geta þess að skráð var einn varnargarður á svæðinu, s.k. Öskugarður (GK-011:168) sem var byggður til að verja land Buðlungu og Klappar fyrir ásókn sjávar. Nafn sitt dregur hann væntanleg af því að farið hafi verið með ösku og rusl út fyrir garðinn og hent þar.

Auk ummerkja um túngarða voru skráðar beðasléttur á tveimur stöðum. Beðasléttur sjást enn á jörðu niðri en þó allra best á loftmyndum. Annað svæðið (GK-011:141) er milli Garðbæjar og Móa. Þar er um 30 x 40 m og í því sjást fimm beð. Greinilegar beðasléttur eru einnig í túninu milli Hraunkots og Buðlungu/Klappar (GK-011:166). Þar sjást 5 beð ágætlega og fimm til viðbótar eru ógreinileg, á svæði sem er 60 x 40 m.

Tvær réttir eru innan verndarsvæðis. Þar má fyrst nefnda s.k. Gömlu-Rétt (GK-011:044) sem var fjárrétt nyrst í hverfinu. Þegar garðar um Efraland/Heimaland/Þórsmörk voru hlaðnir var grjót tekið úr réttinni og er nú aðeins hluti hennar eftir. Skilarétt svæðisins, Þórkötlustaðarétt (GK-011:055), er einnig innan verndarsvæðis. Talið er að hún sé byggð í kringum aldamótin 1900. Í henni er fallett hleðslugrjót sem var að mestu sótt upp í Vatnsheiði samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni. Réttin er geysifalleg og er henni vel viðhaldið.

Minjar um sjósókn

Ljóst er að íbúar í Þórkötlustaðahverfi hafa ætíð stundað sjósókn og búskap samhliða. Þó eru hlutfallslega ekki margar sýnilegar minjar um sjósókn innan verndarsvæðis.

Ástæðan er líklega þríþætt. Í fyrsta lagi er ljóst að ágangur sjávar á þessum slóðum er

umtalsverður og sjór hefur brotið af landi á undanförunum áratugum og öldum. Þær minjar sem verst verða úti í sjávarrofi eru gjarnan hverslags minjar um sjósókn og er sú að líkindum raunin í Þórkötlustaðahverfi. Í öðru lagi má benda á að ekki er allaf augljóst að mannvistarleifar hafi tengst sjósókn ef ekki eru til heimildir um notkun þeirra. Í þriðja lagi er talsverðar minjar um sjósókn að finna utan verndarsvæðismarka, í landi Þórkötlustaða. Í Hópsnesi voru t.d. skráð salthús og íshús, þar er bryggja og lending o.s.frv., í Slokahrauni eru umfangsmiklir herslugarðar og aðrir fiskigarðar og byrgi eru þekkt annars staðar í Þórkötlustaðalandi, ásamt innsiglingarvörðum og áþekktum minjum.

Þrátt fyrir að við fyrstu sýn virðist ekki umfangsmiklar eða augljósar minjar sjósókn innan verndarsvæðis má sjá ýmsar vísbendingar um mikilvægi sjávarútvegs í hverfinu þegar betur er að gáð.

Talið er líklegt að Skálholtstaður hafi eignast Þórkötlustaði eftir plágurnar á 15. öld en undir stjórn Brynjólfs Sveinssonar biskups, á ofanverðri 17. öld, jukust umsvif stólsins á jörðinni og var þar rekin útgerð.³⁸ Af heimildum má sjá að stóllinn hefur ekki átt eiginlega verbúð á svæðinu 1665 en þá lágu þær kvaðir á Þórkötlustaðabónda að hýsa útróðramenn.³⁹ Í úttekt á Þórkötlustöðum frá 1670 kemur fram að einu mannvirkin þar sem tengja má sjósókn eru tveir hjallar og hefur annar þeirra án efa verið innan verndarsvæðis, þótt staðsetning hans sé nú týnd (GK-011:031).⁴⁰

Árið 1703 virðist hins vegar vera risin verbúð á Þórkötlustöðum en í Jarðabók Árna og Páls frá því ári er þess getið að ættært skip dómkirkjunnar gangi þar um vertíð og því fylgi bæði „búð og vergögn sem staðurinn við magt til heldur.“⁴¹ Brynjólfur Sveinsson lét byggja verbúðir á flestum Grindavíkurbýggðum stólsins og er líklegt að slíkt hafi verið gert á Þórkötlustöðum þótt ekki sé vitað hvar sú verbúð (GK-011:220) stóð.⁴² Til er lýsing frá 4. júní 1738 þar sem getið er um tvær sjómannaþúðir sem líklega lýsir sömu húsum eða húsum á svipuðum slóðum og var önnur þeirra sögð tvö stafgölf, en hin þrjú, og báðar taldar vel stæðilegar. Talið er að hvor þessara búða hafi hýst eina skipsáhöfn.⁴³

Af öðrum yngri minjum sem skráðar voru á Þórkötlustöðum og tengjast sjósókn má fyrst nefna Buðlungavör (GK-011:013), aðra af tveimur lendingum jarðarinnar innan verndarsvæðis.

³⁸ Jón Þ. Þór. 1994: 272 og 212-214

³⁹ SGI, 212-213

⁴⁰ Lbs. 1088, 4to, Jón Þ. Þór. 1994:129

⁴¹ JÁM III, 12.

⁴² Jón Þ. Þór. 1994: 212-213

⁴³ Saga Grindavíkur I, 203 (en upphafleg heimild er Biskupaskjalasafn. I VII, 5)

Lendingin sést vel og hefur að líkindum verið rudd. Þar hjá var Skiptivöllur í fjörunni þar sem aflanum var skipt en ekki er þekkt uppsátur eða naust við lendinguna. Getið er um nokkur hús og mannvirki sem tengjast sjósókn í Fasteignamati frá 1916-18 en þessi hús eiga það sameiginlegt að ekki er lengur vitað hvar þau stóðu og voru þau því skráð undir sama númeri og bæjarhúsin og teljast hluti af húsaþyrpingunni sem merkt er inn á túnakort frá 1918 umhverfis umrædda bæi. Af þessum húsum má nefna að við Miðbæ Þórkötlustaða stóð bæði fiskiskúr og hjallhús (GK-011:001/GK-011:005). Síðar stóð fiskverkunar- og salthús frá Miðbænum á svipuðum slóðum (þ.e. og GK-011:005). Fiskiskúr var 1916-1918 skráður sem hluti af þeim húsum sem tilheyrðu Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða (GK-011:146) og hjallhús tilheyrði Austari Vesturbænum (GK-011:145). Umrædd hús hafa annað hvort verið skráð undir númerum bæjanna eða með útihúsum og kálgörðum neðan við bæinn (GK-011:004). Á meðal þeirra húsa sem skráð voru undir síðarnefnda númerinu (004) voru m.a. hús sem þar sem veiðarfæri voru geymd frá Lefolli-verslun á Eyrarbakka samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni. Þar skammt frá var s.k. Rauðahús/Laufás (GK-011:153) sem var upphaflega byggt sem verbúð en var á endanum breytt í íbúðarhús. Í Þórkötlustaðahverfi voru einnig fiskverkunar- og salthús frá Vestari Austurbænum (sjá GK-011:006) en þau voru notuð til að geyma fisk fyrir Eyrarbyggverslun og sambærileg hús frá Eystri Austurbænum voru neðan bæjarins (GK-011:007).

Í Fasteignamatinu 1916-1918 er einnig getið um fiskgeymsluhús, ísgeymsluhús og hjall við England (GK-014:001), fiskihús við Buðlungu (GK-012:002) og hjallhús við Eyvindarstaði (GK-011:030), Klöpp (GK-013:002) og Lambhúskot (GK-015:001). Öll eiga þessi hús það sameiginlegt að ekki er vitað hvar þau stóðu.

Auk þeirra hjalla sem þekktir eru úr fasteignamatinu frá 1916-18 er vitað um tvo hjalla í hverfinu úr öðrum heimildum. Annar þeirra var við Miðbæ (GK-011:142) og hangir húsið enn uppi⁴⁴ og hjallur (GK-011:204) stóð einnig við Austari Austurbæ Þórkötlustaða og sést hann á ljósmyndum frá fyrri hluta 20. aldar en öll ummerki um hann eru nú horfin. Að auki var eitt af hólfunum í bæjartóft Klappar/Buðlungu (GK-013:002F) íshúskofi.

Sem dæmi um aðrar minjar um sjávarútveg og fiskneyslu í hverfinu eru fiskasteinar. Slíkur steinn var annars vegar ofan við Vestari Austurbæ Þórkötlustaða (GK-011:140) og hins vegar líklega við Eyvindarstaði (GK-011:030). Vörðu (GK-011:015) nærri Buðlungavör má einnig nefna í samhengi við minjar tengdar sjósókn í hverfinu en hún var mið fyrir vörina. Eftir að hætt

⁴⁴ En samkvæmt Hjörleifur Stefánssyni arkitekt var húsið líklega upphaflega byggt sem íbúðarhús

var að lenda í Buðlungavör og ekki var þörf á að halda við vörðunni hefur sjórinn þurrkað út öll ummerki um hana.

Auk áðurgreindra fornleifa voru við húsaskráningu skráð tvö standandi hús í hverfinu sem tengjast útgerð, annars vegar Bjarnarhöfn, verbúð sem reist var 1963 og stendur enn og hins vegar Hraðfrystihúsið Þórkatla byggt 1946 en um bæði húsin er fjallað í húsaskráningu.

Fleiri mannvistarleifar tengjast óbeint sjávarútvegi og þéttbýlismyndun sem honum var tengd á 20. öld. Af þeim má nefna hússtöði verslunarinnar Kron sem nú sést hartnær ekkert eftir af en var norðvestarlega í hverfinu (GK-011:150). Pöntunarfélagshús (GK-011:152) var einnig í hverfinu en er horfið og einnig má nefna Verslunina Kötlu en hús hennar er enn undir þaki (og skráð í húsakönnun). Sömuleiðis mætti nefna að skóli var um skeið í húsinu Fögruvöllum og einnig var skóli í Garðbæ um tvo vetur (sjá húsakönnun) og símstöð var í Sólbakkahúsinu um skeið.

Samgönguminjar

Á skráningarsvæðinu voru 16 minjastaðir sem flokka má sem samgönguminjar. Á miðrið (GK-011:015) sem auðveldaði sjómönnum lendingu í Buðlunguvör hefur þegar verið minnst en aðrar minjar voru allt styttri eða lengri leiðir. Fyrst er að nefna fjórar sjávargötur, sem lágu frá býlum og að sjó. Vafalaust hafa sjávargöturnar verið fleiri, en þær götur sem þekktar eru liggja frá þeim bæjum sem stóðu næst sjó og hafa leiðir frá öðrum bæjum líklega legið á þessar götur þegar þangað var komið. Sjávargötur voru skráðar frá Miðbæ Þórkötlustaða (GK-011:205), frá Austari Vesturbænum (GK:011:034) og frá Austurbæjunum (GK-011:157). Líklegt er reyndar að gata hafi einnig legið niður að sjó frá Vestari Vesturbænum (og mögulega fleiri bæjum) vestast í Þórkötlustaðatorfunni, milli Vestari Vesturbæjar og Sólbakka. Þar liggur enn vegur en ekki fundust heimildir um eldri sjávargötu á þessum stað. Sjávargata (sem einnig þjónaði hlutverki traða) lá svo austar í hverfinu, frá Buðlungu/Klöpp og að sjó (GK-013:003). Ummerki um allar áðurnefndar götur sjást að einhverju marki ennþá.

Skráðar voru fimm götur sem flokka mætti sem styttri leiðir innan landareignar. Á meðal þeirra eru götur að aðalbrunni hverfisins (GK-011:008), bæði frá Garðbæ (GK-011:206) og Einlandi (GK-011:159) en götur að brunninum hljóta að hafa legið frá öllum eldri býlum hverfisins. Götur lágu þvert yfir Buðlungu-/Klappartúnið (GK-013:008) og áfram til austurs, mögulega að fjárhúsum austar í túninu eða alla leið að fiskigörðum í Slokahrauni, eða Hrauni enn austar. Götur eða traðir (GK-011:136) lágu frá Hraunkoti og út í gegnum tún þess og hafa þær líklega legið beint á Þórkötlustaðagötur sem síðar er getið. Í jaðri verndarsvæðis voru skráðar götur (GK-011:200) sem lágu úr Þórkötlustaðatúni og inn í Slokahraun, að öllum líkindum að

fiskigörðum sem þar eru.

Skráðar voru sex götur sem lágu á milli jarða og gætu flokkast sem þjóðleiðir. Eyrargata (GK-011:027) var áður aðalleiðin milli Þórkötlustaða og nágrannabæjanna. Leiðin lá að Járngerðarstaðahverfi til vesturs en til Hrauns í austur þó að sá hluti leiðarinnar, a.m.k. sá hluti sem var í Hraunslandi hafi verið nefndur Randeyðarstígur (GK-011:019). Innan verndarsvæðis í Þórkötlustaðahverfi var gatan alveg við sjávarkampinn og er nú horfin vegna ágangs sjávar. Hún sést hins vegar vestar, utan verndarsvæðis. Hún lá upp úr fjörunni við húsið Skarð og þaðan til austurs neðan við Þórkötlustaðabæina. Á síðari tímum færðist þjóðleiðin og lá þá aðalleiðin efst í hverfinu (GK-011:028). Sú leið sést enn á kafla og er vegurinn víða markaður af hleðslum beggja vegna en að stóru leyti er umrædd leið horfin undir núverandi malarveg að Efralandi/Heimalandi og Þórsmörk og áfram til austurs út úr hverfinu.

Auk Eyrarvegar/Randeyðarstígs og götu 028 sem áður var getið voru a.m.k. tvær leiðir úr hverfinu og að Hrauni. Önnur þeirra, Þórkötlustaðagata (GK-011:160), lá frá Þórkötlustöðum og til norðausturs út túnið norðan við Hraunkot og svo áfram í gegnum Slokahraun að Hrauni. Fyrir þessari götu sést enn móta innan verndarsvæðis, sem eins konar lág eða dæld í gegnum sléttað túnið þegar komið er nokkurn spöl frá Þórkötlustaðabæjunum. Gatan sést einnig vel í gegnum hraunið. Hin gata var nefnd Hraunkotsgata (GK-011:161) og lá eins og nafnið gefur til kynna frá Hraunkoti og að Hrauni. Gatan var aðeins að litlu leyti innan verndarsvæðis og lítil merki hennar sjást innan þess þótt ennþá má sjá hvar hún liggur út um túngarðinn hjá Hrauni og inn í Slokahraun. Að lokum má geta að af Eyrargötu lágu götur (GK-011:110) til suðurs, til Hópsness en ekki sést nú marka fyrir þeim innan verndarsvæðis.

Aðrar minjar

Margvíslegar annars konar minjar voru skráðar í Þórkötlustaðahverfi og vísast að mestu til fornleifaskráningar með einstaka minjastaði. Hér verða þó til viðbótar nefndir minjaflokkar sem eru áhugaverðir.

Eitt helsta vandamál við búskap í Þórkötlustaðahverfi var takmarkað aðgengi að góðu neysluvatni. Engir lækir voru á svæðinu og hvítleitt saltbragð gjarnan af brunnvatni. Íbúar söfnuðu rigningrvatni í þrær og er líklegt að þær hafi verið við flesta bæi. Í Fasteignamati frá 1916-1918 er þó aðeins getið um slíkar þrær í Buðlungu (GK-012:002) og bæjum í Þórkötlustaðatorfunni (á Miðbænum GK-011:001, Austari Austurbænum GK-011:138, Vestari Austurbænum GK-011:140, Vestari Vesturbænum GK-011:146). Einnig er vitað um slíkar þrær við íbúðarhúsið á Sólbakka (GK-011:211) og Klöpp (GK013:004). Eftir að farið var að nota bárujárn í þök á svæðinu var reynt að safna vatni af húspökum í rigningu en samkvæmt Lofti

Jónssyni heimildamanni vildi það vatn verða sótblandað þar sem söt settist í talsverðum mæli á húspökin.

Aðeins voru skráðir tveir brunnar í hverfinu og eru ummerki um þá báða afmáð. Ber þar fyrst að nefna aðalbrunn hverfisins sem var skammt norðan við Þórkötlustaðatorfuna (GK-011:008). Brunnurinn er merktur á túnakort frá 1918 og var notaður af öllum bæjum hverfisins. Hann var grjóthlaðinn en eftir að hætt var að nota hann var hann fylltur af möl. Lengi sást móta fyrir brunninum en þegar vegurinn um hverfið var malbikaður hurfu síðustu ummerkin um hann. Hinn brunnurinn (GK-011:026) sem þekktur er í hverfinu var ofan við sjávarkambinn en neðan s.k. Brunnflata, neðan við byggðina. Hann var lengi notaður til að brynna skepnum áður en brunnur var grafin hjá Þórkötlustöðum samkvæmt örnefnalýsingu. Lengi vel sást móta greinilega fyrir brunninum en merki hans eru nú orðin óskýr.

Það yfirborðsvatn sem féll á skráningarsvæðinu hripaði ofan í jarðveginn en rann fram í smásprænum í fjörunni. Reynt var að nýta slíkt vatn til þvotta. Þrír slíkir þvottastaðir voru skráðir í fjörunni niður af Þórkötlustaðahverfi: Vötnin (GK-011:029), Stóralón (GK-011:162) og Þvottabás (GK-011:212). Við Vötnin rann ósalt vatn um fjöru og þótti staðurinn sæmilegur þvottastaður og var jafnvel vatn til neyslu sótt þangað þegar ekkert betra var í boði. Stóralón var náttúrulegt lón sem safnaðist í eins konar dæld í fjörunni. Þar stóð jafnan talsvert vatn. Þar var þveginn þvottur t.d. sokkar, utanyfirföt og annar grófari þvottur samkvæmt Lofti Jónssyni heimildamanni. Þvottabás var bás eða skarð í fjöruna og var austastur þvottastaðanna. Þar streymdi fram sæmilegt vatn á fjöru en sjórinn féll yfir á flóði. Staðurinn var mest notaður af íbúum Buðlungu og Klappar.

Athyglisverður minjahópur í Þórkötlustaðahverfi eru vindmyllur. Myllurnar voru reistar frá stríðslokum og tímabili þeirra lauk þegar rafmagn frá Sogsvirkjun kom í hverfið. Slíkar vindmyllur voru skráðar á 12 stöðum innan verndarsvæðis sem verður að telja einstæðan fjöldi. Vindmyllur voru á Miðhúsum (GK-011:101), Eyvindarstöðum (GK-011:103), Heimalandi (GK-011:127), Efralandi (GK-011:129), Búðum (GK-011:221 – þó ekki stakstað bygging heldur á húspaki), Stafholt (GK-011:163), Teigur (GK-011:165), Auðsholti (GK-011:167), Hjarðarholt (GK-011:207), og Klöpp (GK-011:214). Að auki var vindmylla á þaki yngsta íbúðarhússins í Buðlungu (sem skráð er í húsakönnun GK-011:158). Vindmyllurnar stóðu gjarnan á hæð skammt frá íbúðarhúsunum og sjást víða steyptar undirstöður þeirra.

Af öðrum áhugaverðum stöðum á verndarsvæðinu má nefna álagblett og meintan legstað. Álagabletturinn er stakstaður steinstöpull (GK-011:134) sem stendur upp á rönd neðan við Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða. Steinninn ber nafnið Heródes og var því trúað að steinninn skyldi

umgangast af varúð og ekki hreyfa við honum því annars færi illa. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Ferlis var talið að fornar rúnir væru markaðar á hlið steinsins en ekki sást marka fyrir þeim við fornleifaskráningu. Hinn staðurinn er hin svonefnda Þórkötludys (GK-011:021). Þjóðsagan um nágrannakonurnar tvær Þórkötlu og Járngerði er vel þekkt en samkvæmt henni stunduðu eiginmenn þeirra beggja sjóinn.⁴⁵ Dag nokkurn þegar þeir voru við róðra gerði óveður og ákváðu þeir báðir að reyna að komast í land. Fékk maður Þórkötlu gott í sjó á Þórkötlustaðasundi og hét Þórkatla því í kjölfarið að aldrei skyldi maður farast á sundinu ef hann skorti ei hug eða þor. Maður Járngerðar fórst hins vegar á Járngerðarstaðasundi og hét Járngerður því í kjölfarið að þar skyldu farast 20 skip í kjölfarið. Samkvæmt þjóðsögunni hafa nítján skip þegar farist á þessum slóðum. Samkvæmt þjóðsögunni var leiði Járngerðar á leið frá Járngerðarstöðum til skips en ekkert er sagt um meint leiði Þórkötlu og ekki er vitað til þess að á það sé minnst í eldri heimildum og raunar ekki fyrr en í örnefnaskrá jarðarinnar. Samkvæmt henni er dysin austan við bæ (þar sem hún var skráð 2002) en heimildamenn og aðrir staðkunnugir telja hins vegar að hún sé norðvestan við bæ í túninu nærri Lambhúskoti. Þar eru 3-4 lágur hæðir og er samkvæmt sögunni ein þeirra dys Þórkötlu, ein dys smala og ein dys hunds, en engar tilgátur eru um fjórðu dysina. Það má geta þess að grafið var í meinta dys Járngerðar snemma á 20. öld og leiddi sá uppgjöftur í ljós að ekki var um dys að ræða heldur öskuhaug.⁴⁶

Samantekt

Minjarnar sem skráðar voru í Þórkötlustaðahverfi eru mjög fjölbreytilegar en skráningin ber þess merki að byggð í hverfinu var mjög þétt um langan aldur og því mest skráð af bústöðum, alls kyns útihúsum sem tilheyrðu þeim og garðlögum (bæði kálgörðum og túngörðum). Úttektarsvæðið var afmarkað við það sem kalla mætti heimatún Þórkötlustaðahverfis, eins og það var stærst. Á fyrri öldum hafa túnin án efa verið talsvert minni og í upphafi 20. aldar (1918) voru tún Þórkötlustaða og hjáleigna um 13 ha. Skráningin náði því yfir hin fornu heimatún Þórkötlustaða og nánasta nágrenni. Hinir eiginlegu „úthagar“ Þórkötlustaða voru ekki skráðir og þar af leiðandi engar minjar af því tagi sem helst finnast á slíkum svæðum, s.s. sel, stekkir, mógrafir, o.s.frv. Minjarnar spanna að líkindum allt tímabil búsetu á svæðinu, allt frá landnámi og fram eftir 20. öld (en hluti minja sem skráður teljast ekki til fornleifa samkvæmt skilningi laganna).

Almennt má segja að meirihluti sýnilegra minja sé frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. Hins vegar er ljóst að undir sverði leynast víða mun eldri mannvistarleifar. Á bæjarhól

⁴⁵ Þjóðsögur Jóns Árnasonar IV. 1956: 134

⁴⁶ Brynjúlfur Jónsson. 1903: 31-52.

Þórkötlustaða var komið niður á skálalaga byggingu við framkvæmdir í upphafi 20. aldar og er líklegt að á bæjartorfunni leynist minjar sem spanna allt tímabil byggðar á svæðinu, þar á meðal hugsanlega bænhús sem stóð á jörðinni á fyrri öldum. Eins er mögulegt að sumar af þeim signari minjum sem skráðar voru við hjáleigur og hér og þar í túninu gætu verið ummerki um eldri minjastaði. Erfitt er þó að fullyrða nokkuð um það án rannsókna. Eftir stendur að minjaheildin í Þórkötlustaðahverfi er fjölbreytileg og heillegri en vænta mætti þegar þéttbýli hverfisins er haft í huga. Eins og gefur að skilja ber hún sterkast vitni um þann kafla í sögu jarðarinnar þegar þéttbýli var hvað mest um ríflega hálftrar aldar skeið frá 1880-1950.

Ástand minja á skráningarsvæðinu er sem fyrr segir gott, einkum í ljósi þess hversu þéttbýlt það er en aðeins um fjórðungur þekktra minjastaða reyndist alveg horfin. Á öðrum stöðum sáust einhver ummerki um minjastaði, þótt þau væru stundum brotakennd. Minjar hafa oftast horfið vegna niðurrifs og sléttunar eða vegna þess að ný mannvirki hafa verið byggð í stað þeirra gömlu. Vegna þéttleika byggðarinnar í hverfinu voru flestar minjar innan úttektarsvæðis taldar í almennri hættu vegna ábúðar en slíkt er vinnuregla með minjar í nágrenni mannabústaða. Einstaka minjar voru þó taldar í meiri hættu af öðrum sökum og um 8% staða (15 staðir) töldust í stórhættu, í öllum tilfellum vegna landbrots. Allar minjarnar sem eru í stórhættu nema tvær eru í eða við tún Buðlungu/Klappar en sjóvarnargarður sem liggur neðan Þórkötlustaðatorfunnar endar við túnfót bæjanna. Svæðið austan sjóvarnargarðs er því berskjaldað fyrir ágangi sjávar sem kastar stórgrýti miskunnlaust yfir tún og tóftir. Ljóst er að landbrot á sér langa sögu á þessum slóðum enda voru hjáleigurnar tvær sem þarna stóðu, Buðlunga og Klöpp (GK-012:001 og GK-013:001) færðar undan ágangi sjávar um aldamótin 1800. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) tók umhverfi Buðlungu/Klappar miklum breytingum í hans tíð og kamburinn gekk langt inn á tún. Samkvæmt honum var til að mynda góð flöt sunnan við túngarðsmörk í hans tíð, þar sem faðir hans járnaði gjarnan hestana sína, sem nú er alveg komin í sjó.⁴⁷

Auk áðurgreindra bæjarstæða Buðlungu og Klappar sem teljast í stórhættu (þótt líklega séu öll ummerki þeirra þegar alveg horfin) voru á svæðinu fimm garðar, fornir og nýlegir, sem teljast í stórhættu sökum landbrots (GK-011:046, GK-011:168, GK-011:174, GK-011:199 og GK-013:005). Aðrar minjar sem teljast í stórhættu eru flestar útihús s.s. fjárhús (GK-011:012 og 015), hlaða (GK-013:007) og hrútakofi (GK-013:009), og þústir með óræð hlutverk s.s. GK-011:172 og GK-011:197. Allra austast á svæðinu taldist gerði (GK-011:049) í stórhættu en svo virðist sem það sé hratt að hverfa í sjávarurð. Þeir tveir minjastaðir sem flokkaðir voru í stórhættu vegna landbrots vestar í hverfinu eru í minni hættu en það er annars vegar innsiglingavarða (GK-

⁴⁷ Myndband úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>

011:015) við Buðlungavör sem er í raun alveg horfin og syðsti hluta garðlaga (GK-011:007) neðan við Austurbæina en þar hefur sjór brotið af garðendum, þótt vonandi muni sjóvarnargarður neðan þeirra tryggja að umræddir garðar séu úr mestri hættu.

Ljóst er að minjar í Þórkötlustaðahverfi eru merkar og í þeim er fólgin áhugaverður vitnisburður um sögu jarðarinnar og byggðarlagsins alls. Allra merkust er sjálf bæjartorfan með þeim minjum sem þar sjást og hvíla undir sverði en markverðar minjar er líka að finna um allt hverfið í formi tófta og húsagrunna hjáleigna og þurrabúða, útihúsa og garða og annarra minja sem bera vitni um daglegt líf í hverfinu um aldir.

Heimildaskrá

Árni Magnússon. 1955. *Chorographica Islandica*. Safn til sögu Íslands, annar flokkur I, 2). Ólafur Lárusson. Reykjavík.

BJ: Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsóknir í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Blaðsíður 31-52.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Glerup. Lundur.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. 1857-1976*. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 2018. *Húsakönnun í Þórkötlustaðabverfi: Verndarsvæði í byggð*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands. FS687-17171. Reykjavík.

Fasteignabók 1932: löggilt af fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 : öðlast gildi 1. apríl 1932. 1932. Útgefanda vantar. Reykjavík.

Fasteignabók 1938 löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3, 6. jan. 1938. 1942-1944. Útgefanda vantar. Reykjavík.

FEB: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*. 1943. Reykjavík.

„Fram af Grindavíkurslóð“, grein í *Morgunblaðinu* 15. október 1967.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Reykjavík.

GE Frá Valahnúk: Guðsteinn Einarsson, 1960. “Frá Valahnúk til Seljabótar.” Frá Suðurnesjum. Reykjavík.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. *Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Leiðbeiningar, Minjastofnun Íslands 3*. Minjastofnun Íslands. Reykjavík.

Íslenskir annálar 1400-1800 1-6. 1922-1987. Reykjavík.

ÍF: *Íslenske fornrit I*. 1933-. Reykjavík.

Íslenskar þjóðsögur og avintýri: Þjóðsögur Jóns Ármasonar IV. 1956. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík.

Jón Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn. Skammstafað JJ í grunni.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. 1913-90. Kaupmannahöfn/Reykjavík. Skammstafað JÁM III í grunni.

Minjakort Ómars Smára Ármannssonar um Þórkötlustaðabverfi. Ómar Smári Ármannsson tók saman. M.a. á skilti í hverfinu.

Saga Grindavíkur I. Frá Landnámi til 1800. 1994. Jón Þ. Þór. Grindavíkurbær. Skammstafað SG I í grunni.

Saga Grindavíkur II: 1800-1974. 1996. Jón Þ. Þór og Guðfinna Hreiðarsdóttir. Grindavíkurbær. Skammstafað SG II í grunni.

Sýslubýsingar og sóknarlýsingar. 1937-39. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík. Skammstafað SSGK í grunni.

Þóra Pétursdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grindavík: 2. áfangi.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS184-02152. Reykjavík.

Óútgefið efni

Landmælingar Íslands

LMÍ 1956: DMA00554_Grindavík 2. ágúst 1956

LMÍ 1978: LMI-Kort-F20-F-3852 9.9. 1978

Landsbókasafn Íslands – Þjóðarbókhlaða

Lbs. 1088, 4to: Bréfabækur Brynjólfs Sveinssonar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn

Ö-Þórkötlustaðir AG: Örnefnaskrá Þórkötlustaða. Ari Gíslason skráði

Ö-Þórkötlustaðir LJ: Örnefnaskrá Þórkötlustaða. Loftur Jónsson skráði.

Ö-Þórkötlustaðir NN: Örnefnaskrá Þórkötlustaða. [Án skrásetjara].

Þjóðskjalasafn Íslands

Fasteignamat 1916-1918. Undirmat – Gullbringu- og Kjósarsýsla. Hlaðið niður þann 14. desember af:

<https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Fasteignamat+1916+-+1918+-+Undirmat%3B+Gullbringus%FDsla&style=&navpanes=0&view=Fit>

Túnakort af Þórkötlustöðum frá 1918. Kortið gerði Vigfús Guðmundsson. Það er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands en hægt er að nálgast það á vef safnsins (hlaðið niður 14. ágúst 2017):

http://manntal.is/myndir/Tunakort/Gullbringusysla/Grindavikurhreppur/Jpg-400/grindavikurhreppur_004.jpg

Húsakönnun Loftis Jónssonar. Óútgefin handritsdrög í eigu höfundar.

Myndband tekið upp í 26. júlí 1986. Árni Guðmundsson í Teigi og Jón Daníelsson. Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Hlaðið niður þann 4. janúar 2018 af myndbandavef Ísmus:

<https://vimeo.com/113794968>

Heimasíða Ferlis

<http://www.ferlir.is/?id=3827>

<http://www.ferlir.is/?id=4230>

<http://www.ferlir.is/?id=4273>

<http://www.ferlir.is/?id=16220>

Ljósmyndir frá:

Lofti Jónssyni

Bjarna Kristni Garðarssyni

Sigurði Kristjánssyni (teknar af Ingeyju Arnkelsdóttur móðir hans)

Heimildamenn

Björn Haraldsson

Bjarni Kristinn Garðarsson

Guðbjörg Jónsdóttir,

Hallur J. Gunnarsson (Minja – og sögufélag Grindavíkur)

Loftur Jónsson

Margrét Sigurðardóttir

Ómar Davíð Ólafsson


Ólafi Sigurðssyni

Sigurður Gíslason (rætt við í skráningu 2002)

Athugasemdir bárust frá

Lofti Jónssyni

Sigurði Kristjánssybi



Kort 1

Kort 2

Kort 3

Kort 5

Kort 6

Kort 7

Kort 4


Kort 10

Kort 11

Kort 8

Kort 9

- Kortalykill**
-  Uppmældar fornleifar
 -  Uppmæld lína (fornleifar)
 -  Hnitapunktur
 -  Uppteiknað af loftmynd 1978
 -  Standandi hus
 -  Horfin hús
 -  Mörk verndarsvæðis




KORT 1



Kortalykill

- Uppmældar fornleifar
- Uppmæld lína (fornleifar)
- Hnitapunktur
- Uppteiknað af loftmynd 1978
- Standandi hus
- Horfin hús
- Mörk verndarsvæðis



KORT 2



011135

011099

011107

011117

011099b

011097

011131

011054

011116

011040d

011119

011102

011217a

011053

011115

011111

011150

011217b

011094

011109

011041

011040

011103

011216

011095

011217c

011042


011144

011052


011213

Kortalykill

- Uppmældar fornleifar
- Uppmæld lína (fornleifar)
- Hnitapunktur
- Uppteiknað af loftmynd 1978
- Standandi hus
- Horfin hús
- Mörk verndarsvæðis



KORT 3



011135

011044

011129

01104501

01104502

011127

011219

011047

011121

011123

011125








011133

011137

011038

011046B


Kortalykill

-  Uppmældar fornleifar
-  Uppmæld lína (fornleifar)
-  Hnitapunktur
-  Uppteiknað af loftmynd 1978
-  Standandi hus
-  Horfin hús
-  Mörk verndarsvæðis













KORT 4




Kortalykill


-  Uppmældar fornleifar
-  Uppmæld lína (fornleifar)
-  Hnitapunktur
-  Uppteiknað af loftmynd 1978
-  Standandi hus
-  Horfin hús
-  Mörk verndarsvæðis




KORT 5




- Kortalykill**
- Uppmældar fornleifar
 - Uppmæld lína (fornleifar)
 - Hnitapunktur
 - Uppteiknað af loftmynd 1978
 - Standandi hus
 - Horfin hús
 - Mörk verndarsvæðis





- Kortalykill**
- Uppmældar fornleifar
 - Uppmæld lína (fornleifar)
 - Hnitapunktur
 - Uppteiknað af loftmynd 1978
 - Standandi hus
 - Horfin hús
 - Mörk verndarsvæðis



011137

011105A

01103704

01103703

011046C

01103601

011141

01103705

01103701

01103702

011122

011093

01103706

011130

011011

01112802

01112801

014002

014003

014005

014001

014004

011151

011159

011126

011008

KORT 8



01112802
01112801

01112401 01112402

01118402 01118401
01118403

01119406

01119405
01119407 01119404

01119403

01119411

01119409

01119402

01119410

01119408

01119401

011166

01101601 011185

01101602

011100

011218

011170

011164

011156

012002C

01115402

011155

013002C

013002E

01300502

013002G

013002A

013006

01300503

013004

013008

013007

011168B

013003

01300501

011168C

013009

012001

011168D


013001

011198


011013

Kortalykill

- Uppmældar fornleifar
- Uppmæld lína (fornleifar)
- Hnitapunktur
- Uppteiknað af loftmynd 1978
- Standandi hus
- Horfin hús
- Mörk verndarsvæðis



KORT 9




Kortalykill

- Uppmældar fornleifar
- Uppmæld lína (fornleifar)
- Hnitapunktur
- Uppteiknað af loftmynd 1978
- Standandi hus
- Horfin hús
- Mörk verndarsvæðis


KORT 10



- Kortalykill**
- Uppmældar fornleifar
 - Uppmæld lína (fornleifar)
 - Hnitapunktur
 - Uppteiknað af loftmynd 1978
 - Standandi hus
 - Horfin hús
 - Mörk verndarsvæðis



KORT 11



Kortalykill

- Uppmældar fornleifar
- Uppmæld lína (fornleifar)
- Hnitapunktur
- Uppteiknað af loftmynd 1978
- Standandi hus
- Horfin hús
- Mörk verndarsvæðis

